

Mars 2023



Skýrsla utanríkisráðherra um utanríkis- og alþjóðamál 2022

Stjórnarráð Íslands
Utanríkisráðuneytið





Utanríkismál á örlagaári



Heimurinn hefur breyst hratt á örfáum árum. Yfirstandandi áratugur hófst með heimsfaraldri og höfðu bæði sjálf farsóttin og viðbrögð við henni afgerandi áhrif á viðskiptaleg og menningarleg samskipti ríkja. Um það leyti þegar flestar þjóðir voru að skreiðast úr verndarhjúpi sóttvarnaaðgerða gerði Rússland grimmilega allsherjarinnrás í Úkraínu.

Stríðið í Úkraínu var alltumlykjandi í utanríkis-málum á árinu 2022. Innrásarstríð stórveldis í landvinningatilgangi gjörbreytir landslagi alþjóðamála og undirstrikar mikilvægi þess að standa vörð um alþjóðalög og þær stofnanir sem koma eiga í veg fyrir að aflsmunur ráði í samskiptum þjóða.

Hryllilegir glæpir Rússa í Úkraínu hafa blasað við frá því fyrstu bæir og byggðir voru endurheimt úr höndum innrásarliðsins. Ekki er hægt að lýsa því sem hefur átt sér stað víða í Úkraínu öðruvísi en sem siðrofi og afmennskun. Það er ekki einungis í þágu úkraínsku þjóðarinnar að tryggt sé að innrásaröflin komist ekki upp með ofbeldi sitt heldur á öll heimsbyggðin mikið undir því.


Eftir marga áratugi þar sem viðfangsefni alþjóðamála snérist einkum um að finna leiðir til þess að þetta samstarf og auka hagsæld með alþjóðlegum viðskiptum hefur því orðið skyndileg breyting. Tortryggni milli ríkja hefur aukist. Meiri áhersla er lögð á að verða ekki svo háð viðskiptum við fjarlæg ríki með ólíkt stjórnarfar að erfitt sé að takast á við stóráföll á borð við farsóttir og stríðsátök án órofa viðskipta. Þetta er vandrötuð vegferð sem Ísland verður að feta af öryggi.

Tímar óvissu og umbrota í alþjóðamálum eru nú uppi. Á slíkum tímum verðum við að huga vandlega að stöðu Íslands í heiminum. Frelsi okkar og fullveldi raungerist einkum í þeirri staðreynd að við eigum stað meðal annarra þjóða í heiminum. Því fylgja skyldur. Það á því að vera viðvarandi metnaðarmál að standa vel og fagmannlega að allri framgöngu Íslands á alþjóðavettvangi og gæta vel að hagsmunum landsins og orðsperi um heim allan. Í þeim efnum þarf Ísland líka að vera meðvitað um þá skyldu sína að leggja sitt af mörkum, meðal annars til alþjóðlegrar þróunar-samvinnu og þátttöku í varðstöðu um mannréttindi í heiminum.

Eitt umfangsmesta verkefni utanríkisþjónustu Íslands um árabíl er formennska í ráðherraráði Evrópuráðsins. Það hófst í nóvember síðastliðnum og lýkur á leiðtogafundi í Reykjavík í maí, þeim fjórða í rúmlega sjötíu ára sögu ráðsins. Verkefnið er ærið en vonir standa til að fundurinn verði aðildarríkjunum tilefni til að treysta stóðir ráðsins og gildi þess til framtíðar og staðfesta um leið enn á ný stuðning við Úkraínu. Tilviljun ræður því að formennsku Íslands ber upp á örlagaríkum tímum. Sem fullvalda ríki og fullgildur þátttakandi í alþjóðlegu samstarfi axlar Ísland þessa ábyrgð af þeim metnaði og þeirri ábyrgð sem verkefnið krefst.

*Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir
utanríkisráðherra*

Samstarf ríkja á vettvangi efnahagsmála, viðskipta, varna og stjórnmála



- CoE** ■ Evrópuráðið
- ÖSE** ■ Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu
- SCHENGEN** ■ Schengen-svæðið
- EFTA** ■ Fríverslunarsamtök Evrópu
- EES** ■ Evrópska efnahagssvæðið
- ESB** ■ Evrópusambandið
- EVROSVÆÐIÐ** ■ Evrópsk lönd sem eru í efnahags- og gjaldmiðilssambandi
- OECD** ■ Efnahags- og framfarastofnunin
- NATO** ■ Atlantshafsbandalagið

Efnisyfirlit

Utanríkismál á örlagaári	3	1.7 Svæðisbundið samstarf	27
Samstarf ríkja á vettvangi efnahagsmála, viðskipta, varna og stjórnmála	4	Norrænt samstarf	27
Verkefni utanríkisþjónustunnar árið 2022 í sjö myndum	8	Norðurslóðir	28
1 Alþjóðasamstarf	10	Annað svæðisbundið samstarf	29
1.1 Almennt	11	1.8 Tvíhliða samvinna	30
1.2 Úkraína	11	Samvinna við Evrópuríki og Evrópusambandið	30
Viðbrögð alþjóðasamfélagsins	12	Norðurlönd og Eyrstrasaltsríkin	32
Stuðningur Íslands	13	Bandaríkin	34
Ábyrgðarskylda	13	Bretland	35
1.3 Önnur mál í brennidepli	14	Kanada	36
Belarús	14	Japan	37
Mannréttindi kvenna	14	Kína	38
Aukin þörf fyrir mannúðaraðstoð	15	Rússland	40
1.4 Starfið hjá alþjóðastofnunum	15	Önnur ríki og stofnanir	40
Sameinuðu þjóðirnar	15	1.9 Þjóðréttarmál	41
Mannréttindaráð Sameinuðu þjóðanna	17	Samningar Íslands við erlend ríki	41
Mennta-, vísinda- og menningarmálastofnun Evrópu	19	Hafréttarmál	43
Evrópuráðið: Formennska og leiðtogafundur	20	Landgrunnsmál	44
Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu	22	Alþjóðlegi sakamáladómstóllinn	44
Atlantshafsbandalagið	23	Útflutningseftirlit	45
1.5 Alþjóðlegt samstarf um frelsi og mannréttindi	23	Þvingunaraðgerðir	45
Mannréttindi og lýðræðisleg gildi	23	Hergagnaflutningar	45
Kynjajafnrétti	23	Þátttaka í dómsmálum fyrir EFTA-dómstólnum	45
1.6 Loftslags-, auðlinda- og umhverfismál	25	Iceland-málið á vettvangi Hugverkastofu Evrópusambandsins	46
Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna	25	2 Þróunarsamvinna	47
Umhverfisstofnun Sameinuðu þjóðanna	25	2.1 Almennt	48
Rammasamningur Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar	26	2.2 Tvíhliða þróunarsamvinna	48
Samningurinn um alþjóðaverslun með tegundir í útrýmingarhættu	26	Malaví	48
Samningurinn um líffræðilega fjölbreytni	26	Úganda	51
Fiskveiðisamningar	27	Síerra Leóne	53
		2.3 Mannúðaraðstoð	55

2.4 Fjölbjóðleg þróunarsamvinna	56	3.8 Menningarmál	80
Alþjóðabankinn	56	Íslenskar menningarhátíðir erlendis	80
Stofnun Sameinuðu þjóðanna um kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna	58	Menningardagskrá í Strassborg	81
Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna	58	Norrænt samstarf – Nordic Bridges	81
Mannfjöldasjóður Sameinuðu þjóðanna	58	Íslensk hönnun og myndlist á sendiskrifstofum	81
Ungliðaverkefni Sameinuðu þjóðanna	59	4 Öryggis- og varnarmál	82
Loftslagsmál í þróunarsamvinnu	59	4.1 Almennt	83
Þróunarsamvinnunefnd OECD	60	4.2 Framkvæmd varnartengdra verkefna á Íslandi	84
Þróunarsamvinnunefnd	60	Varnaræfingar	85
2.5 Úttektir	61	Útsendir sérfræðingar	86
2.6 GRÓ – Þekkingarmiðstöð þróunarsamvinna	62	Heimsóknir	86
2.7 Samstarf við frjáls félagasamtök	63	Gistiríkjastuðningur og innviðir	86
2.8 Samstarf við atvinnulífið	64	4.3 Fjölbjóðasamstarf	88
Tæknileg ráðgjöf til alþjóðastofnana	64	Atlantshafsbandalagið	88
Heimsmarkmiðasjóður atvinnulífs um þróunarsamvinnu	64	Norræna varnarsamstarfið	91
3 Utanríkisviðskipti	66	Sameiginlega viðbragðssveitin	92
3.1 Almennt	67	Grannríkjasamstarf	92
3.2 Staða utanríkisviðskipta	67	4.4 Afvopnunarmál	92
Vöru- og þjónustuviðskipti og erlend fjárfesting	67	4.5 Fjölpáttáðgnir	93
3.3 Fríverslunarsamtök Evrópu	73	Netöryggismál	94
3.4 Evrópska efnahagssvæðið	74	Lykilinnviðir og viðnámsþol þjóða	95
3.5 Aðrir samningar sem tengjast viðskiptamálum	74	Málefni 5G	96
Loftferðasamningar	74	Upplýsingaóreiða	96
Skattasamningar	75	Stefnumiðaðar efnahagsaðgerðir - fjárfestingarárýni	97
Schengen-samstarfið	76	5 Borgarþjónusta og upplýsingamál	98
Samningar um vinnudvöl	77	5.1 Borgarþjónusta og áritanamál	99
Samningaviðræður um viðskipti, loftslagsbreytingar og sjálfbæra þróun	77	Úkraína	100
3.6 Fjölbjóðlegt viðskiptasamstarf	77	Sveitarstjórnarkosningar 2022	100
Alþjóðaviðskiptastofnunin	77	Íslendingar búsettir erlendis	100
Efnahags- og framfarastofnunin	78	Mánaðarlegir borgarþjónustufundir	101
Alþjóðahugverkastofnunin og tengd mál	78	Viðbragðsáætlun fyrir neyðartilvik vegna Íslendinga erlendis	101
3.7 Viðskiptaþjónusta og samstarf við Íslandsstofu	78	Schengen – áritanamál	101
Viðskiptaviðburðir	79	5.2 Upplýsingamál	101
Viðskiptasendinefndir	79		

6	Rekstur utanríkisþjónustunnar	104
7	Sendiskrifstofur	107
7.1	Sendiskrifstofur Íslands	108
	Sendiráð í Berlín	110
	Sendiráð í Brussel	111
	Sendiráð í Helsinki	112
	Sendiráð í Kampala	113
	Sendiráð í Kaupmannahöfn	114
	Sendiráð í Lilongwe	115
	Sendiráð í London	116
	Sendiráð í Moskvu	117
	Sendiráð í Nýju-Delí	118
	Sendiráð í Osló	119
	Sendiráð í Ottawa	120
	Sendiráð í París	121
	Sendiráð í Peking	122
	Sendiráð í Stokkhólmi	123
	Sendiráð í Tókýó	124
	Sendiráð í Varsjá	125
	Sendiráð í Vín	126
	Sendiráð í Washington	127
	Fastanefnd hjá Atlantshafsbandalaginu	128
	Fastanefnd/sendiráð í Genf	129
	Fastanefnd í Strassborg	130
	Fastanefnd í Róm	131
	Fastanefnd í New York	132
	Aðalræðisskrifstofa í New York	133
	Aðalræðisskrifstofa í Nuuk	134
	Aðalræðisskrifstofa í Winnipeg	135
	Aðalræðisskrifstofa í Þórshöfn	136
7.2	Sendiskrifstofur erlendra ríkja	137
	Skammstafanir	138
	Atriðisorðaskrá	139

Verkefni utanríkisþjónustunnar árið 2022 í sjö myndum

Samráð við Alþingi

62



Fulltrúar utanríkisráðuneytisins komu fyrir utanríkismálanefnd vegna **62** dagskrárlíða á 32 fundum.

11



Utanríkisráðherra kom fyrir utanríkismálanefnd vegna **ellefu** dagskrárlíða á **níu** fundum.

60



52 minnisblöðum var skilað til utanríkismálanefndar og **átta** samantektum.

22



22 skriflegar þingfyrirspurnir til utanríkisráðherra.

Fundir ráðherra

76



76 tvíhliða fundir með **ráðherrum** og **leiðtogum** ríkja, þ.m.t. ESB.

54



54 utanríkis-, þróunarsamvinnu-, varnarmálaráðherra- og leiðtogafundir í alþjóðasamstarfi.

27



27 fundir með forsvarsmönnum alþjóðastofnana.

Alþjóðleg þróunarsamvinna

2.775 m.kr.



Tvíhliða þróunarsamvinna til samstarfslanda Íslands, **Malaví, Síerra Leóne** og **Úganda** nam **2.775 m.kr.**

80%+



Ríflega **80%** af þróunarsamvinnuverkefnum Íslands hafa sérstök **jafnréttismarkmið**.

17



Samstarfsverkefni um **afnám limlestinga á kynfærum kvenna og stúlkna** nær til **sautján** landa.

980 m.kr.



Stuðningur við fátækustu ríki heims í gegnum Alþjóðaframfarastofnunina (IDA) nam **980 m.kr.**

Stuðningur við Úkraínu

775



Framlög til **mannúðarmála** námu um **775** m.kr. í gegnum stofnanir **Sameinuðu þjóðanna, Rauða krossinn** og frjáls félagasamtök.

715



Fjárhagsleg aðstoð nam um **715** m.kr. Að mestu í gegnum **Alþjóðabankann**.

2300



2.300 flóttamönnum frá Úkraínu var veitt **alþjóðleg vernd**.

670



Framlög til **varnarmála** námu **670** m.kr. Þar af 250 m.kr. í sérstakan **vetrabúnaðarsjóð** Atlantshafsbandalagsins.

Viðskiptasamningar

74



Fríverslunarsamningar við **74** ríki og landsvæði þar sem samantlagt 2/3 mannkyns búa.

85



Samningar sem varða **fjárfestingar, fríverslunarsamningar** meðtaldir, eru í gildi við **85** ríki og landssvæði.

120+



Loftferðasamningar og viljayfirlýsingar sem heimila flug til rúmlega **120** landa.

46



Tvísköttunarsamningar við **46** lönd. Viðræður í gangi við fleiri ríki.

Framlag Íslands til Atlantshafsbandalagsins

10



Ísland sá NATO fyrir **tíu borgaralegum sérfræðingum** árið 2022 sem störfuðu víða um heim við fjölbreytt verkefni.



Rekstur íslenska loftvarnakerfisins, sem er hluti af samþættu loftvarnakerfi NATO. Ratsjárnar spanna stórt svæði á Norður-Atlantshafi.

140



Rekstur og umsjón með **140 varnarmannvirkjum NATO á Íslandi**.

101.000+



Gistiríkjastuðningur fyrir liðsafla bandalagsríkjanna. Rúmlega 101 þúsund gistinætur erlends liðsafla árið 2022.

Borgarþjónusta

6.193



Rúmlega **sex þúsund** fyrirspurnir og erindi bárust sendiráðum og ráðuneyti.

109



Borgarþjónustan skráði **109** erindi tengd Úkraínu og Rússlandi á árinu.

2.355



Vegabréfumsóknir voru **2.355** talsins árið 2022 og **461** neyðarvegabréf var gefin út.

6.004



Í heild voru gefnar út **6.004** Apostille-vottanir og keðjustimlanir skjala.

1 Alþjóðasamstarf

Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir utanríkisráðherra
á 77. allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna



1.1 Almenn

Innrás Rússlands í Úkraínu olli straumhvörfum í alþjóðapolítík og öryggisumhverfi Evrópu. Yfirgangur Rússa hefur enn einu sinni staðfest að tilveruréttur þjóða byggist á algjörrri virðingu fyrir alþjóðalögum, landamærum, landhelgi og lýðræðislegum gildum. Þetta á ekki síst við um fámenna og herlausa þjóð sem byggir á traustu öryggis- og varnarsamstarfi við bandamenn. Því styður Ísland hið alþjóðlega regluverk þjóða heims sem umfram allt á að hindra að aflsmunur ráði í samskiptum þjóða.

Náið og títt samráð Atlantshafsbandalagsríkja og annarra vestrænna lýðræðisríkja reyndist lykillinn að góðri samstöðu og eindregnum stuðningi við úkraínsku þjóðina í sinni varnarbaráttu. Ísland lætur ekki sitt eftir liggja og hefur stutt Úkraínu með ráðum og dád.

Innrásin hefur reynst nóturleg áminning um að alþjóðalög, mannréttindi og lýðræðisleg gildi eru ekki sjálfgefin heldur þurfi að slá um þau skjaldborg eigi þau að tryggja smáþjóðum tilverurétt, viðunandi öryggi og velsæld. Ríflega 140 af 193 aðildarríkjum Sameinuðu þjóðanna fylktu sér að baki stofnsáttmálanum í atkvæðagreiðslum sem tengdust innrásinni.

Þó hrikti í stoðum alþjóðakerfisins sem þegar var laskað eftir heimsfaraldur og langvarandi mannúðarkrísur. Orku- og matvælakrísan sem orsakaðist af innrás Rússa í Úkraínu jók enn á þann vanda. Fylgjendur fjölþjóðlegrar samvinnu, Norðurlöndin þar á meðal, verða að efla og treysta samskipti við ríki sem finnst þau ekki fá hljómgrunn innan alþjóðastofnana og sífelld bera skarðan hlut frá borði.

Spennan milli stórveldanna jókst og áhrifa hennar mun áfram gæta í fjölþjóðasamstarfi. Þar kristallast ólík sýn á alþjóðalög og reglur í alþjóðaviðskiptum, ekki síst grundvallarmannréttindi og frelsi. Virðing fyrir þeim er á undanhaldi, þvert á skuldbindingar ríkja heims. Ísland skipar sér í hóp þjóða sem standa vörð um þessi gildi og lætur að sér kveða á vettvangi alþjóðastofnana. Dæmi um það eru stór verkefni eins og formennska Íslands í Evrópuráðinu sem lýkur í maí á þessu ári og framboð Íslands til mannréttindaráðsins fyrir tímabilið 2025-2027.

Hvað sem líður ólíkri afstöðu ríkja er mikilvægt að vinna saman að þeim málefnum sem varða hagsmunum allra og þjóðir heims eru sammála um. Ber þar sérstaklega að nefna aðkallandi samstarf um heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og loftslags-, auðlinda og umhverfismál.

Loftslagsbreytingar eru ein stærsta áskorun heims en blikur eru á lofti varðandi framgang Parísarsamkomulagsins frá 2015. Afleiðingar innrásar Rússlands í Úkraínu hafa beint sjónum að tengslum orkumála annars vegar og öryggismála í alþjóðlegu samhengi hins vegar og sýnt fram á mikilvægi þess að samfélög séu ekki háð orkugjöfum frá ótraustum ríkjum. Í ljósi orkukrísunnar hafa vaknað áhyggjur af því að mörgum ríkjum muni reynast erfitt að uppfylla loftslags-skuldbindingar sínar, sérstaklega til skemmri tíma litið. Á sama tíma er ljóst að orkukrísan kallar á hraðari orkuskipti en í henni felast ýmis tækifæri til að hagnýta íslenska þekkingu og reynslu.

Á norðurslóðum, þar sem eining hefur ríkt um framtíð Norðurskautsráðsins, eru horfurnar slæmar því framferði rússneskra stjórnvalda hefur sett allt svæðisbundið samstarf úr skorðum. Stjórnvöld þurfa að halda vöku sinni og gæta veigamikilla hagsmuna á þessu sviði. Um það er fjallað nánar í [kafla 1.7 um svæðisbundið samstarf](#).

Ísland gegnir formennsku í norrænu samstarfi árið 2023 og fór undirbúningur fram á síðasta ári. Náið formlegt og óformlegt samstarf Norðurlanda og Eystrasaltsríkja í utanríkismálum hefur mikla þýðingu við mótun utanríkisstefnunnar enda fylkja ríkin sér um þau gildi sem að framan eru talin. Með sögulegri aðildarumsókn Svíþjóðar og Finnlands að Atlantshafsbandalaginu er viðbúið að raðirnar þéttist enn.

1.2 Úkraína

Óþægilegar grunsemdir um lævíslegan tilgang Rússa með síauknum vígbúnaði við landamæri Úkraínu voru rækilega staðfestar þegar her þeirra réðst grár fyrir járnum inn í Úkraínu, sjálfstætt og fullvalda grannríki sitt, 24. febrúar 2022. Þótt ekki sjái fyrir endann á innrásarstríðinu liggur ljóst fyrir að mótspyrnan er harðari en Rússar gerðu ráð fyrir. Svar þeirra við óföllum á vígvellinum hefur verið að ráðast kerfisbundið á borgaralega innviði Úkraínu. Skólar, sjúkrahús og íbúðarhús fjarri hinni skilgreindu víglínu verða

fyrir flugskeytum og drónaárásum. Raforkukerfi Úkraínu er verulega laskað og milljónir fjölskyldna eru án rafmagns svo dögum skiptir. Tugir þúsunda hermanna liggja í valnum, þúsundir óbreyttra borgara hafa fallið, fjöldi fólks hefur orðið fyrir limlestingum og gera má ráð fyrir að stór hluti þeirra þurfi að búa við varanleg örkuml.

Innrás Rússlands í Úkraínu - Tímalína 2022

- Febrúar** ○ Upphaf innrásar 24. febrúar – Ísland fordæmir innrásina strax. Hart sótt að Kænugarði og Kharkiv.
- Mars** ○ Rússlandi vísað úr Evrópuráðinu. Rússar yfirgefa svæðið í kringum Kænugarð.
- Apríl** ○ Voðaverk afhjúpuð í Bucha. Loftárás á lestarstöð í Kramatorsk – 50 almennir borgarar láta lífið. Rússar leggja áherslu á yfirráð yfir Donbas. Rússland svipt þátttökurétti í mannréttindaráði SP.
- Maí** ○ Svíþjóð og Finnland sækja um inngöngu í Atlantshafsbandalagið. Asovstal-stálverksmiðjan, síðasta vígi hafnarborgarinnar Mariupol, fellur í hendur Rússum.
- Júní** ○ Severodonetsk fellur í hendur Rússum. Aðildarumsóknir Finnlands og Svíþjóðar að NATO samþykktar.
- Júlí** ○ Síðasta borgin í Luhansk, Lysychansk, fellur. Hörð átök í Donetsk. Samkomulag um kornútflutning um Svartahaf undirritað.
- Ágúst** ○ Sprengingar á flugvelli rússneska hersins á Krímskaga. Átök við Zaporizhzhia kjarnorkuverið. Rússland lokar Nord Stream 1.
- September** ○ Gagnsókn Úkraínu á hernumdum svæðum í Kharkiv-héraði. Pútín tilkynnir um herkvaðningu 300 þúsund manna. Rússar tilkynna um innlimun Donetsk, Luhansk, Kherson og Zaporizhzhia. Skemmdarverk unnin á Nord Stream gasleiðslunum í Eystrasalti.
- Nóvember** ○ Úkraína endurheimtir Kherson. Flugskeyti lendar við pólskt þorp við landamæri Úkraínu. Utanríkisráðherra heimsækir Kænugarð með öðrum NB8-ráðherrum.

Viðbrögð alþjóðasamfélagsins

Svo skýlaus brot fastaríkis öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna á stofnsáttmálanum kallaði á hörð viðbrögð allsherjarþingsins sem kallaði til sérstaks neyðarþings (Emergency Special Session), þess ellefta í sögunni. Fram til þessa hafa fimm ályktanir verið samþykktar á neyðarþinginu. Auk þess að brjóta grundvallarreglu um landamæri og sjálfstæði ríkja hefur Rússland framið stríðsglæpi og þverbrotið mannúðarlög og mannréttindi í Úkraínu. Rússland var svipt sæti sínu í mannréttindaráðinu sem einnig boðaði til sérstaks fundar á vordögum. Stuðningur við málstað Úkraínu er almennur meðal aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna en misjafn eftir málefnum. Um 70 prósent aðildarríkja hafa stutt flestar ályktananna en önnur setið hjá ef frá er talið Rússland og fjögur hliðholl ríki sem eru síst þekkt fyrir að virða reglur alþjóðasamfélagsins.



Pórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir utanríkisráðherra heimsótti Kænugarð í Úkraínu ásamt utanríkisráðherrum frá öðrum Norðurlöndum og Eystrasaltsríkjum 28. nóvember.

Atlantshafsbandalagið hefur sjaldan átt eins mikið samráð og hafa líkt þenkjandi ríki meðal annars átt samráð um hernaðarlegan stuðning við Úkraínu (Ukraine Defence Contact Group) og á vettvangi JEF-samstarfsins.

Rússland hefur verið einangrað í alþjóðlegu og svæðisbundnu samstarfi. Það var gert brottrækt úr Evrópuráðinu og útilokað frá svæðisbundnum samstarfsverkefnum. Íslensk stjórnvöld hafa lágmarkað öll samskipti við rússnesk stjórnvöld nema brýna nauðsyn beri til sem varði frið, öryggi, loftslagsbreytingar og mikilvæg umhverfissjónarmið á borð við ofveiði.

Stuðningur Íslands

Ísland hefur frá fyrsta degi stríðsins verið samstíga bandalags- og samstarfsríkjum í stuðningi við Úkraínu og lætur ekki sitt eftir liggja í víðtækum þvingunaraðgerðum gegn Rússlandi. Um áhrif þeirra á viðskiptin við Rússland er fjallað í [kafla 1.8](#). Við upphaf stríðsins aðstoðaði borgaraþjónusta utanríkisráðuneytisins Íslendinga og fjölskyldur þeirra í Úkraínu, Rússlandi og nærliggjandi löndum.

Stuðningur íslenskra stjórnvalda við Úkraínu felst í mannúðaraðstoð, efnahagslegum stuðningi og framlögum til varnarmála, en heildarframlög Íslands námu 2,2 milljörðum króna á árinu 2022.

Framlög til mannúðarstarfs og neyðarviðbragða á vegum Sameinuðu þjóðanna og annarra alþjóðastofnana námu hálfum milljarði króna. Efnahagsleg aðstoð sem rann í sjóði Alþjóðabankans vegna Úkraínu var um 700 milljónir króna. Um 213 milljónir runnu í alþjóðlegan sjóð sem fjármagnar sérhæfðan búnað til rafmagnsframleiðslu og stjórnvöld unnu að því í samstarfi við Landsnet að safna saman raforkubúnaði sem sendur var frá Íslandi til Úkraínu. Stjórnvöld sendu einnig mat að beiðni úkraínskra stjórnvalda og styrktu stoðtækjaverkefni Össurar í landinu.



Volodymyr Selenski Úkraínuforseti ávarpaði Alþingi og íslensku þjóðina í þingsal 6. maí 2022.

Ísland hefur lagt sitt af mörkum hvað varnartengdan stuðningi við Úkraínu varðar. Umtalsverðir fjármunir hafa verið lagðir í stuðnings- sjóði Atlantshafsbandalagsins og í sérstakan stuðningssjóð fyrir Úkraínu (International Fund for Ukraine) sem bresk stjórnvöld settu á laggirnar. Þá skipulagði Ísland flutning á hergögnum frá bandalagsríkjum til Úkraínu. Ísland hafði einnig forgöngu um skipulagningu þjálfunar fyrir Úkraínu í sprengjuleit og -eyðingu, sem er samstarfsverkefni Norðurlandanna og Litáen.

Þjálfunin mun hefjast á fyrstu mánuðum 2023. Verulegt magn af vetrarbúnaði, sérstaklega ullarvörum, hefur verið sent frá Íslandi til varnarsveita Úkraínu sem var að stórum hluta afrakstur sjálfboðavinnu þúsunda Íslendinga í gegnum átakið „Sendum hlýju“.

Níu tonn af hlýju

Níu tonn af hlýju frá Íslandi voru um borð í kanadískri herflutningavél sem flaug frá Keflavíkurlflugvelli áleiðis til Úkraínu 12. desember 2022. Um var að ræða vetrarútbúnað fyrir varnarsveitir Úkraínu og almenning sem var annars vegar afrakstur sjálfboðavinnu þúsunda Íslendinga og hins vegar kaup utanríkisráðuneytisins á margvíslegum vetrarbúnaði. Utanríkisráðuneytið auglýsti síðastliðið haust eftir vetrarútbúnaði fyrir varnarsveitir Úkraínu. Gengið var frá kaupum á skjólfatnaði og skóm fyrir tæpar 50 milljónir króna en raunvirði varningsins var um 140 milljónir. Í farminum voru auk þess rúmlega 3.500 pör af lopasokkum sem íslenskur almenningur prjónaði fyrir Úkraínu í tengslum við verkefnið „Sendum hlýju“ og aðrar ullarflíkur sem íslenskt og úkraínskt prjónafólk hefur ýmist prjónað eða gefið á svonefndum hannyrðahittingum.

Ábyrgðarskylda

Ljóst þykir að umfangsmikil illvirki, sem talin eru augljós brot á mannúðarlögum og alþjóðlegum sáttmálum, hafi verið framin í innrásarstríði Rússlands. Sum þeirra má sækja fyrir alþjóðlegum dómstólum og dómstólum einstakra ríkja. Ísland er í hópi 43 aðildarríkja Alþjóðlega sakamáladómstólsins sem hafa vísað meintum voðaverkum Rússlands í Úkraínu til saksóknara dómstólsins.

Alþjóðasamfélagið leitar nú einnig leiða til að hægt verði að sækja til saka þá einstaklinga sem mesta ábyrgð bera á innrásinni, svokölluðum glæpum gegn friði. Sem stendur er gjá í alþjóðalögum hvað þetta varðar nema ríkin sem um ræðir séu aðilar að Alþjóðlega sakamáladómstólum eða ef öryggisráðið vísar glæpum til dómstólsins sem í þessu tilfelli er útilokað að verði raunin.

Í formennsku sinni í Evrópuráðinu mun Ísland leitast við að finna leiðir til að virkja Evrópuráðið í þágu ábyrgðarskyldunnar.

1.3 Önnur mál í brennidepli

Belarús

Ísland skipar sér í hóp þeirra ríkja sem styðja lýðræðis- og mannréttindaöfl í Belarús eftir að stjórnvöld í Minsk tóku að ofsækja fólk sem lét í sér heyra eftir vélabrögðin í forsetakosningunum 2020. Mannréttindabrotin valda vaxandi áhyggjum. Um 1.500 pólitískir fangar eru í haldi. Engum dylst þáttur Belarús í stríðsrekstri Rússlands í Úkraínu. Þúsundir rússneskra hermanna dvelja í landinu.

Þvingunaraðgerðir Evrópusambandsins (ESB) gagnvart Belarús hafa verið í gildi á Íslandi síðan 2009. Frá október 2020 hafa aðgerðir verið hertar reglulega. Enn var hert á aðgerðum vegna stuðnings Belarús við innrás Rússlands í Úkraínu. Ísland hefur innleitt allar breytingar ESB á þvingunaraðgerðunum.

Ísland styður lýðræðis- og mannréttindasinna og frjálsa fjölmiðlun í landinu gegnum European Endowment for Democracy. Jafnframt fær alþjóðlegur samstarfsvettvangur frjálsra félaga (International Accountability Platform for Belarus) fjárstuðning frá Íslandi til að afla sönnunargagna sem nýtast til að draga til ábyrgðar fólk sem tekur þátt í að hefta frjálsa fjölmiðlun með ólögmetum hætti. Að auki styðja Íslensk stjórnvöld háskólanna og fræðafólk frá Belarús í gegnum Evrópska hugvísindaskólann (European Humanities University) sem áður var staðsettur í Minsk en starfar nú í Vilnius.

Ísland hefur ekki látið sitt eftir liggja í gagnrýni á Belarús á alþjóðavettvangi með yfirlýsingum um brotalamir í framkvæmd lýðræðis og mannréttinda. Norðurlöndin og Eystrasaltsríkin hafa sameinast um slíkar yfirlýsingar í mannréttindaráðinu og víðar. Að auki hefur Ísland stutt yfirlýsingar um vafasamt framferði stjórnvalda í Minsk í mannréttindaráðinu, hjá ÖSE og í Evrópusamstarfi.

Sviatlana Tsikhanouskaya, leiðtogi stjórnarandstöðunnar í Belarús, heimsótti Ísland öðru sinni um miðjan nóvember. Hún átti fundi með forsætisráðherra, forseta Alþingis, utanríkisráðherra og utanríkismálanefnd þingsins.

Mannréttindi kvenna

Heimsfaraldurinn hefur dregið úr jafnrétti, snúið við framþróun sem hafði orðið og heimsmarkmið um kynjajafnrétti virðist utan seilingar. Jafnvel í nánnum samstarfsríkjum Íslands hefur orðið afturför, líkt og í Bandaríkjunum þar sem hæstiréttur sneri við áratugagamalli ákvörðun sinni í máli Roe v. Wade sem varð til þess að fjölmörg fylki hafa nú því sem næst bannað þungunarrof.

Afganistan og Íran voru þó sérstaklega í brennidepli á árinu vegna hryllilegrar kúgunar kvenna af hálfu valdhafa.

Rúmt ár er liðið frá valdatöku talibana í Afganistan. Landið hefur að mestu verið einangrað frá umheiminum og lífskjörum almennings hrakað. Hagkerfið hefur dregist saman um næstum þriðjung og meirihluti landsmanna telst nú vera undir alþjóðlegum fátæktarmörkum. Talið er að rúmar 28 milljónir þurfi mannúðaraðstoð.



Frá blaðamannafundi Þórdísar Kolbrúnar Reykfjörð Gylfadóttur utanríkisráðherra og utanríkisráðherra Þýskalands, Önnulenu Baerbock í Genf.

Fyrir afganskar konur og stúlkur hefur valdataka talibana haft í för með sér kerfisbundna skerðingu á réttindum, hnignun aðbúnaðar og verulegar hindranir í daglegu lífi. Kvennamálaráðuneytið var lagt niður og konum meinuð stjórnmalapátttaka. Konum er nú gert að hylja andlit sitt utan heimilis og neyddar til að ferðast með karlkyns „siðgæðisverði“. Talibanastjórnin herðir tókin dag frá degi. Rétt fyrir áramót var dyrum háskólanna lokað fyrir kvenstúdentum, en áður hafði ungum stúlkum verið vísað frá gagnfræðaskólum. Konum er bannað að vinna utan heimilis, ef frá eru talin nokkur sértæk störf. Á aðfangadag jóla tilkynntu talibanar svo að konum yrði bannað að starfa fyrir þarlandar og erlendar hjálparstofnanir og félagasamtök, sem torveldar framkvæmd mannúðaraðstoðar verulega.

Ísland hefur ítrekað vakið athygli á bágrri stöðu kvenna og stúlkna í Afganistan í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna og var meðal ríkja sem kölluðu eftir sérstakri umræðu um stöðu mannréttinda þar í júnilotu ráðsins. Á fundinum hélt utanríkisráðherra ræðu fyrir hönd Norðurlanda og Eyrstrasaltsríkja. Ísland var meðflytjandi ályktunar um endurnýjun umboðs sérstaks skýrslugjafa mannréttindaráðsins í Afganistan sem samþykkt var í september 2022.

Staða mannréttinda í Íran er alvarleg. Hundruð hafa látið lífið í öldu mótmæla í kjölfar andláts hinnar kúrdísku 22 ára gömlu Möshu Amini í lögregluvarðhaldi í september síðastliðnum. Hún var handtekin fyrir það eitt að klæða sig ekki í samræmi við kröfur írönsku siðferðislögreglunnar. Mál Amini og ofbeldi klerkastjórnarinnar í Íran gagnvart mótmælendum hefur hvarvetna vakið hörð viðbrögð. Hátt í tuttugu hafa verið dæmd til dauða og aftökur hafa þegar átt sér stað.

Í lok nóvember höfðu Ísland og Þýskaland frumkvæði að sérstökum fundi mannréttindaráðsins sem samþykkti ályktun um stofnun óháðrar rannsóknarnefndar svo hægt verði að draga þá til ábyrgðar sem ofsótt hafa friðsama mótmælendur í Íran. Ályktunin var samþykkt með 25 atkvæðum, sex mótatkvæðum og sextán hjásetum. Þetta teljast góðar undirtektir í ljósi sögunnar. Utanríkisráðherrar Íslands og Þýskalands mættu báðir til fundarins og tóku þátt í umræðunni.

Utanríkisráðherra fjallaði um málið í ræðu sinni á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna og tók þátt í umræðu um málið á Alþingi í október.

Aukin þörf fyrir mannúðaraðstoð

Undanfarin ár hefur ástand mannúðarmála víða versnað, ekki síst sökum loftslagsbreytinga og tíðra veðurhamfara en einnig vegna viðvarandi óaldar og óstöðugs stjórnmálaástands. Enn gætir áhrifa heimsfaraldursins, til dæmis á menntun og bólusetningar barna víða um heim.

Á síðastliðnu ári mátti sérstaklega greina neikvæð áhrif af matvæla- og orkuverðhækkunum í kjölfar innrásarstríðs Rússa í Úkraínu. Hækkarnir drógu úr virði mannúðarframlaga þjóða heims, þar sem hver króna dugði fyrir færri matarskömmum, og juku á efnahagsörðugleika einstakra ríkja með tilheyrandi óstöðugleika og aukinni neyð almennings. Samningur milli stríðandi fylkinga um útflutning á kornvörum frá Úkraínu reyndist mikilvægur þótt ýmsir annmarkar á framkvæmdinni hafi komið í ljós.

Talið er að 339 milljónir manna þurfi á mannúðaraðstoð að halda árið 2023 og hefur talan tvöfaldast frá því heimsfaraldurinn braust út. Fleiri búa við fæðuöryggi og 45 milljónir eiga á hættu að verða hungurmorða. Ríflega einn af hverjum hundruð hefur flosnað upp af heimili sínu og lent á vergangi í eigin heimalandi eða flúið annað, þeirra á meðal fjórtán milljónir Úkraínumanna.

Neyðin er einna mest í Afganistan og einnig er viðvarandi þörf á mannúðaraðstoð í Sýrlandi, Jemen og í ríkjum Mið-Sahelsvæðisins í Afríku. Á árinu ollu þurrkar á horni Afríku uppskerubresti fimmta árið í röð með tilheyrandi áhrifum á fæðuöryggi á svæðinu. Friðarsamningar milli stjórnarliða og Tigraya í Eþíópíu í nóvember juku þó vonir um að komið yrði í veg fyrir enn meiri hörmungar. Flóð í Pakistan, efnahagskrísa í Líbanon og kólera á Haítí eru einnig meðal þess sem kallaði á frekari mannúðaraðstoð.

Ísland jók framlög sín til mannúðarmála umtalsvert eins og greint er frá í [kafla 2.3](#), bæði til að bregðast við einstökum krísum og með hærri kjarnaframlögum til áherslustofnana í mannúðaraðstoð sem nýttast þar sem neyðin er mest hverju sinni.

1.4 Starfið hjá alþjóðastofnunum

Sameinuðu þjóðirnar


Búist var við að umfjöllun um lok og eftirköst heimsfaraldursins yrði mál málanna í starfsemi Sameinuðu þjóðanna í New York. Sú varð ekki raunin því innrás Rússlands í Úkraínu varpaði skugga á allt annað. Umhverfis- og loftslagsmál og fæðuöryggi guldu fyrir ótíðindin frá Úkraínu þó að öllum sé ljóst að þörfin fyrir úrbætur og sameiginlegar ákvarðanir verður meira knýjandi dag frá degi.

Ráðherravika 77. allsherjarþingsins endurspeglar þetta. Innrásin í Úkraínu var efst á baugi en fast á hælana fylgdu loftslags- og mannúðarmál. Aðalframkvæmdastjóri gaf tóninn í opunarávarpi þingsins. Hann dró upp frekar dapurlega mynd af alþjóðasamvinnu sem væri sködduð af ófriði og ógnað af aðgerðaleysi í loftslagsmálum. Ranglæti færi vaxandi víða um heim, fátækt væri útbreidd og viðvarandi sultur á stórum svæðum.

Forsætisráðherra og utanríkisráðherra sátu ráðherraviku allsherjarþingsins. Í almennri umræðu undirstrikaði utanríkisráðherra sameiginlega ábyrgð þjóða á sjálfum grunnstöðum alþjóðakerfisins. Ráðherra átaldi Rússa harðlega fyrir innrásina í Úkraínu og hvatti þjóðir heims til dáða í loftslags- og auðlindamálum og jafnframt í mannréttindamálum þar sem þeim væri ábótavant.

Utanríkisráðherra sótti marga fundi og samkomur utan formlegrar dagskrár þingsins. Staðan í Úkraínu, séð frá mörgum mismunandi sjónarhornum, vóg þungt í umræðum í hliðarsölum. Stuðningur við Alþjóðasakamáladómstóllinn í Haag og viðurlög meintra brotamanna sem draga þyrfti til ábyrgðar var efni eins fundar, Pakistan stóð fyrir fundi ungra utanríkisráðherra um Úkraínu og svokallaður Grænhópur, óformlegt samráð Singapúr, Sameinuðu arabísku furstadæmanna, Slóveníu, Kosta Ríka, Grænhöfðaeyja og Íslands, beindi sjónum að auðlinda- og loftslagsmálum, svo stiklað sé á stóru.

Hversu jákvæð(ur) eða neikvæð(ur) ert þú gagnvart aðild Íslands að Sameinuðu þjóðunum?



Forsætisráðherra ávarpaði leiðtogafund um menntamál, sat fund kvenleiðtoga og flutti, ásamt utanríkisráðherra Bandaríkjanna, aðalræðu á samkomu kjarnahóps um réttindi hinsegin fólks.

Innrás Rússa í Úkraínu var meginefni 46 formlegra funda öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna. Vitaskuld flækti málin að árásarríkið sjálft, sem þverbrotið hefur stofnsáttmála Sameinuðu

þjóðanna, hefur stöðu fastaríkis í ráðinu. Það rak fleyg í samstöðuna og olli tregðu við afgreiðslu fjölda óskyldra mála. Í fyrsta skipti í fjóra áratugi þyrfti ráðið að vísa máli til allsherjarþingsins. Þingið samþykkti fjórar ályktanir sem snúa að Úkraínu og að auki ályktun um að víkja Rússum úr mannréttindaráðinu. Ofmælt er að segja að öryggisráðið hafi verið lamað en stórar ákvarðanir sitja á hakanum, sem er bagalegt meðan brýn verkefni í Afganistan, Suður-Súdan, Haítí og víðar bíða afgreiðslu.

Áætlun hefur verið gerð um að Sameinuðu þjóðirnar og stofnanir samtakanna fjalli um tillögur í skýrslu aðalframkvæmdastjóra um það hvernig Sameinuðu þjóðirnar og alþjóðasamfélagið geti mætt áskorunum samtímans og viðfangsefnum framtíðar (Our Common Agenda). Leiðtogafundur um framtíðaráherslur í starfi Sameinuðu þjóðanna verður haldinn árið 2024 og undirbúningsfundur í haust. Aðgerðir í þágu friðar og gegn misrétti munu vega þungt ásamt hugmyndum um framtíð fjölþjóðahyggju.

Fastanefnd Íslands lætur að sér kveða í störfum allsherjarþingsins og undirnefndum þess. Meðal viðfangsefna eru mannréttinda- og jafnréttismál, þróunarsamvinna og mannúðaraðstoð, málefni hafnsins, sjálfbær orkunýting, aðgerðir gegn loftslagsbreytingum, alþjóðalög, afvopnun og friðsamleg lausn deilumála. Ísland leiddi ályktun um að styrkja mannréttindakerfi Sameinuðu þjóðanna og ásamt Eritreu um landgræðslu gegn eyðimerkurmyndun. Báðar ályktanirnar voru samþykktar samhljóma.

Ísland sinnir varaformennsku í laganefnd allsherjarþingsins. Reynt hefur á stjórnendur nefndarinnar, meðal annars vegna harðra átaka við undirbúning að tillögu um nýjan alþjóðasamning um glæpi gegn mannúð. Ísland leiddi einnig vinnu um álitafni varðandi kjaradómstóla starfsfólks Sameinuðu þjóðanna.

Störf afvopnunarnefndar stofnunarinnar lituðust af stríðinu í Úkraínu og árangur var því rýr. Væntingar sem ekki miklar enda hafði endurskoðunarráðstefnu um samninginn um bann við útbreiðslu kjarnavopna (NPT) lokið án árangurs. Rússlandi einu og sér tókst að bregða fæti fyrir samhljóma niðurstöðu 150 þátttökuríkja.

Fastanefnd Íslands gagnvart Sameinuðu þjóðunum á reglulegt samráð við helstu undirstofnanir og sjóði stofnunarinnar í samræmi við vaxandi hlut Íslands í fjölþjóðlegri þróunarsamvinnu og heimsmarkmiðin. Einkum er litið

til Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna (UNICEF), Stofnunar Sameinuðu þjóðanna um jafnrétti og valdeflingu kvenna (UN Women) og Mannfjöldasjóðs Sameinuðu þjóðanna (UNFPA) í anda þróunarsamvinnustefnu Íslands.

Ísland gegndi í fyrsta skipti varaformennsku í framkvæmdastjórn UN Women árið 2022 fyrir hönd hóps Vestur-Evrópuríkja og fleiri ríkja. Fulltrúar Íslands stjórnðu samningaviðræðum um einstakar ákvarðanir, stýrðu fundum og fluttu ræður fyrir hönd ríkjahópsins.

Í apríl 2022 fundaði utanríkisráðherra með framkvæmdastýrum UN Women, UNFPA og UNICEF og greindi frá auknum stuðningi við stofnanirnar þrjár, auk þess að undirrita samning við UNFPA um að uppræta limlestingar á kynfærum kvenna og stúlkna. Ráðherra tók við gullvottun frá þróunaráætlun Sameinuðu þjóðanna (UNDP) fyrir vinnu á sviði jafnréttismála og þróunarsamvinnu á fundi með framkvæmdastjóra stofnunarinnar.

Árlegur fundur um framvindu heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna fór fram venju samkvæmt í júlí í New York. Ungmennafulltrúi Íslands á sviði sjálfbærrar þróunar ásamt fulltrúum forsætisráðuneytis og fastanefndar sátu fundinn. Í júlí næstkomandi fer fram önnur fyrirtaka Íslands á innleiðingu heimsmarkmiðanna heima fyrir. Fjöldi hliðarviðburða fór fram samhliða formlega fundinum. Ísland stóð fyrir viðburði um konur og fiskveiðar sem Svandís Svavarsdóttir matvælaráðherra ávarpaði.

Fastafulltrúum Íslands og Grenada var falið að leiða samningaviðræður vegna yfirlýsingar ráðherrafundar um fjármögnun þróunar sem haldinn var vorið 2022. Var þetta langt og strangt ferli þar sem skuldastaða þróunarríkja og viðbrögð við henni voru í forgrunni. Með niðurstöðuskjalinu er ítrekað að fjárskortur sé enn stærsti farartálminn á leiðinni að heimsmarkmiðunum og ástæða þess að framfaraskrefin hafa verið styttri og færri. Lagt er til að auka fjárfestingar í félagsvernd og að opinber þróunaraðstoð (ODA) taki til greina aðra þætti en landsframleiðslu. Utanríkisráðherra hélt ræðu Íslands á ráðherrafundi um fjármögnun þróunar í apríl. Niðurstöðuskjalið var samþykkt.

Rödd Íslands um málefni hafsins er sterk hjá Sameinuðu þjóðunum. Á hafráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Lissabon í júní hélt forsætisráðherra aðalræðu Íslands og umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra stýrði málstofu um hafréttarmál ásamt utanríkisráðherra Singapúr. Fjörutíu ára

afmæli hafréttarsamnings stofnunarinnar var fagnað og hélt fulltrúi Íslands af því tilefni ræðu í allsherjarþinginu fyrir hönd Vesturlanda. Sendinefnd Íslands tók virkan þátt í tveimur viðræðulotum um nýjan alþjóðasamning um líffræðilega fjölbreytni á úthafinu.

Fjölmargar kosningar og kynning á framboðum þeim tengdum fara fram á vettvangi Sameinuðu þjóðanna í New York. Nú bar hæst endurkjör Braga Guðbrandssonar í nefnd um réttindi barnsins, sem situr í Genf. Var Bragi kjörinn til fjögurra ára með 140 atkvæðum af 186. Áfram er unnið að framboði Tómasar H. Heiðar til endurkjörs í dómarasæti við Alþjóðlega hafréttardóminn í Hamborg (ITLOS), sem kosið verður um í júní næstkomandi, og að framboði Íslands til setu í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna tímabilið 2025-2027 en þær kosningar fara fram í október 2024.

Ísland á samráð við Vesturlönd utan ESB, svokallaðan JUSCANZ-hóp, og leiðir ásamt Namibíu starf vinnuhóps um eyðimerkurmyndun og landgræðslu. Þá er Ísland í kjarnahópi um réttindi hinsegin fólks og um ábyrgðarskyldu vegna stríðsins í Úkraínu.

Mannréttindaráð Sameinuðu þjóðanna

Ísland lætur meira að sér kveða en áður sem áheyrnarríki í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna í framhaldi af tveggja ára setu í ráðinu 2018 og 2019. Ísland býður sig fram til setu í ráðinu á nýjan leik fyrir tímabilið 2025-2027 með stuðningi Norðurlandanna.

Ísland tók þátt í öllum fundalotum mannréttindaráðsins um jafningjarýni (Universal Periodic Review, UPR) á vegum aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna. Rýnin felst í því að ráðið fer yfir stöðu mannréttinda í hverju aðildarríki fyrir sig á fimm ára fresti og kemur með tilmæli um úrbætur. Ísland leggur sérstaka áherslu á afnám dauðarefsinga, kynjajafnrétti og réttarstöðu hinsegin fólks.

Ísland fór í gegnum sína þriðju jafningjarýni í janúar. Forsætisráðherra leiddi íslensku sendinefndina sem sat fyrir svörum. Stjórnvöld skiluðu skýrslu um úrvinnslu tilmæla frá síðustu rýni. Ísland fékk 230 tilmæli frá 89 ríkjum og samþykkti 218. Þau eru í vinnslu hjá stýrihópi Stjórnarráðsins um mannréttindi og í hlutaðeigandi ráðuneytum.



Fastanefnd Íslands gagnvart Sameinuðu þjóðunum ásamt utanríkisráðherra á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna síðastliðið haust.

Ísland tók þátt í sinni fyrstu fyrirtöku um framkvæmd samnings Sameinuðu þjóðanna um aðgerðir gegn pyndingum og annarri grimmi- legri, ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu. Nefnd Sameinuðu þjóðanna gegn pyndingum (The Committee against Torture) annast eftirlit með samningnum. Fastafulltrúi Íslands í Genf leiddi sendinefnd Íslands við fyrirtökuna en nefndin var skipuð fulltrúa forsætisráðuneytis, dómsmálaráðuneytis, heilbrigðisráðuneytis og félagsmálaráðuneytis.

Að auki fór fram fyrirtaka fimmtu og sjöttu skýrslu Íslands um framkvæmd Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna hjá barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna (Committee on the Rights of the Child) sem annast eftirlit með samningnum. Aðildarríkin eru skuldbundin til að upplýsa nefndina reglulega um hvernig á málum er haldið. Þetta var í fyrsta skipti frá 2011 sem Íslandi gafst tækifæri til að svara fyrir framkvæmd sáttmálans. Íslenska sendinefndin var skipuð fulltrúum forsætisráðuneytis, mennta- og barnamála- ráðuneytis, heilbrigðisráðuneytis og fastanefnd Íslands í Genf.

Staða Íslands á völdum mannréttindavísium

Global Gender Gap 2022 - World Economic Forum	1.
Global Peace Index 2022 - IEP	1.
Freedom House - Freedom on the net 2022	1.
KidsRights Index 2022	1.
Women, Business and the Law 2022 Index	1.-12.
The Economist - Glass-ceiling Index 2022	2.
World Happiness Report 2022	3.
Human Development Index	3.
Social Progress Index	5.
The Economist - Democracy Index 2022	5.
Gender Inequality Index	9.
ILGA-Europe - Rainbow Europe	11.
World Press Freedom Index - RSF	15.
Freedom House - Freedom in the World 2021	20.

Utanríkisráðherra sótti ráðherraviku mannréttindaráðsins í Genf í febrúar eftir hartnær tveggja ára tímabil fjarfunda. Ráðherra nýtti ferðina til að heimsækja framkvæmdastjóra Flóttamanna- stofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNHCR), mannréttindafulltrúa Sameinuðu þjóðanna (OHCHR), framkvæmdastjóra Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) og framkvæmdastjóra Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO).

Ísland studdi ákall um sérstaka umræðu í mannréttindaráðinu um stöðuna í Úkraínu í mars og var meðflytjandi ályktunar fundarins um fordæmingu innrásar Rússlands í Úkraínu. Þess var krafist að Rússar hyrfu tafarlaust á

braut með herlið sitt. Með ályktuninni var sett á laggirnar rannsóknarnefnd sem safnar og greinir gögn um mannréttindabrot og stríðsglæpi Rússlands í Úkraínu. Ráðherra ávarpaði fundinn um fjarfundabúnað.

Í marslotu mannréttindaráðsins var samþykkt ályktun um bága stöðu mannréttinda í Íran sem ríkjahópur undir forystu Íslands lagði fram. Ályktunin framlengir umboð sérstaks skýrslugjafa til að fylgjast með og gefa mannréttindaráðinu reglubundna stöðuskýrslu. Ísland tók við forystu í ríkjahópnum vorið 2021, ári eftir að hafa gengið til liðs við Bretland, Norður-Makedóníu og Moldóvu sem fyrir voru í hópnum.

Í júnílotu ráðsins var aukafundur um mannréttindi kvenna og stúlkna í Afganistan. Utanríkisráðherra ávarpaði fundinn að heiman í nafni NB8. Ísland stóð einnig fyrir dagskrá um rétt hinsegin fólks til heilbrigðisþjónustu til jafns við aðra. Dagskráin var í samstarfi við Kosta Ríka, Suður-Afríku og ILGA (The International Lesbian, Gay, Bisexual, Trans and Intersex Association) með þátttöku óháðs sérfræðings mannréttindaráðsins um réttindi hinsegin fólks, sérstaks skýrslugjafa mannréttindaráðsins um heilbrigðismál og fleiri.

Í haustlotu ráðsins var rætt um skýrslu mannréttindafulltrúa Sameinuðu þjóðanna um samstarf Filippseyja við skrifstofu mannréttinda-fulltrúa sem hófst í framhaldi af ályktun Íslands um mannréttindi þar í landi. Umræðan fór fram á grundvelli sameiginlegrar ályktunar Íslands og Filippseyja í ráðinu frá 2020 sem samþykkt var samhljóða. Sögulegt þykir að Ísland hafi fengið Filippseyjar til samstarfs um að framfylgja ályktun Íslands um mannréttindi þar í landi árið 2019.

Í haustlotu ráðsins var Ísland í kjarnahópi tíu ríkja (Norðurlönd, Bandaríkin, Bretland, Kanada, Ástralía og Litháen) sem lögðu fram drög að ákvörðun um að kalla til sérstakrar umræðu í ráðinu um mannréttindi í Xinjiang-héraði í Kína. Það var gert í ljósi niðurstöðu skýrslu mannréttinda-fulltrúa Sameinuðu þjóðanna (OHCHR) um mannréttindi í Kína frá haustdögum. Upplýst var um alvarleg mannréttindabrot gegn Úígúrum og öðrum minnihlutahópum í Xinjiang. Ákvörðunin náði ekki fram að ganga í ráðinu en staðan í Kína var í brennidepli í haustlotunni. Ísland tók undir yfirlýsingu 47 ríkja um ástandið í Kína sem Holland flutti í júnílotu ráðsins. Að auki átti Ísland aðild að yfirlýsingu hóps ríkja í þriðju nefnd allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna um sömu mál, fjórða árið í röð. Fjölgaði þjóðum sem stóðu að yfirlýsingunni úr 43 haustið 2021 í 50 árið 2022.

Ísland er í forystu fyrir árlegri ályktun um ástand mannréttinda í Íran á vettvangi mannréttindaráðsins til að tryggja áframhaldandi umboð sérstaks skýrslugjafa um málefni Írans. Á árinu stóð Ísland einnig fyrir sérstökum fundi ráðsins í kjölfar mótmælanna í Íran vegna dauða Mahsa Amini eins og nánar er fjallað um í [kafla 2.3](#) um mannréttindi kvenna.

Gott samstarf ríkir á meðal Norðurlanda og Eystrasaltsríkja í mannréttindaráðinu. Í fundalotum ráðsins árið 2022 voru flutt í heild sinni 130 ávörp, annaðhvort í nafni allra átta ríkjanna (NB8) eða Norðurlandanna fimm. Fulltrúar Íslands fluttu nokkur ávörp einir og sér en öll ávörp eru aðgengileg á vefsíðu fastanefndar Íslands í Genf.

Mennta-, vísinda- og menningarmálastofnun Evrópu

Ísland situr í framkvæmdastjórn Mennta-, vísinda- og menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) fyrir tímabilið 2021-2025. Samhliða á Ísland sæti í stjórnarnefnd UNESCO um mannréttindi. Nefndin fjallar um frelsi fjölmiðla, stöðu kennara, almennan rétt til menntunar og menningarleg réttindi; allt málefni sem eru á sérsviði UNESCO. Stofnunin hefur forystu um heimsmarkmið númer fjögur um menntun.

Ísland sat þrjá framkvæmdastjórnarfundum hjá UNESCO á árinu, tvo reglulega fundum og einn sérstakan fund vegna innrásar Rússlands í Úkraínu. Fastanefnd Íslands gagnvart UNESCO sá um undirbúning fundanna í samráði við fagráðuneyti. Undirbúningurinn er unninn í góðu samstarfi Norðurlanda en Ísland leiðir samhæfingu þeirra innan stofnunarinnar á stjórnartímabilinu.

Í framkvæmdastjórn hefur Ísland lagt áherslu á innri starfsemi stofnunarinnar, jafnréttismál, fjármál, mennta- og menningarmál og pólitísk málefni, svo sem viðbrögð UNESCO innan ábyrgðarsviða stofnunarinnar í Úkraínu og Afganistan.

Ísland leiddi í tvígang samningaviðræður um ályktanir framkvæmdastjórnarinnar og eina sameiginlega yfirlýsingu um rétt kvenna og stúlkna til menntunar í Afganistan. Fimmtíu ríki gerðust meðflutningsaðilar að ályktununum sem fólu UNESCO ákveðin menntatengd verkefni og úttekt á tálmunum stjórnvalda við skólagöngu.

Staðan í Úkraínu setur sterkan svip á starfið í UNESCO. Ísland var í hópi nítján ríkja sem kölluðu eftir því strax í mars að boðað yrði til fundar í framkvæmdastjórn vegna innrásar Rússa. Fastafulltrúi flutti ræðu í nafni Norðurlandanna og fastanefnd Íslands í París tók þátt í að semja ályktunardrög fundarins. Ályktunin var síðan flutt í nafni 65 ríkja. Ísland hefur mikið látið að sér kveða í vinnu UNESCO til stuðnings Úkraínu.

Ísland hefur átt drjúgan þátt í undirbúningi fyrir ýmsa fundi og ráðstefnur á vegum UNESCO. Hæst ber menningarráðstefnu UNESCO (MONDIACULT) í Mexíkó og ráðherra- og leiðtogafund Sameinuðu þjóðanna um umbreytingu menntunar, Transforming Education Summit, sem fram fór í New York og París. Mennta- og barnamálaráðherra flutti yfirlýsingu 53 ríkja á undirbúningsfundinum í París. Forsætisráðherra sat leiðtogafundinn í aðdraganda allsherjarþingsins í New York.

Fastanefnd Íslands sinnir daglegu starfi í UNESCO í samráði við fagráðuneyti. Ísland lætur fé af hendi rakna til þróunarverkefna í samræmi við rammasamning frá 2019 og er meðal annars aðili að alþjóðaverkefni UNESCO um frjálsa fjölmiðlun í þróunarlöndum (IPDC) og styður starf UNESCO um menntun og fjölmiðlafrelsi. Fastafulltrúi Íslands er annar formanna vinnuhóps UNESCO um jafnréttismál.

Fjallað er um GRÓ - Þekkingarmiðstöð þróunar-samvinnu, sem starfar undir merkjum Mennta-, vísinda- og menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO), í [kafla 2.6](#).

Evrópuráðið: Formennska og leiðtogafundur

Utanríkisráðherra tók við formennsku í ráðherranefnd Evrópuráðsins fyrir hönd Íslands í nóvember. Formennskutímabilið er sex mánuðir, lýkur í maí 2023. Í ávarpsorðum til nefndarinnar talaði ráðherra um krefjandi tíma og ríkar skyldur forysturíkisins, sem Ísland væri reiðubúið að axla. Þetta er í þriðja sinn sem Ísland fer með formennsku í Evrópuráðinu frá inngöngu árið 1950. Fastanefnd Íslands hjá Evrópuráðinu sinnir þætti Íslands í störfum ráðherranefndarinnar í Strassborg og formennsku Íslands í Evrópuráðinu.

Innrás Rússa í Úkraínu varpaði skugga á starf Evrópuráðsins á árinu. Ráðherranefndin ákvað samhljóða að vísa Rússlandi úr ráðinu fyrir gróf brot á stofnsáttmála og grunnildum þess. Rússland var svipt þátttökurétti og rússnesk stjórnvöld dyggilega hvött til að leggja niður vopnin, virða grunnildi ráðsins og halda frið. Brottvísunin tók gildi í september. Rússar hurfu næstum af sviðinu þótt þeir séu enn aðilar að fáeinum samningum sem eru opnir utanaðkomandi ríkjum. Ákvörðun ráðherranefndarinnar og aðdragandi brottvísunarinnar eru fordæmalaus í 74 ára sögu stofnunarinnar.



| Sérstakur sporvagn í Strassborg var skreyttur norðurljósum í tilefni formennsku Íslands í Evrópuráðinu.

Um Evrópuráðið

Aðildarríki Evrópuráðsins (Council of Europe) eru 46 og íbúar þeirra 700 milljónir. Ráðið stendur vörð um mannréttindi, lýðræðislega stjórnarhætti og réttarríki í álfunni, grunngildin þrjú, og kappkostar jafnframt að efla almenn lífsgæði í álfunni. Ráðið var stofnað eftir síðari heimsstyrjöldina til að forða enn einum hildarleik í álfunni. Evrópuráðið vinnur á grundvelli alþjóðasamninga milli aðildarríkja og fleiri ríkja og alþjóðastofnana. Það lætur sig varða jafnrétti, tjáningarfrelsi, umhverfismál, sveitarstjórnarmál og mennta- og menningarmál. Það hefur gert um 200 alþjóðasamninga á ýmsum sviðum sem hafa haft áhrif víða um heim. Mannréttindadómstóll Evrópu er ein af lykilstofnunum mannréttinda í heiminum og framfylgir mannréttindasáttmála Evrópu. Helstu stofnanir Evrópuráðsins eru Mannréttindadómstóll Evrópu, skrifstofa aðalframkvæmdastjóra, ráðherranefndin, Evrópuráðsþingið, sjálfstæður mannréttindafulltrúi og þróunarbanki Evrópuráðsins.



Pórdís Kolbrún Reykjavörð Gylfadóttir utanríkisráðherra tók formlega við formennsku í Evrópuráðinu af Breifne O'Reilly, fastafulltrúa Írlands gagnvart Evrópuráðinu.

Utanríkisráðherra sótti ráðherrafund Evrópuráðsins í Tórinó á Ítalíu í maí. Í ávarpi sínu beindi ráðherra sjónum að grunngildunum þremur; lýðræði, mannréttindum og réttarríkinu, sem Ísland vill efla með ráðum og dáð. Ráðherra brýndi aðildarríkin til að standa þétt við bakið á Úkraínu og ítrekaði ótvíræðan stuðning Íslands.

Formennskuáætlun Íslands

Staða grundvallargilda Evrópuráðsins, mannréttinda, lýðræðis og réttarríkisins, er meginstoðir formennskuáætlunar Íslands. Að auki er stefnu íslensku ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum, málefnum barna og umhverfismálum gert hátt undir höfði. Fjöldi viðburða tengjast formennskunni, þar á meðal í Strassborg, á Íslandi og hjá Sameinuðu þjóðunum í New York. Þá gefst tækifæri til að kynna íslenska menningu, listir og atvinnulíf og hefur sérstök menningardagskrá formennskunnar verið gefin út. Opnuð hefur verið heimasíða með upplýsingum um Evrópuráðið og formennsku Íslands á slóðinni utn.is/evropuradid.

Við undirbúning formennskunnar sat fastafulltrúi í stjórnarnefnd ráðsins frá árinu 2021 og gegndi formennsku á mannréttindafundum ráðherranefndar ráðsins helming ársins. Úkraínu bar hæst í starfi ráðherranefndarinnar en einnig var mikið fjallað um Belarús, aðildarumsókn Kósovó og eftirfylgni dóma Mannréttindadómstóls Evrópu, svo sem í máli *Kavala gegn Tyrklandi*. Meint afturför einstakra aðildarríkja í jafnréttismálum og tjáningarfrelsi var líka á dagskrá. Að auki voru mannréttindi tengd gervigreind, veraldarvefnum og nýjungum í samskiptum fólks í deiglu.

Ísland gerðist aðili að þremur samningum Evrópuráðsins á árinu; Evrópusamningi um samframleiðslu kvikmynda, samningi um að samþætta öryggi, vernd og þjónustu á knattspyrnuleikjum og öðrum íþróttaviðburðum og samningi ráðsins um að reisa skorður við hagræðingu úrslita í íþróttakeppnum. Þar að auki undirritaði Ísland viðbótarbókun við samning ráðsins um tölvubrot og upplýsingaskipti vegna rafrænna sönnunargagna.

Í tengslum við formennskuna veittu íslensk stjórnvöld um 43 milljónum króna til ráðsins. Í samræmi við málflutning Íslands skiptist framlagið milli jafnréttismála, málefna barna, íslenska barnahúsmódelisins og ráðstafana til að auka skilvirkni Mannréttindadómstólsins.

Alþingi var gestgjafi fundar stjórnarnefndar Evrópuráðsins í Hörpu í nóvember. Í nefndinni sitja um 60 þingmenn frá 46 aðildarlöndum. Framkvæmdastjóri ráðsins, Marija Pejčinović Burić, var að loknum fundi gestur opinna málstofu á vegum utanríkisráðuneytisins og Alþjóðastofnunar Háskóla Íslands um mannréttindi og framtíðarhlutverk Evrópuráðsins.

Á stjórnarnefndarfundinum kynnti utanríkisráðherra formennskuáætlun Íslands fyrir þingmönnum og svaraði spurningum þeirra. Fjallað var um leiðtogafund ráðsins sem verður í Reykjavík í maí á þessu ári og hlutverk Evrópuráðsþingsins í fundahöldunum og aðdraganda þeirra. Einnig var á dagskrá viðburður um baráttuna gegn stafrænu kynbundnu ofbeldi.

Á alþjóðlegum baráttudegi kvenna þann 8. mars 2022 var efnt til málstofu um samningsskuldbindingar Íslands vegna Istanbúl-samningsins um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi á konum og heimilisofbeldi. Sérstök áhersla var lögð á stafrænt kynferðisofbeldi og þátttöku karla og drengja í forvarnarstarfi í baráttunni gegn kynbundnu ofbeldi. Í nóvember síðastliðnum leiddu Ísland og Holland ásamt samstarfsríkjum sextán daga átak gegn ofbeldi gegn konum með vitundarvakningu á samfélagsmiðlum. Þar fjölluðu sextán aðildarríki Evrópuráðsins um aðgerðir til að vinna gegn kynbundnu ofbeldi. Forsætisráðherra tók þátt í viðburði um baráttuna gegn stafrænu kynbundnu ofbeldi á fundi stjórnarnefndar Evrópuráðsþingsins í Reykjavík í desember. Ný löggjöf Íslands um kynrænt sjálfræði var grundvöllur umræðunnar en Ísland varð þriðja landið í Evrópu til þess að innleiða slíka löggjöf.

Í desember stóð utanríkisráðuneytið í samstarfi við Alþjóðamálastofnun fyrir viðburði í Reykjavík í tengslum við formennskuna og alþjóðlega mannréttindadaginn. Kallað var eftir sameiginlegum aðgerðum vegna mannréttindabrota og glæpa í árásarstríði Rússlands í Úkraínu. Fastafulltrúi Úkraínu í Strassborg, og fyrrum utanríkisráðherra Úkraínu, tók þátt í viðburðinum.

Leiðtogafundur Evrópuráðsins á Íslandi

Leiðtogafundur Evrópuráðsins verður í Reykjavík 16. og 17. maí næstkomandi. Upphaflega var áætlað að halda hefðbundinn utanríkisráðherrafund aðildarríkjanna 46 í lok formennskutímans. Þeirri hugmynd óx ásmegin, ekki síst vegna innrásar Rússa í Úkraínu, að tímabært væri að leiðtogar aðildarríkjanna kæmu saman til að efla samstöðu um grundvallargildi ráðsins: mannréttindi, lýðræði og réttarríkið.

Niðurstaðan varð sú að í hlut Íslands kemur að halda fjórða leiðtogafund Evrópuráðsins í 74 ára sögu þess. Forsætisráðherra og utanríkisráðherra verða gestgjafar en auk aðildarríkja Evrópuráðsins hefur áheyrnaríkjum ráðsins verið boðið, ásamt aðalframkvæmdastjórum Sameinuðu þjóðanna, ÖSE, ESB og OECD og fleirum.

Leiðtogafundurinn verður umfangsmesta alþjóðasamkoma sem nokkurn tíma hefur verið haldin á Íslandi. Ráðuneyti, stofnanir og fjöldi þjónustufyrirtækja munu þurfa að láta hendur standa fram úr ermum við undirbúninginn og á meðan fundinum stendur. Utanríkisráðuneytið stýrir verkefninu í samráði við forsætis- og dómsmálaráðuneyti. Ríkislögreglustjóri mun annast umfangsmikla öryggisgæslu.

Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu

Réttarríkið og gildi lýðræðis, mannréttinda og jafnréttis eru, líkt og undangengin ár, efst á baugi í starfi Íslands í Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu (ÖSE). Árið 2022 fór Pólland með formennsku stofnunarinnar.

Engin svæðisbundin alþjóðastofnun nær yfir jafnmikið flæmi lands og ÖSE, frá Vancouver í Kanada í vestri til Vladivostok í Rússlandi í austri. Stofnunin fjallar um öryggi aðildarríkjanna 57 frá ótal sjónarhornum. Stuðst er við þrjár meginstöðir, allar jafngildar, þegar starfsemi ÖSE er skilgreind. Ein stöðin fjallar um pólitískt og hernaðarlegt öryggi, önnur um umhverfisógnir og efnahagslegt öryggi og sú þriðja stendur vörð um reglur lýðræðis og mannréttinda.

ÖSE sérhæfir sig í lausn ágreiningsmála, friðaruppbyggingu og liðsinni við ríki sem eru að festa lýðræði í sessi og að tryggja og viðhalda stöðugleika. Því miður hefur afstaða fáeinna aðildarríkja til grundvallargildanna, sem stofnunin hafði sameinast um, verið starfinu fjötur um fót undanfarin ár. Um þverbak keyrði þegar Rússar réðust inn í Úkraínu. Framferði Rússlands í Úkraínu hefur kallað á afdráttarlausan málflutning í ÖSE. Innrásin er fordæmd enda ótvírætt brot á þjóðarrétti, alþjóðlegum mannréttindum og skuldbindingum á sviði mannréttinda.



| Kristín A. Árnadóttir, fastafulltrúi Íslands gagnvart ÖSE, að störfum á ráðherrafundi stofnunarinnar 1. desember 2022.

Innrás Rússlands í Úkraínu var meginefni utanríkisráðherrafundar ÖSE í desember þar sem utanríkisráðherra áréttaði skuldbindingar aðildarríkjanna við alþjóðalög og alþjóðakerfið og brýndi þau til að beita sér fyrir friði, frelsi og mannréttindum í ávarpi sínu.

Sérstakur fulltrúi ÖSE í mansalsmálum, Valiant Richey, og aðrir sérfræðingar frá ÖSE heim sóttu Ísland í október, áttu fundi með íslenskum stjórnvöldum og þeim sem ötullegast styðja baráttu gegn mansali hér á landi. Í heimsókninni hittir Valiant Richey utanríkisráðherra til að ræða mansal í skugga stríðsins í Úkraínu. Á utanríkisráðherrafundi ÖSE í desember tók ráðherra þátt í pallborðsumræðum um mansal sem Valiant Richey stóð fyrir í samvinnu við fastanefnd Íslands og fleiri.

Atlantshafsbandalagið

Atlantshafsbandalagið hefur verið meginvettvangur pólitísks samráðs bandalagsríkjanna á afdrifaríku ári og hefur samstaða þeirra verið lykilþáttur í stuðningi við Úkraínu. Nánar er fjallað um störf Íslands á þessum vettvangi í [kafla um öryggis- og varnarmál](#).

1.5 Alþjóðlegt samstarf um frelsi og mannréttindi

Mannréttindi og lýðræðisleg gildi

Auk öflugs málsvarastarfs í alþjóðastofnunum tekur Ísland þátt í ýmiskonar ríkjasamstarfi til að auka veg mannréttinda og lýðræðislegra gilda.

Ísland er eitt stofnríkja bandalags um fjölmiðlafrelsi og rétt fjölmiðlafólks. Tilgangurinn er að tryggja öryggi blaðamanna, vekja athygli á því sem miður fer á þeim vettvangi og styðja við bakið á ríkjum sem vilja gera betur. Utanríkisráðherra sat þriðja ráðherrafund bandalagsins og tók þar undir yfirlýsingu um gildi fjölmiðlafrelsis. Ísland lýsti yfir samþykki sínu við ákúrar bandalagsins í garð nokkurra ríkja, meðal annars Myanmar vegna árása á blaðamenn, Kína vegna lokunar fjölmiðla í Hong Kong og Íran vegna ógnar við fréttamenn, einkum kvenna í stéttinni.

Ísland er eitt 42 ríkja sem mynda Jafnréttisbandalagið (Equal Rights Coalition) sem stendur vörð um rétt hinsegin fólks. Bandalagið beitir sér gegn ríkjum sem brjóta á fólki sökum kynhneigðar. Leitað er eftir samvinnu við viðeigandi félagasamtök og alþjóðastofnanir og er stuðst við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna í starfinu. Ísland sótti aðalfund bandalagsins með fjarfundabúnaði og utanríkisráðherra studdi yfirlýsingu fundarins.

Ísland tekur einnig þátt í lýðræðisátaki Bandaríkjaforseta, Leiðtogafundi um lýðræði (Summit for Democracy), sem hófst í lok árs 2021. Markmið átaksins er að efla lýðræði um heim allan með aðgerðarbandalögum um mismunandi efni sem eiga að efla mannréttindi og styðja lýðræði.

Mannréttindi eru höfð að leiðarljósi í allri þróunarsamvinnu Íslands, á mótunarstigi, í framkvæmd verkefna og mati á árangri þeirra. Jafnframt er áhersla lögð á málsvarastarf í samstarfsríkjum Íslands í þróunarsamvinnu. Nánar er fjallað um þetta í [kafla um þróunarsamvinnu](#).

Kynjajafnrétti

Jafnrétti kynjanna snýst bæði um mannréttindi sem og drifkraft þróunar, friðar og framfara. Sýnt hefur verið fram á að hagur þjóða vænkast þegar kynin fá jöfn tækifæri. Dæmin sanna að menntun kvenna dregur úr fólksfjölgun, stuðlar að stöðugleika og styður upplýstar úrlausnir flókinnar viðfangsefna, til dæmis varðandi hlýnun jarðar. Í alþjóðlegu samstarfi beitir Ísland sér fyrir

Því að réttindi kvenna séu virt í hvívetna á þeim forsendum að jafnrétti kynjanna sé jafnt mannréttindi sem og lykill að lausn margra flókinnna mála sem eru ofarlega á baugi á alþjóðavettvangi.

Ísland hefur lengi skipað sér í fremstu röð ríkja í jafnréttismálum. Sú staða vekur athygli og æ fleiri ríki og alþjóðastofnanir telja að íslensk reynsla geti orðið öðrum til eftirbreytni.

Ísland hlaut á árinu gullvottun frá Þróunaráætlun Sameinuðu þjóðanna (United Nations Development Programme, UNDP) fyrir vinnu á sviði jafnréttismála og þróunarsamvinnu. Ísland er jafnframt fyrsta framlagsríkið sem undirgengst slíka vottun. Markmið vottunarinnar er meðal annars að efla stjórnendur og starfsfólk utanríkisráðuneytisins, einkum á sviði þróunarsamvinnu, í stefnumótun og framkvæmd verkefna í jafnréttismálum, og styrkja áherslur á sviði jafnréttismála í samvinnu við stjórnvöld í samstarfsríkjum Íslands.

Ísland sótti 66. fund kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna (CSW) í mars. Yfirskriftin var jafnrétti og valdefling kvenna og stúlkna í tengslum við loftslagsbreytingar. Því miður var þátttaka frjálsra félagasamtaka minni en vænta mátti vegna sóttvarna. Forsætisráðherra flutti ræðu fyrir hönd Íslands og félags- og vinnumarkaðsráðherra tók þátt í norrænni dagskrá um samspil jafnréttis og loftslagsbreytinga. Ísland gegndi í fyrsta skipti varaformennsku í framkvæmdastjórn UN Women fyrir hönd hóps Vestur-Evrópu og annarra ríkja og átti því hlut í frumkvæði að ýmsum tillögum og ályktunum stjórnarinnar.

Ísland hefur víða markað sér stöðu í samstarfi sem beinir sjónum að kvennakúgun í einstökum löndum, meðal annars Íran og Afganistan. Ráðherra sótti fjölda funda þar að lútandi, talaði tæpitungulaust og lagði lið mörgum framfaramálum. Ráðherra var meðal tólf kvenkyns ráðherra sem fara með utanríkismál sem fordæmdu offors stjórnvalda í Teheran gegn friðsömu fólki sem mótmælti morðinu á Mahsa Amini.

Utanríkisráðuneytið leggur lið tveimur átaksverkefnum sem Bandaríkjaforseti ýtti úr vör. Hið fyrra er Leiðtogafundur um lýðræði sem áður er fjallað um. Hið síðara ber yfirskriftina Hnattraenn samstarfsvettvangur gegn kynbundnu stafrænu áreiti og einelti. Afrakstur þess síðarnefnda verða viðmið sem vonast er til að alþjóðastofnanir og þjóðir geti stuðst við í náninni framtíð. Að auki á

ráðuneytið fulltrúa í stýrihópi alþjóðlegs átaks sem forsætisráðuneytið leiðir undir yfirskriftinni Kynslóð jafnréttis.

Jafnrétti er eitt þriggja höfuðmála formennsku Íslands í Evrópuráðinu sem lýkur í maí 2023.

Jafnréttisstarf sendiskrifstofa

60



Málsvarastarf fór fram í 60 skipti á vettvangi fastanefnda við alþjóðastofnanir, s.s. Sp, ÖSE og NATO, og Evrópuráðið.

78



Sendiskrifstofur efndu til 78 ráðstefna, málstofa, Barbershop viðburða og pallborða á sviði jafnréttis.

40



Sendiherrar og annað starfsfólk flutti 40 fyrirlestra, ávörp og kynningar um reynslu Íslands í jafnréttismálum.

14



14 fjölmiðlaviðtöl og greinar sendiherra og annarra fulltrúa Íslands um jafnréttismál.

22



Jafnréttismál eru þverlæg áhersla í allri þróunarsamvinnu Íslands. Alls var unnið að 22 jafnréttisverkefnum á árinu.

27



Sendiskrifstofur unnu að 27 verkefnum með áherslu á jafnréttismál í viðskiptum, til dæmis á vettvangi fastanefndar í Genf.

108



Allt jafnréttisstarf sendiskrifstofa felur í sér vitundarvakningu. Orange the World er eitt gott dæmi af alls 108 viðburðum

3



5 íslenskir jafnréttissérfræðingar eru nú að störfum erlendis hjá UN Women, NATO, Mannfjöldasjóði Sp og Evrópuráðinu.

Heimsping kvenleiðtoga á Reykjavík Global Forum var að þessu sinni haldið undir yfirskriftinni „Power Together“ og vísar til árangurs Íslands í jafnréttismálum. Um fimm hundruð alþjóðlegir kvenleiðtogar úr stjórnámálum, viðskiptum, vísindum og menningu sóttu þingið til að styrkja tengslanetið og ræða jafnréttismál. Utanríkisráðuneytið skipulagði heimsókn fyrir Sima Bahous, framkvæmdastýru UN Women, og Sviatlönu Tsikhanouskaya, leiðtoga stjórnarandstöðunnar í Belarús.

Framundan er vinna við fjórðu landsáætlun Íslands um ályktun Sameinuðu þjóðanna nr. 1325 um konur, frið og öryggi. Merki um framgang þriðju áætlunarinnar, sem var að ljúka, sjást víða í stjórnsýslunni, utan hennar og í alþjóðasamstarfi. Áætlunin tekur á málum kvenna í viðkvæmri stöðu, til dæmis flóttakvenna, kvenna sem sótt hafa um alþjóðlega vernd og mansali. Ísland hefur einsett sér að halda þessum málum á lofti með starfi í alþjóðastofnunum, meðal annars með því að útvega þeim sérfræðinga til starfa á vettvangi. Úttekt frá 2021 bendir til þess að margt hafi áunnist en annað sé skemmra á veg komið.

Utanríkisráðuneytið hélt áfram stuðningi við þátttöku Íslands í Nordic Women Mediator-tengslanetinu (NWM). Markmið þess er að tengja saman konur sem starfa við friðarumleitanir og sáttamiðlun. Fjórir fulltrúar sóttu ársfund í Helsinki. Fundir eru haldnir reglulega í Íslandsdeildinni, sem jafnframt er í alþjóðlegu tengslaneti kvenna undir merkjum Global Alliance of Regional Women Mediators Networks. Á næsta ári mun íslenskur fulltrúi samræma norræna samstarfið á þeim vettvangi.

1.6 Loftslags-, auðlinda- og umhverfismál

Loftslags-, auðlinda- og umhverfismál eru grundvallarhagsmunamál fyrir Ísland. Virk þátttaka í alþjóðasamstarfi um þessa málaflokka er eitt af meginverkefnum utanríkisþjónustunnar og getur skipt sköpum til að tryggja eftir föngum að nýjar lausnir og viðbrögð í loftslags-, auðlinda- og umhverfismálum falli að hagsmunum Íslands. Öflugt samráð og samvinna er við umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið og matvælaráðuneytið í þessum málaflokkum.

Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna

Á vettvangi Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna (FAO) hafa áherslur Íslands að miklu leyti snúist um málefni hafsins, fiskveiðistjórnun og bláfæða. Ísland fjármagnaði samstarfsverkefni við FAO í baráttunni gegn ólöglegum, óskráðum og stjórnlásum veiðum, sem snýr að gerð nýs upplýsingakerfis sem gerir ríkjum kleift að framfylgja samningi um löglega löndun á veiddum fiski. Jafnframt fjármagnar Ísland stöðu íslensks sérfræðings í fiskimálum með áherslu á smáeyþróunarríki.

Bláfæðubandalagið

Bláfæða úr höfum og vötnum gegnir mikilvægu og vaxandi hlutverki í fæðukerfum heimsins og hefur Ísland lagt áherslu á að horft sé til þess í umræðum og ákvörðunum á alþjóðavettvangi. Fulltrúi ráðuneytisins leiðir Bláfæðubandalagið (Aquatic Blue Food Coalition) en á fjórða tug ríkja, alþjóðlegra félagasamtaka og fræðastofnana taka þátt í því samstarfi. Á árinu skipulagði bandalagið málstofur á hafráðstefnu í Palau (Our Oceans Conference) með fjölda háttsettra málshefjenda frá Kyrrahafseyjum, Evrópu og Bandaríkjunum. Á hafráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Lissabon skipulagði bandalagið einnig fjöl-sóttan stofnfund með þátttöku ráðherra frá Íslandi, Portúgal, Bandaríkjunum, Þýskalandi, Indónesíu, Mósambík og Fíji. Bandalagið beitti sér jafnframt fyrir því að hlut fæðu úr höfum væri hampað á ráðstefnum innan FAO og í ályktun Allherjarþingsins um hafrétt. Bandalagið hefur styrkst mjög og hefur til dæmis hlotið styrk frá þýskum stjórnvöldum. Bláfæðubandalaginu er stýrt af fulltrúum Stanford University Cluster for Ocean Solutions, Environmental Defense Fund í Bandaríkjunum auk samtaka ríkja í Kyrrahafi (South Pacific Community).

Umhverfisstofnun Sameinuðu þjóðanna

Fimmta umhverfisþing Umhverfisstofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNEP) var haldið í ársbyrjun. Þar var meðal annars samþykkt ályktun um að hefja viðræður um gerð lagalega bindandi sáttmála um plast og plastmengun sem ná til alls lífsferils plasts frá framleiðslu til notkunar og til meðferðar plastúrgangs. Undir lok síðasta árs fór fyrsti samningafundurinn fram og standa vonir til þess að viðræðum ljúki á næsta ári. Ísland hefur beitt sér í þágu metnaðarfulls samnings, meðal annars á vettvangi metnaðarbandalags gegn plastmengun (High Ambition Coalition, HAC) sem Ísland stofnaði til ásamt níttján öðrum ríkjum. Er það í samræmi við áherslur Íslands í Norður-skautsráðinu og Norrænu ráðherranefndinni á undanförunum árum.

Á árinu 2022 voru liðin 50 ár frá því að Sameinuðu þjóðirnar efndu til ráðstefnu um umhverfi mannsins í Stokkhólmi en segja má að sá fundur hafi markað upphaf alþjóðlegrar samvinnu í umhverfismálum. Á ráðstefnunni var lögð áhersla á hnattræna samtengingu umhverfisins og nauðsyn þess að takast á við þrefalda vaxningu umhverfis okkar – loftslagsbreytingar, tap á líffræðilegum fjölbreytileika (útdauða tegunda) og mengun, fyrir núlifandi og komandi kynslóðir. Á ráðstefnunni var jafnframt undirstríkuð brýn þörf fyrir djarfar og yfirvegaðar aðgerðir sem og skýran pólitískan vilja til að flýta framgangi þessara skuldbindinga, styrkja fjölþjóðakerfið og auka metnað og samstöðu.

Rammasamningur Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar

Á loftslagsráðstefnunni COP27 sem haldin var í Sharm El-Sheikh í Egyptalandi í nóvember náðist að halda inni því markmiði sem samþykkt var á COP26 í Glasgow árið 2021 að halda hækkun hitastigs jarðar undir 1,5°C. Þá var tekin ákvörðun um stofnun sérstaks loftslagsbótasjóðs. Enn á þó eftir að útfæra regluverk varðandi fjármögnun og úthlutunarreglur sjóðsins, en tillögur þar um eiga að liggja fyrir á COP28 sem haldið verður í desember 2023. Krafa Íslands og margra annarra ríkja um að lögð yrðu til markmið um að draga úr notkun alls jarðefnaeldsneytis náði hins vegar ekki fram að ganga.

Fulltrúar utanríkisráðuneytisins sóttu COP27 og tóku meðal annars virkan þátt í umræðu um loftslagsfjármögnun til framtíðar enda eru framlög Íslands til þessa málaflokks mikilvægur þáttur í þróunarsamvinnu Íslands.

Fulltrúi utanríkisráðuneytisins á sæti í tækninefnd skrifstofu rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (UNFCCC) um nýjar fjármögnunarleiðir fyrir loftslagsaðgerðir. Megináherslur umræðunnar um nýja og aukna fjármögnun loftslagsaðgerða lýtur að því að virkja sem flesta í slíkum aðgerðum.

Samningurinn um alþjóðaverslun með tegundir í útrýmingarhættu

Fundur aðildarríkja Samnings um takmarkanir viðskipta með dýr og tegundir í útrýmingarhættu (CITES) var haldinn í nóvember en hann er haldinn á þriggja ára fresti. Að vanda var sérstök áhersla lögð á lífríki sjávar þar sem stundum hefur verið tekist á um ítrustu verndarsjónarmið annars vegar og ábyrga nýtingu sjávarauðlinda hins vegar. Ein tillaga er snerti Ísland sérstaklega var tillaga skrifstofu CITES um að flokkun langreyðar yrði ekki tekin til endurskoðunar á meðan bann Alþjóðahvalveiðiráðsins væri í gildi og var hún samþykkt án umræðu. Þótt þær tegundir sem helst voru til umræðu á fundinum væru flestar upprunnar á suðlægari slóðum geta niðurstöðurnar haft fordæmisgildi fyrir svipaðar tegundir annars staðar á hnettinum. Það gildir til dæmis um hákarla, sæbjúgu, skrautfiska og burnirót.

Á fundinum beitti Ísland sérstaklega fyrir því að gætt yrði að samræmingu vísindalegrar ráðgjafar ólíkra stofnana Sameinuðu þjóðanna. Misvísandi skilaboð vísindamanna gætu aðeins grafið undan trúverðugleika ráðgjafar.

Forsenda umræðu á þessum vettvangi er að lífríki heims sé sameiginleg arfleifð sem ríki heims eigi að taka höndum saman um að vernda. Mikilvægt sé hins vegar að taka tillit til aðstæðna á hverjum stað.

Samningurinn um líffræðilega fjölbreytni

Helsti ásteytingarsteinninn á fundinum var fjármögnun aðgerða til verndar tegunda og vistkerfa jarðar. Samkomulag náðist um að safna 200 milljörðum dollara til að styðja við markmiðin næstu sjö árin. Jafnframt var samþykkt að framlög til þróunarríkja yrðu tvöfölduð og verði að minnsta kosti tuttugu milljarðar dollara fyrir árið 2025.

Á fundinum lagði Ísland meðal annars áherslu á mikilvægi verndarsvæða, endurheimt tegunda og vistkerfa, ágengar framandi tegundir og málefni hafsins og mikilvæg svæði fyrir líffræðilega fjölbreytni í Norður-Atlantshafi.

Fiskveiðisamningar

Samningaviðræðum um milli strandríkja og veiðiríkja um skiptingu heildarafla uppsjávarstofna, makríl, kolmunna og norsk-íslensku vorgotssíldarinnar var haldið áfram á árinu 2022. Sátt hefur oftast nær verið um að virða beri ráðgjöf Alþjóðahafrannsóknaráðsins en þegar lagðir eru saman veiðikvótar einstakra ríkja er heildarveiði langt fyrir ofan þá ráðgjöf. Þetta getur til langframa stefnt stofnum í hættu. Miklir hagsmunir eru í húfi og vill enginn gefa sitt eftir. Þrátt fyrir það má segja að viðræður hafi þokast í átt að samkomulagi. Utanríkisráðuneytið á aðild að þessum samningum með fulltrúa í samninganefnd Íslands en fyrirsvar er hjá matvælaráðuneyti.

1.7 Svæðisbundið samstarf


Norrænt samstarf

Gildi norræns samstarfs í opinberum samskiptum Norðurlanda við umheiminn verður seint ofmetið. Reglubundinn hluti starfsins fer fram á þingum og fundum um stórt og smátt á flestum stigum stjórn mála og stjórnsýslu. En minna ber á hinu, hvernig þjóðirnar fimm ráðgast óformlega hver við aðra frá degi til dags í ráðuneytum, alþjóðastofnunum, sendiráðum og félagasamtökum. Mikið samspil er á milli formlegs samstarf og óformlegs því línan er lögð þegar æðstu ráðamenn koma saman. Í þessu felst mikill ávinningur fyrir fámennar þjóðir í heimi alþjóðastjórn mála.

Norðmenn önnuðust samræmingu á N5-starfi utanríkisráðherranna árið 2022. Utanríkisráðherrarnir funduðu reglulega og áttu einnig sameiginlega fundi með utanríkisráðherrum annarra ríkja, til dæmis Frakklands og Kanada, og stóran fund með nokkrum afrískum utanríkisráðherrum sem fram fór í Helsinki. Vaxandi áhugi er á slíkum fundum víða um heim. Utanríkisráðherrar Eystrasaltsríkjanna þriggja komu í opinbera heimsókn til Íslands og utanríkisráðherra fór í opinbera heimsókn til Finnlands og vinnuheimsókn til Litáen.

Vestnorrænu samstarfi vex ásmegin. Ráðherra átti fundi með starfssystkinum sínum á Grænlandi og í Færeyjum. Ræddar voru leiðir til að fylgja eftir áformum sem birtast í skýrslunum tveimur sem fjalla um samstarf við grannríkin hvort um sig og komu út 2021. Sú vinna fer fram víða í stjórnsýslunni.

Hversu jákvæð(ur) eða neikvæð(ur) ert þú gagnvart því að Ísland taki virkan þátt í norrænu samstarfi?



Heildarfjöldi svarenda: 957, 91 svaraði ekki.
Heimild: Maskína (maí, 2022).

Ráðherra ávarpaði og fundaði með forsætisnefnd Norðurlandaráðs og Eystrasaltsþingsins, ásamt gestum frá Belarús, Úkraínu og Rússlandi, sem fram fór í Reykjavík í september. Einnig sótti samstarfsráðherra fundi um utanríkis- og varnarmál fyrir hönd utanríkisráðherra á þingi Norðurlandaráðs í Helsinki í nóvember.

Nánar er fjallað um samstarf innan Norrænu ráðherranefndarinnar í skýrslu samstarfsráðherra Norðurlanda sem aðgengileg er á vef Alþingis.

Norrænt samstarf 2022

5



Fundir norrænna utanríkisráðherra voru sex talsins á árinu, þar af fimm formlegir N5-fundir.

2



Fundir utanríkisráðherra Norðurlanda og Eystrasaltsríkja voru tveir, annar þeirra fjarfundur.

14



Tví- og þríhliða fundir utanríkisráðherra Norðurlanda voru 14.



Árið 2023 leiðir Ísland N5-samstarf utanríkisráðherra Norðurlandanna. Einnig leitast Ísland leiða til að styrkja vestnorrænt samstarf.

Ísland gegnir formennsku á árinu 2023 í Norrænu ráðherranefndinni og samstarfi utanríkisráðherra Norðurlandanna. Undirbúningur formenskunnar setti mikinn svip á starfið.

Norðurslóðir

Innrás Rússa í Úkraínu setti mark sitt á samstarf um norðurslóðir. Embættismannanefnd Norðurskautsráðsins hefur ekki komið saman síðan á haustfundi 2021. Innlent samráð og samstarf tengt norðurslóðum er á hinn bóginn öflugt. Markverð skref voru stigin í samstarfi Íslands og Grænlands og samningar endurnýjaðir við Noreg og Fulbright-stofnunina á Íslandi um samstarf í norðurslóðafraeðum.

Hringborð norðurslóða


Hringborð norðurslóða hefur unnið sér sess sem einn virtasti vettvangur um málefni norðurslóða í heimi. Ólafur Ragnar Grímsson fyrrverandi forseti Íslands hefur frá stofnun verið forystumaður þess. Utanríkisráðuneytið var einn af bakhjörllum Hringborðs norðurslóða sem haldið var í Hörpu 13. til 16. október. Ráðstefnan var fjölsótt og tækifæri sem gáfust til tvíhliða funda til hliðar við dagskrána voru vel nýtt. Utanríkisráðherra tók þátt í pallborði Helsinki Security Forum og áréttaði í ræðu sinni við það tækifæri að langtíma og skammtíma áherslur verði að taka mið af því að norðurslóðir verða áfram viðkvæmt svæði sem þarfnast víðtækrar alþjóðlegrar samvinnu löngu eftir að árásarstríði Rússlands í Úkraínu lýkur. Utanríkisráðuneytið hafði hönd í bagga með skipulagningu nokkurra annarra dagskrárliða, þar á meðal pallborðsumræðum þar sem Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra, Mary Simon, landsstjóri Kanada og Naaja H. Nathanielsen, ráðherra jafnréttismála á Grænlandi, ræddu um stöðu jafnréttismála á norðurslóðum ásamt fleirum.

Í þingsályktun um stefnu Íslands í málefnum norðurslóða sem Alþingi samþykkti einróma í maí 2021 er utanríkisráðherra falið að móta „áætlun um framkvæmd norðurslóðastefnunnar, í samráði við aðra hlutaðeigandi ráðherra“. Vinna við áætlunina hófst formlega í febrúar 2022. Fulltrúum allra ráðuneyta var boðið til fundar í ráðuneytinu þar sem verkáætlun var kynnt. Samvinnunefnd um málefni norðurslóða fékk samsvarandi kynningu og í mars 2022 var opinn fundur í Háskólanum á Akureyri þar sem stefnan var kynnt. Þar voru skipaðir fimm þemahópar sem falið var að gera tillögur að framkvæmdaáætlun, hver á sínu sviði. Hóparnir hittust í framhaldinu á fjarfundum og skiluðu tillögum sínum í september. Haldinn var opinn fundur á Akureyri í septemberlok með sama sniði og hinn fyrri þar sem formenn hópanna kynntu tillögurnar. Þær eru alls 78 talsins og endurspeglar fjölbreytni samstarfsins. Gert er ráð fyrir að vinnu við framkvæmdaráætlun ljúki snemma á næsta ári.

Norðurskautsráðið var sett á laggirnar 1996 og er formlegur samstarfsvettvangur átta ríkja, Bandaríkjanna, Finnlands, Íslands, Kanada, Konungsríkisins Danmerkur, Noregs, Rússlands og Svíþjóðar. Náið samráð hefur frá upphafi verið haft við fulltrúa frumbyggja á svæðinu. Ríkin skiptast á formennsku í ráðinu og sitja tvö ár í senn. Rússland tók við keflinu af Íslandi 2021. Innrás þeirra í Úkraínu rak fleyg í samstarfið og í kjölfar hennar ákváðu hin ríkin sjö að gera hlé á formlegu samstarfi við Rússland. Ýmiskonar verkefnavinna þar sem Rússar koma ekki við sögu mun halda áfram í nafni ráðsins.

Norðmenn taka við formenskukeflinu af Rússlandi vorið 2023. Grönnum okkar er vissulega vandi á höndum í flókinni stöðu. Einhugur er um að ráðið verði meginvettvangur norðurslóðasamstarfs til framtíðar en starfið á næstunni mun áfram litast af innrásarstríði Rússlands.

Skilgreiningar á norðurslóðum



- Heimskautabaugur
- 10°C meðalhiti í júlí
- Norðan trjálínu
- Skilgreining AMAP
- Skilgreining AHDR

Aðildarríki Norðurskautsráðsins



- Ísland ● Danmörk (Færeyjar og Grænland)
- Kanada ● Bandaríkin ● Rússland
- Noregur ● Svíþjóð ● Finnland

Annað svæðisbundið samstarf

Samstarf Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna (NB8), Eistlands, Lettlands og Litáen í utanríkismálum verður nánara með hverju árinu. Í skugga yfiringangs Rússa í Úkraínu er vaxandi vilji á báða bóga til að þetta raðirnar. Árlegur fundur utanríkisráðherranna fór fram í Kaunas í Litáen, sem leiddi samstarfið árið 2022. Má þó segja að sameiginleg ferð ráðherranna til Úkraínu hafi verið hápunktur í samstarfinu. Starfsfólk utanríkisráðuneyta ríkjanna átta á með sér reglulegt samráð um fjölmörg utanríkisþólitísk viðfangsefni og á vettvangi alþjóðastofnana hefur sameiginlegur málflutningur færst í aukana. Lettland gegnir formennsku á þessu ári.


Í Eystrasaltsráðinu (Council of the Baltic Sea States, CBSS) fer fram samstarf um fjölbreytt málefni á borð við barnavernd, mansal, sjálfbæra þróun, nýsköpun og stjórnálagssamstarf. Rússlandi var meinuð þátttaka í allri starfsemi Eystrasaltsráðsins með sameiginlegri yfirlýsingu ráðherranna fáum dögum eftir innrásina. Rússland brást við með úrsögn úr ráðinu. Málefni Úkraínu voru efst á baugi á fundi utanríkisráðherra Eystrasaltsráðsins í Kristiansand í maí. Í sameiginlegri yfirlýsingu fordæmdu utanríkisráðherrarnir innrásina harðlega og lýstu samstöðu og stuðningi við Úkraínsku þjóðina. Utanríkisráðherra vegsamaði í ávarpi sínu gildi alþjóðlegrar og svæðisbundinnar samvinnu og lýðræðis í álfunni. Í þeim efnum hefði Eystrasaltsráðið áfram hlutverki að gegna að dómi ráðherra. Þýskaland gegnir nú formennsku í Eystrasaltsráðinu. Ísland hefur einkum beitt sér fyrir málefnum barna, lýðræði og jafnréttismálum í samstarfinu. Ísland styður hugmyndir um að Úkraína verði áheyrnaradli að Eystrasaltsráðinu.

Barentsráðið (Barents Euro-Arctic Council, BEAC) er samstarfsvettvangur Norðurlandanna fimm, Rússlands og ESB. Aðildarríki ráðsins, að Rússlandi frátöldu, birtu yfirlýsingu í mars þar sem innrás Rússlands í Úkraínu var harðlega fordæmd og greint frá ákvörðun um að gera hlé á samstarfi við Rússland þar til annað verður ákveðið. Ráðið hugar að hagnýtu samstarfi um sameiginleg hagsmunamál á svæðinu, svo sem umhverfismál og skynsamlega nýtingu auðlinda, ekki síst með hag frumbyggja að leiðarljósi. Finnar gegna formennsku til október 2023.

Norðlæga víddin (Northern Dimension) er samráðsveitvangur ESB, Íslands, Noregs og Rússlands um málefni Norðvestur-Evrópu. ESB, Noregur og Ísland sameinuðust um yfirlýsingu á grundvelli samstarfsins í mars og fordæmdu innrás Rússlands í Úkraínu harðlega. Um leið var Rússlandi meinuð þátttaka í starfseminni þar til annað verður ákveðið. Norðlæga víddin hefur

markað sér fjögur meginmálefnasvið: lýðheilsu og félagslega velferð; samgöngur og flutninga; menningu og umhverfismál. Stýrihópur Norðlægu víddarinnar hélt fund í Reykjavík í nóvember án Rússlands. Samstaða var um að halda áfram starfi Norðlægu víddarinnar en endurskoða umfangið.

Svæðasamstarf



1.8 Tvíhliða samvinna

Tvíhliða samskipti við erlend ríki og stofnanir eru mikilvægur þáttur í hagsmunagæslu og málsvarastarfi Íslands. Líkt og í öðru starfi utanríkisþjónustunnar hefur staða alþjóðamála, einkum innrásarstríð Rússlands í Úkraínu, mannréttindi og alþjóðalög, verið í brennidepli á árinu. Jafnframt hefur öryggis- og varnarsamstarf eflst. Áfram er leitast við að tryggja íslenskum fyrirtækjum sem besta samkeppnisstöðu og liðka fyrir beinum samskiptum milli fólks, fyrirtækja og stofnana. Þá hefur menningarsamstarf einnig verið mikilvægur þáttur samvinnu við erlend ríki og stofnanir.


Samvinna við Evrópuríki og Evrópusambandið

Samstarf við nágrannaríkin í Evrópu gegnir gríðarlega mikilvægu hlutverki fyrir hagsmunagæslu Íslands. Sameiginlegir hagsmunir og gildi varða samstarfið og EES-samningurinn hefur gert fólki og fyrirtækjum auðvelt að stunda viðskipti,

flytja á milli landa og laða fjárfestingar og vinnuafli til landsins. Evrópska efnahagssvæðið er langmikilvægasti útflutningsmarkaður Íslands og stærstu ríki þess tróna á toppnum yfir helstu viðskiptalöndin.

Í tilefni af 70 ára stjórnmálasambandsafmælis Íslands og Þýskalands sótti utanríkisráðherra Þýskaland heim í ágúst og forsætisráðherra átti fund með Þýskalandskanslara í Madrid í júní. Samstarfið er víðtækt hvort sem horft er til viðskipta og grænna lausna eða sameiginlegra gilda og varnarsamstarfs. Þýskaland er einn helsti útflutningsmarkaðurinn fyrir íslenska vöru og þjónustu. Bandalagsríkin tvö eru þátttakendur í varnarmálasamstarfi Norðurhópsins svokallaða. Þau fylkja sér um sameiginleg gildi á alþjóðavettvangi og stóðu ríkin saman að sérstökum fundi í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna um mannréttindi kvenna í Íran. Menningarleg tengsl eru sterk og íslensk list og bókmenntir eiga góðu gengi að fagna í Þýskalandi.

Hlutdeild ríkja og ríkjahópa í heildarutanríkisviðskiptum Íslands 2021



* Miðast við þau ríki sem EFTA hafði lokið fríverslunarviðræðum við 01.01.23, án tillits til hvenær samningar tóku gildi.

** Rotterdam er stærsta uppskipunarhöfn Evrópu og stór hluti alls útflutnings til meginlands Evrópu fer þar um. Erfitt er að meta hversu stórt hlutfall þess útflutnings sem skráður er til Hollands verður eftir í Hollandi.

Utanríkisráðherra átti fund með Evrópumálaráðherra Frakklands í París í október og reglubundið samráð skrifstofustjóra um Evrópumál fór fram í nóvember 2022. Forsætisráðherra átti fund með forseta Frakklands í Madríd í júní. Hafa stjórnmalaleg samskipti við Frakkland sem eitt forysturíkja ESB aukist við brotthvarf Bretlands úr sambandinu. Líkt og í Þýskalandi er mikill áhugi á íslenski list og menningu í Frakklandi og er landið einn helsti markaðurinn fyrir íslenskar útflutningsvörur. Þá hafa franskir fjárfestar sjaldan eða aldrei látið jafn mikið til sín taka á Íslandi og sérstaklega á sviði fjarskipta og orku-frekra verkefna.

Töluverð viðskipti eiga sér stað við ríkin á Íberíuskaganum, Spán og Portúgal. Utanríkisráðherrar Íslands og Portúgals áttu tvo fundi á síðasta ári, meðal annars vegna áætlana Evrópusambandsins um grænar flugsamgöngur. Ríkin eiga 75 ára stjórnmalasambandsafmæli á þessu

ári. Spánn er sjötti stærsti útflutningsmarkaður fyrir íslenskar vörur að frátöldu Hollandi, þúsundir Íslendinga dvelja langdvölum á Spáni og Spánn verður í formennsku Evrópusambandsins síðari hluta árs. Bæði forsætis- og utanríkisráðherrar ríkjanna áttu fundi á síðasta ári og sammæltust um að styrkja samskiptin enn frekar. Þá hafa samskiptin styrkst við opnun sendiskrifstofu Spánnar á Íslandi.

Með stofnun nýs sendiráðs í Varsjá og breytingu á störfum sendiskrifstofu Íslands í Vín var lagður grunnur að auknum samskiptum við Evrópusambandsríkin í miðri og austanverðri álfunni. Saman þjóna sendiráðin tvö samskiptum við níu ríki. Auk Póllands eru umdæmisríki sendiráðsins í Varsjá Búlgaría, Rúmenía og Úkraína en sendiráðið í Vín sinnir samskiptum við Króatíu, Slóveníu, Slóvakíu og Ungverjaland auk Austurríkis. Fulltrúar pólsku utanríkisþjónustunnar komu í þrígang frá Varsjá til samráðs við utanríkisráðuneytið á árinu.

Utanríkisráðherra fylgdi forseta Íslands í opinbera heimsókn til Slóveníu í lok ágúst, átti fund með utanríkisráðherra landsins og tók í kjölfarið þátt í alþjóðlegu ráðstefnunni Bled Strategic Forum. Stjórnvöld hafa meðal annars átt samstarf á sviði jafnréttis og fjölmargir Íslendingar eru við nám í Slóveníu.

Utanríkisráðherra Króatíu kom í vinnuheimsókn til Íslands og átti fundi með utanríkisráðherra, forseta Íslands og utanríkismálanefnd Alþingis. Á fundi utanríkisráðherranna var sérstaklega rætt um málefni tengd uppbyggingarsjóði EES, ástandið á Vestur-Balkanskaga og leiðtogafund Evrópuráðsins í Reykjavík. Utanríkisráðherra átti einnig fundi með utanríkisráðherrum Kósovó og Serbíu á síðasta ári og hafa málefni ríkjanna á Balkanskaga meðal annars verið rædd í tengslum við formennsku Íslands í Evrópuráðinu. Bæði ríkin eru umsóknarríki Evrópusambandsins og yrðu hluti af Evrópska efnahagssvæðinu ef af aðild þeirra yrði.



Hannes Heimirsson, fyrsti sendiherra Íslands í Póllandi með aðsetur í Varsjá, og Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir utanríkisráðherra, við formlega opnun sendiráðsins í desember.

Írland hefur leitast við að styrkja samskiptin við Norðurlönd og í nóvember fór fram tvíhliða samráðsfundur Íslands og Írlands. Joseph Hackett, ráðuneytisstjóri írsku utanríkisráðuneytisins, fór fyrir írsku sendinefndinni. Aukin áhersla á viðskiptatækifæri og samstarf á vettvangi Evrópuráðsins voru meginniðurstöður fundarins en Ísland tók við formennsku af Írlandi.

Þar sem aðildarríki Evrópusambandsins sameinast um utanríkisstefnu er náið samráð við fulltrúa sambandsins einnig mjög mikilvægt. Utanríkisráðherra var boðið á fund utanríkisráðherra ESB í apríl 2022 ásamt utanríkisráðherra Noregs til að ræða stefnu ríkjanna í málefnum Úkraínu og fundaði þá einnig með

utanríkismálastjóra sambandsins, Josep Borrell. Í lok árs kom Maros Šefčovič, varaforseti framkvæmdastjórnar ESB í heimsókn til Íslands.

Á grundvelli EES-samningsins tekur Ísland undir þvingunaraðgerðir Evrópusambandsins og fjölda þeirra yfirlýsinga sem ESB sendir frá sér á sviði utanríkismála, einnig á vettvangi alþjóðastofnana. Fjallað er um allar þvingunaraðgerðir í [kafla 1.9](#). Á síðasta ári tók Ísland þátt í yfirlýsingum um stríð Rússlands í Úkraínu, mannréttindabrot í Íran og háttsemi Norður-Kóreu í kjarnorkuvopnamálum, svo dæmi séu nefnd. Ísland gegndi formennsku í EES-samstarfinu síðari hluta ársins 2022. Á vettvangi EES-ráðsins gefst tækifæri til pólitísks samráðs utanríkisráðherra EFTA-ríkjanna innan EES við ráð ESB, undir forystu formennskuríkis þess, og framkvæmdastjórn ESB. Málefni sem voru efst á baugi á síðasta ári voru stríðið í Úkraínu, aðfanga- og orkuöryggi og samstarf á sviði orkuskipta. Þá tekur Ísland þátt í reglulegu samráði EES-ríkjanna og utanríkisþjónustu ESB um alþjóðamál, meðal annars um málefni Austur-Evrópu, Norður-Afríku og Mið-Austurlanda. Þá átti Ísland einnig tvíhliða samráð við utanríkisþjónustu ESB í lok ársins um Kína annars vegar og á sviði öryggis- og varnarmála hins vegar.

Hvort sem horft er til vöru- eða þjónustuviðskipta er Evrópusambandið og Evrópska efnahagssvæðið mikilvægasta markaðssvæði Íslands. Um framkvæmd EES-samningsins er fjallað í sérstakri skýrslu utanríkisráðherra til Alþingis, þingskjal 919.

Norðurlönd og Eystrasaltsríkin

Innan EES mynda Norðurlöndin fjögur eitt stærsta markaðssvæði Íslands auk þess að vera nánustu samstarfsríki Íslands í utanríkismálum og öryggis- og varnarmálum. Þar búa flestir Íslendingar og hefð er fyrir miklum og nánnum samskiptum á nær öllum sviðum þjóðfélagsins. Auk náins samráðs utanríkis-, þróunarsamvinnu- og varnarmálaráðherra Norðurlanda á vettvangi N5 og NORDEFECO á sér stað víðækt tvíhliða samstarf við einstök ríki hópsins.

Utanríkisráðherra fór í opinbera heimsókn til Finnlands í tilefni af því að 75 ár voru liðin frá því að ríkin stofnuðu til stjórnmalasambands. Með í för var viðskiptasendinefnd Íslandsstofu og íslenskra fyrirtækja sem eru leiðandi í grænum orkulausnum. Ráðherra fundaði með forseta og utanríkisráðherra Finnlands og forseta finnska þjóðþingsins. Hákon krónprins Noregs tók þátt

Í Hringborði norðurlóða í október og varautanríkisráðherra Noregs tók þátt í pólitísku samráði ríkjanna ásamt ráðuneytisstjóra utanríkisráðuneytisins. Þá átti utanríkisráðherra símafund með nýskipuðum utanríkisráðherra Svíþjóðar í október þar sem þau ræddu meðal annars formennsku Íslands í Evrópuráðinu og formennsku Svíþjóðar í ráði Evrópusambandsins. Utanríkisráðherra og varnarmálaráðherra Danmerkur undirrituðu sameiginlega viljayfirlýsingu um samstarf ríkjanna í öryggis- og varnarmálum í júní 2022.

Samstarfið við Eystrasaltsríkin Eistland, Lettland og Litáen var blómlegt á síðasta ári. Leiðtogar ríkjanna heimsóttu Ísland ásamt utanríkisráðherrum í ágúst 2022 í tilefni af þriggja áratuga stjórnmalasambandi ríkjanna en heimsókninni

var frestað árið áður vegna heimsfaraldursins. Í utanríkisráðuneyti Eistlands var afhjúpaður minnisvarði um samskipti Íslands og Eistlands til að minnast þess þegar Ísland varð fyrst allra ríkja til að viðurkenna endurreisn sjálfstæðis landsins. Ráðuneytisstjórar utanríkisráðuneyta ríkjanna ræddu við það tækifæri um tvíhliða samskipti, samstarf á alþjóðavettvangi og innrás Rússlands í Úkraínu. Íslenskur sérfræðingur er við störf í öndvegissetri Atlantshafsbandalagsins í Tallinn á sviði netöryggis. Utanríkisráðherra fóru í vinnuheimsókn til Litáen í apríl og átti fundi með utanríkisráðherra og varnarmálaráðherra landsins. Á árinu 2022 voru Íslendingar við störf á starfsstöðvum Atlantshafsbandalagsins í Eystrasaltsríkjunum.



| Forsetar og utanríkisráðherrar Íslands og Eystrasaltsríkjanna á hátiðarsamkomu í Höfða í Reykjavík 26. ágúst 2022.

Grænland og Færeyjar eru hluti af Konungsríkinu Danmörku samkvæmt samkomulagi landanna við Danmörku. Samskipti við þessa nágretta okkar á einstaka sviðum taka mið af því og falla eðli málsins samkvæmt að miklu leyti undir önnur fagráðuneyti.

Á síðasta ári voru stigin skref til að skjóta enn styrkari stöðum undir samskipti Íslands og Grænlands. Í tengslum við Hringborð norðurlóða í október undirrituðu forsætisráðherra Íslands og forsætisráðherra Grænlands yfirlýsingu um nánari samvinnu á sviði viðskipta, fiskveiða, efnahagsmála, ferðaþjónustu, flugsamgangna, byggingariðnaðar, líffræðilegs fjölbreytileika, menningar, menntunar og rannsókna.

Loftslagsmál og grænar orkulausnir eru einnig í brennidepli ásamt jafnréttismálum og háskólasamstarfi þar sem rannsóknum í áfallasögu

kvænna er gefinn sérstakur gaumur. Unnið er að framkvæmdaáætlun til að vinna að þeim markmiðum sem sett eru í yfirlýsingunni.

Viðskipti á milli Grænlands og Íslands hafa aukist frá því að vikulegar siglingar hófust á milli Reykjavíkur og Nuuk í samstarfi Eimskipafélagsins og Royal Arctic Line árið 2020. Siglingaleiðin hefur meðal annars verið nýtt til að flytja ferskvörur, til dæmis grænmeti og mjólkurvörur, frá Íslandi til Grænlands. Að auki er horft til tillagna í skýrslu utanríkisráðherra, Samstarf Grænlands og Íslands á nýjum Norðurlóðum frá 2021. Áformað er að utanríkisráðuneyti Íslands og Grænlands vinni sameiginlega greiningu á hindrunum og tækifærum hugsanlegs viðskiptasamnings og að sú vinna hefjist á vormánuðum 2023.

Á árinu 2022 voru fimmtán ár liðin frá stofnun aðalræðisskrifstofu Færeyja í Reykjavík og aðalræðisskrifstofu Íslands í Þórshöfn. Á haustdögum var haldið upp á þessi tímamót á báðum stöðum.


Fyrir fimmtán árum, árið 2006, tók jafnframt gildi fríverslunarsamningur Íslands og Færeyja, oftast nefndur Hoyvíkursamningurinn. Í september var haldinn fundur sameiginlegu nefndarinnar um samninginn. Þar kom fram að almennt sé ánægja með hann og þau viðskiptatækifæri sem hann skapar í Færeyjum og á Íslandi.

Skýrslan Samskipti Íslands og Færeyja – Tillögur til framtíðar kom út í september 2021. Skýrsluna gerði sjálfstæður starfshópur, studdur starfsmanni utanríkisráðuneytisins. Gerðar voru 30 tillögur um aukin samskipti Íslands og Færeyja,

byggðar á áralangri sögu og náinni vináttu. Bent er á mörg sóknarfæri báðum þjóðum til framdráttar.

Við útgáfu skýrslunnar var hún kynnt öðrum ráðuneytum og í framhaldinu myndaður tengiliðahópur til að greina og forgangsraða tillögnum. Margar þeirra lúta að starfssviði annarra ráðuneyta. Því var ákveðið að setja á laggirnar vettvang í Stjórnarráðinu til að meta tillögurnar og fylgja þeim eftir. Á árinu 2023 er gert ráð fyrir að klára samráð við önnur ráðuneyti og hefja viðræður um afraksturinn og framhaldið við færeysk stjórnvöld.

Heildarutanríkisviðskipti við Norðurlönd og Eystrasaltsríki 2021



Bandaríkin

Bandaríkin eru eitt nánasta samstarfsríki Íslands, ekki síst í ljósi varnarsamningsins frá 1951. Sameiginleg gildi, aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu og varnarsamningurinn eru undirstaða umfangsmikils pólitísku samráðs ríkjanna. Þá hafa Bandaríkin áratugum saman verið mikilvægur samstarfsaðili og viðskiptamarkaður fyrir Ísland, hvort sem horft er til vöru- og þjónustuviðskipta eða beinna fjárfestinga á Íslandi. Jafnframt hafa bandarískir ferðamenn verið fjölmennasti hópur ferðamanna á Íslandi síðan 2015.

Utanríkisráðherra átti í janúar símafund með Antony Blinken, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, þar sem samstarf ríkjanna var rætt, meðal annars á sviði öryggis- og varnarmála, loftslagsmála og viðskipta. Í apríl heimsótti utanríkisráðherra Washington og átti fundi með háttsettum embættismönnum í bandaríska stjórnkerfinu, þar á meðal Victoríu Nuland aðstoðarutanríkisráðherra og Colin Kahl aðstoðarvarnarmálaráðherra. Þá tók utanríkisráðherra, ásamt Katrínu Jakobsdóttur forsætisráðherra, þátt í ráðstefnu um

loftslagsmál og sjálfbæra orkunýtingu, sem efnt var til í Washington í september, þar sem íslenskt hugvit á sviði grænna lausna var í brennidepli. Fulltrúar bandarískra stjórnvalda kynntu nýja norðurlóðastefnu á Hringborði norðurlóða í Hörpu í október og átti utanríkisráðherra fund með sendinefnd Bandaríkjanna við það tækifæri.




Utanríkisráðherra átti í apríl fund með Victoríu Nuland, aðstoðarutanríkisráðherra Bandaríkjanna.

Ísland á reglulegt samráð við bandarísk stjórnvöld á ýmsum sviðum. Árlegt samráð fulltrúa ríkjanna um öryggis- og varnarmál fór fram í Reykjavík í apríl en samráð um viðskiptamál frestaðist fram í janúar á yfirstandandi ári. Markmið þess síðarnefnda er að styrkja enn

frekar viðskiptasambönd og ræða tækifæri og áskoranir á sviði viðskipta. Þá tekur Ísland einnig þátt í samráðsvettvangi Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna með Bandaríkjunum um utanríkismál tvisvar á ári.

Vöru- og þjónustuviðskipti við Bandaríkin



* Þjónustuviðskipti 2022 byggja á bráðabirgðatölum. Upphæðir í milljónum króna

Bretland

Bretland er mikilvægt samstarfsland á öllum sviðum og hafa tvíhliða samskipti aukist jafnt og þétt á grundvelli samstarfsyfirlýsingar frá 2020.

Samstarf á sviði öryggis- og varnarmála hefur einkum verið treyst í sessi, sérstaklega innan Sameiginlegu viðbragðssveitarinnar (Joint Expeditionary Force, JEF) sem Bretar leiða. Utanríkisráðherra var í Bretlandi í febrúar 2022 á fundi varnarmálaráðherra JEF við upphaf innrásar Rússlands í Úkraínu og brugðust ríkin snarlega við með sameiginlegri yfirlýsingu um stuðning við Úkraínu. Í júní átti utanríkisráðherra fund með Ben Wallace, varnarmálaráðherra Bretlands, í tengslum við fundi varnarmálaráðherra Norðurhópsins, sem bæði Ísland og Bretland tilheyra. Til umræðu voru tvíhliða samskipti ríkjanna og mál sem efst voru á baugi í öryggis- og varnarmálum. Reglubundið pólitískt samráð fulltrúa íslenskra og breskra stjórnvalda fór fram í London í október. Þar voru á dagskrá tvíhliða málefni, viðbrögð við innrás Rússlands í Úkraínu, samstarf á sviði þróunar- og mannúðarmála, mannréttindi og formennska Íslands í Evrópuráðinu.

Talsverðar breytingar hafa orðið á viðskiptasambandi Íslands og Bretlands frá því að Bretland gekk úr Evrópusambandinu (ESB). Eitt yfirlýstra markmiða Bretlands með útgöngu úr ESB var að hverfa af innri markaðnum og hætta þátttöku í

hinu svonefnda fjórfrelsi. Útganga Bretlands úr ESB kom að fullu til framkvæmda í byrjun árs 2021. Þá tók gildi bráðabirgðafríverslunarsamningur við Bretland til að brúa bilið þangað til nýr fríverslunarsamningur tæki við.

Í september 2022 kom til framkvæmda fríverslunarsamningur Íslands, Noregs, Liechtenstein og Bretlands. Samningurinn veitir sömu tollfríðindi fyrir sjávar- og landbúnaðarafurðir og EES-samningurinn og aðrir tengdir samningar gerðu áður. Jafnframt er tryggt að útflytjendur íslenskra sjávar- og landbúnaðarafurða fá að minnsta kosti sömu ívilnandi meðferð varðandi kröfur um heilbrigðisvottorð og eftirlit við innflutning til Bretlands og önnur samkeppnisríki á EES. Fríverslunarsamningurinn fjallar að meginstefnu til um viðskiptareglur og -kjör en jafnframt er sérstakur kafli um jafnréttismál og valdeflingu kvenna í viðskiptum. Er það í fyrsta sinn sem fríverslunarsamningur sem Ísland á aðild að inniheldur slík ákvæði. Einnig eru árettaðar skuldbindingar á sviði umhverfisverndar og vinnuréttar, svo eitt-hvað sé nefnt.

Frá útgöngu Bretlands úr ESB hefur verið gerður fjöldi samninga og samstarfsyfirlýsinga við Bretland. Auk þeirra var í september 2022, á grundvelli ákvæða í fríverslunarsamningnum, gert samkomulag við Bretland um hámarksgjöld


alþjóðlegrar reikiþjónustu. Í samkomulaginu er tiltekið hámark gjalda sem veitandi fjarskiptaþjónustu eins samningsaðila getur lagt á veitanda fjarskiptaþjónustu hjá öðrum samningsaðila fyrir að veita alþjóðlega reikiþjónustu í heildsölu. Gert er ráð fyrir að samkomulagið taki gildi fyrri hluta árs 2023.

Samningur á milli Bretlands og Íslands um vinnudöl ungs fólks hefur tekið gildi. Með því er ungu fólki frá Íslandi og Bretlandi, á aldrinum 18

til 30 ára, gert kleift að búa og starfa í hinu ríkinu í allt að tvö ár án þess að uppfylla önnur skilyrði um atvinnu- og dvalarleyfi.

Samningaviðræður við Bretland á sviði almannatrygginga standa enn yfir en vonast er til að þeim ljúki á fyrri hluta árs 2023. Samningaviðræðurnar varða atriði eins og heilbrigðistryggingar námsmanna og ferðamanna og lífeyrismál einstaklinga sem flytjast búferlum á milli Íslands og Bretlands.

Vöru- og þjónustuviðskipti við Bretland



* Þjónustuviðskipti 2022 byggjast á bráðabirgðatölum. Upphæðir í milljónum króna

Kanada


Ísland og Kanada fögnuðu 75 ára stjórnámbands sambandi á liðnu ári með tilheyrandi viðburðum. Utanríkisráðherra heimsótti Íslendingaslóðir í Kanada í ágúst. Í júní átti utanríkisráðherra fund með Mélanie Joly utanríkisráðherra Kanada, sem einnig tók þátt í utanríkisráðherrafundi Norðurlandanna í desember. Landsstjóri Kanada heimsótti Ísland í október í tengslum við Hringborð norðurslóða og í sama mánuði var í fyrsta skipti efnt til pólitísks samráðs embættismanna úr utanríkisþjónustu Íslands og Kanada. Megin-tilgangur þess er að styrkja samstarf ríkjanna

og voru norðurslóðamál, mannréttindi, loftslagsmál, varnarmál, vísindasamstarf og viðskipti til umfjöllunar.

Unnið er að hugsanlegri uppfærslu á gildandi fríverslunarsamningi ríkjanna og jafnframt litið til aukinna tækifæra í viðskiptum á ýmsum sviðum, svo sem sjávarútvegi, heilsutækni og gagnkvæmum fjárfestingum.

Undir lok árs aðstoðaði kanadíski flugherinn við flutning á vetrarbúnaði frá Íslandi til Úkraínu sem endurspeglar gott samstarf ríkjanna.

Vöru- og þjónustuviðskipti við Kanada



* Þjónustuviðskipti 2022 byggjast á bráðabirgðatölum. Upphæðir í milljónum króna

Japan

Í tvíhliða samskiptum Íslands og Japans bar hæst heimsókn forseta Íslands til Tókýó í boði japanskra stjórnvalda en forsetinn var aðalræðumaður á jafnréttisþinginu World Assembly for Women í desember. Forsetinn átti fund með Fumio Kishida, forsætisráðherra Japans, þar sem meðal annars var rætt um samstarf þjóðanna, norðurslóðamál, formennsku Íslands í Evrópuráðinu, orkumál og jafnréttismál.


Japan er einn mikilvægasti útflutningsmarkaður Íslands í Asíu. Japansmarkaður er sérlega mikilvægur fyrir útflutning á frosnum sjávarafurðum og má þar sérstaklega nefna makríl, grálúðu, karfa, loðnu og loðnuhrogn. Talsverð aukning hefur einnig orðið á útflutningi á lamba- og hrossakjöti á síðustu árum. Þá eru viðskipti með hátækniörur mikilvægur þáttur í viðskiptum við

Japan og ýmis önnur lönd Asíu. Íslensk stjórnvöld hafa um langt skeið leitast við að fá Japan til samninga um fríverslunarsamning.

Þá hefur verið lögð aukin áhersla á að styðja við alþjóðasamstarf á sviði nýsköpunar, tækni, vísinda og menningar við Japan og önnur umdæmislönd sendiráðs Íslands í Japan, ekki síst Singapúr og Suður-Kóreu, eins og fjallað er um hér að neðan.

Ísland og Japan eiga sameiginlegra hagsmuna að gæta þegar kemur að vexti og viðhaldi alþjóðakerfisins og hefur Japan tekið fullan þátt í samstöðu með Úkraínu. Japan er eitt fjögurra samstarfsríkja Atlantshafsbandalagsins í Asíu, ásamt Suður-Kóreu, Ástralíu og Nýja-Sjálendi. Hafa japönsk stjórnvöld sýnt mikinn áhuga á að styrkja samskipti á sviði varnar- og öryggismála við ríki sem þeir telja sig eiga samleið með, ekki síst ríki Atlantshafsbandalagsins.

Vöru- og þjónustuviðskipti við Japan



* Tölur um þjónustuviðskipti við Japan árið 2022 lágu ekki fyrir við útgáfu. Upphæðir í milljónum króna



| Fulltrúar Íslands sóttu ýmsar kaupstefnur á árinu, þar á meðal í Shanghai.

Kína

Samskipti við Kína voru að mestu hefðbundin þó að hörð stefna kínverskra stjórnvalda vegna COVID-19, svokölluð núllstefna, hafi nánast lokað landinu. Vegna sóttvarnaaðgerða og ferðatakmarkana kínverskra stjórnvalda lögðu kínverskir ferðamenn ekki land undir fót til Íslands á árinu 2022 en útlit er fyrir breytta stöðu á árinu 2023.

Sendiráð Íslands í Peking hefur leitast við að halda starfinu í eðlilegum farvegi í skugga hinnar hörðu sóttvarnarstefnu. Viðskiptahagsmunum hefur verið sinnt af fremsta megni með fundasókn sem og þátttöku í viðskipta- og vörusýningum. Nýtt skráningarkerfi fyrir innflytjendur til Kína var tekið upp í byrjun ársins sem hefur valdið íslenskum útflytjendum sjávarafurða nokkrum erfiðleikum. Hið sama á við um sóttvarnaaðgerðir kínverskra stjórnvalda. Ekki hefur náðst samkomulag um sérstaka bókun við fríverslunarsamninginn frá 2014 sem ætlað var að einfalda innflutning á öllum sjávarafurðum til Kína. Þrátt fyrir þetta jukust verðmæti útflutnings til Kína um tæp 30% á árinu miðað við árið 2021, eða úr rúmlega sextán milljörðum í tæplega 21 milljarð.


Stærstur hluti aukningarinnar liggur í loðnuútflutningi. Hann nam tæplega 40% af öllum útflutningi til Kína á árinu og var að verðmæti 8,5

milljarðar, eða ríflega 86% aukning frá árinu 2021. Töluverð aukning var einnig í útflutningi á makríl, sæbjúgum og lambakjöti til Kína.

Sjávarafurðir eru því enn mikilvægasta útflutningsafurðin en fjölbreytni útflutningsins hefur aukist. Munar þar mestu um snyrtivörur og ál, en heilsutengdar vörur og þjónusta eru einnig mikilvægar sem og vélbúnaður til fiskvinnslu. Þá er þjónusta og þekking á sviði kolefnisbindingar að ryðja sér til rúms á markaði í Kína.

Ísland leggur áherslu á góð samskipti við Kína, til dæmis á sviði loftslagsmála þar sem samstarf á sviði endurnýjanlegrar orku gefur tilefni til bjartsýni. Samstarfið takmarkast þó að nokkru leyti af þeirri ólíku heimssýn sem bæði stjórnarhættir og utanríkisstefna ríkjanna bera glögglega vott um. Ísland er í hópi þjóða sem hafa átalið kínversk stjórnvöld afdráttarlaust fyrir brot á mannréttindum heima fyrir, einkum í Xinjiang-héraði. Kínverjar telja, öfugt við flest þau ríki sem Ísland á mesta samleið með, að um sé að ræða afskipti af innanríkismálum sem ekki beri að ræða í alþjóðasamstarfi. Í tvíhliða samskiptum hafa kínversk stjórnvöld sömuleiðis verið hvött til að taka þátt í fordæmingu á skýrum brotum rússneskra stjórnvalda á alþjóðalögum með innrás sinni í Úkraínu.

Vöru- og þjónustuviðskipti við Kína



* Tölur um þjónustuviðskipti við Kína árið 2022 lágu ekki fyrir við útgáfu. Upphæðir í milljónum króna

Indland

Ísland og Indland áttu 50 ára stjórnmalasambandsafmæli á árinu. Eftir opnun sendiráðsins í Nýju-Delí árið 2006 hefur markvisst verið unnið að því að efla samskipti ríkjanna þar sem áherslusviðin eru endurnýjanleg orka, einkum jarðvarmi, samvinna á sviði sjávarútvegsmála og ferðaþjónusta.


Forsætisráðherra tók þátt í leiðtogafundi Norðurlandanna og Indlands sem fór fram í Kaupmannahöfn í maí 2022. Þá átti Katrín Jakobsdóttir tvíhliða fund með Narendra Modi þar sem ákveðið var að setja á stofn starfshóp um samstarf í nýtingu jarðvarma. Jarðvarmi er víða á Indlandi, einkum í norðurhluta landsins. Íslensk

fyrirtæki komu að tveimur jarðhitaverkefnum þar í landi á árinu, annað á sviði raforkuframleiðslu og hitt um nýtingu jarðhita fyrir kæligeymslu.

Utanríkisráðherra átti fjárfund með dr. S. Jaisankar utanríkisráðherra Indlands í maí. Meðal umræðuefna var aukið tvíhliða samstarf Íslands og Indlands á fjölmörgum sviðum, til dæmis í nýtingu endurnýjanlegrar orku, sjávarútvegi, menningu og menntun, sem og staða heims-málanna og afleiðingar stríðsins í Úkraínu.

Utanríkisráðherra fundaði einnig með Meena-kashi Lekhi varautanríkisráðherra Indlands í Reykjavík í ágúst, og ræddu ráðherrarnir margvíslegt samstarf landanna.

Vöru- og þjónustuviðskipti við Indland



* Tölur um þjónustuviðskipti við Indland árið 2022 lágu ekki fyrir við útgáfu. Upphæðir í milljónum króna

Rússland


Fram að innrásinni í Úkraínu í febrúar 2022 voru samskipti Íslands og Rússlands umtalsverð, einkum á sviði viðskipta. Þau lituðust þó af framferði Rússa í mannréttindamálum og á sviði öryggismála. Í kjölfar innrásarinnar í Úkraínu brást Ísland við líkt og helstu samstarfs- og bandalagsríki og á einungis lágmarkssamskipti við rússnesk stjórnvöld. Pólítísk og diplómátsk samskipti eru því nánast engin. Rússar eru að mestu leyti einangraðir í norðurslóðasamstarfi, menningarsamskipti eru takmörkuð og afgreiðsla áritanamála er í lágmarki. Þá var sendiherra Rússlands á Íslandi ítrekað kallaður á fund í utanríkisráðuneytinu þar sem fordæmingu Íslands á háttsemi Rússlands var komið á framfæri.

Ísland hefur innleitt allar þvingunaraðgerðir ESB gegn Rússlandi vegna innrásarstríðsins. Þær varða flutninga, vöruviðskipti, þjónustuviðskipti, orkumál og fjármálaþjónustu og hafa leitt til þess að mjög hefur dregið úr viðskiptum milli

Rússlands og Íslands. Þessar aðgerðir bætast við þvingunaraðgerðir vestrænna ríkja í kjölfar innlimunar Rússlands á Krímskaga árið 2014, sem Rússland svaraði á sínum tíma með innflutningsbanni á ýmis vestræn matvæli, þar með taldar íslenskar sjávarafurðir.

Áhrifa innrásar Rússlands í Úkraínu gætti einnig í flugrekstri hérlendis sem annars staðar. Ísland sýndi samstöðu með öðrum ríkjum í Evrópu og bannaði yfirflug og landingar rússneskra flugrekenda. Rússland svaraði í sömu mynt og bannaði allt yfirflug og landingar vestrænna flugrekenda um sitt yfirráðasvæði. Hefur bannið áhrif bæði á farþega- og fraktflug. Þannig hefur ekki verið unnt að nýta samninga um deilingu flugnúmera milli íslenskra og rússneskra flugrekenda. Þá þurfti að endurskoða flugleiðir fyrir allt flug sem áætlað hafði verið í gegnum rússneska lofthelgi og þess í stað er nú flogið suður fyrir Svartahaf, sem er nokkuð lengri flugleið.

Vöru- og þjónustuviðskipti við Rússland



*Tölur um þjónustuviðskipti við Rússland árið 2022 lágu ekki fyrir við útgáfu. Upphæðir í milljónum króna

Önnur ríki og stofnanir

Á alþjóðavettvangi hefur pendúllinn sveiflast nokkuð til austurs og endurspeglast það í áherslum Íslands í samskiptum við einstök Asíuríki. Umdæmisríkjum sendiráðsins í Japan var fjölgað með nýjum forsetaúrskurði og sinnir sendiráðið nú einnig samskiptum við Singapúr og Suður-Kóreu. Í fyrsta skipti var fyrirvar gagnvart ASEAN, Samtökum Suðaustur-Asíuríkja (ASEAN) falið sendiherra með aðsetur í Tókýó. Utanríkisráðherra átti fundi með starfssystkinum

frá Singapúr og Austur-Tímor á hliðarlínu allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna í New York í september. Í nóvember heimsótti Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, Singapúr þar sem vísindi, háskólar og nýsköpun voru í forgrunni, og Lilja Alfreðsdóttir, menningar- og viðskiptaráðherra, lagði áherslu á skapandi greinar í ferð sinni til Suður-Kóreu.

Samskipti við ríki Afríku eru hvað mest við samstarfsríki Íslands í þróunarsamvinnu sem fjallað er um í [kafla tvö](#). Utanríkisráðherra heim-sótti Malaví í desember og átti fund með utanríkisráðherra landsins en áður höfðu þær fundað í ráðherraviku allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna í september. Auk tvíhliða samstarfs var fæðu- og orkuöryggi í Afríku meðal þess sem hæst bar á fundum ráðherranna auk þess sem samstaða var um mikilvægi virðingar fyrir alþjóðalögum. Utanríkisráðherrar Íslands og Síerra Leóne funduðu einnig í ráðherraviku allsherjarþingsins og ræddu opnun sendiráðs Íslands í Freetown og þróunarsamvinnu ríkjanna og samvinnu á vettvangi alþjóðastofnana en Síerra Leóne sækist eftir sæti í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna 2024-2025. Utanríkisráðherrar Íslands og Rúanda undirrituðu einnig viljayfirlýsingu um aukið pólitískt samráð ríkjanna á vettvangi alþjóðastofnana.

Varaforsætisráðherra og utanríkisráðherra Namibíu heimsóttu Ísland í júní og áttu fundi með forsætis- og utanríkisráðherra auk fulltrúum frá dómismálaráðuneyti. Á fundi utanríkisráðherranna voru samskipti ríkjanna, fæðuöryggi og staða og horfur í heimsmálum meðal annars til umræðu. Ráðherrarnir ræddu líka Samherjamálið sem er til rannsóknar í báðum löndum. Ríkin hafa um langt skeið leitt vinnu um landgræðslu á vettvangi Sameinuðu þjóðanna í New York. Utanríkisráðherra sótti tuttugasta fund utanríkisráðherra Afríkuríkja og Norðurlanda sem fór fram í Helsinkí í júní. Friðar- og öryggismál, þar á meðal áhrif stríðsins í Úkraínu, sjálfbær samfélög, baráttan við loftslagsbreytingar og aukið samstarf Norðurlanda og Afríkuríkja í alþjóðakerfinu voru meðal helstu umræðuefna ráðherranna.

Varautanríkisráðherra Palestínu kom til Íslands til reglubundins pólitísks samráðs með fulltrúum utanríkisráðuneytisins sem legið hefur niðri um skeið vegna heimsfaraldursins. Var rætt um þróun mála í samskiptum Ísraels og Palestínu og umfjöllun um þau á vettvangi Sameinuðu þjóðanna.

Sendiráð Íslands í Washington og Ottawa í samvinnu við Íslandsstofu og Grænvang hafa sinnt viðskiptamálum í Mexíkó, Chile og Kólumbíu á árinu þar sem fyrirtæki á sviði endurnýjanlegrar orku og forvarna fyrir börn og unglínga hafa leitað tækifæra.

1.9 Þjóðréttarmál

Síðasta ár hefur leitt í ljós sem aldrei fyrr mikilvægi þess að ríki standi við þjóðréttarlegar skuldbindingar sínar og virði alþjóðalög. Fyrirsvar utanríkisráðuneytis varðandi gerð samninga á alþjóðavettvangi byggist á stjórnarskrá og forsetaúrskurði. Staðfesting eða fullgilding slíkra samninga auk frágangs þeirra til birtingar er eitt af grunnverkefnum ráðuneytisins. Samráð um alþjóðalög og alþjóðlega dómstóla og úrlausnar-aðila eru viðvarandi verkefni utanríkisráðuneytis í samstarfi við önnur ríki og á vettvangi alþjóðastofnana. Utanríkisráðuneytið fer með hagsmunagæslu Íslands á vettvangi hafréttarmála, meðal annars varðandi alþjóðlegar samningaviðræður og landgrunnsmálefni. Áhersla er lögð á sjálfbæra nýtingu lifandi auðlinda hafsins, staðbundið eða svæðisbundið samráð og ákvarðanatöku.

Samningar Íslands við erlend ríki

Á árinu 2022 hefur Ísland fullgilt, staðfest, samþykkt eða gerst aðili að eftirfarandi þjóðréttarsamningum:

- Samningur um vernd menningarverðmæta komi til vopnaðra átaka, ásamt bókun.
- Samningur um flugþjónustu milli ríkisstjórnar Íslands og ríkisstjórnar Jamaíka.
- Samningur er varðar tímatakmörk á fyrirkomulagi við að útvega loftför með áhöfn á milli Bandaríkja Norður-Ameríku, Evrópusambandsins, Íslands og Konungsríkisins Noregs.
- Samningur um flugþjónustu milli ríkisstjórnar Íslands og ríkisstjórnar Rúanda.
- Evrópusamningur um samframleiðslu kvikmyndaverka (endurskoðaður).
- Samningur um flugþjónustu milli ríkisstjórnar Íslands og ríkisstjórnar Chile.
- Samningur á milli Íslands og Ástralíu um að komast hjá tvísköttun að því er varðar tekjuskatt og að koma í veg fyrir skattsvik og skattsniðgöngu.
- Samningur Evrópuráðsins um hagræðingu úrslita í íþróttakeppnum.
- Samningur Evrópuráðsins um samþætta nálgun varðandi öryggi, vernd og þjónustu á knattspyrnuleikjum og öðrum íþróttaviðburðum.


- Alþjóðasamningur um viðurkenningu á menntun og hæfi sem aflað er með námi eða til náms á háskólastigi.
- Samningur milli Evrópusambandsins annars vegar og Konungsríkisins Noregs, Lýðveldisins Íslands, Svissneska ríkjasambandsins og Furstadæmisins Liechtenstein hins vegar um þátttöku þessara ríkja í Evrópustofnuninni um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa á sviði frelsis, öryggis og réttlætis.
- Bókun um breytingu á viðauka IX við fríverslunarsamning milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Bosníu og Hersegóvínu.
- Ákvörðun nr. 1/2020 um breytingu á viðauka I við fríverslunarsamning á milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Suður-Kóreu.
- Breyting á viðauka II um upprunareglur við fríverslunarsamning milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Georgíu.
- Breyting á landbúnaðarsamningnum milli Íslands og Bosníu og Hersegóvínu frá 24. júní 2013.
- Fríverslunarsamningur milli Íslands, Furstadæmisins Liechtenstein og Konungsríkisins Noregs og Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands.
- Samningur um flugþjónustu milli Íslands og Konungsríkis Niðurlanda, að því er varðar Curaçao.
- Samningur um flugþjónustu milli ríkisstjórnar Íslands og ríkisstjórnar Ísraelsríkis.
- Samningur um flugþjónustu milli ríkisstjórnar Íslands og ríkisstjórnar Sameinuðu mexíkósku ríkjanna.
- Samningur um flugþjónustu milli ríkisstjórnar Íslands og ríkisstjórnar Úkraínu.
- Breyting á samningnum um gagnkvæma viðurkenningu samræmismats, vottorða og merkinga milli Ástralíu og Lýðveldisins Íslands, Furstadæmisins Liechtenstein og Konungsríkisins Noregs frá 29. apríl 1999.
- Samningur við Noreg annars vegar og Danmörku fyrir hönd Færeyja hins vegar um afmörkun landgrunnsins handan 200 sjómílna á svæðinu milli Færeyja, Íslands, meginlands Noregs og Jan Mayen (Síldarsmugan).
- Viðbótarsamningur við Norður-Atlantshafssamninginn um aðild Konungsríkisins Svíþjóðar.
- Viðbótarsamningur við Norður-Atlantshafssamninginn um aðild Lýðveldisins Finnlands.
- Ákvörðun frá 24. júní 2021 um breytingu á 3. gr. um upprunareglur í landbúnaðarsamningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Albaníu.
- Ákvörðun frá 23. júlí 2021 um breytingu á 3. gr. um upprunareglur í landbúnaðarsamningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Norður-Makedóníu.
- Ákvörðun frá 28. maí 2021 um breytingu á 3. gr. um upprunareglur í landbúnaðarsamningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Serbíu.
- Ákvörðun frá 14. júlí 2021 um breytingu á 3. gr. um upprunareglur í landbúnaðarsamningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Svartfjallalands.
- Ákvörðun sameiginlegu nefndarinnar sem komið var á fót með samningnum um aðskilnað nr. 1/2021 um breytingu á I. hluta I. viðauka við samninginn um aðskilnað.
- Ákvörðun sameiginlegu nefndarinnar sem komið var á fót með samningnum um aðskilnað nr. 1/2022 um breytingu á I. hluta I. viðauka við samninginn um aðskilnað.
- Ákvörðun sameiginlegu EFTA-ríkjanna innan EES og Bretlands nr. 2/2022 um breytingar á XX. viðauka, um gjöld fyrir alþjóðlega reikiþjónustu, á fríverslunarsamningi milli Íslands, Konungsríkisins Noregs og Furstadæmisins Liechtenstein og Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands.
- Rammasamningur um fiskveiðar milli ríkisstjórnar Íslands og landsstjórnar Færeyja.
- Samningur í formi bréfaskipta milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2023.
- Evrópusamningur um sjónvarpsútsendingar yfir landamæri, með síðari breytingum.
- Samningur um breytingu á bókun 4 við samninginn milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls.

Sumir af framangreindum þjóðréttarsamningum hafa öðlast gildi eða gera það á árinu 2023. Tvíhliða samningar milli ríkja öðlast yfirleitt gildi þegar báðir aðilar hafa tilkynnt hvor öðrum skriflega að nauðsynlegri innlendra málsmeðferð sé lokið. Er því í einhverjum tilvikum beðið eftir að gagnaðili tilkynni um lok sinnar málsmeðferðar til að samningarnir öðlist gildi.

Þá ber að nefna að utanríkisráðuneytið vinnur nú sem endranær, ásamt öðrum ráðuneytum, að fullgildingu, staðfestingu, samþykkt eða aðild að ýmsum samningum við erlend ríki og alþjóðastofnanir.

Grettistaki hefur verið lyft í samstarfi utanríkis- og dómsmálaráðuneytis með frágangi þjóðréttarsamninga sem staðfestir voru 2007-2018 og áframhaldandi birtingu nýrri þjóðréttarsamninga jafnt og þétt við staðfestingu eða fullgildingu. Unnið var áfram að átaksverkefni utanríkisráðuneytisins um birtingu áður óbirta samninga í C-deild *Stjórnartíðinda*, sem fjallað var um í síðustu skýrslu utanríkisráðherra fyrir árið 2021. Verkefninu er að mestu lokið þar sem við árslok 2022 höfðu velflestir óbirtir samningar frá árunum 2007-2020 verið frágengnir og sendir til *Stjórnartíðinda* til birtingar.

Staða birtingar vegna árunna 2007–2020 í C-deild *Stjórnartíðinda*



Sérstakt forgangsmál hefur verið að birta þjóðréttarsamninga sem ekki eru aðgengilegir annars staðar, til dæmis á vef Alþingis. Vinna við uppsetningu, frágang og lögfræðilega yfirferð þeirra samninga sem eftir standa er langt komin og lýkur á árinu með skilum til *Stjórnartíðinda*.

Til að auka sýnileika átaksverkefnisins og auðvela leit að samningum frá tímabili átaksins er að finna sérstakt yfirlit yfir samningana á heimasíðu utanríkisráðuneytisins (utn.is/c-deildar-atak). Þar er að finna greinargott yfirlit og upplýsingar um samningana eftir árum, hvort þeir hafa tekið gildi, eru birtir eða í vinnslu og undirbúningi. Við birta samninga er tengill í auglýsingu og texta samningsins í *Stjórnartíðindum*. Upplýsingasíðan, sem er uppfærð reglulega, gerir þessar upplýsingar aðgengilegar og veitir yfirsýn yfir stöðu samninga og verður jafnframt uppfærð með nýjum þjóðréttarsamningum jafnt og þétt til að auka gagnsæi, auk þess sem þjóðréttarsamningar verða birtir jafnóðum í *Stjórnartíðindum*.

Hafréttarmál

Hafréttarmál hafa ávallt verið í forgangi í hagsmunagæslu utanríkisþjónustunnar. Sameinuðu þjóðirnar eru sérstaklega mikilvægur vettvangur fyrir umræður um málefni hafsins og þróun reglna hafréttarins, ekki síst árlegar samningaviðræður um hafréttar- og fiskveiðiályktun allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna. Árið 2022 fóru loksins fram efnislegar viðræður eftir tveggja ára hlé en árin 2020 og 2021 voru einungis gerðar tæknilegar uppfærslur á ályktununum tveimur þar sem samkomutakmarkanir komu í veg fyrir efnislegar samningaviðræður.

Samningaviðræður um gerð nýs framkvæmdasamnings undir hafréttarsamningi Sameinuðu þjóðanna um verndun og sjálfbæra nýtingu líffræðilegrar fjölbreytni í hafinu utan lögsögu ríkja (Conservation and Sustainable Use of Marine Biological Diversity of Areas Beyond National Jurisdiction, BBNJ) hafa staðið yfir frá árinu 2018 (sjá kafla 2.7 í skýrslu ráðherra til Alþingis 2021).

Í mars 2022 fór fram fjórða lota viðræðanna, eftir tveggja ára hlé vegna COVID-19. Þó að samkomutakmarkanir hafi sett strik í reikninginn náðist ákveðinn framgangur í þeirri lotu og mörg ríki, að Íslandi meðtöldu, sýndu sveigjanleika og komu að borðinu tilbúin til samninga.

Á hafráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Lissabon í júní tilkynnti forsætisráðherra þátttöku Íslands í metnaðarbandalagi um BBNJ-samninginn (High Ambition Coalition on BBNJ) til marks um metnað Íslands fyrir því að ná góðum og metnaðarfullum samningi sem fyrst, öllum til hagsbóta.

Í fimmtu lotu viðræðanna, sem fór fram í ágúst 2022, náðist talsverður framgangur en fram að henni hafði reynst erfitt að ná sátt um ýmis mikilvæg atriði. Væntingar voru um að fimmta lotan yrði sú síðasta en þó svo að samningar hafi ekki náðst að fullu má segja að orðið hafi ákveðinn vendipunktur í viðræðunum. Lokalota viðræðanna um þennan mikilvæga samning fór fram 19. febrúar til 4. mars síðastliðinn og lauk henni með að samningar tókust. Gert er ráð fyrir að endanlegur texti samningsins liggi fyrir til samþykktar í júní á þessu ári.



Birgir Hrafn Búason fer fyrir samninganefnd Íslands í BBNJ-viðræðunum og er hér að störfum í fimmtu lotu viðræðanna.


Landgrunnsámál

Samkvæmt hafréttarsamningi Sameinuðu þjóðanna eiga strandríki sjálfkrafa landgrunn að 200 sjómílum sem eru jafnframt ytri mörk efnahagslögsögunnar. Mörg ríki, eins og Ísland, eiga hins vegar sökum náttúrulegra aðstæðna víðáttu-meiri hafsbotnsréttindi samkvæmt ákvæðum samningsins. Viðkomandi ríki eiga að senda landgrunnsnefnd Sameinuðu þjóðanna ítarlega greinargerð um ytri mörk landgrunnsins utan 200 sjómílna og nefndin fer yfir greinargerðina, leggur tæknilegt mat á hana og gerir tillögur um landgrunnsmörkin.

Náttúruauðlindir sem tilheyra landgrunninu eru jarðefnaauðlindir á borð við olíu, gas og málma og aðrar ólífrænar auðlindir hafsbotnsins og botnlaganna, til dæmis jarðhiti og lífverur í flokki botnsetutegunda og erfðaefni þeirra. Réttindi strandríkis yfir landgrunninu utan efnahagslögsögunnar hafa ekki áhrif á réttarstöðu hafsins þar fyrir ofan, sem telst úthaf, og ná ekki til fiskistofna né annarra auðlinda þess.

Ísland sendi landgrunnsnefndinni uppfærða greinargerð vegna vestur- og suðurhluta Reykjanes hryggjar í mars 2021 en líklegt er að hún verði tekin til efnislegrar meðferðar á árunum 2023-2024 og mun sendinefnd Íslands eiga reglulega fundi með nefndinni á því tímabili.

Einnig er stefnt að því að ljúka vinnu við greinargerð vegna norðausturhluta Reykjanes hryggjar og hins umdeilda Hatton-Rockall-svæðis, sem er hluti af íslenska landgrunninu og Bretland, Írland og Danmörk/Færeyjar gera einnig tilkall til, undir lok árs 2023 eða í upphafi árs 2024.



Landgrunnskrafa Íslands á suður- og vesturhluta Reykjanes hryggjar.

Alþjóðlegi sakamáladómstóllinn

Af hálfu Íslands hefur verið lögð áhersla á mikilvægi dómstólsins og þau grundvallargildi sem hann stendur fyrir, þar með talið að koma í veg fyrir refsileysi þeirra sem gerast sekir um alþjóðaglæpi. Ísland hefur unnið að því með öðrum vinaríkjum að styðja dómstóllinn dyggilega og hið mikilvæga starf sem er unnið í hans nafni. Á liðnu ári tók Ísland í fyrsta sinn þátt í tilvisun máls til dómstólsins ásamt 42 öðrum ríkjum og vísaði aðstæðum í Úkraínu til saksóknara sem hefur hafið rannsókn á mögulegum stríðsglæpum og glæpum gegn mannúð. Ísland greiddi óeyrnamerkt aukaframlag til dómstólsins til að bregðast við ákalli saksóknara dómstólsins um aukinn stuðning frá aðildarríkjunum. Framlagið styður við rannsókn allra þeirra sautján mála sem eru til meðferðar og saksóknari stýrir hvernig því er varið. Ísland hefur einnig haldið áfram að greiða í styrktarsjóð þolenda alþjóðaglæpa sem falla undir lögsögu dómstólsins (Trust Fund for Victims). Sjóðurinn styrkir einstaklinga og fjölskyldur þeirra sem hafa til dæmis orðið fyrir glæpum gegn mannúð og stríðsglæpum. Sjóðurinn hefur lagt sérstaka áherslu á stuðning við þolendur kynferðisofbeldis og kynbundins ofbeldis. Þá var áfram ofarlega á baugi eftirfylgni með úttekt á því hvernig efla mætti skilvirkni og árangur dómstólsins.

Útflutningseftirlit

Útflutningseftirlit varðar bæði vörur og þjónustu sem geta haft hernaðarlegt eða tvíþætt notagildi. Íslandi er skylt að hafa eftirlit með ákveðnum útflutningi á grundvelli alþjóðaskuldbindinga sem grundvallast meðal annars á stofnsáttmála Sameinuðu þjóðanna, efnavopnasamningnum, vopnaviðskiptasamningnum, EES-samningnum og aðild Íslands að ákveðnum eftirlitskerfum. Í flestum tilvikum er getið um leyfisskyldan útflutning á listum sem birtir eru á grundvelli laga um eftirlit með þjónustu og hlutum sem geta haft hernaðarlega þýðingu. Á árinu voru veitt fimm einstök útflutningsleyfi, auk þess sem vara og þjónusta sem getur haft tvíþætt notagildi var flutt út í 34 skipti á grundvelli almenns leyfis.

Þvingunaraðgerðir

Ísland framfylgir þvingunaraðgerðum gagnvart 28 ríkjum en auk þess eru sérstakar aðgerðir vegna hryðjuverkasamtaka, netárása, efnavopna og alvarlegra mannréttindabrota. Þvingunaraðgerðirnar eru ákveðnar í samvinnu við alþjóðastofnanir, ríkjahópa eða samstarfsríki samkvæmt lögum nr. 93/2008 um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða, í samráði við utanríkismálanefnd Alþingis. Ísland hefur þannig heimildir til þess að bregðast við og samhæfa aðgerðir þegar ákveðið er að grípa til þvingunaraðgerða af líkt þenkjandi samstarfsríkjum í því skyni að bregðast við brotum og standa vörð um sameiginleg gildi á alþjóðavettvangi.

Á árinu 2022 tók Ísland undir allar pólitískar yfirlýsingar ESB varðandi þvingunaraðgerðir gegn Rússlandi og Belarús vegna innrásarinnar í Úkraínu. Alls voru gerðar níu breytingar á gildandi reglugerðum vegna innrásarinnar í Úkraínu á síðasta ári. Þessar þvingunaraðgerðir fela meðal annars í sér ferðabann, frystingu fjármuna og efnahagslegs auðs tiltekinn einstaklinga og lögaðila, sértækar efnahags- og viðskiptaþvinganir, yfirflugsbann, hafnbann og bann við útsendingu á ákveðnum ríkisreknum rússneskum áróðursmiðlum.

Jafnframt voru ýmsar uppfærslur og breytingar á gildandi þvingunaraðgerðum innleiddar með sjálfvirkum hætti. Þannig var aðilum bætt á lista yfir þá sem sæta þvingunaraðgerðum í Íran vegna dauða Mahsa Amini í október en aðgerðirnar fela í sér frystingu fjármuna og ferðabann til Evrópu (sjá einnig [kafla 1.3](#) um mannréttindi kvenna).

Á árinu var sett ný stofnreglugerð um þvingunaraðgerðir vegna ástandsins í Líbanon. Líbanon er nú í alvarlegri efnahagslegri, félagslegri og pólitískri krísu sem leitt hefur til hraðrar hnignunar grunnþjónustu, lýðræðis og réttarríkis. Þetta ástand er talið ógna öryggi og stöðugleika í landinu og þrátt fyrir ítrekaðar áskoranir hafa pólitísk öfl í landinu ekki brugðist við. Þvingunaraðgerðirnar beinast að aðilum sem bera ábyrgð á því að grafa undan lýðræði og réttarríkinu í Líbanon. Reynslan sem fengist hefur af framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og regluverki, meðal annars í tengslum við innrásina í Úkraínu, hefur styrkt samráð og samvinnu við viðskiptalíf og stjórnkerfi sem jafnframt nýtist við gerð frumvarps sem lagt verður fyrir þingið á vordögum

Hergagnaflutningar

Árið 2022 bárust 78 umsóknir um leyfi til flutninga hergagna um íslenska lofthelgi og í íslenskum loftförum. Samgöngustofa sér um umsýslu og samskipti við umsækjendur en meðferð og mat umsókna, umsagnir á grundvelli mannúðar, varnar- og öryggishagsmuna, alþjóðamála, afvopnunarmála, gildandi þvingunaraðgerða og slíkra skuldbindinga fer fram í utanríkisráðuneytinu. Tveimur umsóknum var vísað frá þar sem ekki var um að ræða leyfisskyldan flutning. Alls voru veitt 75 leyfi til hergagnaflutninga, þar af voru 62 leyfi vegna hergagnaflutninga til ríkja sem Ísland á í öryggis- og varnarsamstarfi við. Einni umsókn var hafnað á grundvelli mannúðarsjónarmiða, sbr. a. lið 3. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 464/2019 um flutning hergagna með loftförum.

Þátttaka í dómsmálum fyrir EFTA-dómstólum

Á vettvangi EFTA-dómstólsins voru kveðnir upp dómur í þremur dómsmálum sem íslensk stjórnvöld tóku þátt í. Það voru dómsmálin: E-12/20 Telenor ASA og Telenor Norge AS gegn Eftirlitsstofnun EFTA, E-4/21 Sýn hf. gegn Eftirlitsstofnun EFTA og E-5/21 Anna Bryndís Einarsdóttir gegn ríkissjóði Íslands. Árið 2022 hefur Ísland einnig tekið þátt í málum E-4/22 Stendi AS & Norlandia Care Norge AS gegn Osló og E-9/22 Verkfræðingafélag Íslands, Stéttarfélag tölvunarfræðinga og Lyfjafræðingafélag Íslands gegn íslenska ríkinu, en málin eru ennþá til meðferðar hjá EFTA-dómstólum. Þá höfðaði Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) fjögur sammingsbrotamál gegn Íslandi. Annars vegar þrjú mál vegna tafa við innleiðingu

á 37 gerðum á sviði fjármálaþjónustu en gerðirnar voru innleiddar áður en Ísland skilaði málsvörn í málinu þar sem kröfum ESA var ekki andmælt. Hins vegar málför tafa við að uppfylla kröfur EES-reglna um förgun aukaafurða dýra, og þar andmælti Ísland heldur ekki kröfum ESA. Dómstóllinn féllst á dómkröfur ESA í málunum fjórum. Vísað er til skýrslu utanríkisráðherra til Alþingis um framkvæmd EES-samningsins, þingskjal 919, varðandi nánari umfjöllun um þessi dómsmál.

Iceland-málið á vettvangi Hugverkastofu Evrópusambandsins

Fjölskipuð áfrýjunarnefnd Hugverkastofu Evrópusambandsins (EUIPO) hafnaði öllum kröfum bresku verslunarkeðjunnar Iceland Foods Ltd. (IFL) varðandi notkun á orðmerkinu ICELAND og staðfesti þannig ákvarðanir EUIPO um að vörumerkjaskráning verslunarkeðjunnar á orðmerkinu Iceland í Evrópusambandinu væri ógild og að skráningarnar skuli felldar úr gildi. Íslensk stjórnvöld, Íslandsstofa og Samtök atvinnulífsins hafa staðið að málinu. Fyrirtækið getur í ljósi niðurstöðunnar ekki lengur hindrað að íslensk fyrirtæki auðkenni sig með upprunalandinu við markaðssetningu á EES-svæðinu á vörum sínum og þjónustu. Það er til marks um mikilvægi málsins að því hafi verið vísað til áfrýjunarnefndarinnar og að haldinn hafi verið munnlegur málflutningur í málinu en þetta var í fyrsta sinn sem það hefur verið gert. Málið varðar grundvallarhagsmuni íslenskra fyrirtækja í utanríkisviðskiptum og er fordæmalaust enda er ekki vitað um nein dæmi um samsvarandi notkun á landaheiti í vörumerkjarétti.

Varðandi forsöguna má rifja upp að ógildingarmál Íslands gegn IFL var sett í formlegt ferli hjá Hugverkastofu ESB í nóvember 2016, að undan-gengnum áralöngum deilum og mótmælum. Rót þeirra má rekja til þess að fyrir rúmum tuttugu árum, árið 2002, skráði IFL orðið ICELAND sem vörumerki í Evrópusambandinu (ESB) fyrir ýmsa vöruflokka og fékkst sú skráning samþykkt fyrir alla umbeðna vöruflokka nema fyrir fisk og tengdar afurðir. Skráningunni hefur verið andmælt frá upphafi en mál var höfðað árið 2016. Í apríl 2019 vann Ísland málið á fyrsta stigi hjá Hugverkastofu Evrópusambandsins. Var niðurstaðan alfarið Íslandi í hag og var skráning IFL á orðmerkinu ICELAND ógild í heild sinni. Skráningaryfirvöld féllust á flest rök Íslands í málinu og töldu Ísland hafa sýnt fram á með fullnægjandi hætti að neytendur í Evrópusambandinu tengi merkið ICELAND við landið Ísland fyrir allar vörur og þjónustu skráningarinnar eða séu líklegir til að gera það í framtíðinni. Var merkið því einungis talið lýsandi um landfræðilegan uppruna og uppfyllti ekki kröfur um sérkenni. Úrskurður Hugverkastofu Evrópusambandsins vorið 2019 þótti tímamótaákvörðun, verulegur áfangasigur og fordæmisgefandi. Rétt er þó að taka fram að IFL á eftir sem áður orð- og myndmerki sitt, svokallað „lógó“, skráð í Evrópu og víðar og getur haldið áfram að stunda sín viðskipti undir því nafni en ekki stöðvað eðlilega notkun og upprunatilvísun íslenskra fyrirtækja. Málinu er þó ekki lokið. Beðið er formlegrar staðfestingar á áfrýjun ICELAND á úrskurði áfrýjunarnefndarinnar til almennrar deildar Evrópudómstólsins.

Samhliða þessari hagsmunagæslu sinnir utanríkisráðuneytið einnig vöktun á skráningum IFL og annarra á vörumerkinu ICELAND utan EES og víða um heim. Þá halda stjórnvöld áfram að vinna að málinu á almennum grunni um vernd landaheita á vettvangi Alþjóðahugverkastofnunarinnar (WIPO). Á þessum vettvangi hefur Ísland haft forgöngu um að landaheiti njóti verndar í DNS-kerfinu og sem vörumerki.

2 Þróunarsamvinna

Utanríkisráðherra í skólastofu í nýju samstarfshéraði Íslands í Malaví, Nkhotakota, en þar verður lögð áhersla í upphafi á uppbyggingu fimmtán grunnskóla.



2.1 Almenn

Þróunarsamvinna er ein af meginstoðum íslenskrar utanríkisstefnu og liggur þar til grundvallar stefna um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands 2019-2023. Stefnan hefur um flest reynst góður vegvísir undanfarin ár en heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna eru leiðarljós með yfirmarkmið að draga úr fátækt og hungri og stuðla að almennri velferð á grundvelli mannréttinda, kynjajafnréttis og sjálfbærrar þróunar. Vinna við nýja stefnu fyrir tímabilið 2024-2028 hófst á árinu.

Framlag Íslands til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu í heild var 0,35 prósent af vergum þjóðartekjum (VÞT) árið 2022 samkvæmt bráðabirgðartölum. Útgjöld til Alþjóðlegrar þróunarsamvinnu á vegum utanríkisráðuneytisins árið 2022 námu 10,2 mö.kr. samkvæmt bráðabirgðaruppgjöri. Af þeirri upphæð er 400 m.kr. sértæk fjárveiting vegna framlags til mannúðar- og efnahagsaðstoðar í Úkraínu. Heildarframlag til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu er áætlað tæpir þrettán ma.kr. árið 2022 og þá er meðtalinn kostnaður annarra ráðuneyta, ásamt stofnfjárframlögum til Alþjóðabankans og fleiri stofnana. Hér er talin með sértæk fjármögnun vegna framlags til mannúðar- og efnahagsaðstoðar í Úkraínu.

Meginstoðir íslenskrar þróunarsamvinnu eru stuðningur við tvíhliða samstarfsríki og samstarf við alþjóðastofnanir á sviði þróunar- og mannúðarstarfs. Áhersla á loftslagsmál í þróunarsamvinnu eykst stöðugt, ekki síst í fjölþjóðlegri samvinnu. Rétt eins og í nágrennalöndunum hefur vægi samstarfs við atvinnulífið og frjáls félagasamtök aukist til muna á síðustu árum.

Rík áhersla er lögð á skilvirkni, gagnsæi og fagleg vinnubrögð við framkvæmd þróunarsamstarfs í samræmi við alþjóðleg viðmið um faglega starfshætti.

2.2 Tvíhliða þróunarsamvinna

Samstarfslönd Íslands í tvíhliða þróunarsamvinnu eru Malaví og Úganda þar sem meginmarkmið er að draga úr fátækt og bæta lífsskilyrði í fátækum byggðum. Á árinu 2022 var áfram unnið að því að Síerra Leóne bættist við sem nýtt samstarfsland og að þar yrði opnað sendiráð í samræmi við forsetaúrskurð.

Almennt gekk framkvæmd verkefna vel á árinu en mjög erfitt efnahagsástand í Malaví setti svip sinn á starfið og kallaði á sérstök viðbrögð framlagsríkja. Utanríkisráðherra heimsótti Malaví í

desember þar sem hún kynnti sér verkefni Íslands og fundaði með ráðamönnum. Samþykkt voru ný stefnumið fyrir tvíhliða þróunarsamvinnu og við lok árs var lögð fram til samþykktar ný landsáætlun fyrir Malaví sem setur ramma um starfið næstu ár. Landsáætlun fyrir Úganda er vel á veg komin.

Eftir nokkurt hlé vegna COVID-19 gátu fulltrúar ráðuneytisins heimsótt samstarfsríkin og stutt við starfsfólk sendiráðanna við eftirlit og undirbúning nýrra verkefna.

Tvíhliða þróunarsamvinna

13.000



börnum í tíu grunnskólum **tryggt næringarrík máltíð** daglega í Mangochi héraði í gegnum samstarf Íslands og WFP í Malaví.

21.000



orkusparandi eldhlöðir eru í notkun sem minnkar eldviðanotkun og sparar 2,4 tonn í útblæstri koltvísýrings í Malaví.

27.000



námsbækur afhentar í öllum árgöngum í skólum í Namayingo héraði í gegnum héraðsverkefni Íslands í Úganda.

360



konur og stúlkur fengu **upplýsingar um kyn- og frjósemisheilbrigði**, þ.á.m. fæðingarfstil, í Sierra Leóne.

Malaví

Malaví gekk í gegnum alvarlega efnahagskreppu á árinu með viðvarandi gjaldeyrisskort og óðaverðbólgu. Rekja má þessa kreppu til áhrifa COVID-19, stríðsins í Úkraínu, náttúruhamfara í byrjun árs sem eyðilögðu innviði, mataruppskeru og vatnsaflsvirkjanir, auk sligandi skuldabyrði ríkisins. Þessi djúpa efnahagslæggð kemur harðast niður á þeim sem þegar búa við sárafátækt en hlutfall fátækra í Malaví er 50,8 prósent. Fæðuöryggisspá Sameinuðu þjóðanna gerir ráð fyrir að 20 prósent þjóðarinnar, 3,8 milljónir manna, búi við alvarlegt fæðuöryggi frá nóvember 2022 til mars á þessu ári.

Ísland brást við þessari erfiðu stöðu í landinu með margvíslegum hætti. Í upphafi árs veitti Ísland 40 milljónum króna til Matvælaáætlunar Sameinuðu þjóðanna (WFP) sem nýttist til þess að veita neyðaraðstoð til 45 þúsund íbúa eftir að hitabeltisstormurinn Ana reið yfir suðurhluta

landsins. Þá var Ísland fyrsta framlagsríkið til að styðja við nýjan sjóð Alþjóðabankans í Malaví sem veitir þeim allra fátækustu öryggisnet með beinum peningagreiðslum gegnum farsímakerfi og gerir fólki kleift að kaupa sjálft það sem hver fjölskylda þarfnast þá stundina. Framlag Íslands til sjóðsins nemur þremur milljónum bandaríkjadala til þriggja ára. Í lok árs veitti Ísland rúmum 70 milljónum króna (500 þúsund bandaríkjadali) til WFP til að auka fæðuöryggi í fjórum héruðum í suðurhluta landsins með beinum greiðslum til sárafátækra.

Heimsókn utanríkisráðherra til Malaví

Í desember heimsótti utanríkisráðherra Malaví til að kynna sér tvíhliða þróunarsamvinnu Íslands í landinu, kynnast aðstæðum og sjá árangur verkefna sem njóta stuðnings íslenskra stjórnvalda. Heimsóknin var jafnframt einstakt tækifæri til þess að auka sýnileika íslenskrar þróunarsamvinnu og kynna árangur hennar fyrir Íslendingum. Heimsóknin gekk í alla staði vel og fjölmargar fréttir birtust í fréttamiðlum á Íslandi og í Malaví. Ráðherra undirritaði nýjan samstarfssamning milli landanna ásamt Nancy Tembo, utanríkisráðherra Malaví, og hleypti formlega af stokkunum samstarfi við nýtt hérað, Nkhotakota. Við setningarathöfn afhenti utanríkisráðherra héraðsyfirvöldum tvo sjúkrabíla, tvo verkefnabíla, tæplega þrjú þúsund skólaborð og bekki, auk tækja fyrir heilbrigðisþjónustu, sem nýtast strax í framkvæmd verkefna sem hefjast 2023. Ráðherra heimsótti jafnframt samstarfsverkefni Íslands í Mangochi-héraði og kynnti sér samstarf íslenskra félagasamtaka í Malaví.

Tímamót urðu í rúmlega 30 ára sögu þróunarsamvinnu Íslands í Malaví í lok árs þegar utanríkisráðherra hleypti af stokkunum samstarfsverkefni í nýju héraði, Nkhotakota, sem liggur miðsvæðis í landinu við strendur Malavívatns, en þar búa rúmlega 400 þúsund manns. Nkhotakota varð með því annað samstarfshérað Íslands í þróunarsamvinnu í Malaví og stuðningur Íslands felur í sér sambærilega nálgun og verklag og samstarfið við héraðsyfirvöld í Mangochi síðasta áratug. Meginmarkmið samstarfsins er að bæta grunnþjónustu við íbúa, meðal annars

grunnmenntun með áherslu á yngsta aldurstigið, heilbrigðisþjónustu, sérstaklega mæðra- og ungbarnaheilsu og aðgengi að vatns-, salernis- og hreinlætisaðstöðu.

Malaví – Nkhotakota-hérað



Tæplega þrjú þúsund ný skólaborð voru afhent sem 15 grunnskólar munu njóta góðs af.



Tveir sjúkrabílar voru keyptir fyrir heilbrigðisyfirvöld sem tryggja sjúkraflutninga og bæta fæðingarþjónustu í sveitum héraðsins.

Í Mangochi tóku tvær nýjar heilsugæslur til starfa, sem sinna rúmlega tuttugu þúsund manns í fiskimannabörpum við Malavívatn. Níunda fæðingarstofan var opnuð auk tveggja nýrra heilsupósta í afskekktum sveitahéruðum þar sem yfir tvö þúsund börn yngri en fimm ára fá meðal annars bólusetningar og ungbarnavernd. Fjögur starfsmannahús fyrir heilbrigðisstarfsmenn voru reist, tíu ný salerni fyrir grunnskóla, auk þess sem endurbætur voru gerðar á 28 skólum sem urðu illa úti í kjölfar hitabeltisstormsins Ana.



Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir og Nancy Tembo, utanríkisráðherrar Íslands og Malaví, endurnýjuðu á árinu samstarfssamning landanna.

Ísland styður tilraunaverkefni sem héraðsyfirvöld í Mangochi hafa mótað um að auka efnahagsleg tækifæri kvenna og ungmenna. Unnið er með þrettán samvinnufélögum, sex kvenna- og sjö ungmennahópum, samtals um 580 einstaklingum, sem hafa hlotið þjálfun og stuðning við atvinnuskapandi verkefni. Auk þess hefur 120 ungmennum frá Makanjira og Lulanga verið veitt tækifæri til verkmenntunar.

Verkefni sem ætlað er að stuðla að friðsamlegum samskiptum á landamærum Malaví og Mósambík var ýtt úr vör síðastliðið haust. Til að draga úr líkum á átökum vegur þungt að efla

grunnþjónustu og draga úr fátækt og atvinnuleysi, sérstaklega á meðal ungmenna, og auka efnahagsleg tækifæri íbúa í landamærasamfélögum. Nýja verkefnið er samstarf héraðsyfirvalda í Mangochi og fjögurra stofnana Sameinuðu þjóðanna í landinu, Þróunaráætlunar Sameinuðu þjóðanna (UNDP), Mannfjöldasjóðs Sameinuðu þjóðanna (UNFPA), Stofnunar Sameinuðu þjóðanna um kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna (UN Women) og Alþjóðafólksflutningastofnunarinnar (IOM) og er samfjármagnað af sendiráðum Íslands og Írlands í Malaví.

Líkt og undanfarin tíu ár veitti WFP með stuðningi Íslands þrettán þúsund börnum í grunnskólum Mangochi daglega næringarríka máltíð. Matvara er keypt af smábændum í nágrenni skólanna sem tryggir næringargildi máltíðanna og ferskleika auk þess sem 1.500 smábændur hafa tryggan markað fyrir afurðir allt árið um kring.

Sendiráð Íslands í Malaví hefur lagt aukna áherslu á verkefni í jafnréttismálum. Samstarf hófst við valdar innlendar stofnanir og samtök sem veita stuðning með það að markmiði að fyrirbyggja og bregðast við hvers kyns kynferðislegu ofbeldi og kynferðislegri áreitni. Verkefnin, sem öll tengjast, eru framkvæmd í samstarfi við fjóra aðila; Jafnréttisráðuneyti Malaví, Mannréttindastofnun Malaví, malavísku félagasamtökin Gender Justice Unit og malavísku grasrótarsamtökin Go Fund a Girl Child. Þessi verkefni eru jafnframt

liður í að bregðast við ábendingu frá jafnréttisvottunarferli UNDP (UNDP Gender Seal) sem áréttar mikilvægi þess að fyrirbyggja og bregðast við kynferðisofbeldi og kynferðislegri áreitni í verkefnum sem Ísland styður við.

Einnig var undirritaður nýr samningur við félagasamtökin IPAS um aðstoð við heilbrigðisyfirvöld í Mangochi. Samtökin styðja við þjónustu við konur og stúlkur og stuðla að bættu aðgengi að getnaðarvörnum og þungunarrofi við öruggar aðstæður. Áætlað er að um 1.500 konur fái aðgang að viðunandi þjónustu á verkefnatímabilinu.

Áfram var unnið að samstarfsverkefni Íslands, Mannfjöldasjóðs Sameinuðu þjóðanna (UNFPA) og héraðsyfirvalda í Mangochi um bætt kyn- og frjósemisheilbrigði og -réttindi, en áætlað er að verkefninu ljúki á næsta ári. Ráðherra opnaði í heimsókn sinni nýja miðstöð við fæðingarveild héraðssjúkrahússins í Mangochi sem ber heitið Lilja's Fistula and One Stop Centre í virðingarskyni við Lilju Dóru Kolbeinsdóttur sem lést úr krabbameini fyrir tveimur árum. Lilja var ötull talsmaður kynjajafnréttis og kynheilbrigðis og helgaði stærstan hluta ævi sinnar þróunarsamstarfi í Afríku, meðal annars sem forstöðumaður sendiráðs Íslands í Malaví. Miðstöðin veitir heildstæðan stuðning við konur og stúlkur sem þjást af fæðingarfitli og/eða hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi.

Malaví – Mangochi



Tuttugu þúsund manns í fiskiþorpum við Malavívatn njóta góðs af **tveimur nýjum heilsugæslum**.



Þrettán þúsund börnum í tíu **grunnskólum** tryggð næringarrík máltíð daglega auk þess sem **1.500 smábændur** hafa aðgengi að öruggum markaði til þess að selja uppskeru sína.



580 einstaklingar hafa notið góðs af stuðningi við **efnahagslega valdeflingu kvenna og ungmenna** með þjálfun í atvinnuskapandi verkefnum.



120 ungmenni í dreifbýli studd til verkmenntunar sem veitir þeim aukin tækifæri til atvinnuþátttöku.



Rúmlega **21 þúsund orkusparandi eldhlóðir** eru í notkun sem minnkar eldviðanotkun og sparar **2,4 tonn** í útblæstri koltvísýrings.



Rúmlega **14 þúsund manns** njóta góðs af rafmagni framleitt af sólarorku, en sólarcellur voru settar upp við **fjóra grunnskóla** og **fjórar heilsugæslur**.



Mjög erfitt efnahagsástand í Malaví setti svip sinn á starfið þar og kallaði á sérstök viðbrögð framlagsríkja.

Á árinu var haldinn tveggja daga rakarastofuviðburður fyrir nefnd malavíska þingsins um fólksfjölgun og þróunarmál (Caucus on Population and Development) á malavíska þinginu. Þingnefndin leitaði til sendiráðsins um skipulagningu viðburðarins sem hafði það markmið að þjálfja þingmenn í að ná til karlanna og miðla upplýsingum um mikilvægi þess að hægja á fólksfjölgun í Malaví sem er afar hröð. Rakarastofuverkfærakistan var á sínum tíma þrouð af Íslandi og hefur það markmið að virkja karla til að beita sér fyrir kynjajafnrétti.

Í drögum að nýrri landaáætlun um þróunarsamvinnu Íslands og Malaví fá verkefni sem snúa að aðlögun að loftslagsbreytingum aukið vægi. Malaví er með eitt minnsta kolefnisfótspor í heimi en er á sama tíma meðal þeirra landa sem verst eru í stakk búin til að takast á við afleiðingar loftslagsbreytinga. Á árinu lauk þriggja ára verkefni með EnDev, verkefnastöð þýsku þróunar-samvinnu-stofnunarinnar GIZ, sem veitti skólum og heilsugæslustöðvum aðgang að sólarorkunni rafmagni og orkusparandi eldhlóðum til að draga úr eldiviðarotkun. Fjórir skólar og fjórar heilsugæslur í sveitum Mangochi fengu sólarorku rafmagnskerfi sem tryggja bættu starfsemi þessara stofnana auk þess að bæta aðstöðu starfsfólks. Nýtt og viðameira samstarfsverkefni með EnDev heldur áfram á næsta ári og nær þá til beggja samstarfshéraða Íslands í Malaví.

Úganda

Árið 2022 var á margan hátt erfitt í Úganda eins og í öðrum löndum álfunnar, staða efnahagsmála var þung, með verðbólgu og miklum verðhækkunum sem komu harkalega niður á almenningi. Í september greindist ebóla í landinu sem breiddist út á næstu vikum til nokkurra héraða, þar á meðal til höfuðborgarinnar Kampala. Í árslok virtist sjá fyrir endann á faraldrinum eftir nokkuð umfangsmiklar aðgerðir til að hefta útbreiðslu hans.

Í samstarfsverkefnum Íslands og Úganda er sérstök áhersla lögð á menntun, vatn og hreinlæti með áherslu á samstarf við héraðsyfirvöld, auk efnahagslegrar valdeflingar og loftslagsaðgerða. Stuðningurinn beinist að héruðunum Buikwe og Namayingo við Viktoríuvatn og sjónum er einkum beint að strandbyggðum þeirra. Í samstarfinu er stefnt að uppbyggingu stofnanagetu og mannaúts, bættum innviðum og samfélagsþátttöku. Einnig er stuðningur veittur til að bæta aðgang að neysluhæfu vatni og hreinlæti í flóttamannabyggðum í norðurhluta landsins í samstarfi við Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna (UNICEF).

Verkefnaframkvæmd gekk mjög vel á árinu. Nær öllum verkþáttum í héruðunum á sviði menntamála, vatns-, salernis- og hreinlætismála lauk samkvæmt áætlun, og byggingar og önnur mannvirki voru formlega afhent héraðsyfirvöldum fyrir árslok.



Vatnsverkefni Íslands í Úganda, drifíð áfram að sólarorku.

Vinna við þarfa- og áhættugreiningar á stöðu loftslagsmála var hafin með stuðningi Íslands í báðum samstarfshéruðunum og leiddi hópur sérfræðinga undir forystu umhverfisráðuneytis landsins greiningarvinnuna. Aðgerðaáætlanir beggja héraða í loftslagsmálum verða mótaðar sem liður í verkefninu en slíkar aðgerðaáætlanir eru lögbundnar í Úganda.

Þá voru gerðar stöðugreiningar á kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi í Buikwe og Namayingo. Í báðum héruðum liggja fyrir skýrslur sem hafa verið kynntar í héruðunum með tillögum um úrbætur. Gert er ráð fyrir stuðningi frá Íslandi við aðgerðir á árinu 2023.

Óháð úttekt var gerð á byggðapróunarverkefni í Buikwe-héraði fyrir framkvæmdatímabilið 2018-2022. Niðurstöður úttektarinnar eru jákvæðar og kemur fram að stuðningur Íslands hafi stuðlað að miklum framförum hvað varðar menntun barna, aðgengi að heilnæmu vatni og hreinlætisaðstöðu á verkefnissvæðinu, og mælt með áframhaldandi samstarfi. Lokið var við verkefnaundirbúning fyrir nýjan áfanga, tímabilið 2022-2025, og samningur við fjármálaráðuneytið um þriðja áfanga byggðapróunarverkefnisins undirritaður. Sjálf verkefnastöðin, ásamt verkefnaskjölum fyrir vatn, hreinlæti og menntun, var jafnframt afgreidd og framkvæmdir hafnar. Síðla árs hófst undirbúningur að nýjum verkþætti fyrir efnahagslega valdeflingu kvenna og ungmenna sem mun einnig heyra undir verkefnastöðina.

Úganda – Buikwe hérað



Lokið við hönnun á nýju vatnsveitikerfi sem veitir vatn með sólarknúinni orku til **40 þorpa** með um **60 þúsund íbúa**.



Byggingu og endurbótum á fimm grunnskólum og einum framhaldsskóla lokið sem alls **2.100 nemendur** njóta góðs af.



Hundrað kennarar hlutu þjálfun/símenntun.

Unnið var að skipulagi, hönnun og uppsetningu vatnsveitikerfis sem veitir vatni með sólarknúinni orku til 40 þorpa með um 60 þúsund íbúa. Þessi vinna var á lokastigi í árslok. Mikil vinna hefur verið lögð í að kynna verkefnið í þorpunum og virkja íbúa til þátttöku. Öruggt og ódýrt vatn er því óðum að færast nær heimilum fólks.

Tveir skólar fyrir um 1.000 nemendur voru byggðir og búnir húsgögnum og þrjú grunnskólar og einn framhaldsskóli til viðbótar voru gerðir upp og endurbættir og bættust þar við nýjar eða uppgerðar skólastofur sem þjóna um 1.100 nemendum. Einnig hefur um 100 kennurum verið gert kleift að bæta við menntun sína.

Framkvæmdir við stjórnsýsluhúsnæði fyrir deild velferðar- og jafnréttismála héraðsyrivalda í Buikwe hófust í nóvember, sem gert er ráð fyrir að verði tilbúið snemma árs 2023. Húsnæðið er hluti af undirbúningi verkþáttar fyrir efnahagslega valdeflingu kvenna og ungmenna og mun þjóna öllum 445 þúsund íbúum Buikwe, þar á meðal með aðgerðum til að efla þjónustu og getu héraðsins til að fást við kynbundið og kynferðislegt ofbeldi.

Í Namayingo beindist starfið á árinu 2022 að þremur hreppum í strandbyggðum héraðsins þar sem búa um 8.000 manns. Lögð var áhersla á að veita aðgang að hreinu vatni, bættri salernisaðstöðu og stuðla að góðu hreinlæti. Aðstaða var byggð upp við tólf vatnsuppsprettur og 50 borholur voru endurgerðar. Þá voru sex hús með almenningssalernum og sturtum reist í fiskveiðiþorpum, yfirleitt í nágrenni við markaði, og í fjórum skólum voru salerni og hreinlætisaðstaða byggð. Fulltrúar vatns- og hreinlætisnefnda og tæknimenn fengu þjálfun í viðhaldi búnaðar og mælingum á vatnsgæðum. Sjönnum var einnig beint að menningar- og félagslegum þáttum í tengslum við vatn og hreinlæti og í því skyni búnir til tólf útvarpsþættir til að ná til sem flestra.

Úganda - Namayingo



62 vatnsból voru byggð og/eða endurnýjuð sem veita **8.000 manns** í strandbyggðum héraðsins aðgang að hreinu vatni.



Þrjú fullbúnir grunnskólar reistir sem þjóna **3.600 nemendum**.



27.000 námsbækur fyrir nemendur í öllum árgöngum í skólum í Namayingo afhentar.

Þrjú grunnskólar voru reistir á árinu í Namayingo, með stjórnunarbyggingum og starfsmannahúsum sem þjóna um 3.600 nemendum og kennurum. Allir skólarnir voru búnir húsgögnum ásamt kynskiptum salernum og hreinlætisaðstöðu fyrir nemendur og starfsfólk, auk þess sem búin var

til sturtuaðstaða fyrir stúlkur. Í skólaeldhúsum sem einnig voru reist var áhersla lögð á að draga úr notkun eldiviðar og auka þátttöku nemenda í skólamáltíðum. Tré voru gróðursett til að bæta umhverfi skólanna. Afhentar voru 27 þúsund námsbækur fyrir nemendur í skólum í Namayingo og er það fyrsti áfangi í að styðja alla 84 skólana í héraðinu með námsbókum.

Samningur við Namayingo um byggðapróun rennur út í árslok 2023. Ráðgert er að framkvæma úttekt á verkefninu og hefja undirbúning að framhaldsáfangna þess.

Skrifað var undir samning við landsskrifstofu Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna (UNICEF) í Úganda í janúar um framlag í tengslum við opnun skóla í landinu eftir nær tveggja ára lokun vegna COVID-19. UNICEF tók að sér að útvega hreinlætisvörur með WASH-stuðningi sínum (Water, Sanitation and Hygiene) til skólanna til að sporna gegn útbreiðslu faraldursins.

Þá var á árinu lokið við verkefnisskjal með tillögu um framhald samstarfs við UNICEF um stuðning við flóttamenn og móttökusamfélög þeirra í Vestur-Níl-héraðinu í norðurhluta Úganda. Mikill fjöldi flóttafólks, ekki síst frá Suður-Súdan og Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó, hefur um árabíl dvalið á þessu svæði í Úganda og ástandið þar er alvarlegt og flókið. Samvinnan við UNICEF miðar að því að samhæfa mannúðarstarf og þróunarsamvinnu. Núverandi verkefnasamningur tók gildi árið 2020 og lauk í árslok 2022. Samstarfið við UNICEF hefur gengið vel og flestir verkþættir á áætlun. Farin var sameiginleg eftirlitsferð í nóvember með UNICEF sem gaf til kynna góðan árangur, þrátt fyrir miklar áskoranir, til dæmis vegna mikilla verðhækkana á aðföngum. Öll vatnskerfi sem áætluð voru í verkefninu voru sett upp á verkefnistímanum, samtals í 27 skólum með um nítján þúsund nemendur og í sex heilsgæslustöðvum sem þjóna um tuttugu þúsund íbúum. Af þeim 52 salernisstæðum sem voru á áætlun tókst að ljúka við byggingu 38 þeirra sem þjóna um 4.000 manns. Enn fremur fengu kennarar og skólanefndir þjálfun í vatns- og hreinlætismálum auk fulltrúa heilsuklúbba í öllum 27 skólunum.

Úganda UNICEF



Vatnskerfi voru sett upp í **27 skólum** sem veita um **19 þúsund nemendum** aðgang að hreinu vatni og í **sex heilsgæslustöðvum** sem þjóna um **20 þúsund íbúum**.



Aðgangur að bættri hreinlætisaðstöðu fyrir um **fjögur þúsund nemendur** var tryggður með byggingu **38 salerna** með sturtuðstöðu.

Ísland tók ásamt Danmörku, Svíþjóð, Noregi og Austurríki þátt í verkefni á vegum Þróunaráætlunar Sameinuðu þjóðanna (UNDP) sem miðaði að því að efla kosningaferla í Úganda. Verkefninu var hrundið af stað í aðdraganda forseta- og þingkosninga 2021 með það að markmiði að styrkja lýðræði í landinu. Verkefnið hefur verið framlengt fram í ágúst 2023 án viðbótarfjármagns.

Síerra Leóne

Efnahagsástandið í Síerra Leóne hefur versnað á árinu, líkt og annars staðar í Afríku, sem einkum má rekja til áhrifa stríðsins í Úkraínu og COVID-19, auk þess sem stjórnvöld eru afar skuldsett. Hækkandi verðbólga, gengisfall gjaldmiðils landsins gagnvart bandaríkjadala, miklar verðhækkningar á eldsneyti, matvöru og nauðsynjavörum hafa leitt til versnandi líf skjara almennings. Mannskæðar óeirðir brutust út vegna efnahagsástandsins í ágúst en fram að því höfðu verkföll og mótmæli farið að mestu leyti friðsamlega fram. Ástandið kemur harðast niður á þeim sem búa nú þegar við fátækt en hlutfall fátækra í Síerra Leóne er 57 prósent og allt að 73 prósent í dreifbýli. Samkvæmt greiningu Matvælaáætlunar Sameinuðu þjóðanna (WFP) á fæðuöryggi í landinu frá því í ágúst hefur útlitið aldrei verið jafndökkt, en 81 prósent heimila búa við fæðuöryggi og tæp 15 prósent búa við alvarlegt fæðuöryggi.

Undirbúningur fastrar viðveru og opnun sendiráðs í Freetown hélt áfram á árinu 2022. Fulltrúar utanríkisráðuneytisins fóru til reglulegs samráðs og undirbúnings og funduðu með stjórnvöldum og öðrum samstarfsaðilum. Viðræður um framgang núverandi verkefna ganga vel og samhliða þeim hafa viðræður um ný möguleg samstarfsverkefni haldið áfram. Þá fundaði ráðherra með utanríkisráðherra Síerra Leóne í tengslum við Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna í september þar sem fyrirætlanir um frekara samstarf voru ræddar. Stefnt er að opnun sendiskrifstofu í Freetown á þriðja ársfjórðungi 2023.



Sendinefnd frá Sierra Leóne kom til landsins í lok september í boði utanríkisráðuneytisins til að kynna sér starfsemi helstu stofnanna sem tengjast bláa hagkerfinu.

Í maí var nýju samstarfsverkefni utanríkisráðuneytisins og Mannfjöldasjóðs Sameinuðu þjóðanna (UNFPA), sem miðar að því að útrýma fæðingarfistli í Síerra Leóne, hleypt af stokkunum við fjölmenna athöfn í Freetown á alþjóðlegum degi baráttunnar gegn fæðingarfistli. Verkefnið, sem tekur á heildstæðan hátt á orsökum og afleiðingum fæðingarfistils, er það umfangsmesta í landinu.

Verkefnið er þegar farið að bera árangur en á árinu hlutu 360 konur og stúlkur fræðslu um fæðingarfistol, 104 fóru í skimun og 42 undirgengust skurðaðgerð. Auk þess fengu 54 konur og stúlkur kennslu og hagnýta þjálfun í klæðskurði og sápugetu sem nýtist til framfærslu í tengslum við endurhæfingu vegna fæðingarfistils.

Nýtt samstarfsverkefni Íslands og UNFPA um forvarnir og lækningu við fæðingarfistol hófst á árinu 2022



360 konur og stúlkur fengu upplýsingar um kyn- og frjósemisheilbrigði, þ.á.m. fæðingarfistol.



42 konur og stúlkur undirgengust skurðaðgerð til að lækna fæðingarfistol og hlutu þær allar fullan bata.



120 sjálfboðaliðar hlutu þjálfun til að stuðla að bættum forvörnum og meðhöndlun fistils.



104 konur og stúlkur fóru í skimun vegna fæðingarfistils.

Ísland og UNICEF hafa síðan 2019 átt í farsælu samstarfi um uppbyggingu vatns- og hreinlætismála í sjávarbyggðum í Síerra Leóne. Alls hafa um 60 þúsund manns í þremur þorpum fengið aðgang að hreinu neysluvatni og bættri hreinlætisaðstöðu, þar með talið skólar og heilsugæslustöðvar. Nokkrar tafir urðu á framkvæmd verkefnisins vegna COVID-19 en áætlað er að öllum verkþáttum verði að fullu lokið í júní 2023.

Á árinu 2022 unnu fulltrúar ráðuneytisins og UNICEF að undirbúningi áframhaldandi samstarfs og nýtt samstarfsverkefni mótað sem leggur áherslu á samþætta uppbyggingu vatns- og hreinlætisaðstöðu í sextán fiskiörpum. Markmið verkefnisins er að bæta líf skjör íbúa fátækra og jaðarsettra fiskimannasamfélaga. Vatnsveitur og hreinlætisaðstaða verður reist og áhersla lögð á að bæta aðstöðu til löndunar á afla með aðgangi að hreinu vatni til að bæta meðferð afla og auka gæði fiskafurða. Sérstök áhersla verður lögð á að bæta aðstæður kvenna og barna í samfélögunum sem felst meðal annars í stuðningi við uppbyggingu og starfsemi leikskóla og tíðaheilbrigði stúlkna í skólum. Áhersla verður á umhverfis- og loftslagsmál í verkefninu, leitast við að draga úr plastmengun á ströndum og bæta umhverfisvitund íbúa. Samstarfssamningur vegna verkefnisins var undirritaður í lok desember. Fyrirséð er að verkefnið muni verða eitt það umfangsmesta í vatns- og hreinlætismálum í Síerra Leóne.

Áfram var unnið að undirbúningi nýs verkefnis á sviði fiskimála og bláa hagkerfisins í samstarfi við sjávarútvegssérfræðingum Síerra Leóne og lykilsérfræðistofnanir á Íslandi á þessu sviði, Hafrannsóknastofnun, Fiskistofu, Sjávarútvegsskóla GRÓ og Matís. Íslenskir sérfræðingar frá ofangreindum stofnunum ásamt fulltrúum utanríkisráðuneytisins heimsóttu Síerra Leóne í mars og funduðu með fulltrúum sjávarútvegssérfræðingum Síerra Leóne auk samstarfsríkja og stofnana sem starfa að fiskimálum í landinu. Sérfræðingarnir heimsóttu einnig fiskiörp, stofnanir og sjávarútvegsfyrirtæki til að öðlast betri innsýn í sjávarútveg í landinu, áskoranir og tækifæri á þeim vettvangi. Þrjú sérfræðingar frá Síerra Leóne luku á árinu þjálfun hjá Sjávarútvegsskóla GRÓ á Íslandi með það að markmiði að styrkja innviði lykilstofnana í sjávarútvegi í landinu. Stefnt er að því að ljúka verkefnaskjali um samstarfið snemma á næsta ári og hefja í kjölfarið framkvæmd.

Í tengslum við undirbúning þróunarsamvinnu á sviði fiskimála og bláa hagkerfisins kom sendinefnd frá sjávarútvegsráðuneyti Síerra Leóne, sem Emma Josephine Kowa, sjávarútvegsráðherra landsins, leiddi, í heimsókn til Íslands í lok september. Tilgangur heimsóknarinnar var að veita gestunum innsýn í íslenskan sjávarútveg og starfsemi og miðla af reynslu og þekkingu Íslendinga, ekki síst á nýtingu og verndun fiskiauðlindarinnar, fiskveiðistjórnun og gæðamálum.



Vatnsverkefni Íslands í samvinnu við UNICEF og stjórnvöld í Síerra Leóne.

Í lok ársins var stuðningur við kosningaverkefni þróunaráætlunar Sameinuðu þjóðanna (UNDP) samþykktur en almennar kosningar verða haldnar í Síerra Leóne í júní 2023 þegar kosið verður til forseta, þings og sveitarstjórna í landinu. Verkefnið er til tveggja ára og snýr að því að efla lýðræði og stuðla að friðsamlegum kosningum. Áhersla verður lögð á að tryggja möguleika sem flestra til að taka þátt í kosningunum með sérstakri áherslu á konur, ungmenni og fatlað fólk, en skráning á kjörskrá og kosningaþátttaka þessara hópa hefur verið takmörkuð í undanförunum kosningum.


2.3 Mannúðaraðstoð

Íslensk stjórnvöld hafa aukið framlag sitt til mannúðaraðstoðar, einkum í samstarfi við stofnanir og sjóði Sameinuðu þjóðanna sem bregðast við aukinni neyð.

Gerðir hafa verið rammasamningar við lykilstofnanir á sviði mannúðarmála. Miðast slíkir samningar við ákvæði í þróunarsamvinnustefnu um að samfara hækkun mannúðarframlaga verði þau fyrirsjáanleg í samræmi við bestu starfshætti og kröfur um skilvirkni og árangur.

Árið 2022 veittu íslensk stjórnvöld 1.443 milljónum kr. til mannúðaraðstoðar. Talsverður hluti fjárens fór í samningsbundin framlög til Matvælaáætlunar Sameinuðu þjóðanna (WFP), Samhæfingarskrifstofu aðgerða Sameinuðu þjóðanna í mannúðarmálum (OCHA), Neyðarsjóðs Sameinuðu þjóðanna (CERF) og Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNHCR) en fyrrgreindar stofnanir og sjóðir eru áherslustofnanir Íslands. Palestínuflóttamannaáðstoð Sameinuðu þjóðanna (UNRWA), Mannfjöldasjóður Sameinuðu þjóðanna (UNFPA), UNICEF og UN Women fengu einnig mannúðarframlög, ásamt Alþjóðaráði Rauða krossins (ICRC). Framlög til Sírylands, Jemen, Afganistan og Mið-Sahel vógu þyngst á árinu 2022 en neyðarbeiðnum var líka svarað frá Eþíópíu, Sómalíu, Pakistan og Malaví.

Framlög til neyðar- og mannúðaraðstoðar eftir samstarfstofnunum



* Bráðabirgðatölur. Uppgjöri vegna ársins 2022 var ekki lokið við útgáfu. Tölur í m.kr.

Eitt af markmiðum þróunarsamvinnustefnunnar er að styrkja tengslin milli mannúðarstarfs og þróunarsamvinnu. Það kom fram í áframhaldandi samstarfi við UNICEF um uppbyggingu á sviði vatns- og skólpveitu í Norður-Úganda þar sem stórir hópar flóttafólks eiga athvarf, flestir frá Suður-Súdan. Ísland hefur samið við nokkrar stofnanir Sameinuðu þjóðanna um að senda sérfræðinga á sviði mannúðar tímabundið til starfa á vettvangi. Árið 2022 starfaði einn sérfræðingur hjá UNFPA í Úganda og einn hjá UNRWA í Jerúsalem.

Metnaðarfullt alþjóðasamstarf um mannúðarmál er liður í málsvarastarfi og eftirfylgni Íslands með mannúðarframlögum. Fylgst var með árangri allra samstarfsaðila í gegnum framvindu- og úttektarskýrslur auk reglulegs samráðs með áherslu á starfsemi framkvæmdanefndar UNHCR og ráðgjafanefndar OCHA, sem Ísland er aðili að. Farið var í tvær vettvangsheimsóknir, fyrst til Palestínu og Jórdaníu og síðar til Suður-Súdan með UNHCR. Loks veitti ráðuneytið styrki til ýmissa félagsamtaka vegna neyðar- og mannúðarmála, eins og greint er frá í [kafla 2.7](#).

2.4 Fjölpjódleg þróunarsamvinna

Ísland leggur í samræmi við stefnu um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands 2019-2023 áherslu á fjórar fjölpjódastofnanir: Alþjóðabankinn, Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna (UNICEF), Stofnun Sameinuðu þjóðanna um kynjajafnfrétti og valdeflingu kvenna (UN Women) og Mannfjöldasjóð Sameinuðu þjóðanna (UNFPA). Íslensk stjórnvöld styðja við þessar stofnanir með samningsbundnum kjarnaframlögum auk framlaga sem eru eyrnamerkt tilteknum ríkjum, málaflokkum eða verkefnum. Þá hefur Ísland átt gott samstarf með þessum stofnunum í tvíhliða samstarfsríkjum.

Þverlægar áherslur Íslands um mannréttindi, kynjajafnrétti og umhverfismál eru leiðarljós í fjölpjódlegu samstarfi í þróunarsamvinnu auk áherslu á skilvirkni og góða stjórnarhætti samstarfsstofnana.

Fjölpjódleg þróunarsamvinna 2022

2.862 m.kr.



Heildarframlög til áherslustofnana Íslands, Alþjóðabankans, UNICEF, UNFPA og UN Women námu 2.862 m.kr.

80%+



Ríflega 80% af þróunarsamvinnuverkefnum Íslands hafa sérstök jafnréttismarkmið.

17



Samstarfsverkefni um afnám limlestinga á kynfærum kvenna og stúlkna nær til sautján landa.

980 m.kr.



Stuðningur við fátækustu ríki heims í gegnum Alþjóðaframarastofnunina (IDA) nam 980 m.kr.

Alþjóðabankinn

Alþjóðabankinn er meðal stærstu og áhrifa-mestu stofnana á sviði þróunarsamvinnu. Hlutverk hans er tvíþætt. Annars vegar að binda enda á sárafátækt í heiminum og hins vegar að stuðla að aukinni hagsæld og velmegun þar sem fátækt er mest. Starf bankans tengist öllum heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.

Þáttur Íslands í starfi Alþjóðabankans fer einkum fram í kjördæmi Norðurlanda og Eystrasaltsríkja en ríkin átta deila einu af 25 stjórnarsætum bankans. Samkvæmt samkomulagi milli þeirra útnefna ríkin til skiptis aðalfulltrúa og varafulltrúa í stjórn bankans og Ísland er fámennasta aðildarríki bankans sem skipar stjórnarsæti reglulega.

Ísland tók við stöðu varafulltrúa í júní 2022 sem starfar á skrifstofu kjördæmisins í höfuðstöðvum bankans í Washington.

Helstu áherslumál kjördæmisins á árinu 2022 voru loftslagsmál, orkumál, styrking innviða, virkjun einkafjármagns í þágu sjálfbærrar þróunar og loftslagsmála, jafnréttismál og stuðningur við ríki sem búa við óstöðugleika, átök og ofbeldi.

Vorfundur og ársfundur bankans voru haldnir að nýju í Washington eftir að hafa verið í formi fjarfundar árið áður vegna heimsfaraldursins. Utanríkisráðherra sótti vorfund bankans og sat ráðherrafund Norðurlanda og Eystrasaltsríkja sem haldinn er í tengslum við hann. Jafnframt var haldinn ráðherrafundur um stuðning við Úkraínu sem skipulagður var í sameiningu af Alþjóðabankanum og stjórnvöldum í Úkraínu. Alþjóðabankinn hefur gegnt mikilvægu hlutverki í að styðja við Úkraínu og Ísland veitti framlög í sérstaka sjóði sem stuðla meðal annars að enduruppbyggingu og til að hægt sé að halda uppi nauðsynlegri þjónustu. Einnig fundaði ráðherra með þeim stjórnendum bankans sem fara með jafnréttismál, sjálfbæra þróun og orkumál.

Þróun bankans til framtíðar var ofarlega á baugi innan bankans en vaxandi þörf er á stuðningi við þróunarríki, jafnt fátækustu ríkin sem millitekjuríki, vegna hnattrænna áskorana á borð við loftslagsbreytingar, heimsfaraldur og flóttamannastraum, og aukin þörf fyrir hnattræn almagnagæði.

Stjórnendur bankans meta stöðuna svo að núverandi útlánamagn nái ekki að mæta þeim áskorunum sem framundan eru. Engu að síður mun að öllu óbreyttu draga úr útlánagetu

bankans frá og með árinu 2024 vegna þeirra takmarkana sem honum eru settar, meðal annars með tölulegri fjármálareglu.

Í vegvísni um viðræður um framtíðarþróun bankans, sem yfirstjórn hans lagði fram í árslok, er horft til þriggja vídda: hlutverks bankans, rekstrarlíkans og fjármáallíkans.

Í tvíhliða samstarfi við Alþjóðabankann hafa orkumál, málefni hafsins, mannréttindi og jafnréttismál vegið þyngst, í samræmi við stefnu stjórnvalda um alþjóðlega þróunarsamvinnu. Ísland styður við sértæka sjóði innan bankans sem sinna verkefnum og ráðgjöf á þessu sviði. Þá fjármagnaði ráðuneytið stöður þriggja íslenskra sérfræðinga hjá bankanum á sviði jafnréttis-, sjávarútvegs- og mannréttindamála.

Alþjóðaframfarastofnunin (International Development Association, IDA) er sú stofnun Alþjóðabankans sem veitir styrki og lán á hagkvæmum kjörum til fátækustu ríkja heims en stuðningur Íslands til IDA er stærsta einstaka framlag þess til þróunarsamvinnu.

Árangur IDA



Tuttugustu endurfjármögnun stofnunarinnar var flýtt um ár til að koma til móts við sára þörf meðal fátækustu ríkjanna vegna heimsfaraldursins og áhrifa loftslagsbreytinga. Ríkisstjórn Íslands samþykkti því í lok árs 2021 ný framlög til stofnunarinnar sem koma til greiðslu 2023-2025 en í byrjun árs 2022 voru lokagreiðslur vegna fyrri endurfjármögnunar inntar af hendi og námu þær rúmlega 979 milljónum króna. Um 35 prósent af fjármagni IDA er varið í aðlögunar- og mótvægisáðgerðir vegna loftslagsmála og framlög til stofnunarinnar því mikilvægur hluti af alþjóðlegri ábyrgðarskyldu Íslands hvað varðar fjárfestingar til að sporna gegn loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra, auk þess að styðja við fátækustu ríki heims.

Samstarf á sviði jarðhita og málefna hafsins

Í júní skipulagði utanríkisráðuneytið fund samstarfsráðs (Partnership Council) PROBLUE-sjóðs Alþjóðabankans í Reykjavík. Fundurinn átti að fara fram í maí 2020 en var frestað í tvígang vegna heimsfaraldursins. Í samstarfsráðinu sitja fulltrúar framlagsríkja PROBLUE ásamt sérfræðingum Alþjóðabankans. Alls voru þátttakendur 31, fulltrúar Bandaríkjanna, Bretlands, Frakklands, Þýskalands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar ásamt starfsfólki Alþjóðabankans. Evrópusambandið og Kanada tóku þátt í gegnum fjárfundarbúnað. Auk kynninga á einstökum verkefnum PROBLUE heimsóttu þátttakendur Sjávarútvegsskóla GRÓ og Sjávarklasann.

Ísland hefur um árabíl stutt við orku-sjóð Alþjóðabankans (ESMAP) sem leggur sérstaka áherslu á nýtingu jarðhita. Samstarfið endurspeglar áherslu Íslands á orku- og jarðhitamál og styður jafnframt við nýtingu virðisaukandi íslenskrar sérþekkingar innan fjölþjóðastofnana. ESMAP styður við mótun og undirbúning endurnýjanlegra orkuverkefna í þróunarlöndum sem síðar koma til fjármögnunar hjá bankanum og fleiri aðilum. Sjóðurinn er mikilvægasti vettvangur bankans til að miðla og auka þekkingu á jarðhitaverkefnum og greiða fyrir fjárfestingum á því sviði. ESMAP hefur jafnframt staðið sig vel í að greina og leggja áherslu á mikilvægi jafnréttismála í orkugeiranum og aðstoðað teymi bankans við að útrýma kynjahalla í verkefnum og samþætta jafnréttismál inn í orkuverkefni. Í nóvember skipulagði ESMAP í samvinnu við ráðuneytið heimsókn sendinefndar frá samstarfsríkjum bankans og bankanum sjálfum til Íslands. Tilgangur heimsóknarinnar var að kynna fjölbreyttar leiðir sem íslenskt atvinnulíf hefur þróað um beina nýtingu jarðhita til dæmis við matvælaframleiðslu, ferðamennsku, framleiðslu snyrtivara og rekstur auðlindagarðs, sem eru nýjungar og vekja mikla athygli. Sendinefndin heimsótti helstu stofnanir í þessum geirum á Íslandi í samstarfi við Orkustofnun og Orkuklasann og heimsótti einnig fyrirtæki á Reykjanesi og Suðurlandi. Þátttaka í heimsókninni var umfram allar væntingar en á sjötta tug manna tók þátt í henni.

Stofnun Sameinuðu þjóðanna um kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna

Samstarf Íslands við Stofnun Sameinuðu þjóðanna um kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna (UN Women) var mjög virkt, fjölbreytt og framsækið á árinu. Verkefnið Kynslóð jafnréttis (Generation Equality Forum) var veigamikilið í þessu samstarfi en vinna Íslands að þeim fjölmörgu skuldbindingum sem kynntar voru við upphaf verkefnisins er komin vel á veg. Til að mynda hefur Ísland haldið áfram að leiða alþjóðlegt aðgerðabandalag gegn kynbundnu ofbeldi, ásamt Bretlandi, Úrúgvæ og Kenía. Þá hefur Ísland stutt sérstaklega við störf UN Women í tengslum við þátttöku karla og drengja um forvarnir og baráttu gegn kynbundnu ofbeldi, bæði í gegnum aukin fjárlög en einnig með útsendum sérfræðingi sem hóf störf hjá UN Women síðastliðið haust.

Ísland hefur lagt ríka áherslu á að styðja við UN Women allt frá upphafi stofnunarinnar árið 2010 enda samræmist hlutverk hennar, að berjast fyrir jafnrétti kynjanna og valdeflingu kvenna, bæði á vettvangi og í stefnumótun, vel stefnu stjórnvalda í þróunarsamvinnu. Fjögurra ára rammisamningur Íslands við UN Women leggur línurnar fyrir samstarfið en í honum er kveðið á um árleg kjarnaframlög sem veitt eru til viðbótar sértækum verkefnum sem Ísland styður. Ísland er eitt af dyggustu framlagsríkjum UN Women og var mikilvægi þess stuðnings áréttað af framkvæmdastýru UN Women, Síma Bahous, í heimsókn hennar til Íslands í nóvember á síðasta ári í tengslum við heimsþing kvenleiðtoga sem haldið var í Reykjavík.

Barnahjálpi Sameinuðu þjóðanna

Barnahjálpi Sameinuðu þjóðanna (UNICEF) er áherslustofnun í þróunarsamvinnu Íslands og hefur öflugt samstarf eflst enn frekar á liðnu ári. Ísland leggur fram bæði föst kjarnaframlög, sem eru fyrirsjáanlegar fjárveitingar til margra ára samkvæmt rammisamningi, ásamt framlögum til sértækra verkefna á tvíhliða og marghliða vettvangi, til dæmis framlag Íslands til landaskrifstofu UNICEF í Palestínu til að styrkja mæðra- og barnaheilsu.

Starfsemi UNICEF er grundvölluð á barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og hefur stofnunin að markmiði að standa vörð um réttindi allra barna,

með ríka áherslu á þau börn sem helst eiga undir högg að sækja. UNICEF sinnir bæði langtímauppbyggingu og neyðaraðstoð og er með starfsemi um heim allan í yfir 190 löndum.

Samhljómur við áherslur í þróunarsamvinnu-stefnu Íslands er mikill. Sem dæmi má nefna að vel er gætt að jafnréttis- og mannréttindaáherslu Íslands í framlagi Íslands á árinu til jafnréttis-sjóðs UNICEF sem vinnur sérstaklega að því að fjölga tækifærum stúlkna til menntunar í raunvísindum, tæknigreinum, verkfræði og stærðfræði, einna helst í samhengi við neyðarástand.

Stærstu samstarfsverkefni Íslands og UNICEF hafa verið vatns- og hreinlætisverkefni í samstarfsríkjum Íslands í tvíhliða þróunarsamvinnu, Úganda og Síerra Leóne og þá veittu íslensk stjórnvöld 250 milljónum króna til mannúðarákalls UNICEF snemma á árinu vegna flutnings á COVID-19 bóluefnum til þróunarríkja.

Mannfjöldasjóður Sameinuðu þjóðanna

Stuðningur Íslands við Mannfjöldasjóð Sameinuðu þjóðanna (UNFPA) jókst á árinu í takt við rammisamning og skuldbindingar Íslands í Kynslóð jafnréttis-verkefninu. Stofnunin vinnur að kyn- og frjósemisheilbrigðismálum, aðgengi að mæðravernd og tryggingu frjósemisréttinda. UNFPA er leiðandi í að veita þjónustu við þolendur kynferðisbrota á átakasvæðum og samræmist stefna hans því vel áherslum Íslands í aðgerðabandalaginu gegn kynbundnu ofbeldi í Kynslóð jafnréttis-verkefninu.

Á liðnu ári gerði Ísland samning við UNFPA um stuðning við samstarfsverkefni UNFPA og UNICEF um upprætingu limlestingar á kynfærum kvenna og stúlkna (FGM). Samningurinn kveður á um framlög til fjögurra ára og samræmist verklagsáherslum Íslands um að veita regluleg og fyrirsjáanleg framlög til áherslustofnana. Samstarfsverkefnið hófst árið 2008 og hefur að markmiði að uppræta FGM í sautján samstarfslöndum þar sem FGM-aðgerðir eru útbreiddar fyrir 2030. Fjórði fasi verkefnisins hófst 2022 en þrátt fyrir umtalsverðan árangur víðsvegar blasir við að markmiðið um upprætingu FGM mun ekki nást. Þá hefur COVID-19 faraldurinn leitt til röskunar á framgangi verkefnisins en FGM, eins og kynbundið ofbeldi almennt, jókst á tímum heimsfaraldursins.

Umfang starfsemi UNFPA er mikið og rekur stofnunin verkefni í 156 löndum. Samstarf Íslands við UNFPA á vettvangi er víðfeðmt og fjölbreytt en stofnunin gegnir lykilhlutverki í þróun- og mannúðaraðstoð í Úkraínu og Afganistan, auk samstarfsríkja Íslands í tvíhliða þróunarsamvinnu.

Ungliðaverkefni Sameinuðu þjóðanna

Þátttaka Íslands í ungliðaverkefni Sameinuðu þjóðanna (Junior Professional Officer Programme) felur í sér að ungt, háskólamenntað fólk er kostað til starfa hjá samstarfsstofnunum Sameinuðu þjóðanna á vettvangi. Bæði styrkir verkefnið starfsemi stofnana Sameinuðu þjóðanna ásamt því að íslenskum ungmennum gefst færi á að öðlast reynslu í fjölþjóðlegri þróunarsamvinnu, sem skilar sér margfalt í mannauði og sérfræðiþekkingu.

Verkefnið var tekið upp að nýju árið 2021 en það var áður starfrækt á árunum 2005-2015 og stefnt er að því að kosta þrjá ungliða til starfa á ári. Viðkomandi samstarfsstofnun Sameinuðu þjóðanna tekur ákvörðun um ráðningu en ráðning er til eins árs með möguleika á framlengingu um eitt ár til viðbótar. Á liðnu ári hófu þrír íslenskir ungliðar störf í gegnum verkefnið, einn hjá Barnahjálpi Sameinuðu þjóðanna (UNICEF) í Kenía, annar hjá Þróunaráætlun Sameinuðu þjóðanna (UNDP) í Simbabwe og sá þriðji hjá Mannfjölda-sjóði Sameinuðu þjóðanna (UNFPA) í Malaví.

Loftslagsmál í þróunarsamvinnu

Í samræmi við stefnu stjórnvalda er mikil áhersla lögð á loftslagsmál í þróunarsamvinnu og aukið samstarf við fjölþjóðlegar stofnanir, þá helst á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, um loftslagsmál.

Fjármögnun loftslagsaðgerða í þróunarríkjum var eitt af meginviðfangsefnum loftslagsráðstefnunnar í Glasgow 2021, COP26. Í lokayfirlýsingu ráðstefnunnar eru hátekkjuríki hvött til að auka verulega framlög sín til slíkra aðgerða, og lögð sérstök áhersla á að styðja við aðlögun þróunarríkja að afleiðingum loftslagsbreytinga. Á síðasta ári var markvisst unnið að því að skoða leiðir til að verða við þessu ákalli.

Aðlögunarsjóðurinn er einn þriggja sjóða sem heyra undir rammisamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (UNFCCC) en hinir eru Græni loftslagssjóðurinn og Sjóður fyrir fátækustu þróunarríkin. Aðlögunarsjóðurinn fjármagnar aðlögunaraðgerðir að loftslagsbreytingum í viðkvæmum samfélögum í lágtekjuríkjum. Sjóðurinn var stofnaður 2001 og til þessa hafa verkefni studd af sjóðnum gagnast meira en 31 milljón íbúa þeirra ríkja heims er lægstur tekjur hafa. Sjóðurinn leggur áherslu á að styðja verkefni sem tengjast landbúnaði, matvælaöryggi, vatnsstjórnun og skóglendi, sem og á fjármögnun nýsköpunarverkefna, meðal annars í samstarfi við einkafyrirtæki.

Með því að gerast aðili að Aðlögunarsjóðnum mun Ísland fylgja helstu samstarfslöndum sínum í því að leggja aukna áherslu á aðlögunaraðgerðir í þróunarsamvinnu. Ísland gerðist á ríkjaráðstefnunni í Egyptalandi, COP27, aðili að óformlegum samstarfshópi ríkja sem leggur áherslu á að auka hlutdeild loftslagsfjármögnunar til aðlögunaraðgerða.



Aðlögunarsjóðurinn fjármagnar aðlögunaraðgerðir að loftslagsbreytingum í viðkvæmum samfélögum í lágtekjuríkjum.

Græni loftslagssjóðurinn var stofnaður árið 2011 og heyrir einnig undir rammisamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsmál. Sjóðurinn er stærsti alþjóðlegi loftslagssjóðurinn sem leggur til fjármagn til loftslagsaðgerða og hefur nú þegar fjárfest fyrir meira en þrettán milljarða bandaríkjadala í verkefnum í lág- og meðaltekjuríkjum. Ísland á í fyrsta sinn fulltrúa í stjórn Græna loftslagssjóðsins.

Önnur verkefni með loftslagsaðgerðir í brenni-depli eru stuðningur við Loftslagsloforðið (Climate Promise), sem er sjóður á vegum UNDP, og við SOFF (Systemic Observations Financial Facility), sem er uppbyggingarsjóður fyrir samræmdar athuganir vegna veður- og loftslagsþjónustu í lágtekjuríkjum á vegum Alþjóðaveðurfræðistofnunarinnar. Ísland á sæti í stýrinfundum beggja sjóða.

Loftslagsloforðið veitir þróunarríkjum sérstakan stuðning við framkvæmd landaáætlana þeirra gagnvart Parísarsamningnum (NDC). Verkefnið styður um eitt hundrað ríki með það að markmiði að hægt sé að taka skrefið frá „loforðum“ til „efnda“.

Markmið SOFF er að byggja upp innviði tengda mælingum á veðri og loftslagi á þeim stöðum þar sem skortur er á slíkum upplýsingum. Sérstaklega er lítið til fátækustu þróunarríkjana, ekki síst smárra eyþróunarríkja (SIDS) þar sem innviðir og þekking er ekki til staðar til að byggja upp slík mælikerfi. Sjóðnum var formlega ýtt úr vör á ríkjaráðstefnunni í Egyptalandi í nóvember.

Sustainable Energy for All (SEforALL) er alþjóðastofnun sem starfar með stofnunum Sameinuðu þjóðanna, fjármálastofnunum, framlagsríkjum, einkafyrirtækjum og félagasamtökum að framgangi heimsmarkmiðs um sjálfbæra orku. Ísland hefur stutt starfsemi stofnunarinnar frá stofnun hennar árið 2011. SEforALL leggur áherslu á að eyða orkufátækt. Ísland styður við sérstakt verkefni á vegum stofnunarinnar sem stuðlar að valdeflingu kvenna og ungmenna í orkugreinum. Árið 2022 setti stofnunin á fót sérstakan sjóð sem styrkir fyrirtæki í þremur ríkjum Afríku sem eru að þróa orkulausnir sem nýta sólarorku.

Þróunarsamvinnunefnd OECD

Þróunarsamvinnunefnd OECD (DAC) er lykilvettvangur fyrir framlagsríki og hagsmunaaðila þegar kemur að stefnumótun, viðmiðum og setningu staðla í þróunarsamvinnu. Hlutverk nefndarinnar felst meðal annars í að efla samhæfingu og skilvirkni framlaga með það að markmiði að heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna náist í þróunarríkjum. Þróunarsamvinnunefndin veitir aðgang að margvíslegum gögnum og sérfræðiráðgjöf, auk faglegrar rýni og eftirfylgni. Litháen bættist við sem 31. aðildarríki nefndarinnar á árinu.

Sem lítið framlagsríki er mikilvægt fyrir Ísland að þróunarsamvinnan sé virðisaukandi í hnattrænu samhengi og virk þátttaka í

þróunarsamvinnunefndinni hjálpar Íslandi við markvissa mótun þróunarsamvinnustefnu. Þá er nefndin vettvangur þar sem Ísland getur staðið vörð um þau gildi og málefnaáherslur sem Ísland stendur fyrir í alþjóðlegri þróunarsamvinnu.

Árið 2022 var viðburðaríkt ár á vettvangi þróunarsamvinnunefndarinnar og sérfræðingar Íslands tóku þátt í fjölmörgum nefndum og vinnuhópum á vegum hennar, svo sem um jafnréttismál, málefni smáeyþróunarríkja og á sviði nýsköpunar í þróunarsamvinnu. Utanríkisráðuneytið stóð fyrir vinnustofu um nýsköpun í þróunarsamvinnu sem haldin var í Reykjavík í lok september með stuðningi nýsköpunarteymis nefndarinnar. Vinnustofuna sóttu, auk sérfræðinga ráðuneytisins, fulltrúar úr röðum frjálsra félagasamtaka, frá fyrirtækjum, stofnunum og fræðasamfélaginu

Eitt af meginhlutverkum þróunarsamvinnunefndar OECD er jafningjarýni þar sem fulltrúar ríkja með stuðningi sérfræðinga nefndarinnar taka út fyrirkomulag og framkvæmd þróunarsamvinnu í aðildarríkjum hennar. Fulltrúar utanríkisráðuneytisins ásamt sérfræðingum gríska utanríkisráðuneytisins og sérfræðiteymi OECD tóku þátt í fyrstu jafningjarýni á þróunarsamvinnu Ungverjalands. Ísland var ekki einungis úttektaraðili á árinu, heldur fór fram jafningjarýni á þróunarsamvinnu Íslands, þar sem fulltrúar Suður-Kóreu og Slóvakíu sátu í rýniteyminu ásamt sérfræðingum þróunarsamvinnunefndarinnar. Vettvangsvinna vegna jafningjarýnnar fór fram í Reykjavík í október og niðurstöður hennar munu liggja fyrir í apríl 2023.

Utanríkisráðherra stýrði umræðum á ráðherra-fundi Þróunarmiðstöðvar OECD (DEV) í október í tilefni þess að 60 ár voru liðin frá stofnun miðstöðvarinnar. Sérstök áhersla var lögð á græn umskipti og jafnréttismál, auk þess sem framtíðaráherslur í starfi þróunarmiðstöðvarinnar voru ræddar.

Á fundi Alþjóðlegs samstarfs um virkni þróunarsamvinnu (GPEDC) sem haldinn var í desember í Genf var ný yfirlýsing um aukna skilvirkni og betri árangur í þróunarsamvinnu samþykkt af bæði framlags- og viðtökuríkjum.

Þróunarsamvinnunefnd

Þróunarsamvinnunefnd starfar samkvæmt lögum um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands, nr. 121/2018 og sinnir meðal annars ráðgefandi hlutverki við stefnumarkandi ákvarðanatöku um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands ásamt því

að fylgjast með framkvæmd hennar. Utanríkisráðherra skipar fulltrúa og varamenn þeirra til fjögurra ára í senn. Nefndin var endurskipuð um mitt ár 2021 og er samsett af fimm fulltrúum íslenskra félagasamtaka sem starfa á sviði þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoðar, tveimur fulltrúum skipuðum í samráði við samstarfsnefnd háskólastigsins og tveimur fulltrúum skipuðum í samstarfi við aðila vinnumarkaðarins. Að auki sitja í nefndinni fulltrúar frá hverjum þingflokki á Alþingi. Formaður nefndarinnar er skipaður án tilnefningar af ráðherra og hefur Þórir Guðmundsson gegnt því hlutverki frá 2021. Töluverð endurnýjun varð í nefndinni eftir alþingiskosningar þegar nýir fulltrúar flokka á þingi voru skipaðir.

Þróunarsamvinnunefnd fundaði sex sinnum á árinu 2022 og fjallaði um helstu viðfangsefni þróunarsamvinnu á vegum stjórnvalda. Innrás Rússa í Úkraínu og afleiðingar hennar voru viðvarandi efni á fundum nefndarinnar enda áhrifin á þróunarsamvinnu veruleg. Utanríkisráðherra kom tvisvar á fund nefndarinnar á árinu 2022 líkt og lög gera ráð fyrir, greindi frá ferðum sínum til Úkraínu og Malaví og kynnti auk þess Síerra Leóne sem nýtt samstarfsríki.

2.5 Úttektir

Úttektir eru fastur liður í verklagi þróunarsamvinnu en í þeim er lagt mat á árangur verkefna og lærdómur dreginn af því sem vel gengur. Unnið er eftir úttektarstefnu Íslands fyrir 2020-2023 þar sem markmið og framkvæmd úttekta eru skilgreind í samræmi við alþjóðlegt verklag og kröfur þróunarsamvinnunefndar OECD (DAC). Árleg úttektaáætlun var gefin út í lok árs 2021 og úttektir birtar á heimasíðu ráðuneytisins.

Úttekt á landsáætlun Íslands um konur, frið og öryggi 2018-2022 lauk í febrúar 2022. Í landsáætlun eru settar fram aðgerðir af Íslands hálfu til að styðja við málefni sem varða ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1325 um konur, frið og öryggi og aðrar tengdar ályktanir. Markmið úttektarinnar var að meta árangur landsáætlunar Íslands og leggja fram tillögur um hvað betur megi fara í starfi Íslands í málaflokknum. Voru tillögur nýttar til að fylgja eftir framkvæmd núverandi áætlunar til loka árs 2022 og til mótunar nýrrar áætlunar 2023.

Miðannarúttekt á verkefni SOS Barnaþorpa um forvarnir og aðgerðir gegn kynferðislegri misbeytingu á börnum í Ogou-héraði í Tógó lauk í mars 2022. Úttektin var framkvæmd af staðbundnum óháðum úttektaraðila í samvinnu við SOS Barnaþorp á Íslandi og SOS Barnaþorp í Tógó. Framkvæmd verkefnisins tafðist vegna heimsfaraldursins en úttektaraðilar telja líkur standa til að verkefnið skili áætluðum árangri og jafnvel framúrskarandi árangri með framlengingu á verkefnatíma.

Lokaúttekt á öðrum áfanga byggðapróunarverkefnis í Úganda á sviði mennta- og vatnsmála í Buikwe-héraði lauk í maí 2022. Niðurstöður benda til þess að stuðningur Íslands hafi stuðlað að umbyltingu í aðgengi að vatni, hreinlætismálum og menntun barna í samfélögum Buikwe-héraðs við strendur Viktoríuvatns en rík áhersla er lögð á mikilvægi þess að hlúa að verkefnaþáttum sem tryggja sjálfbærni til framtíðar í áframhaldandi starfi Íslands á svæðinu.

Fjárhagsúttektum á umsýslu skóla GRÓ með þróunarsamvinnufé lauk í október. Niðurstöður úr fjárhags-úttektum eru ekki gerðar opinberar en þær verða nýttar til áframhaldandi umbótastarfs af hálfu utanríkisráðuneytisins, GRÓ og skólanna fjögurra.

Þá lauk óháðri úttekt á samstarfi utanríkisráðuneytisins við aðila atvinnulífsins á sviði alþjóðlegrar þróunarsamvinnu í desember. Í úttektinni kemur fram það mat að Heimsmarkmiðasjóðurinn hafi náð þeim meginmarkmiðum sínum að byggja upp samstarf við fyrirtæki og lagt er til að Ísland hefji nýtt starfstímabil Heimsmarkmiðasjóðs sem verði með svipuðu sniði og áður. Jafnframt er lagt til að hlúð verði að þeim fjölmörgu tækifærum sem felast í ráðgjafalistum ráðuneytisins og alþjóðlegu samstarfi.

Á árinu tók Ísland einnig þátt í samráðshópi fyrir lokaúttekt UN Women á þátttöku kvenna og stúlkna á sviði friðar, öryggis og enduruppbyggingar í Mósambík sem Ísland hefur stutt frá 2017. Úttekt verður gefin út í byrjun árs 2023. Sameiginlegri lokaúttekt á vatns- og hreinlætisverkefni á vegum Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna (UNICEF) og Íslands í Síerra Leóne var jafnframt hleypt af stokkunum í lok árs. Verkefnið beinast að samfélögum við sjávarsíðuna og snúa að bættu aðgengi að vatni og hreinlætisaðstöðu til að auka velferð og lífsgæði barna og fjölskyldna þeirra. Stefnt er að því að þeirri úttekt verði lokið um mitt ár 2023.

2.6 GRÓ – Þekkingarmiðstöð þróunarsamvinnu

GRÓ – Þekkingarmiðstöð þróunarsamvinnu er sjálfstæð miðstöð sem starfar undir merkjum UNESCO, Mennta-, vísinda- og menningarmála-stofnunar Sameinuðu þjóðanna og miðar að því að koma íslenski sérfræðiþekkingu á framfæri við þróunarríkin. GRÓ-skólarnir fjórir, Jafnréttisskólinn, Jarðhitaskólinn, Landgræðsluskólinn og Sjávarútvegsskólinn, hafa starfað um áratuga-skeið og frá upphafi verið ein af meginstöðum í alþjóðlegri þróunarsamvinnu Íslands.

Alls komu 92 sérfræðingar frá þróunarlöndunum til Íslands í fimm til sex mánaða þjálfun á vegum GRÓ árið 2022. Í lok árs höfðu 1.578 einstaklingar útskrifast úr skólunum fjórum frá upphafi. Sjávarútvegsskólinn útskrifaði stærsta hópinn frá upphafi, 27 sérfræðinga, í febrúar. Í maí útskrifaði Jafnréttisskólinn 23 nemendur og Landgræðsluskólinn 19 nemendur í september. Jarðhitaskólinn kvaddi 43. útskriftarhópinn, 23 sérfræðinga, í október. Meirihluti þeirra sem komu til Íslands í þjálfun á vegum GRÓ árið 2022 voru konur, eða 54 prósent. Þá voru 28 prósent nemenda frá tekju-lægstu löndunum (LDCs), 52 prósent voru frá lág- og miðtekjuríkjum (LMICs) og 17 prósent úr hópi tekjuhæstu þróunarríkjana (UMICs).

Þrír útskrifuðust með doktorsgráðu á árinu á skólustykk frá GRÓ. Kona frá Mongólíu varð fyrsti doktorinn til að útskrifast með styrk frá Landgræðsluskólanum. Þá lauk líberískur karlmaður doktorsprófi með styrk frá Sjávarútvegsskólanum og karlmaður frá Kenía doktorsgráðu með styrk frá Jarðhitaskólanum. Til viðbótar útskrifuðust fimm með meistara-gráðu með

styrk frá Jarðhitaskóla GRÓ á árinu, þrír karlar og tvær konur. Alls hafði í lok ársins 21 doktor útskrifast með skólustykk frá GRÓ og 101 lokið meistara-gráðu.

Fjöldmörg styttri námskeið voru að auki haldin á vettvangi á árinu á vegum GRÓ eða í gegnum fjarfundabúnað auk þess sem nýju netnámskeiði var hleypt af stökkunum.



Nemendur Jarðhitaskóla GRÓ árið 2022 heimsóttu gosstöðarnar í Merardölum.

GRÓ markaði sér breytingakenningu á árinu (Theory of Change) sem unnin er eftir aðferða-fræði UNESCO við árangurstjórnun. Þar eru sett fram þau langtímaáhrif sem GRÓ stefnir að í starfinu og hvernig GRÓ mun markvisst vinna að því að stuðla að þeim breytingum. Einnig setti miðstöðin sér markmið og ákvarðaði áherslur fram til ársins 2027 sem nýtast til að mæla árangur af starfi miðstöðvarinnar.

GRÓ – Þekkingarmiðstöð þróunarsamvinnu



1.578

nemendur hafa lokið 5-6 mánaða þjálfun á Íslandi.



101

nemandi hefur lokið meistaranámi.



21

nemandi hefur lokið doktorsnámi.



4.391

nemandi hefur lokið styttri námskeiðum.

Jafnréttisskólinn

195 5 mánaða diplómanám

0 Lokið meistaranámi

0 Lokið doktorsnámi

357 Lokið styttri námskeiðum

Jarðhitaskólinn

766 6 mánaða þjálfun

80 Lokið meistaranámi

5 Lokið doktorsnámi

2602 Lokið styttri námskeiðum

Landgræðsluskólinn

175 6 mánaða þjálfun

2 Lokið meistaranámi

1 Lokið doktorsnámi

169 Lokið styttri námskeiðum

Sjávarútvegsskólinn

442 6 mánaða þjálfun

19 Lokið meistaranámi


15 Lokið doktorsnámi

1263 Lokið styttri námskeiðum

2.7 Samstarf við frjáls félagasamtök

Íslensk stjórnvöld leggja ríka áherslu á öflugt samstarf við félagasamtök sem stuðlar að árangri og fjölbreytni verkefna í þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoð, framgangi heimsmarkmiðanna og bættum lífskjörum í þróunarríkjum. Tímamót urðu í samstarfi ráðuneytisins við félagasamtök í mars þegar utanríkisráðherra undirritaði ramma-samninga við fjögur íslensk félagasamtök sem starfa á sviði mannúðaraðstoðar og þróunarsamvinnu. Markmið samstarfsins er að auka árangur og skilvirkni verkefna og veita félagasamtökunum fyrirsjáanleika sem auðveldar skipulagningu verkefna og eykur viðbragðsflýti, til dæmis þegar neyðarástand skapast. Með tilkomu ramma-samninga var hætt að veita sérstaka styrki til mannúðarverkefna á vegum frjálsra félagasamtaka.

Ríki/svæði þar sem íslensk félagasamtök störfuðu 2022



- Afganistan ● Eþíópía ● Kenía
- Kongó, Lýðstjórnarlýðveldið ● Líbería
- Malaví ● Palestína ● Sambía
- Síerra Leóne ● Sómalía ● Sýrland
- Tansanía ● Tógó ● Úganda ● Úkraína

Samtökin fjögur eru Rauði krossinn á Íslandi, Hjálparstarf kirkjunnar, SOS Barnaþorpin á Íslandi og Barnaheill – Save the Children á Íslandi. Samningarnir gilda til þriggja ára, fram til ársloka 2024. Alls voru veittar 550 milljónir króna í gegnum ramma-samninga á árinu, 240 milljónir til mannúðarverkefna og 310 milljónir til þróunarsamvinnuverkefna. Tveir samráðsfundir

með hverjum aðila voru haldnir á árinu þar sem farið var yfir undirbúning og framgang verkefna og rætt um leiðir til að skerpa á verklagi og auka skilvirkni.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi hófu undirbúning að þróunarsamvinnuverkefnum í Síerra Leóne og Líberíu sem lúta að forvörnum gegn ofbeldi gagnvart börnum og þjónustu við þolendur. Á sviði mannúðaraðstoðar leggja samtökin áherslu á uppbyggingu barnvænna svæða í Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó. Auk þess hafa framlög verið veitt í sérstakan alþjóðlegan viðbragðssjóð vegna átakanna í Úkraínu.

Hjálparstarf kirkjunnar vinnur að þremur verkefnum á sviði þróunarsamvinnu í Eþíópíu og Úganda. Lögð er áhersla á að auka viðnámsþrótt gegn loftslagsbreytingum, bættu lífsafkomu og jafnrétti kynjanna. Verkefni á sviði mannúðaraðstoðar hafa farið fram vegna stríðsins í Úkraínu og Eþíópíu til að mæta afleiðingum átaka og þurrka.

Rauði krossinn á Íslandi leggur áherslu á viðnámsþrótt og samfélagslega drifin þróunarsamvinnuverkefni, sjálfbæra endurheimt skóglendis og verkefni á sviði jafnréttismála í Malaví, Sómalíu og Síerra Leóne. Mannúðaraðstoð hefur runnið til stríðshrjáðrar Úkraínu og nærliggjandi ríkja en einnig til að bregðast við hungri af völdum þurrka á Horni Afríku.


SOS Barnaþorpin á Íslandi leggja áherslu á fjölskylduefningu sem felur í sér forvarnarverkefni þar sem sárafátækar barnafjölskyldur fá stuðning til að efla sjálfbærni og viðnámsþrótt. Samtökin vinna að verkefnum í Malaví, Tógó og Eþíópíu.

Auk ramma-samninga var félagasamtökum boðið að sækja um styrki frá ráðuneytinu í gegnum tvær leiðir, annars vegar vegna smærri þróunarsamvinnuverkefna og hins vegar kynningar- og fræðslustyrki. Alls voru veitt vilyrði fyrir sjö styrkjum til nýrra þróunarsamvinnuverkefna á árinu, samtals 55 milljónir króna en öll verkefni sem hlutu styrk eru framkvæmd í Afríku.

Þá var alls rúmum 45 milljónum króna veitt til kynningar- og fræðsluverkefna félagasamtaka innlands á árinu. Markmið styrkjanna er að styðja við þá viðleitni að vekja athygli á þróunarsamvinnu og mannúðarmálum og hvetja almenning til að taka þátt og auka þekkingu sína á þessum málefna-sviðum.

Í nóvember var haldinn árlegur samráðsfundur ráðuneytisins og allra félagasamtaka í þróunarsamvinnu á Íslandi. Í heimsókn sinni til Malaví í desember kynnti ráðherra sér einnig starf SOS Barnabörpna og Rauða krossins í landinu.

Styrkveitingar til verkefna íslenskra félagasamtaka 2022



2.8 Samstarf við atvinnulífið

Í stefnu Íslands um alþjóðlega þróunarsamvinnu er lögð áhersla á samstarf við atvinnulífið. Í því felst annars vegar að styðja við uppbyggingu atvinnulífs í þróunarríkjum og hins vegar að hvetja einkageirann á Íslandi til að leggja sitt af mörkum til verðmæta- og atvinnuskapandi verkefna í þróunarríkjum og vinna þannig að framgangi heimsmarkmiðanna. Lausnir, sérþekking og fjárfestingar íslenskra fyrirtækja geta stuðlað að aukinni hagsæld og tækifærum fyrir fólk í þróunarlöndum til að brjóta úr viðjum fátæktar.

Tæknileg ráðgjöf til alþjóðastofnana


Sjálfbær nýting náttúruauðlinda og jafnréttis-, umhverfis- og loftslagsmál eru áherslusvið í íslenski þróunarsamvinnu. Þróunarframlag Íslands er meðal annars veitt með tæknilegri aðstoð til alþjóðastofnana í samræmi við þessi áherslusvið. Frá árinu 2018 hefur verið auglýst eftir ráðgjöfum, jafnt fyrirtækjum sem einstaklingum, til að sinna verkefnum á sviði fiskimála, jarðhita, vatnsaflsvirkjana, jafnréttismála og landgræðslu í alþjóðlegu þróunarsamstarfi. Á grundvelli samstarfsyfirlýsinga sem gerðar hafa verið við alþjóðastofnanir, svo sem Alþjóðabankann og FAO, geta þær óskað eftir sérfræðiráðgjöf, einkum við undirbúning og gæðamat verkefna. Umsýsla og eftirlit er á hendi Ríkiskaupa. Árið 2022 komu íslenskir ráðgjafar meðal annars að verkefnum

við jarðhita-, vatnsafls- og fiskimálaverkefni í El Salvador, São Tomé, Malaví, Esvatíní og Tonga. Úttekt á samvinnu ráðuneytisins við atvinnulífið í þróunarsamvinnu náði einnig til framkvæmdar á tæknilegri ráðgjöf til alþjóðastofnana og voru þar settar fram tillögur um hvernig þróa megi þetta verkefni áfram.

Heimsmarkmiðasjóður atvinnulífs um þróunarsamvinnu

Heimsmarkmiðasjóður hefur starfað frá árinu 2018 og hefur það hlutverk að hvetja íslensk fyrirtæki til að kanna viðskiptatækifæri í þróunarríkjum og vera þannig viðbót við skuldbindingar Íslands á sviði þróunarsamvinnu. Sjóðurinn styrkir einkum verkefni fyrirtækja sem stuðla að atvinnusköpun og sjálfbærum hagvexti í þróunarríkjum gegn sambærilegu mótframlagi fyrirtækjanna. Styrkumsóknir eru metnar á faglegum forsendum af sjálfstæðum matshópi sem horfir til getu fyrirtækjanna og samstarfsaðila þeirra til að inna verkefni af hendi sem og til gæða verkefnis. Sérstök áhersla er lögð á þýðingu verkefnisins fyrir tilgreindan markhóp, þróunaráhrif þess í viðtökuríkinu og sjálfbærnimöguleika verkefna til framtíðar. Þá skulu verkefni stuðla að því að heimsmarkmiðin náist og taka mið af stefnu Íslands í þróunarsamvinnu.

Verkefni Heimsmarkmiðasjóðs 2022



Árið 2022 var þrisvar kallað eftir umsóknum fyrirtækja í heimsmarkmiðasjóð; í febrúar, maí og október. Alls bárust sautján umsóknir um styrki. Átta verkefni höfðu hlotið styrk í árslok 2022 og sjö umsóknir til viðbótar voru enn til umfjöllunar. Verkefni sem hlutu styrk tengjast meðal annars stoðtækjaverkefni í Úkraínu, nýtingu jarðhita í Djibútí og Eþíopíu, bættu markaðsaðgengi víetnamsks sjávarfangs, augnskimun til að forða blindu á Indlandi, nýtingu jarðhita til teppurrkunar í Kenía og notkun sáraróðs við meðhöndlun brunasára í Egyptalandi.

Sjóðurinn var stofnaður til þriggja ára en starfsemin fór hægt af stað, aðallega vegna áhrifa frá heimsfaraldrinum. Um 272 milljónir króna hafa verið bundnar samkvæmt samningum en á áætlun ársins 2022 var gert ráð fyrir 200 milljón króna fjárveitingu í sjóðinn. Að loknum þriggja ára starfstíma sjóðsins, sem var framlengdur um eitt ár, var gerð fagleg úttekt á samvinnu ráðuneytisins við atvinnulífið. Í tengslum við úttektina

var haldin vinnustofa með íslenskum fyrirtækjum og ráðgjöfum og skýrsla óháðs úttektaraðila var birt á vefsíðu ráðuneytisins í árslok 2022. Þar eru lagðar til margar umbótatillögur sem miða að því að auka áhuga atvinnulífsins á viðskiptum í þróunarríkjum og hvernig betur megi efla tengsl íslenskra fyrirtækja við alþjóðlegar fjármála- stofnanir sem vinna að uppbyggingu einkageirans í þróunarríkjum. Unnið verður úr tillögum skýrslunnar samhliða uppfærslu stefnu Íslands í þróunarsamvinnu í upphafi árs 2023.

Virk þátttaka einkageirans í nýsköpunarvinnustofu þróunarsamvinnunefndar OECD á haustmánuðum vekur bjartsýni um áhuga íslenskra fyrirtækja á þátttöku í þróunarsamvinnu á komandi árum. Þessi aukni áhugi af hálfu fyrirtækja og gróska í verkefnum þeirra eru vitnisburður um að tækifæri séu til staðar fyrir aukna aðkomu atvinnulífsins að þróunarsamvinnu Íslands.

3 Utanríkisviðskipti

| Ráðherrafundur EFTA fór fram í Borgarnesi í júní.



3.1 Almennt

Góð lífskjör á Íslandi byggjast meðal annars á greiðum aðgangi fyrir vörur og þjónustu að erlendum mörkuðum og stöðugu framboði innflutningsafurða. Alþjóðlegt viðskiptaumhverfi hefur gengið í gegnum miklar breytingar á undanförunum árum, ekki síst vegna innrásar Rússlands í Úkraínu og COVID-19 faraldursins.

Sem lítið og opið hagkerfi er Ísland háð því að alþjóðlegt viðskiptaumhverfi hvíli á fyrirsjáanlegum og skýrum leikreglum, hvort sem er á grundvelli Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) eða fríverslunarsamninga eða annarra viðskipta-samninga. Loftferðasamningar gera millilandaflug Íslenskra flugfélaga mögulegt, tvísköttunarsamningar auðvelda einstaklingum og fyrirtækjum að starfa í fleiri en einu ríki og vernd fjárfestinga er grundvöllur erlendra fjárfestinga á Íslandi og fyrir samkeppnishæfni Íslenskra fyrirtækja á erlendri grundu. Samningurinn um Evrópska efnahags-svæðið (EES) myndar sem áður grunnstoð fyrir markaði Íslands innan Evrópusambandsins. Að sama skapi tryggir fríverslunarsamningurinn við Bretland kjarnahagsmuni Íslands á þeim mikilvæga markaði.

Eftirfarandi er yfirlit yfir þá vinnu sem hefur farið fram undanfarið ár er miðar að því að tryggja sem best viðskiptakjör og samkeppnisstöðu Íslenskra fyrirtækja á alþjóðamörkuðum auk þess sem á undan er fjallað um viðskipti við einstök ríki.

3.2 Staða utanríkisviðskipta


Um fjöllun um viðskipti við helstu viðskiptaríki Íslands má finna í [kafla 1.8](#) um tvíhliða samvinnu.

Vöru- og þjónustuviðskipti og erlend fjárfesting

Utanríkisviðskiptastefna Íslands gengur út á að auka viðskipti með vörur og þjónustu auk erlendra fjárfestinga. Þetta er gert með gerð fríverslunarsamninga, fjárfestingasamninga og tvísköttunarsamninga, auk starfsemi Íslandsstofu sem hefur meðal annars það markmið að auka erlendar fjárfestingar. Í eftirfarandi kafla má finna tölulegar upplýsingar um vöru- og þjónustuviðskipti Íslands, erlenda fjárfestingu, umfang útflutningsvara í heild sinni og eftir helstu vörutegundum, helstu viðskiptalöndum og ríkjaflokkum, umfang þjónustuútflutnings í heild sinni og eftir helstu flokkum auk þróunar útflutningstekna.

Útflutningur vöru og þjónustu 2013-2022

Upphæðir í milljónum króna




*Þjónustuviðskipti 2021 byggja á bráðabirgðatölum

● Vörur (fob) ● Þjónusta

Vöruútflutningur eftir vörutegundum 2013-2022


Upphæðir í milljónum króna



Vörutegundir	2021		2022	
Sjávarafurðir	296.176,6	38,8%	349.096,5	34,9%
Afurðir áls	284.434,1	37,3%	403.012,5	40,2%
Iðnaðarvörur, aðrar	112.167,5	14,7%	167.551,2	16,7%
Landbúnaðarvörur	45.279,4	5,9%	57.517,8	5,7%
Aðrar vörur	24.358,4	3,2%	24.451,3	2,4%
Vöruútflutningur alls	762.416,0	100%	1.001.629,3	100%

Þjónustuútflutningur eftir flokkum 2013-2022

Upphæðir í milljónum króna



* Tölur frá 2022 byggjast á bráðabirgðatölum

Þjónustuflokkur	2021		2022	
Farþegaflutningar með flugi	37.800,7	8,5%	118.429,9	16,0%
Ferðalög	165.377,4	37,1%	329.317,6	44,6%
Gjöld fyrir notkun hugverka ót.a.	8.518,5	1,9%	11.135,5	1,5%
Fjarskipta-, tölvu- og upplýsingaþjónusta	53.070,5	11,9%	63.260,5	8,6%
Önnur viðskiptaþjónusta	59.608,2	13,4%	69.893,2	9,5%
Önnur þjónusta	120.790,7	27,1%	146.205,1	19,8%
Þjónustuútflutningur alls	445.166,0	100%	738.241,8	100%


Vöruútflutningur eftir helstu viðskiptalöndum og ríkjahópum

Land/ríkjahópur	2021	2022	Breyting milli ára	Hlutfall af heildar-útfl. 2021	Hlutfall af heildar-útfl. 2022
Evrópa	625.660,0	824.817,3	31,8%	82,1%	82,3%
ESB (27)	500.127,0	661.514,1	32,3%	65,6%	66,0%
EFTA	27.480,0	57.388,6	108,8%	3,6%	5,7%
Holland	206.411,4	376.079,4	82,2%	27,1%	37,5%
Bretland	72.689,5	90.018,5	23,8%	9,5%	9,0%
Þýskaland	45.771,4	65.227,8	42,5%	6,0%	6,5%
Frakkland	60.942,8	63.771,2	4,6%	8,0%	6,4%
Noregur	24.637,1	53.247,7	116,1%	3,2%	5,3%
Spánn	89.654,4	42.599,2	-52,5%	11,8%	4,3%
Danmörk	18.644,8	25.609,2	37,4%	2,4%	2,6%
Pólland	17.294,4	19.057,2	10,2%	2,3%	1,9%
Portúgal	14.240,7	15.151,0	6,4%	1,9%	1,5%
Belgía	11.509,6	11.868,3	3,1%	1,5%	1,2%
Færeyjar	5.900,1	8.077,5	36,9%	0,8%	0,8%
Svíþjóð	4.988,0	7.000,0	40,3%	0,7%	0,7%
Litáen	6.526,9	6.598,1	1,1%	0,9%	0,7%
Ungverjaland	5.424,1	5.804,8	7,0%	0,7%	0,6%
Ítalía	4.737,1	5.685,8	20,0%	0,6%	0,6%
Norður- og Suður-Ameríka	79.379,7	107.427,7	35,3%	10,4%	10,7%
Bandaríkin	58.822,1	77.909,1	32,4%	7,7%	7,8%
Kanada	14.147,5	17.932,4	26,8%	1,9%	1,8%
Grænland	2.295,5	3.841,7	67,4%	0,3%	0,4%
Afríka	11.207,0	10.177,7	-9,2%	1,5%	1,0%
Nígería	8.403,8	9.161,2	9,0%	1,1%	0,9%
Asía	43.259,8	53.807,7	24,4%	5,7%	5,4%
Japan	12.947,6	21.893,4	69,1%	1,7%	2,2%
Kína	16.457,8	21.351,1	29,7%	2,2%	2,1%
Hong Kong	891,5	310,7	-65,1%	0,1%	0,0%
Eyjaálfa og Suðurskautslandið	2.909,5	5.399,1	85,6%	0,4%	0,5%
Ástralía	2.500,0	4.741,7	89,7%	0,3%	0,5%
Heildarvöruútflutningur	762.415,7	1.001.629,4	31,6%	100%	100%

Upphæðir eru í milljónum króna.

Umfang utanríkisviðskipta 2021

Upphæðir í milljónum króna




Þjónustuútflutningur eftir völdum löndum og heimsálfum *

Land/ríkjahópur	2021	2022	Breyting milli ára	Hlutfall af heildar-útl. 2021	Hlutfall af heildar-útl. 2022
Bandaríkin	130.108	235.945	81,3%	29,2%	32,0%
Bretland	48.898	73.490	50,3%	11,0%	10,0%
Þýskaland	34.266	59.598	73,9%	7,7%	8,1%
Kanada	13.778	30.020	117,9%	3,1%	4,1%
Danmörk	18.913	28.628	51,4%	4,2%	3,9%
Frakkland	14.240	27.860	95,7%	3,2%	3,8%
Holland	20.228	26.336	30,2%	4,5%	3,6%
Noregur	13.184	20.765	57,5%	3,0%	2,8%
Belgía	14.841	16.430	10,7%	3,3%	2,2%
Svíþjóð	11.017	16.217	47,2%	2,5%	2,2%
Sviss	12.236	14.892	21,7%	2,7%	2,0%
Spánn	6.094	13.015	113,6%	1,4%	1,8%
Evrópa	245.112	389.873	59,1%	55,1%	52,8%
Ameríka	155.047	285.065	83,9%	34,8%	38,6%
Asía	32.163	40.998	27,5%	7,2%	5,6%
Afríka	1.958	1.372	-29,9%	0,4%	0,2%
Eyjaálfa og heimskautasvæði	6.661	12.189	83,0%	1,5%	1,7%
Ótilgreint á land	4.225	8.745	107,0%	0,9%	1,2%
Alls	445.166	738.242	65,8%		

* Bráðabirgðatölur / Upphæðir eru í milljónum króna.






























Þróun útflutningstekna

Upphæðir í milljónum króna



* Þjónustuútflutningur 2022 byggist á bráðabirgðatölum.

Inn- og útflutningur eftir helstu viðskiptalöndum og ríkjaflokkum 2021

Land/ríkjahópur	ÚTFLUTNINGUR				INNFLUTNINGUR			
	Vörur		Þjónusta		Vörur		Þjónusta	
1  Holland*	206.411,4	27,1%	20.227,5	4,5%	66.826,7	6,8%	40.784,4	11,0%
2  Bandaríkin	58.822,1	7,7%	130.108,4	29,2%	64.401,6	6,6%	47.262,0	12,8%
3  Bretland	72.689,5	9,5%	48.897,8	11,0%	56.454,5	5,8%	45.458,3	12,3%
4  Þýskaland	45.771,4	6,0%	34.266,4	7,7%	84.997,6	8,7%	19.144,6	5,2%
5  Noregur	24.637,1	3,2%	13.183,6	3,0%	96.692,4	9,9%	16.176,7	4,4%
6  Danmörk	18.644,8	2,4%	18.912,7	4,2%	75.417,6	7,7%	26.487,3	7,2%
7  Spánn	89.654,4	11,8%	6.093,7	1,4%	19.309,5	2,0%	20.946,5	5,7%
8  Kína	16.457,8	2,2%	2.546,2	0,6%	87.747,8	9,0%	2.234,9	0,6%
9  Frakkland	60.942,8	8,0%	14.239,6	3,2%	23.368,7	2,4%	6.074,0	1,6%
10  Svíþjóð	4.988,0	0,7%	11.017,1	2,5%	42.954,8	4,4%	17.315,8	4,7%
11  Írland	6.336,1	0,8%	11.930,4	2,7%	11.077,3	1,1%	24.460,3	6,6%
12  Brasilía	1.671,4	0,2%	550,4	0,1%	48.942,4	5,0%	140,9	0,0%
13  Belgía	11.509,6	1,5%	14.841,0	3,3%	18.896,0	1,9%	5.948,9	1,6%
14  Pólland	17.294,4	2,3%	3.184,2	0,7%	23.612,7	2,4%	6.814,8	1,8%
15  Ítalía	4.737,1	0,6%	6.796,1	1,5%	28.697,2	2,9%	5.050,0	1,4%
16  Kanada	14.147,5	1,9%	13.777,6	3,1%	8.882,5	0,9%	4.684,7	1,3%
17  Sviss	2.826,5	0,4%	12.236,4	2,7%	9.562,3	1,0%	12.321,0	3,3%
18  Japan	12.947,6	1,7%	5.674,9	1,3%	15.687,7	1,6%	353,4	0,1%
19  Litáen	6.526,9	0,9%	1.434,4	0,3%	11.789,1	1,2%	3.526,8	1,0%
20  Portúgal	14.240,7	1,9%	2.581,0	0,6%	3.248,1	0,3%	2.827,2	0,8%
21  Færeyjar	5.900,1	0,8%	3.823,0	0,9%	1.302,9	0,1%	9.185,8	2,5%
22  Ástralía	2.500,0	0,3%	1.954,2	0,4%	13.246,5	1,4%	1.051,6	0,3%
24  Finnland	2.112,5	0,3%	2.341,6	0,5%	8.921,8	0,9%	1.808,7	0,5%
25  Rússland	4.674,2	0,6%	2.752,5	0,6%	6.375,1	0,7%	697,8	0,2%
29  Grænland	2.295,5	0,3%	4.397,6	1,0%	2.423,2	0,2%	2.951,9	0,8%
38  Nígíría	8.403,8	1,1%	82,3	0,0%	3,2	0,0%	40,5	0,0%
EES	524.780,3	68,8%	176.394,6	39,6%	571.111,6	58,4%	224.018,1	60,7%
 ESB (27)	500.126,8	65,6%	163.053,9	36,6%	474.384,2	48,5%	207.838,1	56,3%
 Norðurlönd**	58.578,0	7,7%	53.675,6	12,1%	227.712,7	23,3%	73.926,2	20,0%
 Fríverslunarnet EFTA***	33.730,2	4,4%	38.503,3	8,6%	56.424,7	5,8%	12.775,9	3,5%


































* Rotterdam er stærsta uppskipunarhöfn Evrópu og stór hluti alls útflutnings til meginlands Evrópu fer þar um. Erfitt er að meta hversu stórt hlutfall þess útflutnings sem skráður er til Hollands verður eftir í Hollandi.

** Danmörk, Finnland, Noregur og Svíþjóð ásamt Álandseyjum, Færeyjum og Grænlandi.

*** Miðast við þau ríki sem EFTA hafði lokið fríverslunarviðræðum við 01.01.23, án tillits til hvenær samningar tóku gildi.

Upphæðir eru í milljónum króna.

Erlendar fjárfestingar eftir helstu viðskiptalöndum og ríkjaflokkum 2021

Land	Erlendar fjárfestingar á Íslandi		Íslenskar fjárfestingar erlendis	
1  Holland	189.991,9	18,6%	379.188,9	56,1%
2  Lúxemborg	229.941,2	22,5%	2,7	0,0%
3  Sviss	146.972,5	14,4%	-1.919,5	-0,3%
4  Bretland	66.871,4	6,6%	64.211,0	9,5%
5  Bandaríkin	58.863,4	5,8%	50.670,4	7,5%
6  Danmörk	78.994,7	7,7%	9.737,4	1,4%
7  Noregur	68.867,2	6,8%	8.040,9	1,2%
8  Svíþjóð	28.681,3	2,8%	12.194,5	1,8%
9  Færeyjar	4.927,6	0,5%	29.578,9	4,4%
10  Kýpur	6.185,7	0,6%	22.235,2	3,3%
11  Suður Kórea	26.475,5	2,6%	1.594,3	0,2%
12  Þýskaland	20.818,2	2,0%	5.032,5	0,7%
13  Kína	89,2	0,0%	21.189,7	3,1%
14  Caymaneyjar	16.740,4	1,6%	6,2	0,0%
15  Singapore	10.637,9	1,0%	116,1	0,0%
16  Lettland	9.320,4	0,9%	281,4	0,0%
17  Belgía	2.170,1	0,2%	6.640,5	1,0%
18  Spánn	2.236,5	0,2%	5.421,3	0,8%
19  Malta	5.964,2	0,6%	47,0	0,0%
20  Hong Kong	5.400,4	0,5%	433,2	0,1%
21  Frakkland	3.004,1	0,3%	2.520,3	0,4%
22  Finnland	4.840,9	0,5%	0,0	0,0%
23  Japan	0,0	0,0%	4.477,6	0,7%
24  Liechtenstein	4.183,1	0,4%	0,0	0,0%
25  Kanada	699,6	0,1%	3.395,8	0,5%
26  Írland	-403,5	0,0%	4.484,8	0,7%
27  Rússland	70,4	0,0%	3.890,0	0,6%
28  Chile	0,0	0,0%	3.844,4	0,6%
29  Litáen	0,0	0,0%	3.387,9	0,5%
30  Thailand	2.881,7	0,0%	182,5	0,0%
 EFTA	220.022,7	21,6%	6.121,3	0,9%
 Norðurlönd	186.311,7	18,3%	59.542,0	8,8%
 ESB	583.217,8	57,2%	453.821,3	67,2%
EES	656.268,1	64,3%	461.862,2	68,4%
OECD	940.473,0	92,2%	568.763,0	84,2%
Heildarupphæð fjárfestinga	1.020.251,6	100%	675.612,5	100%

Upphæðir eru í milljónum króna.

Mínus tölur sýna að skuldir umfram eignir.

Heimild: Seðlabankinn/OECD.

3.3 Fríverslunarsamtök Evrópu

Aðild Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA) árið 1970 hefur verið ein af grunnstöðum utanríkisviðskiptastefnu Íslands og átt mikilvægan þátt í að tryggja hagsæld hér á landi.

Aðildarríki EFTA, Ísland, Liechtenstein, Noregur og Sviss, eru háð utanríkisviðskiptum og greiðum aðgangi að erlendum mörkuðum. Meginverkefnið innan EFTA-samstarfsins er því rekstur EFTA-sáttmálans sem kveður á um tiltekin viðskiptakjör milli Sviss og hinna EFTA-ríkjanna og gerð nýrra fríverslunarsamninga sem öll EFTA-ríkin gera í sameiningu við ríki utan ESB. Áhersla er einnig lögð á að viðhalda og uppfæra fyrirliggjandi fríverslunarsamninga.

EFTA-ríkin hafa gert 29 fríverslunarsamninga við 40 ríki og ríkjasambönd utan ESB. Viðræður standa yfir um gerð fríverslunarsamninga við Indland, Kósovó, Malasíu, Moldóvu, Taíland og Víetnam. Efnislegum fríverslunarviðræðum EFTA-ríkjanna og MERCOSUR-ríkjanna (Argentína, Brasilía, Paragvæ og Úrúgvæ) lauk í ágúst 2019. Lagatæknilegri vinnu til undirbúnings undirritunar er þó ólokið.

Ísland og Noregur eru að kanna útvíkkun EFTA-fríverslunarsamnings við Kanada svo að hann taki til fleiri sviða, svo sem þjónustuviðskipta, fjárfestinga og opinberra innkaupa. Sviss og Liechtenstein hafa ákveðið að taka ekki þátt í þeirri vinnu.


Viðræður EFTA-ríkjanna og Chile um uppfærslu fríverslunarsamnings ganga vel og viðræður við SACU (Suður-Afríka, Botsvana, Lesótó, Namibía og Esvatíní) um uppfærslu fríverslunarsamnings ríkjanna eru langt komnar.

Ísland sinnti formennsku EFTA-samstarfsins á fyrri hluta ársins sem lauk með ráðherrafundi EFTA-ríkjanna í Borgarnesi. Í kjölfar innrásar Rússlands í Úkraínu sendu EFTA-ríkin frá sér sameiginlega yfirlýsingu þar sem innrásin var fordæmd. Auk þess var formlega slitið samninga-viðræðum við Rússland, Belarús og Kasakstan, sem verið höfðu í biðstöðu frá 2014. Ísland felldi einhliða niður tolla á allar innflutningsvörur frá Úkraínu og undirbúningur var hafinn við allsherjaruppfærslu fríverslunarsamnings EFTA og Úkraínu.

Á undanförunum árum hefur þunginn í starfsemi EFTA færst frá gerð nýrra samninga í að bæta framkvæmd og uppfæra þá sem fyrir eru. Þetta endurspeglast í aukinni áherslu á gagnsæi í störfum EFTA, bæði gagnvart almenningi og þingmannanefnd EFTA og ráðgjafarnefndinni. Eftirlit með því að ákvæði fríverslunarsamninga EFTA um sjálfbæra þróun séu virt hefur verið stóraukið auk þess sem greiningarvinna hefur farið fram á því hversu vel inn- og útflytjendur nýta þau fríðindi sem EFTA-samningar kveða á um. Niðurstöður þeirrar greiningar ásamt ítarlegri umfjöllun um allar fríverslunarviðræður og fundi sameiginlegra nefnda sem fram fóru á árinu eru aðgengilegar á vefsvæði EFTA.


EFTA hefur nýlega gert sérstakan kafla um rafræn viðskipti (E-commerce) sem ætlunin er að notast við í framtíðar fríverslunarsamningum EFTA við þriðju ríki. Vinnan tekur mið af þeirri öru þróun sem átt hefur sér stað í málaflokknum undanfarin ár og endurspeglar viðræður sem samhliða eiga sér stað á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO).

Fríverslunarsamningar Íslands



- Aðildarríki EFTA
- EES
- Fríverslunarsamningar EFTA
- Fríverslunarviðræðum EFTA lokið
- Tvíhliða samningar
- Yfirstandandi viðræður

Fjöldi íbúa í fríverslunarneti Íslands sem hlutfall af íbúafjölda jarðar



3.4 Evrópska efnahagssvæðið

Á árinu 2022 voru 30 ár liðin frá því að EES-samningurinn var undirritaður. Íslenskt þjóðfélag hefur á þessum tíma tekið algerum stakkaskiptum og ávinningurinn af aðild að samningnum er ótvíræður. Um það bera aukning landsframleiðslu og ráðstöfunartekna einstaklinga rakið vitni samhliða stóru auknum útflutningi og utanríkisverslun almennt. Um 60% af útflutningi Íslands á vöru og þjónustu fara til aðildarríkja EES – sem er um 450 milljóna manna heimamarkaður. EES-samningurinn hefur einnig fært okkur mikilvægar umbætur á laga- og samkeppnisumhverfi, bæði fyrir neytendur og atvinnulífið, að ónefndum fjölmörgum tækifærum á sviði mennta, vísinda, rannsókna og nýsköpunar.

Það er ekki síst á umbrotatímum eins og þeim sem við nú lifum sem samningurinn hefur sannað gildi sitt. Á það bæði við um heimsfaraldurinn og stríðið í Úkraínu. Enda þótt íslensk stjórnvöld beiti sér ávallt fyrir frjálsum milliríkjaviðskiptum á samkeppnisgrundvelli blása nú vindar í alþjóðamálum sem ekki er unnt að líta framhjá. Ísland getur þurft að skipa sér í fylkingu með öðrum til að tryggja hagvarnir og aðgengi að nauðsynlegu hráefni og aðföngum. Þetta var öllum ljóst í baráttunni við Covid-19 þegar EES-samstarfið og aðgangur að innri markaðnum skipti sköpum um óheftan aðgang að sóttvarnarbúnaði og bóluefnum.

EES-samningurinn tekur stöðugum breytingum á þeim sviðum sem hann tekur til. Uppfærsla hans krefst virkrar hagsmunagæslu og náins og uppbyggilegs samstarfs allra samningsaðila til að leysa úr þeim málum sem upp koma. Síðustu ár hefur verið unnið að umbótum og átaksverkefnum í framkvæmd EES-samningsins en það er í eðli sínu viðvarandi verkefni. Mikil áhersla er lögð á að ráðuneytin hafi fulltrúa í sendiráðinu í Brussel og geti þar sameiginlega unnið að upplýsingaöflun og hagsmunagæslu á fyrstu stigum í löggjafarstarfinu. Forgangslisti stjórnvalda

spilar lykilhlutverk í forgangsröðun verkefna en síðastliðið vor var samþykktur forgangslisti fyrir 2022–2023 og nú er unnið að markvissri eftirfylgni hans. Vísað er til frekari umfjöllunar í skýrslu utanríkisráðherra um framkvæmd EES-samningsins, þingskjal 919, sem lögð var fram á Alþingi í febrúar 2023.

3.5 Aðrir samningar sem tengjast viðskiptamálum

Loftferðasamningar

Íslenskt samfélag byggir tilvist sína meðal annars á greiðum flugsamgöngum til og frá landinu. Því til grundvallar er þétt net loftferðasamninga sem opna fyrir aðgang íslenskra flugrekenda að alþjóðamörkuðum.

Árið 2022 fóru tæplega 2,3 milljónir farþega um Keflavíkurflugvöll, þar af voru tæpar 1,7 milljónir erlendir ríkisborgarar, 27 prósent frá Bandaríkjunum, 14 prósent frá Bretlandi, 8 prósent frá Þýskalandi og 5 prósent frá hvoru landinu, Frakklandi og Póllandi. Verðmæti farþegaflutninga með flugi sem hlutfall af heildarþjónustuútflutningi 2022 voru um 118 milljarðar króna eða 16 prósent af heildinni. Þar af stafaði 56 prósent frá Bandaríkjunum, 33 prósent frá Evrópu og 2 prósent frá Asíu.

Samningar sem Ísland á aðild að ná til flugs til yfir hundrað ríkja. Þar sem samningarnir eru gagnkvæmir heimila þeir viðkomandi ríkjum einnig áætlunarflug hingað til lands. Alla loftferðasamninga má finna á utn.is/loftferdasamningar.

Flugþjónusta hefur að mestu náð sínum fyrri styrk eftir COVID-19. Samkvæmt upplýsingum frá Isavia voru flugrekendur í áætlunarflugi til Keflavíkurflugvallar fyrir upphaf faraldursins 25 að sumri til og fimmtán að vetri. Þegar faraldurinn stóð sem hæst voru flugrekendurnir aðeins tveir en voru 25 sumarið 2022.


Samningaviðræður um nýja loftferðasamninga fara fram með tvíhliða samskiptum við viðkomandi ríki. Ísland hafði frumkvæði að því á árinu að hefja viðræður við Alsír, Kasakstan, Moldóvu, Perú og Túnis og eru þær viðræður í farvegi. Að auki er leitast við að bæta við réttindi á grundvelli loftferðasamnings við Kína. Þá hélt ráðuneytið áfram átaki til fullgildingar loftferðasamningum. Heimilt hefur verið að beita samningunum frá gerð þeirra á grundvelli áritunar.

Skattasamningar


Tvísköttunarsamningar eru gerðir til að koma í veg fyrir tvísköttun, vinna gegn skattaundanskotum, stuðla að gagnkvæmum viðskiptum og fjárfestingum og tryggja samkeppnisstöðu gagnvart öðrum ríkjum.

Tvísköttunarsamningur við Ástralíu var undirritaður í október 2022. Viðræðum lauk á sama ári bæði við Sádi-Arabíu og Andorra og bíða þeir undirritunar. Gert er ráð fyrir að viðræður hefjist meðal annars við Brasilíu og Kúveit á árinu 2023.

Loftferðasamningar



Tvísköttunarsamningar



Schengen-samstarfið

Frá því að Ísland hóf þátttöku í Schengen-samstarfinu 2001 hefur samstarfið vaxið og breyst umtalsvert. Þátttökuríkjum hefur fjölgað og regluverkið í kringum samstarfið er umfangsmeira.

Nýtt kerfi um forskráningu og heimild til ferðar inn á Schengen-svæðið, ETIAS (European Travel Information and Authorisation System), á að taka gildi í lok árs 2023. Því er ætlað að auka öryggi á Schengen-svæðinu og ná betri stjórn á ytri landamærum og útlendingamálum. Þetta er sambærilegt fyrirkomulag og ESTA-fyrirkomulagið í Bandaríkjunum (Electronic System for Travel Authorization). Forskráningin mun eiga við um borgara þeirra ríkja sem njóta áritunarfrelsis inn á Schengen-svæðið.

COVID-19 hafði mikil áhrif á ferðafrelsi innan Schengen-svæðisins frá fyrri hluta árs 2020. Vegna COVID voru nánast vikulega haldnir óformlegir fjarfundir þar sem ráðherrar ræddu helst hvernig samræma mætti tímabundnar ferðatakmarkanir yfir ytri landamæri svæðisins og eftirlit á innri landamærum aðildarríkjanna. Alls tóku um 30 Schengen-gerðir gildi vegna þessa á tímabilinu 2020-22.

Auk COVID-19 hafa viðbrögð við innrás Rússlands í Úkraínu verið ofarlega á baugi undanfarið ár, en mikið hefur legið við að ná stjórn á og hafa yfirsýn yfir fjölgun flóttafólks til Evrópu vegna þessa. Neyðarnefnd ESB um samþætt pólitísk neyðarviðbrögð, IPCR (Integrated Political Crisis Response), var virkjuð í febrúar 2022. Hlutverk hennar er að samhæfa aðgerðir og viðbrögð vegna stöðunnar svo að bregðast megi hratt og örugglega við þeirri neyð sem hefur skapast, jafnt innan Úkraínu sem og í nágrennaríkjum og öðrum ríkjum innan Evrópu. Ísland á fast sæti í nefndinni.

Í mars 2022 virkjaði ESB neyðarkerfi tilskipunar um tímabundna vernd (Temporary protection mechanism) fyrir úkraínska flóttamenn. Ísland er ekki skuldbundið af þeirri tilskipun en virkjaði sambærilegt ákvæði í 44. gr. laga um útlendinga samhliða aðildarríkjum ESB.

Í desember 2022 náðist samkomulag um að veita Króatíu fulla aðild að Schengen. Samið var um nýja tilskipun um upplýsingaskipti löggæsluyfirvalda sem hefur það markmið að sporna við glæpum.

Þá náðist einnig samkomulag um tillögu framkvæmdastjórnar ESB um að viðurkenna ekki rússnesk ferðaskilríki, útgefin af hernumdum svæðum, sem Ísland framkvæmir einnig.

Undanfarin ár hafa aðildarríki Schengen unnið að innleiðingu á nýjum og uppfærðum skráningar- og upplýsingakerfum ESB á sviði landamæramála, útlendingamála og öryggis undir heitinu „Smart Borders“. Innleiðing hinna nýju kerfa hefur tafist vegna ýmissa hindrana og ekki síst heimsfaraldurs COVID-19. Ráðgert er að komu- og brottfararkerfi EES (Entry/Exit System) verði tekið í gagnið í maí 2023.

Auk mótunar og innleiðingar Schengen-gerða hefur Ísland unnið undanfarna mánuði að gerð nokkurra tvíhliða samninga við ESB á grundvelli Schengen-samstarfsins. Árið 2021 hófust samningaviðræður ESB og samstarfsríkja Schengen vegna nýs sjóðs sem á að styrkja verkefni sem leiða af Schengen-samstarfinu, svo sem til að bæta landamæravörslu. Sjóðstímabilið er 2021-2027 og mun Ísland hafa um 24 milljónir evra til þess að styrkja verkefni til stuðnings landamæravörslu og útgáfu áritana. Aðildargjöld Íslands verða 9-10 milljónir evra en sjóðurinn í heild sinni er rúmlega 6 milljarðar evra. Grunnhugmyndin að landamærasjóði er hin sameiginlega ábyrgð þátttökuríkja Schengen á vörnum ytri landamæra svæðisins. Gert er ráð fyrir að Ísland fullgildi samninginn um aðild að sjóðnum á vormánuðum 2023.

Ísland lauk í september 2022 fullgildingarferli á samningi Íslands við ESB um þátttöku í Evrópustofnun um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa á sviði frelssis, öryggis og réttlætis (European Union Agency for the Operational Management of Large-Scale IT Systems in the Area of Freedom, Security and Justice).

Í byrjun árs 2022 tók gildi ný stofnreglugerð um flóttamannastofnun ESB (European Union Asylum Agency), sem áður hét EASO, Evrópska stuðnings- skrifstofan í málefnum flóttamanna (European Asylum Support Office). Fyrir liggur að endurskoða þarf samning Noregs, Sviss, Íslands og Liechtenstein um aukaaðild að stofnuninni og eru viðræður ráðgerðar á fyrri hluta árs 2023.

Ríkisborgarar 63 ríkja og landssvæða mega ferðast til Íslands og annarra Schengen-ríkja án vegabréfsáritunar til skammtímadvalar. Almenn mega ferðamenn dvelja í allt að 90 daga á hverju 180 daga tímabili á grundvelli áritanasamninga. Á árinu 2022 bættust við þrjú lönd sem íslenskir ríkisborgarar mega ferðast til án áritunar, Barbados, Cabo Verde og Timor-Leste. Ráðgert er að að minnsta kosti þrjú lönd bætist við á árinu 2023, Katar, Kúveit og Kósovó.

Í nokkrum tilfellum þar sem ekki er í gildi samningur um áritanafrelsi fyrir skammtímadvöl hefur Ísland gert samninga um að greiða fyrir áritunum fyrir vissa hópa, svo sem íþróttafólk, opinbera aðila og viðskiptamenn. Ísland hefur gert slíka samninga við Albaníu, Rússland og Úkraínu en íslensk stjórnvöld numu samninginn við Rússland tímabundið úr gildi að hluta frá og með 2. mars 2022.

Fyrirsvarssamningar gera það kleift að sendiskrifstofur erlendra ríkja gefi út vegabréfsáritanir til Íslands, en Ísland er aðeins með sendiskrifstofur í 22 ríkjum. Fyrirsvarssamningar gera mögulegt að gefa út vegabréfsáritanir til Íslands í 95 ríkjum, í flestum tilfellum á Norðurlöndum. Á árinu 2022 voru gefnar út rúmlega 7.100 áritanir í gegnum fyrirsvarssamninga, miðað við 42.200 áritanir árið 2019, fyrir COVID-19 faraldurinn. Vegna faraldursins eru enn í gildi vissar fjöldatakmörkanir á útgáfu áritana sem unnið er að því að aflétta. Engir nýir samningar voru gerðir 2022.

Samningar um vinnudvöl

Samningar um vinnudvöl heimila erlendum ríkisborgurum utan EES að starfa á Íslandi um tíma til að kynnast landi og þjóð, stunda nám eða afla sér starfsreynslu.

Lög um útlendinga og lög um atvinnuréttindi útlendinga heimila gerð samninga um vinnudvöl. Þau voru rýmkuð árið 2022 og aldursmörkin hækkuð úr 18-26 ára í 18-31 árs og hámarksdvöl hækkuð úr einu ári í tvö. Lagabreytingin tengdist að hluta til gerð samnings við Bretland en áður hafði Ísland gert slíkan samning við Japan.

Viðræður við Kanada héldu áfram árið 2022 um gerð samnings um vinnudvöl. Gert er ráð fyrir að þeim ljúki 2023. Ráðgert er að fara í frekari samningsgerð á árinu 2023, svo sem við Ástralíu og Nýja-Sjáländ.

Samningaviðræður um viðskipti, loftslagsbreytingar og sjálfbæra þróun

Samningaviðræður Íslands, Noregs, Sviss, Nýja-Sjálands, Fídjí og Kosta Ríka um gerð samnings um loftslagsbreytingar, viðskipti og sjálfbæra þróun (Agreement on Climate Change, Trade and Sustainability (ACCTS)) hófust árið 2020. Markmið viðræðnanna er að fella niður tolla á umhverfisvænar vörur, auka frelsi í viðskiptum á umhverfisvænni þjónustu, stuðla að vönduðum umhverfismarkjum og koma böndum á ríkisstyrki til framleiðslu og notkunar jarðefnaeldsneytis. Stefnt er að því að samningaviðræðum ljúki árið 2023 og að önnur aðildarríki Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar geti orðið aðilar að samningnum í framhaldinu.

3.6 Fjölpjóðlegt viðskiptasamstarf

Alþjóðaviðskiptastofnunin

Alþjóðaviðskiptastofnunin (WTO) er helsti vettvangur fyrir ríki heims til að ræða viðskipti og semja um leikreglur sem eiga að tryggja fjárfélaglegu og úrlausn deilumála.

Ísland hefur mikla hagsmuni af því að viðhalda því gagnsæja og markaðsmiðaða regluverki alþjóðaviðskipta sem byggst hefur upp á vettvangi WTO. Með því er inn- og útflytjendum skapaður fjárfélaglegur og viðskiptum og möguleikar stærri aðildarríkja til að nota afl sitt gegn þeim smærri takmarkaðir. Ísland hefur því, ásamt fleiri ríkjum í sambærilegri stöðu, beitt sér fyrir því að núverandi viðskiptakerfi verði styrkt í sessi. Er það sérstaklega mikilvægt nú þegar verndarhyggja og ríkisihlutun færast í aukana og vaxandi spennu gætir innan WTO.

Djúpstæður ágreiningur milli Bandaríkjanna og Kína og á milli iðnríkja og lágtekjuríkja almennt hefur hægt á allri umbótavinnu á vettvangi WTO. Deiluúrlausnarkerfi stofnunarinnar hefur verið óstarfhæft í á fjórða ár sökum andstöðu Bandaríkjanna við skipun nýrra dómara við áfrýjunarnefnd WTO. Bandaríkin saka áfrýjunarnefndina um að hafa ítrekað farið út fyrir valdsvið sitt og túlkað samninga í andstöðu við upphaflegan tilgang þeirra.

Ákveðið var á ráðherrafundi WTO í júní að ráðast í umbótavinnu á deiluúrlausnarkerfinu. Einnig voru samþykktar aðgerðir til að bregðast við mögulegum matvælskortum á heimsvísu og samið var um undanþágu frá hugverkaverndarskilyrðum fyrir þróunarríki til framleiðslu COVID-19 bóluefna og bann við allra skaðlegustu ríkisstyrkjum sem veittir eru til fiskveiða.



Frá ráðherrafundi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar í júní.

Ísland er meðal ríkja sem standa að sérstökum samningaviðræðum innan WTO um rafræn viðskipti, fjárfestingalífrun og viðleitni til að auka hlut lítilla og meðalstórra fyrirtækja í alþjóðaviðskiptum. Ísland er aðili að nýtilkomnu samkomulagi um frekari einföldun og samræmingu regliverks þjónustuviðskipta. Þá er Ísland á meðal leiðandi ríkja í viðræðum um jafnrétti kynjanna og sjálfbærni alþjóðaviðskipta.

Ísland tekur virkan þátt í yfirstandandi landbúnaðarviðræðum á vettvangi stofnunarinnar og skipar sér þar í hóp ríkja sem leggja áherslu á að tekið verði tillit til sérstakra aðstæðna í tengslum við frekari skuldbindingar um ríkisstyrki og bættan markaðsaðgang í greininni.

Efnahags- og framfarastofnunin

Fimm íslenskir ráðherrar sóttu ráðherrafundi Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) á sínu sviði 2022; utanríkisráðherra, fjármála- og efnahagsráðherra, matvælaráðherra, mennta- og barnamálaráðherra og félags- og vinnumarkaðsráðherra. Auk þess tók borgarstjóri Reykjavíkur við formennsku í samstarfsneti borgarstjóra af borgarstjóra Parísar. Vinna hófst við gerð skýrslu OECD um íslenskt hagkerfi sem kynnt verður á miðju ári 2023.

OECD hefur heitið stuðningi við Úkraínu í enduruppbyggingarfasanum sem tekur við eftir stríð og sett á oddinn verkefni sem aðstoða ríki við að stuðla að lausnum við að ná markmiðum

Parísarsáttmálans og draga úr kolefnislosun (Inclusive Forum on Carbon Mitigation Approaches). Þá hefur OECD opnað fyrir aðildarferli nýrra umsóknarríkja.

Alþjóðahugverkastofnunin og tengd mál

Ísland hefur haldið uppi vörnum í vörumerkjamálu erlendis en algengt er að erlend fyrirtæki reyni að skrá landaheitið Ísland. Í [kafla 1.9](#) er sagt frá jákvæðum árangri í þeirri málsvörn fyrir Hugverkastofnu Evrópusambandsins (EUIPO) á árinu 2022.

Ísland hefur ásamt fleiri ríkjum á vettvangi Alþjóðahugverkastofnunarinnar (WIPO) reynt að tryggja landaheitum aukna vörumerkjavernd, en þau eru ekki varin á sama hátt og ríkisfánar og skjaldarmerki. Ekki náðist samkomulag í vörumerkjanefnd WIPO á fundi hennar í nóvember 2022 um að veita landaheitum aukna vörumerkjavvernd. Sú vinna heldur áfram. Utanríkisráðuneytið lagðist á árinu 2022 áfram gegn skráningu erlendra aðila á landaheiti sínu sem vörumerki út um allan heim. Á árinu 2022 var þrettán vörumerkjámálum lokið í tíu löndum og hafði Ísland betur í flestum þeirra. Á síðustu fjórum árum á undan, 2018-2021, var 45 málum lokið. Útistandandi mál 1. janúar 2023 voru tuttugu í þrettán löndum.

3.7 Viðskiptaþjónusta og samstarf við Íslandsstofu

Viðskiptaþjónusta er mikilvægt verkefni sendiskrifstofa Íslands sem vinna eftir útflutningsstefnu stjórnvalda og atvinnulífs og í samstarfi við Íslandsstofu að því að styðja íslensk fyrirtæki í sókn þeirra á erlenda markaði og veita þeim ráðgjöf.

Sendiráð Íslands eru augu og eyru okkar erlendis og svara daglega fjölda fyrirspurna um viðskiptatengsl við Ísland auk þess að kynna íslenska menningu og fyrirtæki í umdæmisríkjum sínum. Utanríkisráðuneytið starfar náið með Íslandsstofu að því að efla íslenskan útflutning og laða ferðamenn og erlenda fjárfestingu til landsins.

Útflutningsstefnan leggur áherslu á orku og grænar lausnir; hugvit, nýsköpun og tækni; listir og skapandi greinar; ferðaþjónustu, sjávarútveg og matvæli og náttúruafurðir. Þá er sjálfbærni

gegnumgangandi stef á öllum þessum sviðum og markmið íslenskra stjórnvalda að Ísland verði þekkt sem leiðandi land í sjálfbærni.


Hlutverk Íslandsstofu er að auka gjaldeyris-tekjur þjóðarinnar í þágu íslenskra útflutningsgreina og vera samstarfsvettvangur stjórnvalda og atvinnulífs.

Þjónustusamningur um starfsemi Íslandsstofu var undirritaður í febrúar 2020 af utanríkisráðherra, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, fjármála- og efnahagsráðherra og framkvæmdastjóra Íslandsstofu. Samningurinn var gerður í samræmi við ákvæði laga um Íslandsstofu sem var breytt árið 2018. Hann liggur til grundvallar starfsemi Íslandsstofu til þess að efla ímynd og orðspor Íslands, styrkja samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs á erlendum mörkuðum og laða erlenda ferðamenn og fjárfestingu til landsins. Samningurinn felur meðal annars í sér enn nánara samráð Íslandsstofu og utanríkisþjónustunnar og er ætlað að tryggja samhljóm við stefnumótun stjórnvalda og leggja grunn að markvissu og árangursríku markaðsstarfi erlendis.

Viðskiptaviðburðir

Sendiskrifstofur Íslands skipulögðu eða tóku þátt í um 300 viðskipta- og menningarviðburðum á árinu 2022. Flestir viðburðanna tengdust einni eða fleiri áherslum útflutningsstefnunnar. Mest var um viðburði á sviði lista og skapandi greina en einnig var mikil áhersla lögð á hugvít, tækni og nýsköpun auk ferðaþjónustu.

Viðburðir sendiskrifstofa 2022 eftir áherslumálum útflutningsstefnunnar



Metþátttaka íslenskra nýsköpunarfyrirtækja var á norrænu nýsköpunarráðstefnunum TechBBQ í Kaupmannahöfn í september og Slush í Helsinki í nóvember. Um 30 íslensk fyrirtæki tóku þátt í TechBBQ og 65 í Slush. Markmið ráðstefnanna er meðal annars að tengja saman sprotafyrirtæki og fjárfesta og kynna nýjungar á þessu sviði. Þátttaka Íslands í hátíðunum var skipulögð af Íslandsstofu og sendiráðunum í Kaupmannahöfn og Helsinki og stóðu sendiráðin fyrir tengslamyndunarviðburðum fyrir íslensku fyrirtækin af þessu tilefni.

Í september fór fram í Washington ráðstefna um loftslagsmál og sjálfbæra orkunýtingu þar sem íslenskt hugvít á sviði grænna lausna var í brennidepli. Sendiráð Íslands í Washington, Grænvangur og hugveitan Atlantic Council Global Energy Center stóðu fyrir viðburðinum. Markmið ráðstefnunnar, sem haldin var undir yfirskriftinni Our Climate Future: US-Iceland Clean Energy Summit, var að vekja athygli á íslensku hugviti og grænum lausnum sem geta nýst í baráttunni gegn loftslagsvánni á heimsvísu og skapa vettvang til að deila þekkingu og reynslu. Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra og Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir utanríkisráðherra voru á meðal þeirra sem tóku þátt í viðburðinum ásamt lykilaðilum frá Íslandi og Bandaríkjunum á vettvangi orkumála og grænna lausna.

Viðskiptasendinefndir

Í nóvember hélt viðskiptasendinefnd til Suður-Kóreu undir forystu undir forystu Lilju Alfreðsdóttur, menningar- og viðskiptaráðherra. Sendiráð Íslands í Tókýó og Íslandsstofa stóðu að skipulagningu heimsóknarinnar. Viðburðir og kynningar fóru fram á sviði kvikmynda og tónlistar, sjávarútvegs og sjávarútvegstækni, orkulausna og ferðaþjónustu.

Í nóvember hélt viðskiptasendinefnd til Singapúr undir forystu Áslaugu Örnú Sigurbjörnsdóttur, háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra. Markmið ferðarinnar var að kynna sér umhverfi háskóla, nýsköpunar, viðskiptalífs og leiðir sem Singapúr býður fyrirtækjum og fjárfestum sem hyggja á uppbyggingu og útrás þar í landi og fá innsýn í hvernig landið laðar til sín alþjóðlega sérfræðinga. Fulltrúar nýsköpunarfyrirtækjanna Ankeri og Kerecis tóku þátt í heimsókninni en þau stefna á þarlandan markað sem talinn er ákveðinn miðpunktur nýsköpunar og viðskipta í Asíu.

Í tengslum við opinbera heimsókn utanríkisráðherra til Finnlands fór fram málþing um grænar orkulausnir í boði Business Finland með þátttöku Íslandsstofu, Green by Iceland og íslenskra og finnskra fyrirtækja í grænni orkuframleiðslu og loftslagslausnum.

3.8 Menningarmál

Á undanförunum árum hefur Ísland getið sér orð fyrir fjölbreytt menningarlíf og sköpunarkraft. Listir og skapandi greinar eru veigamikill hluti utanríkisviðskipta og eiga stóran þátt í að skapa ímynd og viðhorf til lands og þjóðar. Stjórnvöld hafa lagt sitt af mörkum til að efla þessar greinar með stefnumótun og auknum fjárframlögum, meðal annars til alþjóðlegs samstarfs og markaðsstarfs.

Utanríkisþjónustan gegnir mikilvægu hlutverki við að kynna íslenska menningu og styðja við erlent samstarf á sviði lista og skapandi greina. Menningarmál eru meðal umfangsmestu verkefna margra sendiskrifstofa og standa þær að jafnaði fyrir á annað hundrað menningarviðburðum árlega auk þess að liðsinna listafólki og menningarstofnunum á ýmsan hátt. Markvisst hefur verið unnið að því að efla samstarf á þessu sviði á milli utanríkisráðuneytisins, menningar- og viðskiptaráðuneytisins, miðstöðva lista og skapandi greina og Íslandsstofu.



Frá kynningarviðburði um Hönnunarmars í sendiráðinu í Stokkhólmi. Sambærilegir viðburðir voru haldnir í öðrum sendiráðunum Íslands á Norðurlöndunum, í samvinnu við Miðstöð hönnunar og arkitektúrs.

Markaðsverkefnið Skapandi Ísland var kynnt í ágúst 2021 og markaði þáttaskil í kynningu á íslenskri menningu erlendis. Verkefninu eru lagðar til 90 m.kr. árlega til ársins 2025 og er því hægt að ráðast í umfangsmeiri menningarkynningar en áður og gera áætlanir til lengri tíma. Verkefnið fór vel af stað og voru mörg menningarverkefni sendiskrifstofa á árinu 2022 unnin innan ramma þess. Íslandsstofa hefur umsjón með verkefninu í samráði við Markaðsráð lista og skapandi greina. Markaðsráðið hefur skilgreint Bandaríkin, Þýskaland og Norðurlöndin sem lykilmarkaði en einnig er unnið að einstökum verkefnum í Bretlandi, Frakklandi, Kanada, Asíu og víðar.

Í kjölfar afléttingar ferða- og samkomutakmarkana undanfarinna ára var íslenskt listafólk víðförlu á árinu 2022 og tóku sendiskrifstofur Íslands þátt í undirbúningi óvenju margra stórra menningarviðburða. Í heild stóðu sendiskrifstofurnar að um 150 menningarviðburðum. Áhersla var lögð á að meta árangur viðburðanna og verður verklag við það þróað áfram í samvinnu við Íslandsstofu og miðstöðvar lista og skapandi greina.

Íslenskar menningarhátíðir erlendis

Menningarhátíðin Møt Reykjavík fór fram í einu stærsta menningarhúsi Noregs, Bærum kulturhus, frá janúar til júní 2022. Á dagskrá voru meðal annars íslenskir tónleikar, danssýningar, barnaleikhús, uppistand, myndlistarsýning og bókmenntakynning. Hátíðin var skipulögð af Bærum kulturhus í samstarfi við Bærum kommune, Viken fylkeskommune, Norsk kulturråd, sendiráð Íslands í Osló og Íslandsstofu.

Íslensk menning var einnig í hávegum höfð í París frá 23. til 26. júní síðastliðinn á stærstu íslensku menningarhátíðinni sem haldin hefur verið í Frakklandi frá 2004. Megináhersla var á íslenskar kvikmyndir og þáttagerð auk tónlistar, bókmennta og matargerðar. Listræn stjórn hátíðarinnar var í höndum Frédéric Boyer en hann hefur meðal annars verið listrænn stjórnandi á kvikmyndahátíðunum í Cannes og Tribeca. Sýndar voru nítján íslenskar kvikmyndir og var sérstök áhersla lögð á höfundarverk íslenskfranska leikstjórans Sólveigar Anspach. Hátíðin var samstarfsverkefni sendiráðs Íslands í París, Íslandsstofu, Kvikmyndamiðstöðvar Íslands og Les Arcs-hátíðarinnar í Frakklandi.



Frá kynningarviðburði um Hönnunarmars í sendiráðinu í Stokkhólmi. Sambærilegir viðburðir voru haldnir í öðrum sendiráðunum Íslands á Norðurlöndunum, í samvinnu við Miðstöð hönnunar og arkitektúrs.

Á árinu 2022 voru haldnar Taste of Iceland-hátíðir í sex borgum í Norður-Ameríku, Washington, Boston, Denver, Chicago, Toronto og Seattle, auk þess sem fyrsta hátíðin var haldin í Evrópu, í Berlín í júní. Markmið hátíðanna er að gefa almenningi á völdum markaðssvæðum smjörþefinn af íslenskrari menningu og var meðal annars boðið upp á íslenskar kvikmyndir, tónleika, myndlistar- og hönnunarsýningar, bókmennta-kynningar og íslenskan mat. Hátíðirnar eru haldnar á vegum Inspired by Iceland-verkefnisins og skipulagðar af Íslandsstofu í samvinnu við sendiskrifstofur á viðkomandi stöðum.

Menningardagskrá í Strassborg

Formennsku í Evrópuráðinu fylgir ætíð umfangsmikil menningardagskrá og veitir formennska Íslands í ráðinu, frá nóvember 2022 til maí 2023, því einstakt tækifæri til að kynna land og þjóð í Strassborg og nágrenni. Ísland býður upp á metnaðarfulla menningardagskrá sem unnin hefur verið af fastanefnd Íslands hjá Evrópuráðinu í samvinnu við utanríkisráðuneytið, menningar- og viðskiptaráðuneytið, miðstöðvar lista og skapandi greina og Íslandsstofu. Dagskráin hófst í nóvember með tónleikum hljómsveitarinnar Umbru og sérhönnuðum sporvagni með norðurljósapema og íslenskrari tónlist. Í desember fór fram bókmenntaviðburður í einni stærstu bóka-verslun borgarinnar þar sem var rætt um íslenska sagna- og bókmenntahefð og jólabókaflóðið. Á árinu 2023 verður svo meðal annars boðið upp á íslenska matarviku í samvinnu við veitingastaði í borginni, leiksýningar fyrir börn, tónleika í dómkirkju Strassborgar og sérstakan Íslandsdag í maí.



Frá tónleikum Umbru Ensemble í Strassborg í nóvember 2022 sem markaði upphafið að íslenskrari menningardagskrá í borginni í tengslum við formennsku Íslands.

Norrænt samstarf – Nordic Bridges

Menningarsamstarf norrænna sendiráða verður sífellt umfangsmeira og kynna Norðurlöndin menningu sína sameiginlega víða um heim. Á undanföllum árum hefur Norræna ráðherranefndin staðið fyrir þremur stórum menningarverkefnum erlendis, nú síðast í Nordic Bridges í Kanada 2022. Frumkvæðið að hátíðinni kom frá sendiráðum Norðurlandanna í Ottawa sem sendu inn sameiginlega tillögu til ráðherranefndarinnar. Skipulag og listræn stjórn var í höndum Harbourfront Centre í Toronto í samvinnu við menningarmálaráðuneyti á Norðurlöndunum og sendiráðin. Yfir hundrað norrænir menningarviðburðir voru haldnir víðs vegar um Kanada allt síðasta ár með þátttöku á þriðja tug íslensks listafólks.

Íslensk hönnun og myndlist á sendiskrifstofum

Utanríkisráðuneytið hefur hafið samstarf við Miðstöð hönnunar og arkitektúrs um að auka veg íslenskrar hönnunar á sendiskrifstofum Íslands og samvinnu við fagfólk á þessu sviði. Unnið er að gerð viðmiða um hönnun í opinberum rýmum sendiskrifstofa en æskilegt er að sendiskrifstofurnar minni á einhvern hátt á Ísland með tilvísunum í náttúru og menningu landsins.

Listasafn Íslands hefur nú lánað verk til fimmtán sendiskrifstofa á grundvelli samstarfs-samnings um kynningu á íslenskrari myndlist erlendis sem undirritaður var í júní 2021. Við val á verkum horfir Listasafnið meðal annars til tengsla íslensks listafólks við viðkomandi ríki. Þá hefur Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar veitt ráðgjöf varðandi mikilvæg markaðssvæði fyrir íslenska myndlist.

4 Öryggis- og varnarmál

| Frá varnaræfingunni Norður Víkingi í Hvalfirði.



4.1 Almennt


Í samræmi við varnarmálalög og forsetaúrskurð um skiptingu málefna milli ráðuneyta fer utanríkisráðherra með yfirstjórn varnarmála og mótun og framkvæmd öryggis- og varnarstefnu Íslands á alþjóðavettvangi. Aðildin að Atlantshafsbandalaginu, þar sem Ísland var í hópi tólf stofnríkja árið 1949, og varnarsamningurinn við Bandaríkin frá árinu 1951 eru meginstoðir öryggis og varna Íslands. Þannig má segja að Ísland tryggi ytra öryggi sitt og varnir með virku alþjóðlegu samstarfi, bæði marghliða og tvíhliða.

Leiðarstefin sem starfað er eftir í varnar- og öryggismálum eru sett fram í Þjóðaröryggisstefnu fyrir Ísland; að tryggja sjálfstæði, fullveldi og friðhelgi landamæra Íslands, öryggi borgaranna og vernd stjórnkerfis og grunnvirkja samfélagsins.

Framlög til verkefna á sviði öryggis- og varnarmála sem falla undir utanríkisráðuneytið hafa hækkað á undanförunum árum og voru 3,8 ma. kr. á árinu 2022 samkvæmt bráðabirgðauppgjöri. Þar af voru framlög sem sótt voru í fjáráukalög um 650 m.kr. vegna stuðnings við Úkraínu vegna stríðsátaka og hergagnaflutnings til Úkraínu. Þá koma aðrar stofnanir og ráðuneyti að verkefnum sem tengjast málaflokknum.

Fjárframlög til varnarmála á fjárlögum

Upphæðir í milljónum króna



*Í fjárlögum 2022 voru gjöldin til málflokksins 3.003,6 m.kr. Við það bættist 650 m. kr. tímabundin fjárveiting til stuðnings varnartengdra verkefna í Úkraínu.

Bandalagsríki Atlantshafsbandalagsins og önnur ríki Evrópu standa frammi fyrir fordæmalausum áskorunum í öryggis- og varnarmálum. Þann 7. mars 2022 samþykkti Þjóðaröryggisráð að fela stýrihópi ráðsins að gera tillögu að uppfærðri matskýrslu um mat á ástandi og horfum í Þjóðaröryggismálum sem kom út árið 2021 vegna hinnar alvarlegu stöðu sem komin var upp vegna innrásar Rússa í Úkraínu 24. febrúar 2022. Hópurinn skilaði skýrslunni í byrjun desember 2022.

Viðbrögð vestrænna ríkja við innrásinni í Úkraínu hafa verið hraðari og víðtækari en flestir hefðu spáð og hefur samheldni þeirra verið einstök. Rússlandi hefur verið mætt með fordæmalausum þvingunaraðgerðum, einangrun á alþjóðavettvangi og algjerri samstöðu um að styðja varnarbaráttu Úkraínu. Á sama tíma hefur Atlantshafsbandalagið brugðist við með því að auka varnarviðbúnað, ekki síst í Austur-Evrópu, með fjölgun og tilfærslu á liðsafla og aukinni viðveru. Allar þessar aðgerðir miða að því að efla árvekni, gæslu og eftirlit með landsvæði, loftrými og hafsvæði bandalagsríkja. Aðgerðirnar fela einnig í sér skýr fælingarskilaboð gagnvart rússneskum stjórnvöldum.

Frá upphafi stríðsins hefur verið öflugur stuðningur við varnarbaráttu Úkraínu og lögð áhersla á að styðja hana, meðal annars með hergögnum, mannúðaraðstoð og fjárframlögum. Settur var á laggirnar ríkjahópur (Ukraine Defence Contact Group) undir forystu Bandaríkjanna sem vinnur ötulllega að því að útvega hergögn og búnað sem getur nýst í varnarstríði Úkraínu. Hafa úkraínsk stjórnvöld lagt áherslu á að hergögn berist með markvissum hætti og það þurfi að skipuleggja og samhæfa framkvæmdina. Þá hefur aðstoðin verið að færast frá vopnum og búnaði frá tímum Sovétríkjanna yfir í nútímalegri og öflugri vopn.

Ný grunnstefna Atlantshafsbandalagsins var samþykkt á leiðtogafundi bandalagsins í Madrid í júní. Hún hafði verið í undirbúningi um langt skeið en innrás Rússlands í Úkraínu og breyttar öryggishorfur í Evrópu setja eðlilega mark sitt á hana. Stefnan undirstrikar samheldni og samstöðu bandalagsríkjanna sem byggist á tengslunum yfir Atlantsála og lýðræðislegum gildum. Grundvallarmarkmið

Atlantshafsbandalagsins er að tryggja sameiginlegar varnir. Í stefnunni er lögð áhersla á að styrkja þurfi verulega fælingu, varnir og viðbragðsgetu bandalagsins sem er hryggjarstykki þeirrar skuldbindingar sem felst í fimmtu grein stofnsáttmála bandalagsins. Áhersla er jafnframt lögð á styrkingu viðnámsþols til að tryggja öryggi samfélaga bandalagsríkja. Þá er undirstrikað mikilvægi þverlægra áherslumála; tæknilegrar nýsköpunar, loftslagsbreytinga og öryggi borgara, sem og framkvæmdar á stefnu bandalagsins um konur, frið og öryggi.

Í kjölfar innrásar Rússlands í Úkraínu sóttu bæði Finnland og Svíþjóð um aðild að Atlantshafsbandalaginu 18. maí, nokkuð sem þótt hefði nær óhugsandi nokkrum mánuðum fyrr. Það sýnir glöggð þær breytingar sem hafa orðið á öryggisumhverfi álfunnar.



Utanríkisráðherra ávarpar varnarmálaráðherra Norðurhópsins á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli í júní 2022.

4.2 Framkvæmd varnartengdra verkefna á Íslandi

Framlag Íslands til sameiginlegra varna Atlantshafsbandalagsins felst fyrst og fremst í þátttöku í samþættu loftrýmiseftirliti Atlantshafsbandalagsins, loftrýmisgæslu og æfingum bandalagsins og bandalagsríkja. Ísland veitir liðsafla vana- og bandalagsþjóða aðstöðu og gistiríkisstuðning og tryggir öruggan rekstur og getu varnarmannvirkja, eftirlits- og samskiptakerfa og búnaðar. Dagleg framkvæmd varnartengdra rekstrarverkefna á Íslandi er í höndum varnarmálasviðs Landhelgisgæslunnar á grundvelli þjónustusamnings við utanríkisráðuneytið. Náð daglegt samstarf er milli varnarmálasviðs Landhelgisgæslunnar og varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins varðandi skipulag og framkvæmd verkefna sem undir samninginn falla en stefnumótun og ákvörðunartökuvald er í höndum ráðuneytisins.

Framlag Íslands til Atlantshafsbandalagsins (NATO) 2022

10



Ísland sá NATO fyrir **tíu borgaralegum sérfræðingum** árið 2022 sem störfuðu víða um heim við fjölbreytt verkefni.



Rekstur íslenska loftvarnakerfisins, sem er hluti af samþættu loftvarnakerfi NATO. Ratsjárnar spanna stórt svæði á Norður-Atlantshafi.

140



Rekstur og umsjón með **140 varnarmannvirkjum NATO á Íslandi**.

101.000+



Gistiríkjustuðningur fyrir liðsafla bandalagsríkjanna. Rúmlega 101 þúsund gistinætur erlends liðsafla árið 2022.

Frá árinu 2008 hefur verið viðhöfð reglubundin loftrýmisgæsla Atlantshafsbandalagsins við Ísland. Þetta er liður í að gæta að nyrðri mörkum bandalagsins með kerfisbundnu rauntímaeftirliti, gæslu og auðkenningu loftfara. Verkefnið er skipulagt í samvinnu utanríkisráðuneytisins og Evrópuherstjórnar bandalagsins en starfsfólk á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli tekur þátt í því og styður við framkvæmdina. Árið 2022 lögðu Portúgal, Ítalía og Danmörk til liðsafla og flugsveitir.

Þjóðir sem hafa lagt Atlantshafsbandalaginu til flugsveitir til loftrýmisgæslu við Ísland

	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022
Bandaríkin	●		●	●	●	●	●	●	●	●	●	●		●	●
Bretland															
Danmörk		●	●						●		●				
Frakkland	●	●													
Ítalía						●				●	●	●	●	●	●
Kanada				●		●				●					
Noregur		●		●			●		●				●	●	
Portúgal					●										●
Pólland														●	
Tékkland								●	●	●					
Þýskaland			●		●										

Fjölbreyttur hópur starfsmanna, samtals ríflega 70 einstaklingar, vinnur ötulega að öryggis- og varnarmálum Íslands, meðal annars á varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins, í fastanefnd Íslands hjá Atlantshafsbandalaginu, á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli og í rat-sjár- og fjarskiptastöðvunum fjórum og í ýmsum alþjóðlegum verkefnum á vegum Íslands hjá stofnunum og herstjórnunum Atlantshafsbandalagsins.

Varnaræfingar

Varnaræfingar bandalagsríkja eru nauðsynlegar til að efla stöðuvitund og skilning Atlantshafsbandalagsins og liðsafla einstakra bandalagsríkja á aðstæðum á Íslandi, sérstöðu landsins og varnarhagsmunum. Æfingarnar gegna einnig mikilvægu hlutverki við að árétta sameiginlegar varnarskuldbindingar og stuðla þannig að fælingu. Varnarmálaskrifstofa, Landhelgisgæslan og ríkislögreglustjóri taka þátt í ýmsum æfingum í þjálfunarskygni og til að efla og viðhalda þekkingu og getu hér á landi á sviði varnarmála og til að prófa búnað og kerfi.

Varnaræfingin Norður-Víkingur fór fram á Íslandi og á hafinu kringum landið dagana 2.-14. apríl 2022. Megintilgangur æfingarinnar var að æfa varnir sjóleiða í nágrenni Íslands og mikilvægra öryggisinnviða, kerfis- og viðbúnaðargetu. Um er að ræða reglubundna tvíhliða varnaræfingu Íslands og Bandaríkjanna með þátttöku fleiri vina- og bandalagsríkja. Umfang æfingarinnar var talsvert en rúmlega 700 manns tóku þátt í henni. Varnarmálasvið Landhelgisgæslu Íslands auk sérfræðinga utanríkisráðuneytisins tóku virkan

þátt í undirbúningi og framkvæmd æfingarinnar. Þá tók Landhelgisgæslan þátt í afmörkuðum hluta hennar þegar æfð var leit og björgun á landi. Formlegur undirbúningur fyrir Norður-Víking 2024 hófst á árinu með sameiginlegum skipulagsfundum Íslands og Bandaríkjanna.

Sem fyrr stóð séraðgerðasveit Landhelgisgæslunnar fyrir sprengjuleitaræfingunni Northern Challenge. Um er að ræða fjölþjóðlega æfingu Atlantshafsbandalagsins sem haldin hefur verið frá árinu 2001. Yfir 400 sprengjusérfræðingar frá fjórtán löndum tóku þátt í æfingunni að þessu sinni.

Ísland tók einnig þátt í kaþbátaleitaræfingunni Dynamic Mongoose sem fór fram dagana 13.-23. júní. Hún fór að mestu leyti fram á hafsvæðinu milli Íslands og Noregs og að hluta til innan loftrýmisesfirtlitssvæðis Atlantshafsbandalagsins sem Ísland ber ábyrgð á. Sex skip úr fastafloata Atlantshafsbandalagsins komu til hafnar fyrir upphaf æfingarinnar til að stilla saman strengi og sinna lokaundirbúningi.

Í ágúst fylgdust starfsmenn utanríkisráðuneytisins, dómsmálaráðuneytisins og Ríkislögreglustjóra með svokallaðri Renegade-æfingu (renegade er hugtak sem notað er um flugvél sem hefur verið rænt til að valda með henni skaða) í stjórnstöð Atlantshafsbandalagsins á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli. Æfingunni var stýrt af liðsmönnum norska flughersins en framkvæmd af starfsfólki stjórnstöðvarinnar með aðstoð þriggja orrustubóta danska flughersins og í samstarfi við Isavia. Stjórnstöð Atlantshafsbandalagsins í Uedem í Þýskalandi (Combined Air Operations Center, CAOC) tók einnig virkan þátt í æfingunni en stjórnstöðin á öryggissvæðinu í Keflavík er undir stjórn CAOC í Uedem.



| Tvær þyrlur af bandaríska herskipinu USS Arlington tóku þátt í varnaræfingunni Norður-Víkingi í Hvalfirði.

Útsendir sérfræðingar

Ísland hefur um langt skeið sent borgaralega sérfræðinga til starfa innan Atlantshafsbandalagsins á starfsstöðvar sem tengjast öryggis- og varnarmálum. Þetta er hluti af framlagi Íslands til starfsemi bandalagsins, stuðlar að uppbyggingu þekkingar innanlands á verkefnum þess og sýnir í verki að Íslandi er umhugað um að leggja sitt af mörkum á þessu sviði þrátt fyrir þá sérstöðu sem felst í herleysi. Á árinu 2022 voru Íslendingar við störf í öllum Eystasaltsríkjunum á starfsstöðvum bandalagsins, í höfuðstöðvum þess í Brussel, í Evrópuherstjórninni í Mons í Belgíu, hjá flotaherstjórninni í Bretlandi og herstjórninni í Norfolk í Bandaríkjunum. Auk þess er útsendur sérfræðingur við störf í höfuðstöðvum sameiginlegrar viðbragðssveitar JEF í Englandi og þá var fulltrúi utanríkisráðuneytisins sendur til starfa í Norfolk sem tengiliður við starfsstöðvar Atlantshafsbandalagsins þar og Bandaríkjaher. Markvisst hefur verið unnið að því að efla þátttöku Íslands í herstjórnnum bandalagsins til að auka upplýsingamiðlun um aðgerðir þeirra og þróun mála í nágrenni Íslands.

Heimsóknir


Ýmsir háttsettir fulltrúar Atlantshafsbandalagsins, Bandaríkjanna og annarra bandalagsríkja á sviði varnarmála sóttu Ísland heim á árinu. Þeir kynntu sér aðstæður og aðstöðu hér á landi og funduðu með íslenskum ráðamönnum og embættismönnum. Það er mikilvægt fyrir hagsmuni Íslands að lykilmál sé meðvitað um framlag Íslands til sameiginlegra varna bandalagsins og að tryggja skilning á aðstæðum hér á landi sem eru um margt frábrugðnar því sem

gerist í samstarfslöndum okkar. Meðal gesta má nefna Michael Gilday, æðsta embættismann bandaríska flotans og staðgengil flotamálaráðherra, Eugene Black, aðmírál sjötta flota bandaríska sjóhersins, og Daniel W. Dwyer, yfirmann herstjórnarmiðstöðvar Atlantshafsbandalagsins í Norfolk, sem komu hingað til lands í tengslum við varnaræfinguna Norður-Víking. Þá kom Jim Morris, yfirmaður höfuðstöðva sameiginlegrar viðbragðssveitarinnar JEF, auk þess sem fulltrúar í varnarmálanefnd bandaríska þingsins sóttu Ísland heim. Rob Bauer, formaður hermálanefndar Atlantshafsbandalagsins kom einnig til landsins í tengslum við Hringborð norðurslóða og átti fundi með íslenskum stjórnvöldum.

Gistiríkjustuðningur og innviðir

Ísland hefur skuldbundið sig til að tryggja getu hér á landi til að taka á móti færanlegum liðsafla og veita svokallaðan gistiríkisstuðning sem felst meðal annars í að veita aðstöðu, fæði og gistingu. Slíkur stuðningur er veittur þátttakendum í verkefnum hér við land vegna loftrýmisgæslu og varnaræfinga. Gistiríkisstuðningur er einnig veittur vegna kafbátaeftirlits bandalagsríkja, aðallega Bandaríkjanna, sem farið hefur fram við Ísland frá árinu 2014 vegna aukinnar umferðar kafbáta í kringum Ísland og á Atlantshafinu. Líkt og árið 2021 var flogið frá Íslandi í slíkar eftirlitsferðir nánast alla daga ársins. Umfangið er talsvert þar sem á hverjum tíma eru gerðar út tvær til fjórtán leitarvélar. Slíkt hefur einnig í för með sér verulegan fjölda áhafnarmeðlima og stoðstarfsfólks sem gistir annaðhvort á öryggissvæðinu eða á hótelum. Gistinætur erlends liðsafla á árinu voru ríflega 100 þúsund og meðalfjöldi liðsafla á hverjum degi tæplega 280.

Gistiríkjastuðningur fyrir liðsafla bandalagsríkjanna



Í þjóðaröryggisstefnu fyrir Ísland er skýrt kveðið á um að hér á landi skuli vera fyrir hendi mannvirki, búnaður, geta og sérfræðiþekking til að mæta þeim áskorunum sem Ísland stendur frammi fyrir og til að uppfylla alþjóðlegar skuldbindingar okkar. Þannig leggur Ísland af mörkum til öryggis og varna okkar heimshluta að styðja við öryggis- og varnartengd verkefni nánustu samstarfsríkja okkar á þessu svæði.

Í sama tilgangi sinnir Ísland rekstri og viðhaldi 140 varnarmannvirki á skilgreindum öryggissvæðum. Þar má nefna flugvallarmannvirkin á Keflavíkurflugvelli, olíubirgðastöð og lagnakerfi í Helguvík og á Keflavíkurflugvelli, stjórnstöð Atlantshafsbandalagsins á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli, ratsjár- og fjarskiptastöðvar búnar hátækni búnaði og ljósleiðara sem liggur kringum landið.

Ýmsum viðamiklum viðhaldsverkefnum og nýframkvæmdum á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli lauk á árinu. Þar má nefna endurbætur á flugskýli, flughlöðum, akstursbrautum, þvottastöð fyrir flugvélar, flughlaði fyrir flugvélar með hættulegan farm og undirstöðu undir tímabundna færanlega gámabyggð. Þá var fyrsta áfanga af fjórum lokið í byggingu gistirýma fyrir erlendan liðsafla og hafist var handa við að reisa næstu byggingu. Þessi verkefni eru að stórum hluta kostuð af Atlantshafsbandalaginu og Bandaríkjunum, að gistirýmum undanskildum.

Margvísleg viðhalds- og endurbótaverkefni voru undirbúin á árinu sem koma til framkvæmdar árið 2023/2024. Þar má nefna endurbætur á aðstöðu fyrir stjórnstöð erlends liðsafla, endurnýjun á þotugildrum og meiriháttar viðgerð á „Sierra“-aksturbrautinni á Keflavíkurflugvelli. Þá var á

haustmánuðum auglýst útboð til að reisa birgðageymslu fyrir bandaríska flugherinn á öryggissvæðinu sem hýsa á búnað til reksturs flugvallar og þjónustu við flugvélar. Um er að ræða viðamikla framkvæmd og ráðgert að framkvæmdir geti hafist um mitt ár 2023.

Í samræmi við samkomulag Íslands og Bandaríkjanna eru allar framkvæmdir og starfsemi Bandaríkjanna á Íslandi háðar samþykki íslenskra stjórnvalda. Reglubundið samráð þar að lútandi er áskilið þar sem yfirstandandi og framtíðar verkefni eru rædd í þaua. Þessu til viðbótar á starfsfólk varnarmálaskrifstofu ráðuneytisins vikulega samráðsfundi með varnarmálfulltrúa bandaríska sendiráðsins á Íslandi til að tryggja upplýsingaflæði og gagnsæi.

Að auki rekur Ísland hátækni ratsjár-, fjarskipta- og samskiptakerfi, ásamt stjórnkerfisbúnaði fyrir samþætt loftrýmiseftirlit Atlantshafsbandalagsins. Hluti af þessu kerfi er ljósleiðarastrengurinn sem meðal annars tengir ratsjár- og fjarskiptastöðvarnar við stjórnstöðina á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli, oft kallaður NATO-ljósleiðarinn. Hann var lagður af Póst- og símamálastofnun fyrir rúmum þremur áratugum hringinn í kringum landið og til Vestfjarða. Um er að ræða einn streng með átta ljósleiðarapráðum. Fimm þeirra eru í eigu Mílu ehf. en hinir þrjú eru á eignaskrá Mannvirkiásjós Atlantshafsbandalagsins. Upphaflega voru þræðirnir ætlaðir til samskipta á milli stjórnstöðvar Atlantshafsbandalagsins á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli og ratsjár- og fjarskiptastöðva á landshornunum en vegna tækniþróunar er hægt að nýta hluta kerfisins fyrir borgaraleg afnot.



| Ratsjástöðin á Bolafjalli.

Í samræmi við tillögu starfshóps um ljósleiðaramálefni, sem skilaði skýrslu um ljósleiðaramál og útboð ljósleiðarabráða í febrúar 2021, var samið við Ljósleiðarann ehf. um hagnýtingu tveggja bráða í ljósleiðarastreng Atlantshafsbandslagsins að undangengnu auglýstu ferli um ráðstöfun bráðanna. Samningurinn gildir til alls að tíu ára með möguleika á framlengingu en að lágmarki til fimm ára.

4.3 Fjölþjóðasamstarf

Vægi fjölþjóðasamstarfs í öryggis- og varnarmálum hefur farið vaxandi á undanförunum árum, einkum í kjölfar innrásar Rússlands í Úkraínu. Þetta á sérstaklega við um svæðisbundið samráð og samstarf líkt þenkjandi ríkja sem er Íslandi afar mikilvægt fyrir varnir landsins. Ísland tekur virkan þátt í slíku samstarfi í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar íslenska ríkisins. Atlantshafsbandalagið er burðarás í fjölþjóðlegu öryggis- og varnarsamstarfi Íslands en jafnframt hefur svæðisbundið samstarf í öryggismálum innan smærri ríkjahópa eflst, svo sem Norræna varnarsamstarfið (NORDEFCO), Sameiginlega viðbragðssveitin (JEF) og Norðurhópurinn. Ísland fór með formennsku í Norðurhópnum árið 2022 og var fundur varnarmálaráðherra Norðurhópsins haldinn í Reykjavík í júní 2022 sem hluti af formennskunni. Enn hefur gildi öruggra fjarskiptakerfa sannað sig en fjarfundir voru margir og oft boðaðir með stuttum fyrirvara. Það á sérstaklega við í kjölfar innrásar Rússlands í Úkraínu en skemmdarverkin á NordStream gasleiðslunum og önnur atvik komu skyndilega upp og kröfðust skjóts samráðs. Möguleikinn á skjótu samráði í gegnum örugg fjarskiptakerfi er mikilvægur liður í vörnum Íslands.

Formennska Íslands í Norðurhópnum

Ísland tók að sér formennsku í Norðurhópnum fyrrihluta árs 2022 og funduðu varnarmálaráðherrar Norðurhópsins á Íslandi í júní 2022. Norðurhópurinn er samstarfsvettvangur líkt þenkjandi ríkja um öryggis og varnarmál en hann skipa Norðurlöndin, Eystrasaltsríkin, Bretland, Holland, Pólland og Þýskaland.

Atlantshafsbandalagið


Viðfangsefni og starfsemi Atlantshafsbandslagsins á liðnu ári hefur hverfst um viðbrögð við stríði Rússlands gegn Úkraínu. Ákvörðun Vladimirs Pútín Rússlandsforseta að senda hátt í tvö hundruð þúsund hermenn í allsherjarstríð gegn Úkraínu snemma morguns 24. febrúar 2022 var upphafið að árásarstríði sem á sér engin fordæmi í álfunni frá lokum seinni heimsstyrjaldarinnar. Ljóst er að með stríðsrekstri sínum hafa stjórnvöld í Moskvu þverbrotið alþjóðalög, eigin skuldbindingar og ráðist gegn þeim grunngildum og stoðum öryggis og friðar í Evrópu sem unnið hefur verið að frá lokum seinni heimsstyrjaldarinnar.

Líkt og kemur fram í skýrslu utanríkisráðherra til Alþingis 2022 hófu Rússar liðsflutninga að landamærum Úkraínu á haustmánuðum 2021. Í upphafi árs 2022 var ljóst að liðssöfnun Rússa og flutningar á árársargetu hélt áfram að suður-, austur- og norðurlandamærum Úkraínu, þar á meðal í gegnum Belarús, sem benti til þess að Rússar væru að undirbúa umfangsmiklar hernaðaraðgerðir í Úkraínu. Á þessum tíma fundaði fastaráð Atlantshafsbandslagsins og nefndir þess reglulega um ástandið og 7. janúar 2022 var boðað til aukafundar utanríkisráðherra Atlantshafsbandslagsins vegna málsins. Á fundinum ítrekuðu bandalagsríki samstöðu með Úkraínu, fullveldi landsins og landamærahelgi og mikilvægi þess að rússnesk stjórnvöld myndu draga úr spennu og feta spor diplómatiskra leiða. Ráðherrar ræddu einnig undirbúning fundar í NATO-Rússlandsráðinu sem fór fram í vikunni á eftir. Á sama tíma var einhugur um að bandalagið þyrfti að vera reiðubúið að tryggja öryggi og varnir bandalagsríkja ef Pútín skipaði her sínum að gera innrás í Úkraínu. Bandalagsríki og Rússland funduðu svo í NATO-Rússlandsráðinu 12. janúar. Á fundinum og næstu vikurnar á eftir var afar fátt sem gaf til kynna að Rússar hefðu í hyggju að leita diplómatiskra leiða og varð stríðsógnin stöðugt raunverulegri.

Hinn 24. febrúar hófst allsherjarinnrás Rússa inn í Úkraínu. Fastaráð Atlantshafsbandalagsins kom saman til fundar um fjórum klukkustundum eftir að innrásin hófst á grundvelli fjórðu greinar Norður-Atlantshafssáttmálans. Innrásin var harðlega fordæmd og lýst yfir fullri samstöðu með Úkraínu og að bandalagið myndi grípa til viðeigandi ráðstafana til að tryggja fælingu og varnir bandalagsríkja. Liður í því var ákvörðun um að virkja varnaráætlanir bandalagsins og undirbúningur að styrkingu aflstöðu bandalagsins á austurjaðri þess. Boðað var til fjarfundar leiðtoga bandalagsins hinn 25. febrúar þar sem bandalagsríki ítrekuðu skuldbindingar sínar um sameiginlegar varnir, auk þess sem hluti viðbragðssveita var sendur að austurhluta bandalagsins. Leiðtogarnir funduðu svo í Brussel 24. mars þar sem samþykkt var að efla framlínuvarnir bandalagsins með fjórum fjölþjóðlegum herfylkjum í Slóvakíu, Ungverjalandi, Rúmeníu og Búlgaríu. Á austurjaðri bandalagsins var í kringum 40.000 manna liðsafl bandalagsríkja undir stjórn bandalagsins. Hin nýju framlínuherfylki voru til viðbótar við þau fjögur sem sett voru á fót í Eystrasaltsríkjunum og Póllandi til að efla varnir bandalagsins eftir innrás og innlimun Rússlands á Krímskaga 2014.

Stuðningur almennings við aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu jókst um tæp 20 prósentustig á milli ára í könnun Maskínu frá maí 2022. Sögðust rúmlega 70 prósent Íslendinga vera jákvæð gagnvart aðild Íslands að bandalaginu samanborið við rúmlega 50 prósent árið 2021. Þá sögðust einungis 8,9 prósent vera neikvæð gagnvart aðildinni. Viðhorf almennings til varnarsamstarfs Íslands við Bandaríkin breyttist einnig töluvert frá síðustu könnun og sögðust 60,7 prósent aðspurðra vera jákvæð gagnvart samstarfinu samanborið við 43,1 prósent árið 2021.

Hversu jákvæð(ur) eða neikvæð(ur) ert þú gagnvart aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu (NATO)?



Ljóst var að stríðið myndi hafa í för með sér margvíslegar afleiðingar fyrir öryggis- og varnarmál í Evrópu til skemmi og lengra tíma og fjölmargar áskoranir á alþjóðavettvangi, meðal annars vegna hækkandi orku- og matvælavæðs. Atlantshafsbandalagið og Evrópusambandið hafa átt náið samstarf um viðbrögð við stríðinu og mikilvægar samstöðuáðgerðir við Úkraínu sem felast meðal annars í að efla og styðja getu Úkraínu til að verjast innrás Rússlands.

Viðbrögð Atlantshafsbandalagsins við vaxandi óstöðugleika á Evró-Atlantshafssvæðinu voru efst á dagskrá leiðtogafundar sem haldinn var í Madrid 29.-30. júní. Á fundinum var samþykkt ný grunnstefna Atlantshafsbandalagsins sem skilgreinir meginmarkmið og verkefni bandalagsins næsta áratuginn. Í nýrri stefnu segir að grundvallartilgangur og ríkasta skylda bandalagsins sé að tryggja sameiginlegar varnir gegn öllum ógnum úr öllum áttum og staðfastur ásetningur sé um að verja yfirráðasvæði bandalagsríkja og standa vörð um frelsi þeirra og lýðræði.

Fæling gegnir lykilhlutverki í stefnu Atlantshafsbandalagsins og miðar að því að koma í veg fyrir átök, vernda bandalagsríki og tryggja þeim svigrúm til ákvarðana og aðgerða. Undirstaða trúverðugrar fælingar er geta og vilji til standa vörð um sameiginlegar varnarskuldbindingar sem birtist í viðveru og æfingum.



Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir utanríkisráðherra og Hermann Ingólfsson fastafulltrúi Íslands gagnvart Atlantshafsbandalaginu á leiðtogafundi bandalagsins í Madrid.

Í stefnunni er Rússland skilgreint sem stærsta og beinasta ógn við öryggi bandalagsríkjanna. Rússland leitast við að stækka áhrifasvæði sitt og yfirráð með þvingunum, árásarógn og valdbeitingu og landvinningum. Meginmarkmið bandalagsins eru fæling og varnir, stjórn á hættutímum og samstarf um öryggi. Um fælingu og varnir segir að engin skuli velkjast í vafa um styrkleika og staðfestu bandalagsríkja um að standa vörð um hvern þumlung af landsvæði sínu, að tryggja fullveldi og landamærahelgi allra bandalagsríkja. Þá skuldbinda bandalagsríki sig til að styrkja verulega fælingu og varnir í lofti, á láði og legi, í netheimum og geimnum með auknum framlögum til öryggis- og varnarmála, og hærri framlögum til Atlantshafsbandalagsins.

Í stefnunni er vísað til áskorana vegna Kína, sem beitir pólitískum, efnahagslegum og hernaðarlegum aðferðum til að auka áhrif sín á alþjóðavettvangi, þar á meðal á ábyrgðarsvæði bandalagsins. Á sama tíma er vísað í strategískt samstarf Kína og Rússlands og atlögu þeirra að lögum og reglum alþjóðasamskipta sem gengur gegn gildum lýðræðisríkja og hagsmunum.

Jafnframt er mörkuð mikilvæg stefna vegna annarra ógna og áskorana. Loftslagsbreytingar eru taldar helsta áskorun samtímans sem valda neyðarástandi og magna upp aðrar ógnir sem hafa djúpstæð áhrif á öryggi bandalagsríkja. Mun Atlantshafsbandalagið verða leiðandi alþjóðastofnun um málefni loftslagsbreytinga og öryggis. Þá verður áfram unnið að því að stuðla að kynja-jafnrétti og verður áherslum varðandi loftslagsbreytingar, öryggi borgara og áætlun um konur, frið og öryggi fylgt eftir í öllu starfi bandalagsins. Sömu leiðis mun bandalagið hraða stafrænni þróun, efla netvarnir sínar og innviði og bandalagsríki styrkja viðnámsþol samfélaga til að geta brugðist við utanaðkomandi ógnum.

Í fyrsta skipti tóku leiðtogar fjögurra samstarfsríkja Atlantshafsbandalagsins á Asíu-Kýrrahafssvæðinu, Ástralía, Nýja-Sjáland, Japan og Suður-Kórea, þátt í leiðtogafundi Atlantshafsbandalagsins, auk þess sem forseti Úkraínu ávarpaði fundinn frá Kænugarði. Á fundinum voru skuldbindingar gagnvart samstarfi Atlantshafsbandalagsins og Úkraínu áréttaðar og umfangsmikil stuðningsáætlun fyrir Úkraínu (Comprehensive Assistance Package) staðfest. Í áætluninni felst meðal annars langtímastuðningur við enduruppbyggingu á öryggis- og varnarstofnunum landsins.

Á leiðtogafundinum í Madrid voru aðildarum-sóknir Finnlands og Svíþjóðar samþykktar. Hafa 28 bandalagsríki staðfest þær og vonir standa til þess að Ungverjaland og Tyrkland geri það fyrir leiðtogafund Atlantshafsbandalagsins í Vilnius í júlí 2023. Ákvörðun Finnlands og Svíþjóðar er söguleg og undirstrikar enn frekar þær viðtæku breytingar sem hafa orðið í öryggisumhverfi Evrópu í kjölfar innrásar Rússlands í Úkraínu og þá hernaðarlegu ógn sem stafar af Rússlandi. Með aðild sinni munu Finnland og Svíþjóð njóta öryggisskuldbindinga um gagnkvæmar varnir sem felast í 5. gr. Norður-Atlantshafssáttmálans. Ríkin hafa um árabil verið nánustu samstarfsríki bandalagsins og eru herir og varnarinnviðir landanna tveggja nú þegar að mestu samhæfðir herjum og varnargetu bandalagsríkja. Bæði ríki eiga hugmyndafræðilega samleið með grundvallargildum og markmiðum Atlantshafsbandalagsins og aðildin mun efla öryggi þeirra og Evró-Atlantshafssvæðisins í heild.

Sögulegar ákvarðanir leiðtoga, utanríkisráðherra og varnarmálaráðherra Atlantshafsbandalagsins á árinu 2022 hafa endurspeglad einingu og samstöðu um mikilvægi, getu og forystuhlutverk þess við að vernda milljarð borgara í bandalagsríkjunum, verja yfirráðasvæði þeirra og standa vörð um frelsi og lýðræði. Grimmilegar árásir Rússlandshers gegn Úkraínu hafa staðið yfir allt frá febrúarmánuði 2022, hvort heldur sem er á saklausa borgara eða gegn borgaralegum innviðum, og alls óvíst er hver framvinda stríðsins verður. Atlantshafsbandalagið mun áfram styðja Úkraínu með pólitískum og hagnýtum stuðningi.

Viðbrögð við ófriði í Evrópu, trúverðug fæling og varnir fyrir öryggi bandalagsríkja og stuðningur við varnarbaráttu Úkraínu var meginviðfangsefni í starfsemi Atlantshafsbandalagsins árið 2022. Árásarstríð Rússlands gegn Úkraínu hefur þegar markað djúp spor hvað þróun öryggis- og varnarmála í Evrópu áhrærir. Ljóst er að mikilvægi Atlantshafsbandalagsins hefur sjaldan eða aldrei verið meira sem og vægi þess í að tryggja öryggi og varnir Íslands og annarra bandalagsríkja á Evró-Atlantshafssvæðinu.



Utanríkisráðherra hittu Dmytro Kuleba utanríkisráðherra Úkraínu á utanríkisráðherrafundi Atlantshafsbandalagsins í apríl.

Norræna varnarsamstarfið

Ísland hefur verið aðili að norræna varnarsamstarfinu (NORDEF) síðan árið 2009. Samstarfið hefur frá þeim tíma þróast í samræmi við þær breytingar sem orðið hafa í öryggismálum í okkar nærumhverfi og er því orðið öflugara og þéttara en áður hefur verið. Þessar breytingar eiga sér margvíslegar orsakir en innrásin í Úkraínu er þar ákveðinn vendipunktur sem olli meðal annars því að Svíþjóð og Finnland sóttu um aðild að Atlantshafsbandalaginu.

Noregur fór með formennsku í norræna varnarsamstarfinu árið 2022. Noregur lagði áherslu á heildrænar varnir (Total Defence) í samvinnu við Haga-samstarfið og samstarf Norðurlanda um almannavarnir sem Ísland leiddi á síðasta ári. Norðurlöndin áttu með sér náð samráð um átökin í Úkraínu, öryggismál á norðurslóðum og síðast en ekki síst breyttar aðstæður í Norður-Evrópu í ljósi aðildarumsóknna Finnlands og Svíþjóðar.



Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir utanríkisráðherra heimsótti Kænugarð í Úkraínu ásamt utanríkisráðherrum frá öðrum Norðurlöndum og Eystrasaltsríkjum í nóvember.

Flest bendir til þess að öll norrænu ríkin verði orðin hluti af bandalaginu innan tíðar. Því þarf að ræða verklag innan samstarfsins til þess að forðast tvíverknað og koma auga á hvernig best megi nýta styrkleika Norðurlandanna innan Atlantshafsbandalagsins. Fastlega má búast við því að samstarf Norðurlandanna á hernaðarsviðinu komi til að með aukast í kjölfar inngöngu Finnlands og Svíþjóðar í bandalagið. Verið er að vinna að endurskoðaðri stefnu varnarsamstarfs Norðurlanda sem tekur mið að af þessu.

Svíþjóð tók við formennsku innan norræna varnarsamstarfsins fyrir árið 2023 og hefur Ísland samþykkt að halda varnarmálaráðherra-fund NORDEFCO ásamt Svíþjóð í Reykjavík í júní næstkomandi.

Sameiginlega viðbragðssveitin

Ísland hefur síðan 2021 verið aðili að sameiginlegu viðbragðssveitinni (Joint Expeditionary Force, JEF) sem Bretar leiða en starfsemi hennar er í örri þróun. Helsti styrkur samstarfsins er viðbragðsflýtir og möguleikar til samráðs við helstu grannríki í Norður-Evrópu, þar með talin Norðurlöndin, Eystrasaltsríkin, Bretland og Holland. Samstarfið er leitt af varnarmálaráðherrum ríkjanna sem funda reglulega en leiðtogar þeirra funduðu einnig tvisvar á síðasta ári. Unnið er að því að móta stefnu til næstu tíu ára fyrir viðbragðssveitina. Sameiginlega viðbragðssveitin hefur reynst Íslandi mikilvægur samstarfsvettvangur til þess að ræða alvarleg atvik sem upp hafa komið með skömmum fyrirvara og þar hafa örugg fjar-skiptakerfi verið ómissandi hluti af fundarsókn.

Sem hluti af stuðningi Íslands við sameiginlegu viðbragðssveitina hefur utanríkisráðuneytið einnig sent starfsmann til vinnu í höfuðstöðvum JEF í Northwood í Bretlandi.

Grannríkjasamstarf

Þann 7. júní árið 2022 undirrituðu utanríkisráðherra Íslands og varnarmálaráðherra Danmerkur sameiginlega viljayfirlýsingu um samstarf ríkjanna í öryggis- og varnarmálum. Í viljayfirlýsingunni er lögð áhersla á að efla samráð og samvinnu á friðartímum. Stefnt er að því að efla upplýsingaflæði á milli ríkjanna á þessu sviði, einkum til þess að efla stöðuvitund, þar með talið í lofti og á sjó. Þetta verður einnig gert með nánari samvinnu í gistiríkjastuðningi, á sviði þjálfunar og fleira. Auk þessa á Ísland í formlegu grannríkjasamráði við Bretland, Kanada, Svíþjóð og Noreg ásamt óformlegu samráði við fleiri ríki og stofnanir.



| Undirritun tvíhliða samnings á milli Íslands og Danmerkur.

4.4 Afvopnunarmál

Því miður hefur enn ekki tekist að rjúfa þá stöðnun sem einkennt hefur viðræður um afvopnun og framkvæmd gildandi afvopnunar-samninga undanfarin ár. Blikur eru á lofti og innrás Rússa í Úkraínu hefur meira og minna hleypt öllum afvopnunarmálum í hnút. Aðild að og stuðningur við alþjóðasamninga um afvopnun og traustvekjandi aðgerðir eru því enn sem fyrr mikilvægt framlag Íslands til að stuðla að öryggi alþjóðasamfélagsins.

Forgangsmál fyrir alþjóðaöryggi er að styrkja framkvæmd samningsins um bann við útbreiðslu kjarnavopna og friðsamlega nýtingu kjarnorku (NPT-samningsins). Það olli því vonbrigðum að í þriðja sinn í röð lauk endurskoðunarráðstefnu um NPT-samninginn án niðurstöðu. Næsta ráðstefna er fyrirhuguð á árinu 2026 en vinna við undirbúning hennar hefst í sumar.

Tvö viðvarandi viðfangsefni afvopnunar undirstrika mikilvægi NPT-samningsins, samningurinn um kjarnorkuáætlun Írans (JCPOA) og kjarnavopnauppbygging Norður-Kóreu.

Enn hefur ekki tekist að fá Bandaríkin að JCPOA-samningnum á ný en þeim samningi er ætlað að tryggja að kjarnorkuáætlun Írans beinist að friðsamlegri notkun. Engin lausn er í sjónmáli og Bandaríkjamenn segja tilgangslaust að halda áfram samtölum við Íran þar sem samningsvilji Írans sé enginn og að þarlend stjórnvöld hafi aukið auðgun úrans og hraðað framkvæmd kjarnorkuáætlunarinnar í trássi við ríkjandi samkomulag.

Kjarnavopnauppbygging Norður-Kóreu og endurteknar skotflaugaæfingar er viðvarandi áskorun fyrir alþjóðasamfélagið. Sú ógn sem af henni stafar sýnir á afgerandi og raunverulegan hátt mikilvægi afvopnunar á sviði kjarnavopna og mikilvægi þess að hamla útbreiðslu geryðingarvopna.

START-samningurinn sem setur kjarnorkustörelveldunum tveimur skorður um fjölda kjarnorkuvopna rennur út eftir þrjú ár og enn er ekkert fast í hendi um framhald hans. Þá hefur framkvæmd hans að hálfu Rússlands ekki verið fylgt eftir sem skyldi. Renni samningurinn út án þess að annað samkomulag taki gildi munu Rússar og Bandaríkjamenn í fyrsta sinn í hálfu öld (frá árinu 1972) ekki hafa neinar takmarkanir á kjarnorkuvopnabúrum sínum. Vonir sem voru bundnar við stöðugleikaviðræður Bandaríkjanna og Rússlands (Strategic Stability Dialogue), sem snúast að verulegu leyti um afvopnarmál, dofnuðu mjög á árinu en viðræðunum var hætt eftir innrás Rússa í Úkraínu. Sífelld meiri athygli beinist nú að vaxandi kjarnavopnagetu Kína og mikilvægi þess að fá kínversk stjórnvöld til að taka þátt í viðræðum um kjarnavopnaafvopnun.

Innrás Rússa í Úkraínu og óvarlegur málflutningur fulltrúa rússneskra stjórnvalda hefur ýtt undir umræðu um mögulega beitingu geryðingarvopna á borð við kjarnorkuvopn eða efnavopn í hernaði eða að kjarnorkuslys verði. Því er mikilvægt að aðildarþjóðir að bæði Alþjóðakjarnorkumálastofnunin (IAEA) og Efnavopnastofnunin (OPCW) virði skuldbindingar sínar.

Takast þarf á við nýjar ógnir sem leiða af tækniframförum í vígbúnaðargerð og nýjum átakavíddum svo sem netógnum, geimógnum og beitingu gervigreindar í hernaði, svo eitthvað sé nefnt. Það kallar á alþjóðlega samvinnu um viðbrögð.

Segja má að níunda endurskoðunarráðstefna Lífefna- og eiturvopnasamningsins (BWC) sem haldin var á árinu hafi verið ljósið í myrkrinu hvað afvopnarmál varðar. Bæði náðist samkomulag um niðurstöðu fundarins og þá var settur á fót vinnuhópur til að mæta áskorunum framtíðar og efla eftirlit með framkvæmd samningsins.

Ísland hefur skipað sér í hóp ríkja sem vinna að því að koma í veg fyrir að tækni og hlutir til að búa til kjarnavopn, efnavopn, eldflaugar og hefðbundin vopn rati í hendur óæskilegra aðila. Sem fyrr mun Ísland áfram leggja sitt af mörkum til framgangs raunhæfrar afvopnunar með virkri þátttöku á alþjóðavettvangi þar sem afvopnarmál eru til umfjöllunar og í samráði við aðrar þjóðir um hvernig beri að takast á við nýjar ógnir sem alþjóðasamfélagið stendur frammi fyrir.

4.5 Fjölpáttaógnir

Alþjóðlegt samráð um fjölpáttaógnir, þar með talið netógnir, jókst árið 2022 í kjölfar innrásar Rússlands í Úkraínu. Uppfærð grunnstefna Atlantshafsbandalagsins (Strategic Concept) sem kom út í júní fjallaði ítarlega um bæði fjölpáttaógnir og netógnir. Þar er áréttað að netárás geti kallað á viðbrögð á grundvelli fimmtu greinar Atlantshafssáttmálans um sameiginlegar varnir. Skemmdarverkin á NordStream-gasleiðslunni í Eystrasalti í lok september 2022 undirstrikuðu mikilvægi þess að ríki hugi sérstaklega að öryggi og vörnum lykilinnviða enda getur verknáður af því tagi verið liður í fjölpáttaheraði ríkja.

Aukin áhersla á alþjóðasamstarf á sviði fjölpáttaógnabirtist í umræðum og starfi á vettvangi Atlantshafsbandalagsins, í norrænu samstarfi, Evrópusamstarfi, á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, og í öðru svæðisbundnu og tvíhliða samstarfi.

Í desember 2022 kom út skýrsla þjóðaröryggisráðs um ástand og horfur í þjóðaröryggismálum þar sem ríkari áhersla en áður er lögð á fjölpáttaógnir og viðnámsþol (resilience) samfélaga. Er þetta í samræmi við aukna áherslu á málaflókkinn innan Atlantshafsbandalagsins og á vettvangi norrænnar samvinnu. Áskoranir sem tengjast viðnámsþoli samfélaga geta meðal annars falist í pólitískum og efnahagslegum þrýstingi eða þvingunum, aðgerðum sem hafa áhrif á verð eða framboð orku, og einnig falsfréttum og annarri upplýsingaóreiðu sem er til þess fallin að draga úr samfélagslegri samheldni og stöðugleika.



Í Frá ráðstefnu um netöryggi á áttakátímum sem ráðuneytið hélt í samvinnu við Evrópska öndvegissætrið um fjölþáttaðgnir.

Umfjöllun um fjölþáttaðgnir tekur mið af breyttu öryggisumhverfi eftir innrás Rússlands í Úkraínu og örrí tækniþróun síðustu ára og markast af þeirri staðreynd að ríki og aðilar tengdir ríkjum beita fjölþáttaðgnum og -aðgerðum í auknum mæli til að ná utanríkis-, öryggis- og varnarpólítískum markmiðum. Breytt öryggislandslag í Evrópu krefst aukinnar árvekni á fleiri sviðum en áður, víðtæks samráðs og samhæfingar innan stjórnsýslunnar og í fjölþjóðlegu samstarfi um málefnið.

Efld ástandsvitund og styrkara viðnámsþol, með markvissri uppbyggingu þekkingar, auknu þverfaglegu samráði, samhæfingu, samstarfi og áætlanagerð, voru í öndvegi á árinu sem og fyrri ár. Þátttaka í alþjóðlegu samstarfi og eflingu samstarfs innanlands eru einnig grundvallaratriði hvað þetta varðar.

Ísland varð aðili að Evrópska öndvegissætrinu um fjölþáttaðgnir í Helsinki (The European Centre of Excellence for Countering Hybrid Threats) í desember 2021 og hélt fyrsti íslenski sérfræðingurinn utan á vormánuðum 2022. Evrópska öndvegissætrið í Helsinki vinnur að útgáfu, rannsóknum og greiningum, og veitir auk þess þjálfun og heldur námskeið og æfingar sem miða að því að auka þekkingu og samstarf á sviði fjölþáttaðgna.

Innlent samstarf á sviði fjölþátta- og netöryggismála hefur aukist umtalsvert á árinu sem birtist meðal annars í reglubundnu samráði utanríkisráðuneytisins við embætti ríkislögreglustjóra og netöryggisveit Fjarskiptastofu (CERT-IS). Er

það í samræmi við markmið samstarfssamninga sem undirritaðir voru í september 2021 um meðal annars eflingu ástandsvitundar og getu stjórnvalda til að tryggja skilvirk viðbrögð við ógnum af þessu tagi.

Netöryggismál

Hröð tækniþróun síðustu ára hefur leitt til þess að umfang netöryggismála sem hluta af utanríkis-, öryggis- og varnarmálum ríkja hefur aukist. Ísland tekur þátt í samráði um netöryggismál innan þar til bærra alþjóðastofnana, meðal annars Sameinuðu þjóðanna, Atlantshafsbandalagsins og í norrænu samstarfi.

Rík áhersla er lögð á að efla þekkingu innan stjórnsýslunnar á mikilvægi lykilinnviða í nýrri netöryggisstefnu og aðgerðaáætlun. Fjarskiptainnviðir eru gott dæmi enda meðal meginstoða öryggis og varna hvers ríkis. Brýnt er að huga að því hvernig öryggi íslenskra fjarskiptakerfa hefur áhrif á öryggi bandalags- og samstarfsríkja Íslands.

Í febrúar 2022 gaf háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið (HVIN) út netöryggisstefnu Íslands fyrir árin 2022-2037 sem unnin var í nánu samstarfi við fulltrúa í netöryggisráði. Netöryggisráð er skipað fulltrúum opinberra aðila, þar á meðal utanríkisráðuneytisins. Það hefur umsjón með innleiðingu stefnunnar og er vettvangur upplýsingamiðlunar og samhæfingar aðgerða á sviði net- og upplýsingaöryggis. Aðgerðaáætlun stjórnvalda í netöryggismálum sem kynnt var í nóvember 2022 byggist á stefnunni.

Aðgerðaáætlunin telur 64 fjölbreyttar aðgerðir og ber utanríkisráðuneytið ábyrgð á þriðjung þeirra en í heild bera átta ráðuneyti ábyrgð á aðgerðunum. Aðgerðirnar eru flokkaðar út frá inntaki í sex undirmarkmið sem tengjast meginmarkmiðum netöryggisstefnunnar. Aðgerðir á ábyrgð utanríkisráðuneytisins eru til að mynda eftirfylgni við alþjóðleg viðmið, kortlagning á sviði netvarna, þátttaka í alþjóðlegum netvarnaræfingum, úrræðagreiningar og örugg samskipti við sendiskrifstofur. Tölvu- og tæknideild utanríkisráðuneytisins hefur í þessu samhengi hafið uppsetningu á öruggum samskiptarýmum á sendiskrifstofum Íslands en það er verkefni sem mun taka nokkur ár í framkvæmd.

Í apríl 2022 stóð utanríkisráðuneytið fyrir ráðstefnu um netöryggi á áttatímum. Í brennidepli voru netöryggi og netvarnir lykilinnviða í breyttu öryggisumhverfi Evrópu eftir innrás Rússlands í Úkraínu. Ráðstefnan var haldin í samvinnu við Evrópska öndvegissetrið um fjölþáttaógnir. Þátttakendur á ráðstefnunni voru fulltrúar úr stjórnarsýslu sem og þeirra stofnana og fyrirtækja sem bera ábyrgð á rekstri þýðingarmikilla kerfa og innviða samfélagsins.

Innlent samráð, samhæfing og samstarf hefur aukist til muna á sviði netöryggis og netvarna og má þar helst nefna samstarf við ráðuneyti háskóla, vísinda, iðnaðar og nýsköpunar og virkt samráð og samstarf við embætti Ríkislögreglustjóra og netöryggissveit Fjarskiptastofu. Eflit samráð, samhæfing og samstarf milli þessara lykilstofnana er enda grundvöllur þess að tryggja skilvirk viðbrögð og efla viðnámsþol vegna netógnna sem steðja að íslensku samfélagi og eiga uppruna sinn erlendis.

Í nýrri netöryggisstefnu er rík áhersla lögð á að byggja upp hæfni og getu innanlands. Í samræmi við áherslu á þekkingaruppbyggingu og eflingu á innlendri getu á sviði netöryggis- og netvarnarmála eru sérfræðingar á sviði öryggis- og varnarmála sendir til starfa hjá Netöryggisismiðstöð Atlantshafsbandalagsins sem rekin er af fjarskiptastofnun þess í Mons í Belgíu svo og til öndvegisseturs Atlantshafsbandalagsins á sviði netvarnarmála í Tallinn í Eistlandi (NATO Cooperative Cyber Defence Centre of Excellence).

Áfram var unnið að formlegri aðild Íslands að öndvegissetri Atlantshafsbandalagsins um netvarnir í Tallinn en Ísland er nú þegar virkur

þátttakandi í starfi setursins. Búið er við að aðildarferlinu ljúki á vormánuðum 2023. Aðild að öndvegissetrinu er liður í að efla viðnámsþol og stuðla að þekkingaruppbyggingu og aukinni viðbragðsgetu innanlands á sviði netöryggismála.

Atlantshafsbandalagið hefur skilgreint netið sem eitt aðgerðasviða bandalagsins. Uppfærð grunnstefna bandalagsins áréttar að ein eða fleiri netárásir á bandalagsríki geti náð þeim viðmiðum sem þarf til að virkja fimmtu grein Atlantshafs-sáttmálans um sameiginlegar varnir. Árás á kerfi og innviði í einu ríki getur enda haft áhrif á öryggi og varnir annarra bandalagsríkja. Það er engu að síður á ábyrgð hvers ríkis fyrir sig að byggja upp næga getu til að bregðast við aukinni ógn af völdum netárása. Bandalagsríkin hafa því skuldbundið sig til að efla enn frekar varnir eigin kerfa og innviða. Í nóvember fór fram fundur um skuldbindingu bandalagsríkjanna um netvarnir (Cyber Defence Pledge) þar sem rætt var um að uppfæra þá skuldbindingu. Jafnframt var rætt um að setja á fót viðbragðssveit vegna netvár, sem væri einskonar umgjörð utan um þann stuðning sem Atlantshafsbandalagið gæti boðið ef bandalagsríki þyrftu á honum að halda.

Skemmdarverkin á NordStream-gasleiðslunni vöktu ráðamenn og almenning óneitanlega til umhugsunar um öryggi sæstrengja við Ísland. Utanríkisráðuneytið á í virku samtali og samstarfi við lykilstofnanir sem starfa að öryggi fjarskiptainnviða, til að mynda í gegnum netöryggisráð.

Lykilinnviðir og viðnámsþol þjóða

Lykilinnviðir, öryggi þeirra og viðnámsþol þjóða hafa verið í brennidepli á árinu 2022. Áhrif innrásar Rússlands í Úkraínu á orku-, hrávöru- og matvælavæð hafa beint sjönnum að viðkvæmni aðfangakeðja og mikilvægra innviða.

Atlantshafsbandalagið hefur undanfarið lagt aukna áherslu á viðnámsþol og borgaralegar varnir (Civil defence) enda er viðnámsþol þjóða fyrsta varnarlína bandalagsríkja. Viðnámsþol snertir allt frá aðfangakeðjum til öryggis fjarskiptainnviða, bankakerfis og fjármálainnviða. Lykilinnviðir eru tengdir innbyrðis á margvíslegan hátt og getur kerfisbrestur á einu sviði haft alvarleg áhrif á virkni annarra. Í hnattvæddum heimi getur kerfisbrestur í einu landi haft áhrif á kerfi og lykilinnviði annarra ríkja.

Utanríkisráðuneytið og dómsmálaráðuneytið þróðu áfram þétt samráð á þessu sviði til að mæta áskorunum sem fylgja breyttu öryggislandslagi. Á árinu tók til starfa nefnd um viðnámsþol og borgaralegar varnir (Resilience Committee) á vegum Atlantshafsbandalagsins sem skipuð er háttsettum fulltrúum sem starfa í umboði ríkjanna.

Málefni 5G

Málefni 5G-farnetstækninnar og öryggisáskoranir þeim tengdum koma reglulega til umræðu í alþjóðlegu samstarfi á sviði öryggis- og varnarmála og eru nátengd öryggi lykिलinnviða. Í september 2022 tóku gildi ný heildarlög um fjarskipti sem innihalda meðal annars heimildarákvæði með áherslu á almannaoöryggi, öryggishagsmunir, þjóðaröryggi, viðnámsþol og innviðavernd vegna uppbyggingar fjarskiptaneta. Þannig segir í 87. gr. laganna að háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra geti, að fengnum umsögnum utanríkisráðherra og dómsmálaráðherra, „kveðið á um í reglugerð að búnaður í tilteknum hlutum innlendra fjarskiptaneta, sem teljast viðkvæmir með tilliti til almannahagsmuna eða þjóðaröryggis, skuli í heild eða að ákveðnu hlutfalli vera frá framleiðanda í ríki sem Ísland á öryggissamstarf við“. Jafnframt er kveðið á um að Fjarskiptastofa geti sett skilyrði er lúta að farneti á landsvísu telji stofnunin að farnet séu eða geti orðið mjög háð búnaði frá einum framleiðanda. Með þessu er leitast við að fyrirbyggja öryggisbresti sem fylgt geta 5G-farnetstækninni og mögulegri yfirburðastöðu eins birgjis í 5G-farnetskerfum þar sem ekki þarf einungis að huga að fjölþáttaógnum heldur einnig að viðnámsþoli aðfangakeðja.

Utanríkisráðuneytið tók virkan þátt í mótun 87. gr. nýrra fjarskiptalaga og annarra ákvæða er varða öryggishagsmunir. Ráðuneytið á í virku samstarfi við stofnanir sem koma að öruggum fjarskiptum og fylgist náið með þróun löggjafar í okkar nánustu vína- og bandalagsríkjum, einkum með tilliti til þjóðaröryggis og almannahagsmuna enda liggur fyrir að 5G-tæknin verður nýtt til samskipta innan herja Atlantshafsbandalagsins og tengdra aðila.

Upplýsingaóreiða

Falsfréttir, misvísandi eða rangar upplýsingar og áróður eru birtingarmyndir breytts öryggisumhverfis ríkja. Upplýsingaóreiða og áróðursstarfsemi af hálfu ríkja eða aðila þeim tengdum er ekki ný af nálinni en undanfarin ár hefur vægi þessara þátta aukist samhliða vexti samfélagsmiðla og gjörbreytts fjölmiðlaumhverfis. Eftir innrás Rússlands í Úkraínu hafa aðgerðir Rússlands á sviði upplýsingaóreiðu færst á nýtt stig, bæði hvað varðar umfang og inntak. Þær eru mikilvægur liður í fjölþáttaógnum sem beitt er til að ná fram öryggisþóttum markmiðum, oft samhliða eiginlegum árásum, til dæmis á innviði. Má nefna í því sambandi þá kerfisbundnu upplýsingaóreiðu sem fylgdi spellvirkjunum á NordStream-leiðslunni. Slíkar aðgerðir geta verið liður í að grafa undan trausti á lýðræðislega kjörnum stjórnvöldum og aðgerðum þeirra, valda klofningi í samfélaginu og hafa áhrif á hegðun og afstöðu borgaranna.

Reynslan hefur sýnt að viðnámsþol hér á landi gagnvart upplýsingaóreiðu er gott. Íslenskur almenningur var lítt móttækilegur fyrir falsfréttum og misvísandi upplýsingum um COVID-19 faraldurinn og sýnt þykir að falsfréttir tengdar stríðinu í Úkraínu hafa náð litlu flugi hérlandis. Engu að síður er mikilvægt að almenningur sé á varðbergi gagnvart slíkum ógnum.

Í samræmi við þróun undanfarinna ára hefur alþjóðlegt samráð um viðbrögð við upplýsingaóreiðu aukist og um leið samstarf um stefnumiðuð samskipti (Strategic Communications, StratCom). Ísland tekur virkan þátt í slíku samstarfi með líkt þenkjandi ríkjum. Má þar nefna aðild að vinnuhópi Norðurlanda og Eystrasaltsríkja sem öndvegissetur Atlantshafsbandalagsins á sviði stefnumiðaðra samskipta í Ríga í Lettlandi (NATO StratCom CoE) heldur utan um. Hópurinn kemur reglulega saman til að bera saman bækur um stöðuna í aðildarríkjunum og kallar til sérfræðinga sem kynna rannsóknir á straumum og stefnum í þessum efnunum. Ísland hefur líka tekið þátt í óformlegu samstarfi þessara sömu ríkja, Bandaríkjana, Kanada, Bretlands og fleiri,

um þessi málefni. Málaflokkurinn hefur verið sameiginlega á ábyrgð varnarmálaskrifstofu og upplýsingadeildar ráðuneytisins. Loks má nefna í þessu sambandi að Ísland hefur tekið þátt í að manna stöður upplýsingafulltrúa á vettvangi Atlantshafsbandalagsins og Sameiginlegu viðbragðsveitarinnar (JEF), meðal annars til að stuðla að því að efla reynslu og þekkingu á málaflóknum hérlandis.

Upplýsingaóreiða er hugtak sem vísar til þess þegar röngum eða misvísandi upplýsingum er dreift viljandi eða óviljandi. Því má skipta í þrennt: Misupplýsingar (Misinformation) þar sem röngum eða misvísandi upplýsingum er deilt án ásetnings og ekki til að valda skaða, rangupplýsingar (Disinformation) þar sem fölskum upplýsingunum er deilt af ásetningu og til þess að valda skaða og meinupplýsingar (Malinformation) þar sem réttum upplýsingum er deilt af ásetningu og til þess að valda skaða, til dæmis þegar persónulegum gögnum er miðlað til almennings. Þegar ríki eða aðilar þeim tengdum beita upplýsingaóreiðu er það yfirleitt til að ná efnahagslegum og pólitískum markmiðum eða til að blekkja almenning vísitandi og grafa þannig undan trausti á stjórnvöldum, alþjóðakerfinu, lýðræði, samfélagslegri samheldni og mannréttindum.

Stefnumiðaðar efnahagsaðgerðir - fjárfestingarýni


Mikilvægt er að íslensk stjórnvöld geti tryggt að viðskiptaráðstafanir sem skapa erlendum aðilum eignaraðild, yfirráð eða veruleg áhrif yfir mikilvægum innviðum hér á landi gangi ekki gegn öryggishagsmunum, þjóðaröryggi eða allsherjarreglu. Í því sambandi er mikilvægt að huga að öryggisþólitískum þáttum enda kann að felast ógn í því að erlent ríki komist í þá stöðu, beint eða óbeint, að vera með ráðandi eignarhlut í mikilvægum innviðum eða fyrirtækjum sem samfélagið reiðir sig á. Slíkar fjárfestingar í mikilvægum innviðum geta haft áhrif á svigrúm stjórnvalda til stefnumótunar og ákvarðanatöku og ógnað öryggi Íslands ef undirliggjandi áform eru af öryggisþólitískum toga.

Þróun löggjafar um fjárfestingarýni í bandalags- og samstarfsríkjum Íslands tekur mið af þessari þróun og reynslu ríkja af mikilvægi þess að hafa skýra lagaumgjörð í þessum efnum. Fjárfestingarýni bandalags- og samstarfsríkja felur í sér ítarlega og faglega greiningu á því hvort af erlendri fjárfestingu stafi hættu fyrir þjóðaröryggi eða allsherjarreglu. Evrópusambandið og Atlantshafsbandalagið leggja aukna áherslu á að efla viðnámsþol aðildarríkjanna á þessu sviði.

Mikilvægt er að íslensk stjórnvöld láti ekki sitt eftir liggja í þessum efnum og móti skýra löggjöf um fjárfestingarýni. Að sama skapi er mikilvægt að slík löggjöf sé til þess fallin að auka traust til erlendra fjárfestinga á samfélagslega mikilvægum sviðum sem og á íslensku fjárfestingaumhverfi út á við.

5 Borgaraþjónusta og upplýsingamál

Ben Wallace, varnarmálaráðherra Bretlands, á opnum fundi sem Varðberg og Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands stóðu fyrir í samvinnu við utanríkisráðuneytið í tengslum við ráðherrafund Norðrhópsins í júní 2022.



5.1 Borgarþjónusta og áritanamál

Borgarþjónusta utanríkisráðuneytisins aðstoðar íslenska ríkisborgara sem staðsettir eða búsettir eru erlendis. Sú aðstoð getur til að mynda verið vegna veikinda eða slysa, vegna heimflutnings látinna, veikra eða vegalausra ríkisborgara eða vegna sakamála og afplánunar refsíðoma erlendis. Í ákveðnum tilfellum kemur félags- og vinnumarkaðsráðuneytið einnig að málum er varða heimferðaraðstoð, í samstarfi við borgarþjónustu utanríkisráðuneytisins. Einnig er leitað til borgarþjónustunnar vegna útgáfu neyðarvegabréfa, vottunar skilríkja og skjala, yfirsetu í prófum og framkvæmd utankjörfundaratkvæðagreiðslna erlendis, auk móttöku umsókna um almenn vegabréf. Borgarþjónustan skipuleggur enn fremur aðgerðir til hjálpar Íslendingum á hættu- og hamfarasvæðum og getur liðsinnt við leit að íslenskum ríkisborgurum erlendis.

Eftir því sem heimsfaraldurinn fjaraði út og takmörkunum á ferðalög létti tóku Íslendingar að ferðast aftur í talsverðum mæli. Þar með jókst nokkuð álag á borgarþjónustu sem bárust 6.193 fyrirspurnir og erindi á árinu 2022, jafnt hingað heim í ráðuneytið sem og til kjöræðismanna og sendiskrifstofa Íslands erlendis. Kjöræðismenn Íslands voru í lok árs 207 talsins. Kjöræðismenn gegna lykilhlutverki í að veita íslenskum ríkisborgurum aðstoð á stöðum þar sem Ísland heldur ekki úti sendiskrifstofum. Þeir geta meðal annars gefið út neyðarvegabréf þegar nauðsyn krefur. Árið 2022 voru samkvæmt Þjóðskrá gefin út 532 neyðarvegabréf.

Íslendingar voru ekki einir um að flykkjast í ferðalög á árinu. Í kjölfar afnáms ferðatakmarkana fór útgáfa vegabréfsáritana til Íslands að sama skapi á flug að nýju en lítið sem ekkert hafði verið gefið út af áritunum síðan heimsfaraldur COVID-19 skall á snemma árs 2020. Heilt yfir hefur aðildarríkjum Schengen-samstarfsins gengið misvel að fóta sig í kjölfar afléttingar ferðatakmarkana á árinu. Þannig barst til dæmis metfjöldi umsókna um vegabréfaáritun til Íslands árið 2022 ef frá eru taldir umsóknir frá Moskvu og Peking sem lágu nánast alfarið niðri á árinu.

Fjöldi útgefna C-áritana 2019 - 2022

Sendiráð	2019	2020	2021	2022
Nýja-Delí*	644	726	638	1.720
Moskva	2.505	436	153	180
London*	-	6	795	2.041
Washington*	-	27	786	3.322
Peking	15.034	1.896	23	75
KL / Annað	0	0	0	52
Samtals	18.183	3.091	2.395	7.390

* Umsóknir afgreiddar í áritanadeild UTN á Íslandi.

Í ljósi þess hve skarpt ferðalög hófust að nýju og hve langan tíma tekur að þjálfa upp starfsfólk til áritanaútgáfu hafa flest aðildarríki Schengen-samstarfsins þurft að takmarka fjölda umsókna sem hægt er að taka á móti. Því munu áskoranir næsta árs meðal annars felast í að útfæra leiðir til að afnema þær takmarkanir sem settar hafa verið á móttöku umsókna um vegabréfsáritanir til Íslands.

Eitt af verkefnum deildar borgarþjónustu og áritunarmála er að staðfesta lögmæti íslenskra skjala sem nota á erlendis. Á árinu fór fjöldi útgefna Apostille-vottana og keðjustimplana í fyrsta skipti yfir 6.000. Talsverð hagræðing varð vegna notkunar nýrrar gáttar á island.is/apostille sem var liður í grænum skrefum í ríkisrekstri og einfaldaði almenningi umsóknarferlið.

Framundan er innleiðing á nýju upplýsingakerfi fyrir borgarþjónustu sem mun auka sjálfvirkni-væðingu í starfsemi deildarinnar og einfalda starfsmönnum að veita Íslendingum erlendis framúrskarandi þjónustu.

Borgarþjónusta 2022

6.193



Rúmlega **sex þúsund** fyrirspurnir og erindi bárust sendiráðum og ráðuneyti.

109



Borgarþjónustan skráði **109** erindi tengd Úkraínu og Rússlandi á árinu.

2.355



Vegabréfsumsóknir voru **2.355** talsins árið 2022 og **461** neyðarvegabréf var gefin út.

6.004



Í heild voru gefnar út **6.004** Apostille-vottanir og keðjustimplanir skjala.

Úkraína

Samhliða reglubundinni þjónustu við Íslendinga tókst borgarþjónustan á við það krefjandi verkefni í upphafi árs að aðstoða einstaklinga við að komast frá Úkraínu vegna innrásar Rússa. Borgarþjónustur Norðurlandanna unnu þétt saman frá byrjun og eins naut borgarþjónustan náins samstarfs við önnur ráðuneyti, Útlendingastofnun og fleiri stofnanir innanlands.

Áhrif innrásarinnar á áritanamál voru helst þau að afgreiðsla almennra umsókna frá Rússlandi dróst verulega saman í kjölfar refsiaðgerða Evrópusambandsins (ESB) sem meðal annars sneru beint að útgáfu áritana. Þótt Ísland sé ekki aðili að ESB var í gildi sambærilegur samningur um vegabréfsáritanir milli Íslands og Rússlands vegna þátttöku Íslands í Schengen-samstarfinu. Ísland fylgdi því frumkvæði ESB í mars og felldi úr gildi sömu ákvæði samningsins og ESB gerði og loks gervallan samninginn í september.

Sveitarstjórnarkosningar 2022


Sveitarstjórnarkosningar fóru fram 14. maí 2022. Utanríkisráðuneytið sá um framkvæmd utankjörfundaratkvæðagreiðslu erlendis, bæði í sendiráðum og hjá kjörræðismönnum. Borgarþjónustan fer með það hlutverk að skipuleggja undirbúning utankjörfundaratkvæðagreiðslu erlendis með það að markmiði að standa vörð um kosningarétt íslenskra ríkisborgara erlendis. Borgarþjónustan sá meðal annars um gerð leiðbeininga um framkvæmd kosninganna fyrir sendiskrifstofur og kjörræðismenn, að skipaðir yrðu kjörstjórar og annaðist einnig sendingu kjörgagna til sendiskrifstofa og kjörræðismanna.

Íslendingar búsettir erlendis

Um fimmtíu þúsund Íslendingar eru skráðir með búsetu erlendis, að námsmönnum meðtöldum. Enn fremur færast í vöxt að íslenskir ríkisborgarar búi erlendis hluta úr ári, án þess að flytja lögheimili sitt eða skrá þar búsetu. Má í þessu samhengi nefna að óformlega er metið að þúsundir Íslendinga dveljist langdvölum á Spáni þar sem þörf fyrir borgarþjónustu og þjónustu kjörræðismanna hefur aukist undanfarin ár.

Almennt einkenndist árið af fjölmörgum viðkvæmum málum, svo sem andlátum Íslendinga erlendis, slysum, líkamlegum og andlegum veikindum, sem og afbrotum og afplánun refsiddóma fjarri Íslands ströndum. Slík mál geta oft og tíðum verið bæði erfið og flókin í vinnslu og krefjast mikillar og góðar samvinnu aðstandenda við borgarþjónustu í ráðuneytinu eða sendi- og ræðisskrifstofur, auk annarra stjórnsýslustofnana.

Íslendingar búsettir erlendis



- Lönd þar sem Ísland starfrækir sendiskrifstofu: 44.414
- Lönd þar sem Ísland starfrækir ekki sendiskrifstofu: 4.537

* Samkvæmt tölum Þjóðskrár Íslands um fjölda íslenskra ríkisborgara, sem búsettir eru erlendis 1. desember 2022

Mánaðarlegir borgarabjónustufundir

Til að styrkja samvinnu og samræmda þjónustu og verklag fundaði borgarabjónustan mánaðarlega með sendiskrifstofum Íslands á árinu. Fundirnir hafa reynst þarfur og mikilvægur vettvangur til að taka fyrir hefðbundin verkefni borgarabjónustunnar og helstu verkefni á sviði málefnaflokksins auk þess að miðla reynslu og ráðgjöf í báðar áttir. Borgarabjónustan starfar einnig náið með öðrum opinberum aðilum á Íslandi og auk þess með utanríkisþjónustum annarra ríkja og fundar að jafnaði einu sinni í viku með borgarabjónustum Norðurlanda.

Viðbragðsáætlun fyrir neyðartilvik vegna Íslendinga erlendis

Virkur liður í samstarfi borgarabjónustu og sendiskrifstofa Íslands eru æfingar fyrir neyðartilvik Íslendinga erlendis. Samhæfð og örugg viðbrögð við umfangsmiklum neyðartilvikum erlendis er eitt af meginmarkmiðum borgarabjónustunnar. Afar mikilvægt er að allt starfsfólk þekki viðbragðsáætlun ráðuneytisins fyrir þess háttar neyðartilvik. Því eru slík viðbrögð æfð reglulega með sendiskrifstofum til að tryggja sé að hlutverk hvers viðbragðsaðila sé skýrt. Áætlun um æfingar var sett upp í árslok 2021. Á vormánuðum 2022 höfðu æfingar verið haldnar með öllum sendiskrifstofum Íslands í samræmi við viðbragðsáætlun ráðuneytisins.

Schengen – áritanamál

Áritanamál urðu umfangsmeiri á árinu. Útlendingastofnun er miðlægt stjórnvald fyrir útgáfu áritana og sinnir eftirlitshlutverki í þeim efnum en ferðabönn vegna COVID-19 komu í veg fyrir að slíkar úttektir allt fram til ársins 2022 er tvær úttektir fóru fram í sendiráðum Íslands í Washington og Nýju-Delí.

Úttektir á útgáfu áritana á vegum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins hafa einnig legið í dvala undanfarin tvö ár vegna COVID-19. Ein slík úttekt fór fram í sendiráði Íslands í Nýju-Delí í nóvember en fyrr um haustið hafði starfsfólk Útlendingastofnunar verið þar við úttekt. Um veigamikla framkvæmd er að ræða sem krefst umtalsverðs undirbúnings áritunardeildar utanríkisráðuneytisins og viðkomandi sendiráðs. Fjöldi verkferla var endurskoðaður og bættur, gátlistar uppfærðir, tölvukerfi áritana uppfært að hluta og samningur endurnýjaður við þjónustuaðila sem

tekur á mótum umsóknum um áritanir. Schengen-áritanir eru samkvæmt bráðabirgðaniðurstöðum úttektanna í góðu horfi af hálfu Íslands.

Á árinu 2022 var útgáfa vegabréfsáritana tekin út á vegum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins hjá átta aðildarríkjum Schengensamstarfsins, auk Íslands. Sérfræðingur áritana hjá utanríkisráðuneytinu tók þátt í tveimur þeirra og var það í fyrsta sinn sem Ísland leggur slíkra úttekt lið.


Norrænn fundur um áritanamál haldinn á Íslandi

Árlegur fundur Norðurlanda um áritanamál fór fram í utanríkisráðuneytinu á síðasta ári. Helstu umræðuefni voru opnun nýrra sendiráða og mikil ásókn í áritanir. Þessi mikla ásókn hefur skapað álag á fjölmörg sendiráð Norðurlanda sem hefur í för með sér áskoranir sem takast þarf á við á næstu árum. Norrænt samstarf á grundvelli vegabréfsáritana hefur um langa hríð verið farsælt og nýtur Ísland góðs af því enda eru flestir fyrirsvarssamningar Íslands gerðir við Danmörku, Finnland, Noreg og Svíþjóð.

5.2 Upplýsingamál

Utanríkisráðuneytið hefur líkt og aðrar opinberar stofnanir ríka upplýsingaskyldu gagnvart almenningi. Upplýsingastefna utanríkisþjónustunnar miðar að því að auka gagnsæi og skilning á verkefnum hennar og tryggja jafnan aðgang að upplýsingum um utanríkismál og utanríkisstefnuna í samræmi við gildandi lög og reglur. Framkvæmd upplýsingastefnunnar hvílir á herðum upplýsingadeildar utanríkisráðuneytisins.

Nærtækt dæmi um framkvæmd upplýsingastefnunnar frá síðasta ári er sérstök upplýsingasíða sem sett var upp á vef Stjórnarráðsins örskömmu eftir að innrás Rússlands í Úkraínu hófst 24. febrúar 2022 (utn.is/ukraina). Á síðunni má finna allar upplýsingar um stefnu og viðbrögð íslenskra stjórnvalda vegna innrásarinnar, til dæmis hvað varðar stuðning við Úkraínu, þátttöku í alþjóðlegum þvingunaraðgerðum gegn Rússlandi, móttöku flóttafólks, samstarf á vettvangi alþjóðastofnana og borgarabjónustu. Síðan hefur frá upphafi verið vel sótt enda mikilvægt að á einum stað sé hægt að nálgast réttar upplýsingar um þessi málefni.



| Sérstök upplýsingasiða var sett upp á vef Stjórnarráðsins örskömmu eftir að innrás Rússlands í Úkraínu hófst 24. febrúar 2022.

Stjórnarráðsvefurinn er sem fyrr helsti vettvangur utanríkisþjónustunnar til kynningar á starfsemi og yfirstandandi verkefnum. Yfir 260 fréttatilkynningar birtust þar árið 2022, þar af hátt í 50 á ensku. Þá hefur utanríkisráðuneytið rekið um árabíl sérstaka upplýsingaveitu um þróunarsamvinnu og mannúðarmál undir heitinu Heimsljós. Árið 2022 birtust í Heimsljósi 278 fréttir um margvíslegar hliðar þessara málefna. Framan af ári birtust fréttir úr Heimsljósi jafnframt á vefmiðlinum Vísi á grundvelli samstarfs-samnings en um miðbik ársins lauk þessu farsæla samstarfi.

Árið 2022 bárust ráðuneytinu um 1.350 almennar skriflegar fyrirspurnir, nokkru færri en árið áður. Það skýrist af því að árið 2021 leituðu fjölmargir til utanríkisráðuneytisins eftir upplýsingum um gildandi takmarkanir á landamærum og sótt-varnarkröfur þeirra ríkja sem Íslendingar ferðast helst til. Þessum fyrirspurnum snarfækkaði um leið og dró úr áhrifum COVID-19 og landamæra-takmörkunum var víðast hvar aflétt. Þá barst mikill fjöldi spurninga í gegnum samfélagsmiðla og sendiskrifstofur erlendis um málefni af ýmsum toga. Að auki bárust fjölmargar fyrirspurnir frá fjölmiðlum, bæði innlendum og erlendum. Ráðuneytið svaraði á þriðja hundrad skriflegum fjölmiðlafyrirspurnum og þá eru ótaldar óformlegar fyrirspurnir sem svarað var eftir öðrum leiðum.

Upplýsingamál í tölum



svör við skriflegum fyrirspurnum frá innlendum fjölmiðlum. **70** frá erlendum.



almennar fyrirspurnir. Þar af **100** frá fólki frá Afganistan, **63** frá Úkraínu og **33** frá fólki á flotta frá öðrum löndum.



fréttatilkynningar á íslensku og **48** á ensku á vef Stjórnarráðsins.



fréttir í **Heimsljósi** – upplýsingaveitu um þróunar og mannúðarmál.


Upplýsingadeild utanríkisráðuneytisins ber ábyrgð á vöktun umræðu um land og þjóð í erlendum fjölmiðlum, bregst við umfjöllun þegar tilefni er til og miðlar upplýsingum með framvirkum hætti í málum sem tengjast stöðu og orðstír Íslands og stefnu stjórnvalda eftir því sem þörf krefur. Einnig er vert að nefna samvinnu upplýsingadeildar við varnarmála-skrifstofu utanríkisráðuneytisins um þátttöku í alþjóðlegu samstarfi er varðar viðbrögð við upplýsingaóreiðu og dreifingu falsfrétta (sjá [kafla fjögur](#)). Málefni borgaraþjónustu koma jafnframt til kasta upplýsingadeildar, ekki síst þegar koma þarf boðum og leiðbeiningum hratt og örugglega

til Íslenskra borgara sem eru staddir erlendis þar sem hættuástand skapast, til dæmis vegna náttúrhamfara eða hryðjuverka. Þessi upplýsingagjöf er unnin í náinni samvinnu við borgarþjónustu utanríkisráðuneytisins og sendiskrifstofur Íslands víða um heim.

Utanríkisráðuneytið hefur um árabil átt í góðu samstarfi við Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands sem miðar að því að stuðla að aukinni umræðu um utanríkismál hér á landi. Árið 2022 stóð Alþjóðamálastofnun, í samstarfi við utanríkisráðuneytið og fleiri samstarfsaðila, meðal annars fyrir árlegum ráðstefnum um annars vegar tækifæri og áskoranir Íslands í utanríkismálum og hins vegar friðarmál. Auk þess var á grundvelli þessa samstarfs efnt til ýmissa funda um alþjóðamál, gjarnan í tengslum við komu erlendra gesta hingað til lands. Má þar sérstaklega nefna tvo fjölsóttu viðburði í tengslum við varnarmálaráðherrafund Norðurhópsins í Reykjavík í júní þar sem varnarmálaráðherrar Bretlands og Lettlands ræddu stöðu og horfur í öryggismálum álfunnar í skugga innrásarstríðs Rússlands í Úkraínu. Þá voru jafnframt haldnir opnir fundir í tengslum við formennsku Íslands í Evrópuráðinu.

Undanfarin ár hefur ráðuneytið látið kanna viðhorf Íslendinga til alþjóðasamstarfs. Þessar kannanir hafa ítrekað sýnt fram á að Íslendingar eru mjög jákvæðir í garð alþjóðlegrar samvinnu. Rúm 77 prósent landsmanna telja hagsæld Íslands byggjast að miklu leyti á alþjóðlegri samvinnu. Í ljósi gjörbreytts öryggisumhverfis í Evrópu í kjölfar innrásar Rússlands í Úkraínu var að þessu sinni spurt sérstaklega um áhyggjur Íslendinga af stöðu mála. Þannig kváðust 75,5 prósent landsmanna hafa meiri áhyggjur af þróun alþjóðamála nú en þeir höfðu fyrir ári síðan, 68 prósent hafa miklar áhyggjur af dreifingu falsfrétta og 62,1 prósent miklar áhyggjur af ónógu netöryggi. Stuðningur almennings við aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu og varnarsamstarfs við Bandaríkin jókst um tæp 20 prósentu- stig á einu ári. Sem fyrr mælist yfirgnæfandi stuðningur við norrænt samstarf og landsmenn eru jafnframt mjög hlynntir þróunarsamvinnu en fjórir af hverjum fimm telja mikilvægt að Ísland veiti þróunarríkjum og íbúum þeirra aðstoð.

Að hve miklu eða litlu leyti telur þú að hagsæld Íslands byggji á alþjóðlegri samvinnu?



● Mjög miklu ● Fremur miklu ● Í meðallagi (173)
● Fremur litlu ● Mjög litlu

*Heildarfjöldi svarenda: 957, 33 svöruðu ekki. Heimild: Maskína (maí, 2022).

6 **Rekstur utanríkis- þjónustunnar**




Rekstur utanríkisráðuneytisins tekur á þeim málefnasviðum sem undir ráðuneytið heyrir. Það eru málefnasvið 04 Utanríkismál og málefnasvið 35 Alþjóðleg þróunarsamvinna. Framlög til málefnasviðanna tveggja árið 2022 námu 25,9 mö. kr. að teknu tilliti til gengisleiðréttinga, verðbóta og yfirfærslu fjárheimilda, eða 15,2 ma. kr. til málefnasviðs 04 Utanríkismál og 10,7 ma. kr. til málefnasviðs 35 Alþjóðleg þróunarsamvinna. Heildarútgjöld málefnasviðanna var rúmur 25,1 ma. kr. árið 2022 samkvæmt bráðabirgðauppgjöri. Um þetta verður nánar fjallað í ársskýrslu utanríkisráðherra sem birt er samkvæmt 62. gr. laga nr. 123/2015 um opinber fjármál.

Framlög til utanríkisráðuneytisins á fjárlögum fyrir árið 2023 nema um 29,7 mö. kr., sem er um 5,5 ma. kr. hækkun frá fjárlögum 2022. Hækkunin

skýrist aðallega af auknum framlögum til þróunarmála, öryggis- og varnarmála og stuðningi við Úkraínu. Einnig er aukning á framlögum til Uppbyggingarsjóðs EES sem nema 1,2 mö. kr. sem er samkvæmt áætlun sjóðsins. Framlög til alþjóðastofnana nema liðlega 4,2 mö. kr. en að viðbættum framlögum til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu nema framlög til þessara verkefna um 17,1 ma. kr., eða liðlega 58 prósent af heildarframlögum þeirra málefnasviða sem falla undir ráðuneytið. Framlög til utanríkisþjónustunnar, það er aðalskrifstofu ráðuneytisins, þýðingamiðstöðvar, sendiskrifstofa, eru um 7,1 ma. kr., eða tæplega fjórðungur af framlögum málaflokkanna. Nánar er fjallað um framlög til utanríkisráðuneytisins í fjárlögum.

Skipting framlaga Íslands til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu 2022



* Bráðabirgðatölur. Uppgjöri vegna ársins 2022 var ekki lokið við útgáfu. Tölur í m.kr.

Í árslok 2022 störfuðu í utanríkisráðuneytinu tæplega 330 starfsmenn að meðtöldum tímabundið ráðnum starfsmönnum. Ríflega helmingur starfar hér á landi. Í utanríkisráðuneytinu er unnið samkvæmt jafnréttisáætlun Stjórnarráðs Íslands og sérstakri framkvæmdaáætlun ráðuneytisins í jafnréttismálum. Kynjahlutfall starfsmanna er nokkuð jafnt í hópi yngri háskólamenntaðra fulltrúa og hafa ráðningar verið eftir því. Í yfirstjórn ráðuneytisins ríkir kynjajafnvægi. Þá veita forstöðu sendiskrifstofum sautján karlar og tíu konur. Ráðuneytið er jafnlaunavottað samkvæmt íslenska jafnlaunastaðlinum ÍST 85. Óútskýrður launamunur var innan við 1% sem er með því besta sem gerist.

Sendiskrifstofur Íslands eru nú 27 í 22 löndum, þar af eru átján tvíhliða sendiráð, fimm fastanefndir hjá alþjóðastofnunum og fjórar aðalræðisskrifstofur. Fyrirkomulag rekstrar utanríkisráðuneytisins, þar sem sendiskrifstofur Íslands og aðalskrifstofa ráðuneytisins eru reknar sem ein heild með sameiginlegri stoðþjónustu, hefur reynst hagkvæmt og leitt til betri nýtingar fjármuna og skýrari yfirsýnar yfir reksturinn.

Starfsemi ráðuneytisins hefur á undanförunum árum rúmast í tveimur byggingum við Rauðarárstíg 25 og 27. Ákveðið hefur verið að flytja starfsemi ráðuneytisins á árinu 2023 í nýbyggingu við Austurhöfn í Reykjavík. Með þeim flutningum


verður starfsaðstaða allra skrifstofa ráðuneytisins endurskoðuð og uppfærð með tilliti til starfseminnar. Undirbúningsvinna vegna flutnings ráðuneytisins í nýtt húsnæði að Austurhöfn haustið 2023 var auk þess nokkuð fyrirferðarmikil í starfsemi tölvu- og tæknideildar utanríkisráðuneytisins á síðari hluta ársins 2022. Einnig er unnið að því að skoða hvernig utanumhaldi um húsnæðismál sendiráða og húsnæði sendiherra verði háttáð í framtíðinni til að ná fram sem bestri nýtingu og hagkvæmni.

Undir lok ársins 2022 var stigið mikilvægt skref í þágu rafrænnar stjórnsýslu þegar Þjóðskjalasafn gaf út heimildir til utanríkisþjónustunnar til förgunar á því sem næst öllum pappírsumritum samskiptaskjala sem verða til í daglegri starfsemi. Þar með verður varðveisla skjala og skil þeirra til Þjóðskjalasafns nánast alfarið með rafrænum hætti framvegis. Unnið er að frágangi skjala sem urðu til fram til ársins 2015 en þeim verður skilað á pappírformi til Þjóðskjalasafns.

Á árinu 2023 verður mála- og skjalastjórnunarkefri ráðuneytisins endurnýjað og starfsfólki þannig gert betur kleift að uppfylla skyldur sínar. Undirbúningur fyrir innleiðingu þessa nýja skjalakerfis hefur staðið yfir um nokkurra ára skeið. Gera má ráð fyrir að í kjölfar innleiðingarinnar muni drjúgur hluti verkefna skjalasafns snúa að því að efla stuðning og eftirfylgni við verklag í nýju kerfi, jafnt í ráðuneytinu sem og úti á sendiskrifstofum.

Á vegum tölvudeildar er haldið úti neyðarþjónustu allan sólarhringinn fyrir alla utanríkisþjónustuna, einkum í ljósi þess að sendiskrifstofur Íslands erlendis starfa á mismunandi tímabeltum. Áhersla er lögð á að sendiskrifstofur séu ætíð starfhæfar jafnvel þótt samband við Ísland kunnist að rofna. Einungis eru tvær klukkustundir á hverjum sólarhring sem lokað er á öllum starfsstöðvum utanríkisþjónustunnar.

Útgjöld til utanríkismála 2022



Sendiskrifstofur

Þórdís Kolbrún og Arkadiusz Mularczyk, aðstoðarutanríkisráðherra Póllands
klippa á borða í fánalitinum og opna sendiráð Íslands í Varsjá formlega




27
sendi-
skrifstofur í

22
löndum

207
kjöræðismenn
Íslands í

100
ríkjum



7.1 Sendiskrifstofur Íslands

Ísland á í stjórnmalasambandi við 190 ríki. Sendiskrifstofur Íslands annast samskipti við 76 ríki og sjálfstjórnarsvæði en ráðuneytið annast formleg samskipti við önnur ríki og stofnanir.

Nýr forsetaúrskurður um sendiráð, fastanefndir hjá alþjóðastofnunum og aðalræðisskrifstofur leit dagsins ljós árið 2022. Sendiskrifstofa Íslands í Vín fékk aftur hlutverk sendiráðs, nú gagnvart Króatíu, Slóveníu, Slóvakíu og Ungverjalandi auk Austurríkis, en þar var þegar starfrækt fastanefnd hjá Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu (ÖSE) og fleiri alþjóðastofnunum. Sendiráð Íslands í Varsjá var opnað 1. desember og gert er ráð fyrir að sendiráð Íslands í Freetown opni síðar á þessu ári.

Með þessum breytingum eru sendiráð Íslands orðin tuttugu, að meðtöldu sendiráði Íslands í Freetown, þar af gegna fimm þeirra einnig hlutverki fastanefnda gagnvart alþjóðastofnunum (Brussel, Genf, London, París og Vín). Sérstakar fastanefndir gagnvart alþjóðastofnunum eru fjórar en sú í New York gegnir einnig hlutverki sendiráðs. Þá eru fjórar aðalræðisskrifstofur með útsendu starfsfólki (New York, Nuuk, Winnipeg og Þórshöfn).


Með forsetaúrskurðinum voru einnig gerðar breytingar á fyrirsvari gagnvart einstökum ríkjum með það fyrir augum að bæta forgangsroðun,

skilvirkni og hagkvæmni á grunni alþjóðapólitískra og viðskiptalegra áherslna. Forsetaúrskurðurinn er settur á grundvelli lagaheimildar í 4. gr. laga nr. 39/1971 um utanríkisþjónustu Íslands og var lögbundið samráð haft við utanríkis-málanefnd Alþingis samkvæmt þeirri grein.

Alls afhentu sendiherrar Íslands þjóðhöfðingjum sextán ríkja trúnaðarbréf á árinu 2022.

Kjöræðismenn eru 207 í hundrað ríkjum og gegna þeir lykilhutverki, ekki síst í þeim ríkjum þar sem Ísland hefur ekki sendiskrifstofu. Árið 2022 voru tólf nýir kjöræðismenn skipaðir og tólf kjöræðismenn létu af störfum.


Sendiskrifstofur Íslands sinna fjölbreyttum verkefnum og áherslurnar eru ólíkar frá einni skrifstofu til annarrar. Í töflu og grafi hér til hliðar má sjá hvernig störf sendiskrifstofa Íslands í heild skiptast eftir helstu verkefnum ásamt upplýsingum um fjölda Íslendinga sem búa í umdæmis- og gistiríkjum skrifstofanna, utanríkisviðskipti, starfsmannafjölda og rekstrarkostnað. Sömu upplýsingar fyrir hverja og eina sendiskrifstofu er svo að finna hér á eftir ásamt umfjöllun um það sem bar hæst á árinu 2022.



Sendiskrifstofur Íslands

Íslendingar í umdæmislöndum sendiskrifstofa¹	48.031	98,1%
þar af í gistiríkjum sendiskrifstofa	43.897	89,7%
Önnur lönd og ótilgreint	920	1,9%
Utanríkisviðskipti við gistiríki sendiskrifstofa²		
Vöruútflutningur (2022)	501.946,3	50,1%
Vöruinnflutningur (2022)	880.212,6	66,8%
Þjónustuútflutningur (2021)	359.711,5	75,8%
Þjónustuinnflutningur (2021)	231.761,6	62,1%
Starfsmenn	169	100,0%
Útsendir diplómatar	66	39,1%
Staðarráðnir viðskiptafulltrúar	8	4,7%
Aðrir staðarráðnir	85	50,3%
Útsend, önnur ráðuneyti	10	5,9%
Rekstrarkostnaður sendiskrifstofa³	4.266,4	100,0%
þar af sameiginlegur kostnaður	485,9	11,4%
þar af tæki og búnaður	41,4	1,0%
þar af viðhald fasteigna	39,5	0,9%

Fjárhæðir í töflum sendiskrifstofa eru í milljónum króna.



1 Fjöldi íslenskra ríkisborgara sem var búsettur í viðkomandi löndum 1. desember 2022 samkvæmt tölum Þjóðskrár og hlutfall þeirra af heildarfjölda íslenskra ríkisborgara með búsetu erlendis.

2 Utanríkisviðskipti við þau lönd þar sem Ísland er með sendiskrifstofur og hlutfall þeirra viðskipta af heildar utanríkisviðskiptum Íslands í viðkomandi flokki.

3 Samtalan felur í sér kostnað vegna þriggja sendiskrifstofa sem falla undir alþjóðlega þróunarsamvinnu (Kampala, Lilongwe og Róm) sem fjármagnaðar eru með framlögum til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu (málefnasvið 35). Aðrar skrifstofur eru fjármagnaðar með framlögum vegna utanríkisþjónustu og stjórnsýslu utanríkismála (málaflokkur 04.10). Talan felur einnig í sér sameiginlegan kostnað sem til fellur vegna sendiskrifstofa. Hlutfall einstakra skrifstofa í kostnaði tekur mið af þessu í töflunum hér á eftir.

Sendiráð í Berlín

Sjötíu ára stjórnmálasambandsafmæli

Á árinu 2022 fögnuðu Ísland og Þýskaland 70 ára stjórnmálasambandsafmæli. Af því tilefni heimsótti utanríkisráðherra Berlín og fundaði með utanríkisráðherra Þýskalands. Ráðherra var heiðursgestur ásamt Evrópumálaráðherra Þýskalands í móttöku sem haldin var af því tilefni. Margir hafa árum saman unnið ötullega að eflingu samstarfs ríkjanna og ber þar sérstaklega að nefna kjörræðismenn Íslands í Þýskalandi. Haldin var ráðstefna fyrir þá í tilefni af afmælinu.

Utanríkisráðherra sótti öryggisráðstefnuna í München og sendiherra tók þátt í heimsókn forsætisráðherra til Póllands. Einnig sótti sendiráðið ársfundi Uppbyggingarsjóðs EES í Króatíu og Tékklandi og tók þátt í fjölmörgum norrænum viðburðum. Þá var fundað með fjölda þýskra aðila til að efla tengsl ríkjanna.

Vel heppnað Taste of Iceland var haldið í fyrsta skipti í Evrópu í Berlín og boðið var upp á fjölbreytta dagskrá á sviði kvikmynda, tónlistar, myndlistar og heilsu og íslenskur matur var kynntur. Samtímis var haldin móttaka til að kynna Evrópsku kvikmyndaverðlaunin sem afhent voru í Reykjavík í desember. Sendiráðið lagði áherslu


á myndlist, kvikmyndir, tónlist og bókmenntir og fjöldi gesta sótti viðburði sendiráðsins á þessum sviðum.

Sýningarnar Hliðstæðar víddir I/II voru settar upp í samnorræna húsinu (Felleshus) í Berlín og sýningin Hafíð í Brimahöfn. Haldnir voru viðburðir um loftslagsmál í samstarfi við AlfredWegenerstofnunina í tengslum við Hafíð. Áframhald var á samstarfi KÍM, Íslandsstofu og Gallerís Guðnýjar Guðmundsdóttur í Berlín um kynningu á íslenskrum myndlist í sendiherrabústaðnum og sýningar með íslenskum listamönnum voru settar upp. Sigurður Guðjónsson myndlistamaður var með verk á norrænni sýningu í Felleshus. Víkingur Heiðar hélt tónleika í sendiherrabústaðnum og Svavar Knútur í Felleshus en auk þess voru haldnir viðburðir með íslenskum rithöfundum.

Orkumál og grænar lausnir voru áberandi í viðskiptastarfinu og Ísland vakti athygli á Evrópsku jarðhitaráðstefnunni sem haldin var í Berlín. Fjöldi gesta sótti viðburð sem sendiráðið, Grænvangur og Íslensk fyrirtæki stóðu fyrir í sendiherrabústaðnum þar sem íslensku fyrirtækin kynntu starfsemi sína. Fjöldi annarra viðburða á sviði viðskipta voru haldnir á árinu.

Íslendingar í umdæmisríkjum	1.884	3,8%
þar af í Þýskalandi	1.837	3,8%
Viðskipti við Þýskaland		
Vöruútflutningur (2022)	65.212,0	6,5%
Vöruinnflutningur (2022)	108.335,8	8,2%
Þjónustuútflutningur (2021)	34.370,8	7,2%
Þjónustuinnflutningur (2021)	19.207,0	5,2%
Starfsmenn	8	4,7%
Útsendir diplómatar	3	4,5%
Staðarráðnir viðskiptafulltrúar	1	12,5%
Aðrir staðarráðnir	4	4,7%
Rekstrarkostnaður	167,0	3,9%

Umdæmisríki: Þýskaland og Tékkland.



Sendiráð í Brussel

Samstaða með Úkraínu

Innrás Rússlands í Úkraínu hefur litað allt starf Evrópusambandsins undanfarin misseri og þar með sendiráðsins í Brussel. Krísuviðbrögð sambandsins hafa verið rædd á vettvangi IPCR (Integrated Political Crisis Response) sem Ísland á aðild að í gegnum Schengen-samstarfið. Þá hafa vestræn ríki sýnt samstöðu í verki með fjölda þvingunarráðstafana sem ESB hefur gripið til og Ísland hefur undantekningarlaust tekið undir. Möguleg áhrif innrásarinnar á þróun EES-samningsins voru einnig rædd reglulega á vettvangi fastanefndar EFTA.

Ísland var í formennsku á EFTA-hlið EES-samstarfsins seinni hluta árs 2022 og leiddi þá samræmingu á afstöðu EES/EFTA-ríkjanna ásamt því að vera í forsvari fyrir þau í samskiptum við Evrópusambandið (ESB). Í formennskuáætlun Íslands var áhersla lögð á að standa vörð um framkvæmd og uppfærslu EES-samningsins og virka hagsmunagæslu við mótun gerða sem varða innri markaðinn.

Nýtt sameiginlegt húsnæði EFTA-stofnananna var tekið í notkun á árinu og nýtt til hins ítrasta til að kynna EES-samninginn og framlag EFTA-ríkjanna á ýmsum sviðum. Ísland stóð meðal annars fyrir málþingi um orkuskipti í formennskutíð sinni í samstarfi við Noreg og

Liechtenstein og með þátttöku framkvæmdastjórnar ESB, tékknesku formennskunnar í ráði ESB og Uppbyggingarsjóðs EES. Guðlaugur Þór Þórðarson, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra, flutti opunarávarp fundarins og Halla Hrund Logadóttir orkumálastjóri flutti aðalerindi og stýrði pallborðsumræðum.

EES-ráðið kom venju samkvæmt saman tvisvar á árinu en utanríkisráðherra var gestgjafi þegar fundurinn var í fyrsta skipti haldinn í hinu nýja EFTA-húsi í nóvembermánuði. Efst á baugi var samstarf ríkja Evrópska efnahagssvæðisins á sviði orkuskipta og orkuöryggis í Evrópu. Undir umfjöllun um rekstur EES-samningsins vakti utanríkisráðherra athygli á óæskilegum áhrifum loftslagstillagna ESB á flugsamgöngur við Ísland og ræddi leiðir til að jafna samkeppnisskilyrði í flugi. Þá var staða Úkraínu meginumræðuefnið í pólitísku samráði um utanríkismál.

Samningaviðræður um nýtt tímabil Uppbyggingarsjóðs EES hófust á árinu en samhliða fara fram viðræður um betri markaðsaðgang fyrir fisk og aðrar sjávarafurðir. Þá hefur einnig staðið yfir samráð vegna þess ójafnvægis sem ríkt hefur í viðskiptum með landbúnaðarvörur milli Íslands og ESB.

Íslendingar í umdæmisríkjum 1.205 2,5%
þar af í Belgíu 165 0,3%

Viðskipti við Belgíu

Vöruútflutningur (2022) 11.868,3 1,2%
Vöruinnflutningur (2022) 20.158,4 1,5%
Þjónustuútflutningur (2021) 14.841,0 3,1%
Þjónustuinnflutningur (2021) 5.948,9 1,6%


Starfsmenn

Útsendir diplómatar 19 11,2%
Aðrir staðarráðnir 5 7,6%
Útsendir, önnur ráðuneyti 5 5,9%
Útsendir, önnur ráðuneyti 9 90,0%

Rekstrarkostnaður 430,7 10,1%

Umdæmisríki: Belgía, Holland, Lúxemborg og San Marínó.

Fjölbjóðasamstarf: Evrópusambandið.



Sendiráð í Helsinki

Innrás í umdæmisríkið Úkraínu

Sendiráðið í Helsinki var einnig sendiráð gagnvart Úkraínu þegar Rússland réðst þar inn í febrúar og hefur innrásin haft mikil áhrif á verkefni sendiráðsins. Fyrirsvarið gagnvart Úkraínu hefur nú færst til Varsjár. Í kjölfar innrásarinnar hafa augu heimsins í auknum mæli beinst að umdæmisríkjum sendiráðsins, Finnlandi, Eistlandi, Lettlandi og Litáen, sem eiga öll landamæri að Rússlandi. Þessi breyting hefur haft mikil áhrif á starfsemi sendiráðsins á öllum sviðum og breytt hlutverki þess í utanríkisþjónustu Íslands.

Með umsókn Finnlands um aðild að Atlantshafsbandalaginu hafa öryggis- og varnarmál orðið meira áberandi í störfum sendiráðsins. Ísland hefur meðal annars lagt meira að mörkum til varna á svæðinu og starfa nú fjórir starfsmenn að varnarmálum á vegum utanríkisráðuneytisins í Finnlandi, Eistlandi og Lettlandi.

Utanríkisráðherra fór í opinbera heimsókn til Finnlands. Með í för var viðskiptasendinefnd fyrirtækja sem eru leiðandi í grænum orkulausnum. Utanríkisráðherra fór einnig í vinnuheimsókn til Litáen þar sem innrás Rússlands í Úkraínu bar hæst og mikilvægi samstarfs NB8-ríkjanna. Utanríkismálanefnd Alþingis heimsótti Helsinki og Tallinn. Þing Norðurlandaráðs fór fram í Helsinki með þátttöku þriggja ráðherra, fjölda þingmanna og listamanna frá Íslandi.

Forseti Finnlands fór í opinbera heimsókn til Íslands og Sanna Marin, forsætisráðherra Finnlands, fór í vinnuheimsókn til Íslands. Í kjölfar heimsóknar var gengið frá stuttri aðgerðaáætlun um áframhaldandi samstarf og eftirfylgni. Forsetar Eystrasaltsríkjanna þriggja fóru í opinbera heimsókn til Íslands í tilefni af því að þrjú áratugir voru síðan Ísland viðurkenndi sjálfstæði þeirra fyrst ríkja.


Ísland og Finnland fögnuðu 75 ára afmæli stjórnmálasamskipta á árinu 2022. Tækifærið var nýtt til að efla samskipti á sviði stjórnmála, viðskipta og menningar með gagnkvæmum heimsóknum og viðskipta- og menningarviðburðum. Sendiráðið opnaði, í samstarfi við sendiráð Finnlands á Íslandi, sögusýningu um samskipti þjóðanna í 75 ár.

Sendiráðið skipulagði marga viðburði með íslenskum fyrirtækjum. Stærsti viðskiptaviðburðurinn var tækniráðstefnan Slush í Helsinki sem metfjöldi íslenskra fyrirtækja sótti eða 65 talsins. Í tengslum við ráðstefnuna skipulagði sendiráðið ásamt Íslandsstofu tvo tengslamyndunarviðburði.

Mikill áhugi er á samstarfi í menningarmálum og margir íslenskir listamenn og hönnuðir líta til Finnlands og Eystrasaltsríkjanna og skipulagði sendiráðið marga viðburði. Sendiráðið opnaði meðal annars lítið myndlistargallerí, Gallerie Käytävä, í sendiráðsbústaðnum og setti upp þrjár sýningar á árinu.

Íslendingar í umdæmisríkjum	382	0,8%
þar af í Finnlandi	307	0,6%
Viðskipti við Finnland		
Vöruútflutningur (2022)	3.905,0	0,4%
Vöruinnflutningur (2022)	12.467,6	0,9%
Þjónustuútflutningur (2021)	2.341,6	0,5%
Þjónustuinnflutningur (2021)	1.808,7	0,5%
Starfsmenn	5	3,0%
Útsendir diplómatar	1	1,5%
Staðarráðnir viðskiptafulltrúar	1	12,5%
Aðrir staðarráðnir	3	3,5%
Rekstrarkostnaður	113,6	2,7%

Umdæmisríki: Finnland, Eistland, Lettland, Litáen og Úkraína.



Sendiráð í Kampala

Skólarnir opnaðir eftir tveggja ára lokun

Starfsemi sendiráðsins færðist í fyrra horf á árinu 2022 eftir tvö ár með miklum sóttvarnatak-mörkunum vegna COVID-19 sem aflétt var eftir því sem leið á árið. Mestu munaði um opnun skóla í febrúar eftir nær tveggja ára lokun, þá lengstu sem um getur í heiminum vegna COVID-19. Sendiráðið lagði hönd á plóg við opnun skólanna með framlagi til Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna (UNICEF) til sóttvarna og hreinlætis í skólum.

Alþjóðlegt samstarf og samráð komst smám saman í eðlilegt horf. Viðburðahald varð aftur mögulegt og fundir í eigin persónu tóku við af fjarfundum. Margvísleg samskipti, samráð og upplýsingagjöf átti sér stað um sameiginleg málefni með fulltrúum annarra ríkja. Fulltrúar norrænu sendiráðanna hittust reglulega og fundir voru haldnir í samráðshópum framlagsríkja um þróunarmál og fleira. Sömu leiðis átti sendiráðið í samstarfi og samskiptum við stofnanir Sameinuðu þjóðanna í Úganda, einkum UNICEF, en einnig Mannfjöldasjóð Sameinuðu þjóðanna (UNFPA), Þróunaráætlun Sameinuðu þjóðanna (UNDP), Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNHCR) og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunina (WHO).

Fyrirsvar sendiráðsins gagnvart Kenýa, Eþíópíu og Afríkusambandinu var flutt frá Úganda til Íslands í ágúst og hefur sendiráðið nú eingöngu fyrirsvar gagnvart Úganda. Talsvert var um borgarþjónustu- og ræðismál sem komu inn á borð sendiráðsins á árinu frá öllum löndunum þremur.

Ebóla greindist í landinu í september og breiddist út næstu vikur og mánuði til níu héraða, þar á meðal til höfuðborgarinnar. Ferða- og fjöldatakmörkanir fóru að líta aftur dagsins ljós. Heilbrigðisyfirvöld í Úganda og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin unnu þétt saman að því að ráða niðurlögum veirunnar og margir fleiri lögðu hönd á plóg. Ebólan virtist í rénun í lok árs.

Tvíhliða þróunarsamvinna er snar þáttur í starfsemi sendiráðs Íslands í Kampala. Í Úganda er starfað í tveimur héruðum. Í Buikwe-héraði hefur verið í gangi samstarf síðan 2014 en skrifað var undir nýjan samstarfssamning um stuðning við héraðið við fjármálaráðuneyti landsins á árinu. Í byrjun árs 2021 hófst samstarf við Namayingo-hérað.

Sendiráðinu bættist liðsauki í ágúst þegar starfsnemi kom til starfa, í fyrsta skipti um árabíl. Árið var í heild sinni árangursríkt og tókst að ljúka öllum áætluðum verkefnum á árinu.

Íslendingar í umdæmisríkjum	4	0,01%
Þar af í Úganda	4	0,01%

Viðskipti við Úganda

Vöruútflutningur (2022)	0,0	0,000%
Vöruinnflutningur (2022)	24,3	0,002%
Þjónustuútflutningur (2021)	4,3	0,001%
Þjónustuinnflutningur (2021)	88,4	0,024%


Starfsmenn

Útsendir diplómatar	2	3,0%
Aðrir staðarráðnir	6	7,1%
Starfsnemar	1	25,0%

Rekstrarkostnaður	57,3	1,3%
--------------------------	-------------	-------------

Umdæmisríki: Úganda.

Fjölbjóðasamstarf: Afríkusambandið.



Sendiráð í Kaupmannahöfn

Frá takmörkunum í fastar skorður

Um mitt sumar hleypti maður af skotvopni í verslunarmiðstöðinni Field's með þeim afleiðingum að þrír létust og fjöldi særðist. Sendiráðið bauð Íslenskum ríkisborgurum upp á áfallahjálp í Jónshúsi þar sem þeir gátu rætt við prest Íslenska safnaðarins og fulltrúa sendiráðsins. Á þriðja tug Íslenskra ríkisborgara nýtti sér þessa þjónustu.

Takmarkanir vegna heimsfaraldursins einkenndu starfsemi borgaraþjónustu sendiráðsins á fyrri hluta árs. Eftir afléttingu takmarkana með vorinu tóku hefðbundnari borgaraþjónustumál yfir.

Í september fóru fram síðbúin hátíðahöld í tilefni af 50 ára krýningarafmæli Margrétar Danadrottningar. Forsetahjónin tóku þátt í hátíðahöldunum ásamt sendiherrahjónum.

Íslensk menning nýtur mikillar hylli í Danmörku og er það reynsla sendiráðsins að kynning á henni sé áhrifarík leið til að styrkja ímynd og orðspor Íslands. Fjöl margir menningarviðburðir voru haldnir en hæst ber að nefna hátíðahöld í Tívoli í Kaupmannahöfn í tilefni af þjóðhátíðardegi Íslands sem sendiráðið átti þátt í að undirbúa.


Viðburðir á sviði myndlistar voru áberandi á þessu ári. Sendiherra opnaði meðal annars sýningu á höggmyndum Sigurjóns Ólafssonar á Norðurbryggju og opnaði í samvinnu við

Listval sýningu á samtímalist í sendiráðinu. Sýning á verkum Hörpu Árnadóttur var opnuð á Norðurbryggju og fjögur íslensk gallerí tóku þátt í norrænu listamessunni Chart Art Fair. Fjöldmörg vel sótt bókmenntakvöld voru haldin í samvinnu við Norðurbryggju til að auka enn hróður íslenskra bókmennta í Danmörku. Vestnorrænu barnabóka-verðlaunin voru einnig afhent á Norðurbryggju með mikilli viðhöfn.

Viðskiptaþjónusta sendiráðsins veitti íslenskum fyrirtækjum almennar upplýsingar um danskt fyrirtækjaumhverfi, aðstoðaði við að finna samstarfsaðila og eflaði samstarf og tengslamyndun íslenskra fyrirtækja í Danmörku. Ræðismenn Íslands nýtast viðskiptaþjónustunni vel enda hafa þeir margir góð viðskiptasambönd. Á haustmánuðum heimsótti sendiherra ræðismenn Íslands á Bornholm og í Esbjerg til að fræðast um grænar lausnir og nýsköpun. Þessum heimsóknum verður fylgt eftir á árinu. Sendiráðið hefur birt samantekt og greiningu á vöru- og þjónustuútflytningi milli Íslands og Norðurlandanna undanfarin tíu ár á heimasíðu sendiráðsins.

Breyting hefur orðið á umdæmislöndum sendiráðsins. Fyrirsvar gagnvart Búlgaríu og Rúmeníu hefur flust til sendiráðsins í Varsjá en fyrirsvar gagnvart Ástralíu bæst við, auk Tyrklands.

Íslendingar í umdæmisríkjum þar af í Danmörku	12.147	24,8%
	11.590	23,7%
Viðskipti við Danmörk		
Vöruútflytningur (2022)	25.493,0	2,5%
Vöruinnflytningur (2022)	78.574,9	6,0%
Þjónustuútflytningur (2021)	18.912,7	4,0%
Þjónustuinnflytningur (2021)	26.487,3	7,1%
Starfsmenn		
Útsendir diplómatar	6	3,6%
Adrir staðarráðnir	1	1,5%
	5	5,9%
Rekstrarkostnaður	140,1	3,3%
Umdæmisríki: Danmörk, Ástralía og Tyrkland.		



Sendiráð í Lilongwe

Utanríkisráðherra í vinnuheimsókn

Utanríkisráðherra fór í vinnuheimsókn til Malaví í desember til að kynna sér árangur þróunar-samvinnu Íslands þar í landi sem spannar meira en þrjá áratugi. Í heimsókn sinni endurnýjaði ráðherra ásamt Nancy Tembo, malavískri starfs-systur sinni, samstarfssamning ríkjanna en ráðherrarnir hafa átt nokkra tvíhliða fundi á árinu. Þá var byggðapróunarverkefni héraðsstjórnar Nkhotakota-héraðs og íslenskra stjórnvalda form-lega ýtt úr vör að viðstöddum utanríkisráðherra Íslands, ráðherra sveitarstjórnarmála í Malaví og þingmönnum og fulltrúum héraðsstjórnarinnar. Í Mangochi-héraði opnaði ráðherra svo nýja miðstöð við héraðssjúkrahúsið sem veitir konum og stúlkum sem þjást af fæðingarfstli alhliða aðstoð og efnahagslega valdeflingu. Einnig tilkynntu ráðherra og yfirmaður þýsku þróunar-samvinnustofnunarinnar (GIZ) um áframhaldandi samstarf á sviði endurnýjanlegrar orku og umhverfismála. Að lokum var haldin móttaka til heiðurs ráðherra í embættisbústaðnum þar sem yfir hundrað samstarfsaðilar, ráðherrar og sendi-herrar mættu.


Efnahagskreppa, óðaverðbólga og gjaldeyris-skortur til viðbótar við náttúruhamfarir í Malaví höfðu alvarlegar afleiðingar fyrir malavísku þjóðina á árinu en komu verst niður á þeim fátækustu. Ísland brást hratt við og var fyrsta framlagsríkið til að þess að veita þrjár milljónir í nýjan sjóð Alþjóðabankans sem mun veita þeim

allra fátækustu fjárhagsaðstoð. Ísland veitti einnig neyðaraðstoð til fórnarlamba fellibylsins Ana í gegnum Matvælaaðstoð Sameinuðu þjóðanna (WFP). Þá veitti Ísland og Noregur sameiginlegan stuðning til WFP í lok árs til að tryggja fæðuöryggi fólks í suðurhluta landsins.

Eftir strangar samningaviðræður við Alþjóða-gjaldeyrissjóðinn (AGS) á árinu tókst malavískum stjórnvöldum ekki að enduroppna lánalínur til landsins. AGS veitti Malaví hins vegar skamm-tímalán til að takast á við erfiðar aðstæður og munu samningaviðræður um frekari stuðning halda áfram. Framlagsríki lögðu sitt af mörkum til að aðstoða stjórnvöld í þessum viðræðum og leiddi Ísland samráðshóp framlagsríkja þegar viðræður stóðu sem hæst.

Jafnréttismál voru sem fyrr rauður þráður í starfi sendiráðsins og þróunarsamvinnu. Að beiðni malavíska þingsins stóð sendiráðið fyrir tveggja daga rakarastofuviðburði fyrir þingmenn til þess að auka vitund þeirra um jafnréttismál og mikilvægi þátttöku karlmanna í málaflöknum. Jafnréttisráðuneytið fékk einnig stuðning til að þess að ljúka vinnu við stefnu gegn kynferðis-legu ofbeldi og áreiti. Sendiráðið stóð einnig fyrir viðburði til að auka tengslanet við fyrrum nemendur GRÓ-skólanna en 55 nemendur frá Malaví hafa stundað nám á Íslandi.

Íslendingar í Malaví	0	0%
Viðskipti við Malaví		
Vöruútflutningur (2022)	0,0	0,0000%
Vöruinnflutningur (2022)	0,9	0,0001%
Þjónustuútflutningur (2021)	2,1	0,0004%
Þjónustuinnflutningur (2021)	78,0	0,0209%
Starfsmenn	10	5,9%
Útsendir diplómatar	2	3,0%
Aðrir staðarráðnir	8	9,4%
Starfsmemar	1	25,0%
Rekstrarkostnaður	90,9	2,1%
Umdæmisríki: Malaví.		



Sendiráð í London

Ár mikilla umbreytinga í Bretlandi

Árið 2022 var ár mikilla umbreytinga í Bretlandi. Í september var tilkynnt um andlát Elísabetar II. drottningar en fyrr á árinu hafði hún haldið upp á 70 ára krýningarafmæli sitt, fyrst breskra þjóðhöfðingja. Þjóðarleiðtogar frá öllum heimshornum sóttu útför hennar, þar á meðal forseti Íslands. Einnig urðu miklar sviptingar í heimi stjórnmalanna þegar Boris Johnson sagði af sér sem forsætisráðherra Bretlands. Liz Truss tók við völdum í kjölfarið en stjórn hennar reyndist skammlíf og við lok árs hafði Rishi Sunak tekið við embættinu.

Mikil og nán samvinna átti sér stað á milli Íslands og Bretlands á sviði öryggis- og varnarmála, ekki síst í kjölfar innrásar Rússlands í Úkraínu. Samstarfið fór að miklu leyti fram í gegnum Sameiginlegu viðbragðssveitina (Joint Expeditionary Force), sem er samstarfsvettvangur líkt þenkjandi ríkja í Norður-Evrópu sem Bretar leiða. Norðurlöndin, Eystrasaltsríkin og Holland eiga einnig aðild að samstarfinu en forsætisráðherrar og varnarmálaráðherrar ríkjanna funduðu reglulega á árinu til að stilla saman strengi.


Ísland og Bretland hafa gert fjölda samninga sín á milli í kjölfar útgöngu þess síðarnefnda úr Evrópusambandinu. Í ársbyrjun 2022 gekk í gildi samningur á milli landanna um vinnudvöl ungs fólks. Framsæknum og yfirgripsmiklum fríverslunarsamningi EES og EFTA-ríkjanna og Bretlands var beitt til bráðabirgða frá 1. september en formleg gildistaka hans mun eiga sér stað í byrjun árs 2023. Þá er viðræðum um samning á sviði almannatrygginga og heilbrigðisþjónustu nánast lokið.

Íslenska landsliðið keppti á EM kvenna í knattspyrnu sem fór fram í Bretlandi sumarið 2022. Sendiráðið hefur auk þess staðið að fjölda viðburða á árinu, meðal annars um fullnýtingu íslenskra sjávarafurða og reynslu Íslands sem sjálfstæðs strandríkis. Þá hélt sendiráðið glæsilegan viðburð í samstarfi við Íslandsstofu og CCP um íslenskan tölvuleikjaiðnað.

Umsóknir um Schengen-vegabréfsáritanir til Íslands hafa stóraukist á árinu eftir að ferðatak-mörkunum var aflétt. Nóg hefur verið að gera í borgarþjónustumálum af ýmsu tagi og þess má geta að alls hafa 2.860 íslenskir ríkisborgarar tryggt rétt sinn til áframhaldandi búsetu í Bretlandi í kjölfar útgöngu þess úr Evrópusambandinu („settled“ eða „pre-settled status“).

Íslendingar í umdæmisríkjum	2.612	5,3%
þar af í Bretlandi	2.485	5,1%
Viðskipti við Bretland		
Vöruútflutningur (2022)	90.018,5	9,0%
Vöruinnflutningur (2022)	50.239,8	3,8%
Þjónustuútflutningur (2021)	48.920,3	10,3%
Þjónustuinnflutningur (2021)	45.193,6	12,1%
Starfsmenn	8	4,7%
Útsendir diplómatar	4	6,1%
Staðarráðnir viðskiptafulltrúar	1	12,5%
Aðrir staðarráðnir	3	3,5%
Starfsmemar	1	25,0%
Rekstrarkostnaður	236,7	5,5%

Umdæmisríki: Bretland, Írland og Malta.
Fjölbjóðasamstarf: Alþjóðasiglingamálastofnunin (IMO)



Sendiráð í Moskvu

Í skugga stríðs

Árið var einkar viðburðaríkt og krefjandi í starfsemi sendiráðs Íslands í Moskvu. Ber þar hæst allt er lýtur að innrás Rússlands í Úkraínu þann 24. febrúar en sú aðgerð hafði víðtæk áhrif á samskipti Rússlands og Vesturlanda og þar með einnig á starf vestrænna sendiráða í Moskvu og hagi sendiráðsstarfsfólks.

Auk afdráttarlausrar fordæmingar Íslands á innrásinni tók við nýr veruleiki í starfsemi sendiráðsins. Refsiaðgerðir Vesturlanda höfðu mjög fljótlega víðtæk áhrif á viðskipti við Rússland, menningarviðburðum var frestað eða þeim aflýst og tvíhliða pólitísk og diplómátskipti urðu sáralítill. Sendiráðið, líkt og önnur sendiráð vestrænna ríkja, vann sérstaka neyðaráætlun ef til þess kæmi að gera þyrfti fyrirvaralitlar breytingar á starfsemi, einkum ef útsent starfsfólk þyrfti að yfirgefa landið af öryggisástæðum. Náð samstarf var milli sendiráða Norðurlandanna í þessu sambandi. Þá juku vestræn sendiráð almennt samstarf sín í milli í upplýsinga- og öryggisskyni, auk þess að efla eftir föngum samvinnu við frjáls félagasamtök, ekki síst á sviði mannréttinda.


Með ákvörðun Vesturlanda um umfangsmiklar refsiaðgerðir gegn Rússlandi breyttust verkefni sendiráðsins jafnhliða. Viðburðir sem voru í undirbúningi voru felldir niður og hætt við yfirstandandi verkefni. Í stað þess færðist þungi starfsins yfir í greiningar, samantektir, talpunkta, frásagnir, fjölmiðlarýni og fleira enda mikil spurn eftir slíku efni. Sendiráðið tók þannig virkan þátt í að undirbúa og vinna efni í tengslum við nær alla tvíhliða og marghliða fundi sem forseti, utanríkisráðherra, aðrir ráðherrar, þingmenn og yfirstjórn ráðuneytisins áttu með fulltrúum annarra ríkja og á vettvangi alþjóðastofnana auk greinargerða sem ræddar voru á vettvangi ríkisstjórnarinnar. Samhliða jókst þjónusta við íslenskar fjölskyldur í Rússlandi og aðra með sterk tengsl við Ísland. Hlutur borgarþjónustu og áritanamála í starfsemi sendiráðsins jókst þannig verulega.

Áfram var lögð áhersla á að rækta tengslin við önnur umdæmisríki sendiráðsins. Í flestum þessara ríkja eru umtalsverðir snertifletir á sviði jarðhita og sjálfbærra orkulausna. Sendiherra afhenti forseta Moldóvu trúnaðarbréf sitt í upphafi ársins. Í Moldóvu var einnig opnuð kjöræðismannsskrifstofa og gengið var frá skipun kjöræðismanns í Kirgistan. Þá tók sendiráðið þátt í heimsókn forseta Þjóðþinga Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna til Moldóvu.

Íslendingar í umdæmisríkjum	39	0,1%
Þar af í Rússlandi	39	0,1%
Viðskipti við Rússland		
Vöruútflutningur (2022)	297,3	0,03%
Vöruinnflutningur (2022)	4.081,3	0,3%
Þjónustuútflutningur (2021)	2.752,5	0,6%
Þjónustuinnflutningur (2021)	697,8	0,2%
Starfsmenn	7	4,1%
Útsendir diplómatar	2	3,0%
Staðarráðnir viðskiptafulltrúar	1	12,5%
Aðrir staðarráðnir	4	4,7%
Rekstrarkostnaður	145,7	3,4%

Umdæmisríki: Rússland, Armenía, Belarús, Kasakstan, Kirgistan, Moldóva, Tadsíkistan, Túrkenistan, Úsbekistan.

Fjölpjóðasamstarf: Norðurlóðir.



Sendiráð í Nýju-Delí

Orka og grænar lausnir í forgangi


Forsætisráðherrar Íslands og Indlands ákváðu á fundi í Kaupmannahöfn 4. maí að setja á stofn starfshóp um samstarf í nýtingu jarðvarma. Undirbúningsstarfið hófst í október í Nýju-Delí með fundum í ráðuneytum og ríkisorkufyrirtæki Indlands (ONGC) og málstofu um græna orku í samvinnu við Íslensk-indversku viðskiptasamtökin (IIBA). Til að treysta samstarf Íslenskra aðila og ONGC fór fram fundur með fylkisstjóra Ladakh-fylkis þar sem samstarfið fer fram. Fyrr á árinu var haldinn fundur með forsætisráðherra Himachal Pradesh-fylkis þar sem íslenska fyrirtækið GEG Power nýtir jarðvarma.

Utanríkisráðherrar ríkjanna áréttuðu góð samskipti á fjarfundum í maí í tilefni af 50 ára afmæli stjórnmalasambands ríkjanna og ræddu öryggismál, innrás Rússa í Úkraínu, fríverslunarviðræður EFTA og Indlands, samstarf um norðurslóðir og þriðja pólinn. Í tilefni af afmælinu heimsótti Meenakshi Lekhi, aðstoðarráðherra fyrir menningarsamstarf, Ísland í ágúst mánuði og átti fund með utanríkisráðherra þar sem meðal annars var rætt um samstarfsáætlun um menningar- og menntamál, háskólasamstarf, rannsóknir og tækni.

Sendiráðið stóð fyrir viðskipta- og menningarkynningum. Fimmtíu ára afmæli stjórnmalasambandsins var yfirskrift ávarps í verslunarráði Bombay (IMC) 31. maí. Með IIBA var haldin málstofa um nýsköpun í lækningum með ýmsum fyrirtækjum, meðal annars Össur India. Í framhaldinu var þátttaka í kaupstefnu Samtaka indverskra fyrirtækja í stoðtækjaframleiðslu í Góa 28. mars í fyrra. Sendiráðið hefur aðstoðað fyrirtækið CRI (Carbon Recycling International) við tengsl við indverskan iðnað um hugsanlegt samstarfsverkefni í kolefnisförgun og kolefnisnýtingu. Þetta var einnig rætt í Bombay 31. maí á fundi með fylkisstjóra Maharastra-fylkis.

Þátttaka Kristínar Rögnu Gunnarsdóttur rithöfundar á bókmenntahátíðinni í Jaipur og upplestur í Delí í mars var mikil lyftistöng fyrir kynningu á íslenski menningu og sagnaarfi. Íslenskrar teiknimyndir voru sýndar á kvikmyndahátíðinni í Bombay í júní. Ferðamálakynning á vegum Íslandsstofu og sendiráðsins fór fram í Bombay og Nýju-Delí í september. Áhugi Indverja á ferðum til Íslands kom glögglega í ljós. Í sendiráðinu var upplýsingafundur fyrir ferðafjölmíðla. Kynningarstarfi sendiráðsins lauk svo á viðeigandi hátt í byrjun desember með fjölmennri móttöku þar sem undirritað var samkomulag íslenskra meistarakokka við Samband matreiðslumanna um að þjálfa fyrsta kokkalandslíð Indlands.

Íslendingar í umdæmisríkjum	3	0,006%
þar af á Indlandi	1	0,002%
Viðskipti við Indland		
Vöruútflutningur (2022)	149,1	0,01%
Vöruinnflutningur (2022)	20.517,0	1,6%
Þjónustuútflutningur (2021)	1.070,9	0,2%
Þjónustuinnflutningur (2021)	1.697,9	0,5%
Starfsmenn	8	4,7%
Útsendir diplómatar	2	3,0%
Staðarráðnir viðskiptafulltrúar	1	12,5%
Aðrir staðarráðnir	5	5,9%
Rekstrarkostnaður	164,3	3,9%
Umdæmisríki: Indland, Nepal og Srí Lanka.		



Sendiráð í Osló

Menningar- og viðskiptatengsl heiðruð með táknrænni afhendingu síldartunnu

Þegar takmörkunum vegna kórónuveirufaraldursins var aflétt að fullu á vormánuðum var fjölda verkefna og viðburða hrundið í framkvæmd. Starfsemi sendiráðsins var því með líflegasta móti og tengslanetið jókst til muna á ný. Hæst bar ferð síðustu síldartunnunnar frá Dale í Vestur-Noregi til Síldarminjasafnsins á Siglufirði. Fjölmargir íslenskir og norskir aðilar tóku þátt í þessu táknræna verkefni sem heiðraði söguleg bönd Noregs og Íslands allt frá landnámi sem og sterk menningar- og viðskiptatengsl landanna.

Margir fjölsóttir viðburðir voru haldnir í embættisbústað sendiráðsins í samstarfi við Íslandsstofu, íslenskar kynningamiðstöðvar og fjölda annarra. Má þar nefna kynningu á hönnun og arkitektúr í norrænni náttúru, kynningarviðburð um íslensk matvæli, myndlistarkynningu með norska menningarráðinu, hátíðlega móttöku í tilefni dags íslenskrar tungu með áherslu á menningartengsl og þýðingar bókmennta, kynningu Reykjavíkur og Oslóar um lífrænt, sjálfbært og heilsueflandi hverfisSKIPULAG og fullveldismóttöku með forspökkum í ýmsum félögum Íslendinga í Noregi. Einnig tók sendiráðið virkan þátt í fjölda annarra viðburða, svo sem menningardagskránni MØT Reykjavík í Menningarhúsinu í Bærum, norrænu kvikmyndahelginni á kvikmyndahátíðinni OsloPix og uppsetningu íslenskrar óperettu í dómkirkjunni í Osló.

Boðið var til vinnuhádegisverða fyrir norræna sendiherra með heiðursgestum úr hópi ráðherra og leiðtoga stjórnmalaflokka. Í tvígang bauð sendiherra þeim 38 sendiherrum í Osló sem hafa Ísland í sínu umdæmi til kynninga; annars vegar kynnti fjármálaráðherra stöðu íslensks efnahagslífs í september og hins vegar fulltrúar utanríkisráðuneytisins samskipti Íslands við ESB með áherslu á EES-samninginn í desember. Noregur fór með formennsku norrænu ráðherranefndarinnar og hafði það í för með sér tíðar ráðherra- og embættismannaheimsóknir frá Íslandi. Sendiráðið fékk marga aðra góða gesti, meðal annars tvær þingnefndir Alþingis og hópa frá menningarstofnunum höfuðborgarsvæðisins og ræðismenn Íslands í Noregi sem fengu kynningu á starfsemi sendiráðsins.

Sendiherra lagði land undir fót á árinu og heimsótti ræðismenn Íslands í Tromsø og í Kristiansand og fundaði meðal annars með íslenskum fyrirtækjum og aðilum á svæðunum. Viðskiptafulltrúi heimsótti ferðakaupstefnur í þremur borgum í Noregi og kynnti áfangastaðinn Ísland. Fulltrúi sendiráðsins sótti einnig ársfund uppbyggingarsjóðs EES í Aþenu en sendiráðið er með Grikkland í sínu umdæmi.

Íslendingar í umdæmisríkjum 9.318 19,0%
þar af í Noregi 9.278 19,0%

Viðskipti við Noreg


Vöruútflutningur (2022)	54.154,9	5,4%
Vöruinnflutningur (2022)	160.541,4	12,2%
Þjónustuútflutningur (2021)	13.183,6	2,8%
Þjónustuinnflutningur (2021)	16.176,7	4,3%

Starfsmenn

Útsendir diplómatar	5	3,0%
Staðarráðnir viðskiptafulltrúar	2	3,0%
Aðrir staðarráðnir	1	12,5%
	2	2,4%

Rekstrarkostnaður 113,8 2,7%

Umdæmisríki: Noregur, Grikkland og Pakistan.



Sendiráð í Ottawa

Sjötíu og fimm ára stjórnmalasambandi fagnað

Ísland og Kanada fögnuðu 75 ára stjórnmalasambandsafmæli á árinu með röð atburða sem sendiráð ríkjanna í Ottawa og Reykjavík skipulögðu. Þar á meðal voru sex hringborðsumræður sem yfir 1.300 manns sóttu um hin ýmsu málefni, svo sem vísindasamstarf á norðurslóðum, jafnrétti á norðurslóðum, bláa hagkerfið, áhrif þekkingar frumbyggja á vísindi, bókmenntir og samskipti íslenskra landnema og frumbyggja í Manitoba. Þá gaf hvort sendiráð um sig almenningsbókasöfnum í gistiríkjum sínum bókaþjálfar en bókasöfn í Whitehorse, Yellowknife og Iqaluit hlutu bókaþjálf frá Íslandi.

Fyrsta tvíhliða samráð milli Íslands og Kanada fór fram í Reykjavík í október. Helstu umræðuefni voru hugsanleg uppfærsla á gildandi fríverslunarsamningi ríkjanna, viðskipti og fjárfestingar, menningarverkefni, málefni Atlantshafsbandagsins, norðurslóðir, árásarstríð Rússlands í Úkraínu, netöryggi, samningur um atvinnuleyfi ungmenna, mannréttindi og jafnrétti kynjanna.

Sendiráðið skipulagði heimsóknir þriggja ráðherra á árinu. Utanríkisráðherra tók þátt í hátíðarhöldum vegna Íslendingadagsins í Gimli í Manitoba. Ráðherra heimsótti jafnframt höfuðstöðvar kanadíska flughersins og höfuðstöðvar Loftvarnamiðstöðvar Norður-Ameríku (NORAD) í Winnipeg, fyrst íslenskra ráðherra, og hitti fyrir starfsmenn kanadíska og bandaríska hersins. Til umræðu voru málefni norðurslóða og nútímavæðing NORAD. Lilja Alfreðsdóttir,


ráðherra menningar- og viðskiptamála, heimsótti Vancouver í Bresku-Kólumbíu og tók þátt í skandinavískri miðsumarshátíð, fundaði með fulltrúum stofnana á sviði ferðamála, kvikmynda, menntamála og atvinnuþróunar. Þá fór hún fyrir sendinefnd Íslands á Arctic Arts Summit í Whitehorse í Yukon. Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, leiddi sendinefnd íslenskra fyrirtækja á sviði orkutækni og þjónustu á Global Energy Show í Calgary í Alberta-fylki þar sem hún flutti eina af aðalræðum ráðstefnunnar og átti jafnframt fundi með nokkrum ráðherrum Alberta-fylkis, háskólum og nýsköpunarsamtökum.

Sendiráðið leiddi fyrir hönd Íslands norræna menningarverkefnið Nordic Bridges. Verkefnið var stutt af Norrænu ráðherranefndinni og er stærsta sameiginlega menningarverkefni Norðurlandanna á erlendri grundu hingað til. Verk hundraða norrænna listamanna voru flutt og sýnd víðsvegar um Kanada á árinu. Yfir hundrað sýningar, fyrirlestrar og gjörningar voru á dagskrá Nordic Bridges og yfir tuttugu íslenskir listamenn, tónlistarmenn, rithöfundar, blaðamenn, kvikmyndagerðarmenn, hönnuðir og skapandi hugsmenn komu fram á vegum verkefnisins.

Sendiráðið lagði mikla áherslu á að skapa viðskiptatækifæri fyrir íslensk fyrirtæki í forgangsgreinum, bláa hagkerfinu, endurnýjanlegri orku, tækni og þjónustu og heilbrigðistækni, á lykilmörkuðum í Kanada.

Íslendingar í umdæmisríkjum	892	1,8%
Þar af í Kanada	892	1,8%
Viðskipti við Kanada		
Vöruútflutningur (2022)	17.932,4	1,8%
Vöruinnflutningur (2022)	12.347,3	0,9%
Þjónustuútflutningur (2021)	13.777,6	2,9%
Þjónustuinnflutningur (2021)	4.861,3	1,3%
Starfsmenn	3	1,8%
Útsendir diplómatar	1	1,5%
Aðrir staðarráðnir	2	2,4%
Rekstrarkostnaður	63,3	1,5%

Umdæmisríki: Kanada og Kosta Ríka.



Sendiráð í París

Fjölbreytt starfsemi og þverlægar áherslur

Í allri starfsemi sendiráðs Íslands í París var lögð áhersla á jafnrétti, mannréttindi, viðskipti, loftslags- og orkumál, grænar lausnir og sjálfbærni. Umdæmi sendiráðsins er eitt það stærsta fyrir vöruútflutning frá Íslandi, hið vinsælasta sem áfangastaður fyrir íslenska ferðamenn, hið umsvifamesta hvað borgarþjónustu varðar og telur mestan fjölda kjöræðismanna eða samtals 30 talsins.

Utanríkisráðherra átti tvíhliða fund með Evrópu-málaráðherra Frakklands og forsætisráðherra með forsætisráðherrum Spánar og Portúgals. Ráðherrarnir áttu nokkra minni fundi með forseta Frakklands, utanríkisráðherrum Ítalíu, Spánar, Portúgals og Andorra. Þá tóku fimm aðrir ráðherrar þátt í ráðherrafundum hjá OECD á árinu og þrír ráðherrar tóku þátt í viðburðum og fundum með UNESCO, þar með talinn forsætisráðherra. Íslenskir þingmenn tóku þátt í CFSP og COSAC í mars í París. Sendiráðið lagði áherslu á tengslamyndun og upplýsingaskipti í kjölfar forseta- og þingkosninga í Frakklandi í fyrravor og var tvíhliða samráð skrifstofustjóra í utanríkisráðuneytinu í París í nóvember liður í því.


Málefni Úkraínu og öryggi í Evrópu, meðal annars orkuöryggi, hafa verið í brennidepli í Frakklandi og sótti sendiráðið í lok árs stuðningsráðstefnu fyrir Úkraínu sem forsetar Frakklands og Úkraínu stóðu fyrir. Á vettvangi UNESCO tók sendiráðið virkan þátt í vinahópi um málefni Úkraínu og leiddi

Ísland í tvígang ályktanir og eina sameiginlega yfirlýsingu varðandi rétt til menntunar í Afganistan, með áherslu á stöðu stúlkna og kvenna.

Jafnréttismálum voru reglulega gerð skil í starfi sendiskrifstofunnar. Sendiherrar Norðurlanda gagnvart Líbanon birtu blaðgrein um skort á pólitískri þátttöku kvenna þar í landi og á vettvangi OECD skipulagði sendiráðið ráðstefnu í tilefni alþjóðlega jafnlaunadagsins með þátttöku félags- og vinnumarkaðsráðherra. Þá var utanríkisráðherra einn af fundarstjórum á ráðherrafundi þróunarseturs OECD þar sem græn umskipti og jafnréttismál voru helstu umfjöllunarefnin.

Áhugi á íslenskri menningu er mikill og ímynd Íslands jákvæð. Um tuttugu íslensk bókmenntaverk eru gefin út árlega í Frakklandi og fengu íslenskir rithöfundar margvísleg verðlaun og boð á hátíðir. Sendiráðið skipulagði fjölmargar bókakynningar en franskir þýðendur gegna lykilhlutverki í að koma íslenskum bókmenntum á framfæri. Í júní stóð sendiráðið, ásamt Íslandsstofu, Kvikmyndamiðstöð og Les-Arcs-hátíðinni fyrir viðamikilli menningardagskrá í París undir heitinu Íslenska vikan. Kvikmyndin Volaða land var sýnd í yfir hundrað kvikmyndahúsum í Frakklandi um jólin. Hátt í þúsund Íslendingar alls sóttu opunarhátíð Tvíæringsins í Feneyjum, kvikmyndahátíðina í Cannes og sjávarútvegssýninguna í Barcelona.

Íslendingar í umdæmisríkjum	1.717	3,5%
þar af í Frakklandi	483	1,0%
Viðskipti við Frakkland		
Vöruútflutningur (2022)	63.769,2	6,4%
Vöruinnflutningur (2022)	34.759,7	2,6%
Þjónustuútflutningur (2021)	14.239,6	3,0%
Þjónustuinnflutningur (2021)	6.078,8	1,6%
Starfsmenn	9	5,3%
Útsendir diplómatar	5	7,6%
Aðrir staðarráðnir	4	4,7%
Rekstrarkostnaður	203,4	4,8%
Umdæmisríki: Frakkland, Andorra, Ítalía, Líbanon, Mónakó, Portúgal og Spánn.		
Fjölpjódasamstarf: OECD og UNESCO.		



Sendiráð í Peking

Sóttvarnaaðgerðir lama Kína

Á meðan heimsbyggðin aflétti sóttvarnaaðgerðum hertu kínversk stjórnvöld þær þegar líða tók á árið. Landinu var nánast lokað og innanlands var ferðatakmörkunum og lokunum borga, borgarhluta og fjölbýlishúsa beitt óspart. Aðgerðirnar hömluðu starfsemi sendiráðsins og þeim fylgdi verulegt álag á starfsfólk þess sem bjó við stöðugt og daglegt áreiti og óvissu vegna nýrra og breyttra sóttvarnareglna.

Auk sóttvarnaaðgerðanna setti innrás Rússlands í Úkraínu mjög svip á öll samskipti við kínversk stjórnvöld sem og samráð við sendiráð annarra vestrænna ríkja í Peking. Sendiráðið fylgdist náið með stjórn málaþróun í landinu í tengslum við tuttugasta þing Kommúnistaflokksins og samfélagslegum viðbrögðum við sóttvarnaaðgerðum stjórnvalda.


Fjölda landkynninga- og viðskiptaviðburða var aflýst vegna sóttvarnaaðgerðanna. Sendiráðið tók þetta árið því ekki þátt í nema sex viðskipta- og ferðakaupstefnum. Hæst bar CIIE-kaupstefnan í Sjanghæ og Norræna samstarfsverkefnið Nordic Health Cities. Sendiráðið sinnti hins vegar sýnu fleiri tollafgreiðslumálum fyrir íslensk fyrirtæki sem lentu í ógöngum vegna sérkennilegra

sóttvarnareglna og nýs skráningakerfis fyrir innflytjendur til Kína. Jafnframt var sendiráðið í sambandi við samborgara og fyrirtæki vegna lokana og sóttkvíar einstaklinga.

Sendiráðið tók upp á þeirri nýbreytni að standa fyrir kynningu á Vestnorræna deginum. Viðburðurinn var haldinn í sendiráðinu í samvinnu við fulltrúa Færeyja og Grænlands og sóttu hann um 150 gestir úr stjórnsýslunni, atvinnu- og menningarlífinu. Landkynning fór annars þetta árið að mestu fram með viðtölum í kínverskum fjölmiðlum og í gegnum Weibo-síðu sendiráðsins sem er á kínversku. Færslur sendiráðsins á Weibo hlutu ríflega 25 milljónir heimsóknna, og fjölgaði fylgjendum úr rúmlega 60 þúsundum í 111 þúsund.

Sendiráðið fylgdist grantt með þátttöku íslensku ólympíufaranna og aðstoðaði þá með ýmisleg viðvik. Vetrarólympíuleikarnir veittu tækifæri fyrir greinaskrif og viðtöl í kínverskum fjölmiðlum um samskipti ríkjanna og þátttöku íslensks íþróttafólks í leikunum. Þá tók sendiráðið þátt í átaki UN Women í Kína gegn kynbundnu ofbeldi og minnti á réttindi hinsegin fólks og baráttuna gegn kynbundnu ofbeldi í samstarfi við sendiráð Eistlands.

Íslendingar í umdæmisríkjum	86	0,2%
Þar af í Kína	25	0,1%
Viðskipti við Kína		
Vöruútflutningur (2021)	21.344,5	2,1%
Vöruinnflutningur (2021)	122.093,3	9,3%
Þjónustuútflutningur (2020)	2.546,2	0,5%
Þjónustuinnflutningur (2020)	2.234,9	0,6%
Starfsmenn		
Útsendir diplómatar	3	4,5%
Staðarráðnir viðskiptafulltrúar	1	12,5%
Aðrir staðarráðnir	6	7,1%
Rekstrarkostnaður	187,6	4,4%
Umdæmisríki: Kína, Mongolía, Víetnam og Taíland.		



Sendiráð í Stokkhólmi

Menning, viðskipti, borgarþjónusta og pólitísk vöktun

Tengsl Svíþjóðar og Íslands á sviði stjórn mála, viðskipta og menningar halda áfram að styrkjast sem og ímynd Íslands í Svíþjóð. Sendiráð Íslands í Stokkhólmi leggur áherslu á verkefni sem bæði styðja við og nýta sér þessa þróun. Á það sérstaklega við verkefni á sviði skapandi greina, ferðaþjónustu og náttúruafurða.

Sendiráðið stóð að og tók þátt í margvíslegum verkefnum á sviði menningar og lista við kynningu á Íslandi á árinu 2022. Má þar nefna kynningar á íslenskum bókmenntum í sænskum þýðingum og samstarf við þýðendur íslenskra bóka. Myndlistarsýningar og samstarf gallería voru meðal verkefna og tónleikahald og kynningar á íslenskum kvikmyndum í Svíþjóð. Íslensk hönnun veur vaxandi athygli í Svíþjóð og hefur hefð skapast fyrir þátttöku sendiráðsins í árvissum verkefnum á því sviði. Allt starf sendiráðsins á sviði menningarmála er unnið í nánun samstarfi við kynningarmiðstöðvar listgreinanna á Íslandi og Íslandsstofu, sem til dæmis rekur verkefnið Skapandi Ísland sem hefur meðal annars haft í för með sér aukinn slagkraft fyrir samstarf á sviði skapandi greina.

Vöruútflutningur til Svíþjóðar hefur aukist um tvo þriðju hluta á síðustu fimm árum. Matvæli nema fjórðungshluta og ríflega 60% sé veiddur fiskur talinn með. Íslenski hesturinn er vinsæll í Svíþjóð og útflutningur hrossa hefur aukist. Talsverð aukning hefur orðið í fjárfestingum sænskra fyrirtækja á Íslandi og áhugi er á grænum fjárfestingum og samstarfi þeim tengdum. Ímynd Íslands sem áfangastaðar ferðamanna er mjög jákvæð í Svíþjóð. Sendiráðið starfar með Íslandsstofu og ferðaþjónustuaðilum að því að kortleggja og greina útflutningshagsmunum Íslands í Svíþjóð og tekur þátt í margskonar vöru- og landkynningum.


Borgarþjónusta er grundvallarþáttur í starfi sendiráðs Íslands í Stokkhólmi. Um tíu þúsund Íslendingar búa í Svíþjóð og er stór hluti þeirra námsmenn. Svíþjóð er einnig vinsæll áfangastaður íslenskra ferðamanna.

Sendiráðið vaktar stjórn málaumræðu í Svíþjóð, ekki síst hvað varðar formennsku Svíþjóðar í ráði Evrópusambandsins, öryggis- og varnarmál og umsókn Svíþjóðar að Atlantshafsbandalaginu og fleira.

Íslendingar í umdæmisríkjum þar af í Svíþjóð

Íslendingar í umdæmisríkjum	9.113	18,6%
þar af í Svíþjóð	8.933	18,2%
Viðskipti við Svíþjóð		
Vöruútflutningur (2022)	7.000,0	0,7%
Vöruinnflutningur (2022)	49.301,6	3,7%
Þjónustuútflutningur (2021)	23.645,2	5,0%
Þjónustuinnflutningur (2021)	17.324,8	4,6%
Starfsmenn	4	2,4%
Útsendir diplómatar	1	1,5%
Aðrir staðarráðnir	3	3,5%
Rekstrarkostnaður	76,7	1,8%

Umdæmisríki: Svíþjóð, Kýpur og Nýja-Sjáland.



Sendiráð í Tókýó

Vel heppnaðar heimsóknir

Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, kom í vel heppnaða vinnuheimsókn til Japans í desemberbyrjun sem sérstakur gestur japanska stjórnvalda. Tók hann meðal annars þátt í jafnréttisþinginu World Assembly for Women (WAW) 2022 sem lýkilræðumaður. Átti hann tvíhliða fundi með Fumio Kishida, forsætisráðherra Japans, og Masanobu Ogura, ráðherra jafnréttismála. Auk þess heimsótti forseti meðal annars Fukushima-héraðið sem varð illa úti í flóðbylgju eftir jarðskjálftann mikla í mars 2011 og kjarnorkuslysið í Daiichi-kjarnorkuverinu.

Sendiráð Norðurlandanna í Tókýó efndu einnig til málþings um efnahagsmál og jafnrétti í samstarfi við Norrænu ráðherranefndina. Forseti hélt þar aðalræðu. Rætt var um það hvernig norrænt velferðarkerfi getur orðið fyrirmynd við innleiðingu nýrrar efnahagsstefnu japanska stjórnvalda.

Í maí heimsótti sendiherra Hiroshima þar sem hann fundaði meðal annars með borgarstjóra, heimsótti friðarsafnið og minnisvarða um fórnarlömb kjarnorkuárásarinnar og Hiroshima-friðarsetrið í Háskólanum í Hiroshima.


Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, háskóla, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, fór fyrir sendinefnd með fulltrúum úr hugvits-, mennta- og

hátæknigeiranum til Singapúr í fyrri hluta nóvember. Sendinefndin var skipulögð með áherslu á sköpun starfa í þekkingarsamfélagi. Auk funda með hlutaðeigandi ráðherrum úr ríkisstjórn Singapúr og hefðbundinna fyrirtækjakynninga og heimsókna voru ýmsar stofnanir, rannsóknarsetur og háskólar sóttir heim. Jafnframt tók ráðherra þátt í pallborðsumræðu á She Loves Tech-ráðstefnunni, sem er stærsta tækniráðstefna kvenna í Asíu, og fór í fjölmiðlaviðtöl.

Síðar í nóvember leiddi Lilja Alfreðsdóttir, menningar- og viðskiptaráðherra, sendinefnd til Seúl. Tilefnið var 60 ára stjórnmalasambandsafmæli Íslands og Suður-Kóreu. Áhersla heimsóknarinnar var á menningu, hátækni og skapandi greinar enda hafa Kóreumenn náð afar langt í kvikmyndagerð og popptónlist. Auk þess að eiga viðræður við ráðherra úr ríkisstjórn Suður-Kóreu og formann jafnréttis- og fjölskyldunefndar kóreska þingsins, fundaði menningar- og viðskiptaráðherra með fyrirtækjum í skapandi greinum og ferðapjónustu þar sem Ísland var kynnt sem áhugaverður staður til fjárfestinga og nýsköpunar. Ráðherra flutti einnig erindi um jafnréttismál í hinum virta EWHA-háskóla, birti grein um jafnréttismál í víðlesnu kóresku dagblaði auk þess sem þrjár víðlesnir fjölmiðlar tóku viðtöl við ráðherrann um jafnréttismál og Ísland.

Íslendingar í umdæmisríkjum	129	0,3%
þar af í Japan	57	0,1%
Viðskipti við Japan		
Vöruútflutningur (2022)	21.893,4	2,2%
Vöruinnflutningur (2022)	19.289,3	1,5%
Þjónustuútflutningur (2021)	5.674,9	1,2%
Þjónustuinnflutningur (2021)	354,8	0,1%
Starfsmenn	5	3,0%
Útsendir diplómatar	1	1,5%
Staðarráðnir viðskiptafulltrúar	1	12,5%
Aðrir staðarráðnir	3	3,5%
Rekstrarkostnaður	95,6	2,2%

Umdæmisríki: Japan, Brúnei, Filippseyjar, Indónesía og Tímor-Leste.



Sendiráð í Varsjá

Nýtt sendiráð Íslands í Póllandi

Utanríkisráðherra opnaði nýtt sendiráð Íslands í Póllandi formlega í fjölmennri opnunarmóttöku í Varsjá á fullveldisdaginn 1. desember. Á meðal þeirra sem sóttu viðburðinn var forystufólk í pólsku stjórn mála, -viðskipta og menningarlífi auk fulltrúa íslenskra fyrirtækja í Póllandi og pólsk-íslenskra vináttufélaga. Pólitísk, efnahagsleg og menningarleg samskipti Íslands og Póllands hafa aukist verulega á undanförunum árum. Hagsmunir landanna fara saman í mikilvægum málaflokkum, svo sem öryggis- og varnarmálum og á vettvangi Uppbyggingarsjóðs EES. Pólland er í dag eitt mikilvægasta samstarfsríki sjóðsins. Þá hafa aukin tengsl ríkjanna, ekki síst vegna fjölda Pólverja sem búsettir eru á Íslandi, eftl viðskipta- og menningartengsl. Alls eru rúmlega 21 þúsund Pólverjar búsettir á Íslandi um þessar mundir, um 40 prósent allra erlendra ríkisborgara á Íslandi. Einnig hefur fjölgað hratt í hópi Íslendinga með pólskar rætur. Pólland hefur rekið sendiráð í Reykjavík frá árinu 2008 og með sendiherra frá árinu 2018.

Pólland gegnir lykilhlutverki innan Atlantshafsbandalagsins og Evrópusambandsins. Íbúafjöldi er 38 milljónir og hagkerfið það sjötta stærsta í Evrópu. Hernaðarlegt vægi Póllands hefur aukist

mjög í kjölfar árásarstríðs Rússa og landið er miðpunktur margvíslegrar aðstoðar Vesturlanda við Úkraínu. Mjög hefur reynt á alla innviði í kjölfarið, ekki síst vegna mikils fjölda flóttafólks frá Úkraínu sem leitað hefur skjóls í grannlandinu. Pólverjar leggja mikla áherslu á að efla landvarnir og byggja upp vel búinn og fjölmennan herafila. Pólskar flugsveitir taka reglulega þátt í loftrýmisgæslu við Ísland.

Fjöldi íslenskra fyrirtækja á sviði skipaflutninga, sjávarútvegs og hátækni framleiðslu stunda rekstur í Póllandi. Einnig reka ýmis smærri fyrirtækja á sviði hönnunar, forritunar og verkfræðisþjónustu starfsemi í Póllandi. Umsvifin aukast ár frá ári. Búist er við töluverðri aukningu í ferðaþjónustu á árinu 2023 þar sem flugfélagið Play hefur beint áætlanarflug frá Íslandi til Varsjár á vormánuðum.

Íslenska og norræn fræði eru kennd við nokkra háskóla í Póllandi. Pólskir háskólar eiga einnig náið samstarf við háskóla á Íslandi. Einnig er mikill áhugi á hvers konar menningarsamstarfi við Ísland sem endurspeglast í starfi vináttufélaga, grósku í tónlistarsamstarfi og blómlegri útgáfu á íslenskum bókmenntum í pólskum þýðingum.

Íslendingar í umdæmisríkjum 129 0,3%
þar af í Póllandi 57 0,1%

Viðskipti við Pólland

Vöruútflutningur (2022)	19.037,4	1,9%
Vöruinnflutningur (2022)	29.893,4	2,3%
Þjónustuútflutningur (2021)	3.378,9	0,7%
Þjónustuinnflutningur (2021)	6.818,3	1,8%


Starfsmenn

Útsendir diplómatar	4	2,4%
Staðarráðnir viðskiptafulltrúar	1	1,5%
Aðrir staðarráðnir	3	3,5%

Rekstrarkostnaður

Umdæmisríki: Pólland, Búlgaría, Úkraína og Rúmenía.

Sendiráð Íslands í Varsjá tók formlega til starfa 1. desember 2022. Rekstrarkostnaður sem féll til var óverulegur. Greint verður frá rekstrarkostnaði við Varsjá í skýrslu ráðherra til Alþingis að ári.



Sendiráð í Vín

Öryggi Evrópu í molum

Innrás Rússlands í Úkraínu í febrúar kollvarpaði starfi og stefnu alþjóðastofnana og alþjóða-samfélagsins sem frá endalokum síðari heimsstyrjaldarinnar hefur leitast við að tryggja frið og öryggi í heiminum. Það sem eftir lifði árs snerist starfsemi Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (ÖSE) um að lágmarka skaða og förnarkostnað, halda uppi samtali við árásaríkin Rússland og Belarús, leita leiða til þess að draga úr spennu og styðja við Úkraínu með tiltækum ráðum. Fyrri hluta árs var þungi starfs fastanefndar Íslands á vettvangi ÖSE en einnig á vettvangi Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar sem vaktar almennt kjarnorkuöryggi í heiminum en hefur sérstaklega beitt sér í málefnum Úkraínu á þessu ári. Rússar náðu kjarnorkuverinu Zaporizhzhia á vald sitt í byrjun mars og viðvarandi hættuástand hefur ríkt síðan.

Ákvörðun um opnun sendiráðs að nýju í Vínarborg var kunngerð 20. ágúst 2022 og var sendiráð gagnvart Króatíu, Slóveníu, Slóvakíu og Ungverjalandi, auk Austurríkis, formlega opnað í Vín 16. september að viðstöddum utanríkisráðherra.


Umfangsmikið samráð á vettvangi allra alþjóðastofnana í Vín á sviði öryggis- og varnarmála, efnahags- og umhverfismála og lýðræðis- og mannréttinda var með óvenjulegum hætti í ljósi aðstæðna en mikilvægt er að fórna ekki unnum sigrum.

Konur og börn eru 90% þeirra tæpu átta milljóna flóttamanna frá Úkraínu. ÖSE hefur verið leiðandi í aðgerðum og vitundarvakningu, viðbrögðum og forvarnaraðgerðum gegn mansali.

Fastanefndin hefur átt gott og náð samstarf með skrifstofunni sem meðal annars vann með íslenskum aðilum í tveggja daga vinnuheimsókn í október.

Orkumál og öryggi eru knýjandi viðfangsefni í flestum ríkjum Evrópu og var ofarlega á baugi í opinberri heimsókn forseta Íslands til Slóveníu og Slóvakíu í haust. Stjórnvöld áforma að nýta enn betur jarðhitamöguleika og draga úr orkuhæði gagnvart Rússlandi. Austurríki og önnur Mið-Evrópuríki gætu nýtt jarðhita til húshitunar og loftkælingar í mun meira mæli en nú er. Sendiráðið er virkt í samráði við stjórnvöld og Uppbyggingarsjóð EES í þessum efnunum.

Íslendingar í umdæmisríkjum	345	0,7%
þar af í Austurríki	294	0,6%
Viðskipti við Austurríki		
Vöruútflutningur (2022)	232,5	0,02%
Vöruinnflutningur (2022)	9.014,9	0,7%
Þjónustuútflutningur (2021)	2.590,9	0,5%
Þjónustuinnflutningur (2021)	1.087,7	0,3%
Starfsmenn	3	1,8%
Útsendir diplómatar	1	1,5%
Aðrir staðarráðnir	2	2,4%
Rekstrarkostnaður	83,0	1,9%
Umdæmisríki: Austurríki, Króatía, Slóvenía, Slóvakía og Ungverjaland.		
Fjölpjódasamstarf: ÖSE, UNOV, IAEA og CTBTO.		



Sendiráði í Washington

Tvíhliða samband Íslands og Bandaríkjanna dýpkað

Sendiráðið stóð í september ásamt Grænvangi og Íslandsstofu fyrir ráðstefnu um orku- og loftslagsmál í Washington, Our Climate Future – U.S. – Iceland Clean Energy Summit. Ráðstefnunni var ætlað að koma á framfæri íslensku hugviti og grænum lausnum sem nýst geta í baráttunni gegn loftslagsvánni og stofna til tengsla íslenskra og bandarískra aðila, bæði stjórnvalda og einkaaðila. Forsætisráðherra og utanríkisráðherra tóku þátt í ráðstefnunni ásamt lykilaðilum á sviði orkumála og grænna lausna á Íslandi og í Bandaríkjunum.

Utanríkisráðherra átti samtalið við Antony Blinken, bandarískan starfsbróður sinn, í janúarmánuði, en samskipti ríkjanna hafa síðan verið mörkuð af grimmilegri innrás Rússa í Úkraínu. Má fullyrða að tvíhliða samband ríkjanna sem og samráð á vettvangi alþjóðasamtaka og öryggisstofnana hafi dýpkað enn frekar á þeim grunni.

Í apríl fór fram á Íslandi reglubundið samráð Íslands og Bandaríkjanna á sviði öryggispolítískra mála. Utanríkisráðherra heimsótti Washington í sama mánuði og átti fund í varnarmálaráðuneytinu með dr. Colin Kahl aðstoðarvarnarmálaráðherra. Stríðið í Úkraínu og öryggismál á norðurslóðum bar þar hæst, auk tvíhliða varnarsambands ríkjanna. Utanríkisráðherra fundaði einnig með tveimur aðstoðarutanríkisráðherrum,

Victoríu Nuland, sem ábyrg er fyrir pólitískum málum, og Uzru Zeya, sem er ábyrg fyrir mannréttinda- og lýðræðismálum, en á því sviði hefur þróast gott samstarf á undanförunum tveimur árum. Sendiráðið hélt meðal annars móttöku í ágúst til heiðurs Victors Madrigal-Borloz í sendiherrabústaðnum en hann er sérstakur erindreki Sameinuðu þjóðanna um málefni hinsegin fólks og var kominn til Bandaríkjanna í boði Bandaríkjastjórnar til að gera úttekt á aðstæðum hinsegin fólks.

Sendiráðið lagði áherslu á það á árinu að efla tengsl við fulltrúa á Bandaríkjaþingi og starfsfólk þeirra en viðkomandi leika mikilvægt hlutverk í umfjöllun um málaflokka sem snerta Ísland. Ísland tók þátt í samstarfsverkefni norrænu sendiráðanna sem fól í sér kynnisferð til Íslands, Grænlands og Noregs fyrir hóp starfsmanna þingsins. Þá fundaði forsætisráðherra í september með Nancy Pelosi, forseta fulltrúadeildar Bandaríkjaþings, sem og öldungadeildarþingmönnum Angus King og Lisu Murkowski, sem hvað mest hafa látið sig varða málefni norðurslóða.

Að síðustu ber að nefna fund Elizu Reid, eigin konu forseta Íslands, með forsetahjónunum, Joe og Jill Biden, í mars þegar hún var heiðursgestur á sérstökum kvennaviðburði.

Íslendingar í umdæmisríkjum 6.576 13,4%
þar af í Bandaríkjunum 6.492 13,3%


Víðskipti við Bandaríkin

Vöruútflutningur (2022)	77.909,1	7,8%
Vöruinnflutningur (2022)	95.150,5	7,2%
Þjónustuútflutningur (2021)	130.205,3	27,4%
Þjónustuinnflutningur (2021)	45.633,1	12,2%

Starfsmenn 8 4,7%
Útsendir diplómatar 4 6,1%
Aðrir staðarráðnir 4 4,7%

Rekstrarkostnaður 234,6 5,5%

Umdæmisríki: Bandaríkin, Argentína, Brasilía, Chile og Mexíkó.



Fastanefnd hjá Atlantshafsbandalaginu

Bandalag á tímamótum í skugga stríðsreksturs Rússlands

Árásarstríð Rússlands gegn Úkraínu hefur þegar markað djúp spor hvað þróun öryggis- og varnarmála í Evrópu áhrærir. Nokkrum dögum eftir að innrásin hófst áttu forsætisráðherra og framkvæmdastjóri Atlantshafsbandalagsins fund í Brussel þar sem forsætisráðherra undirstrikaði að Ísland væri órofa hluti af alþjóðlegri samstöðu gegn ólögmætu stríði Rússlands.

Tímamót urðu í störfum bandalagsins á leiðtogafundi í Madríd í júní. Þar var ný grunnstefna samþykkt, mikilvægar ákvarðanir teknar um styrkingu á varnarviðbúnaði bandalagsins og aðildarumsóknir Finnlands og Svíþjóðar samþykktar. Ákvarðanir ríkjanna tveggja um að óska eftir aðild að bandalaginu felur í sér sögulega breytingu á öryggis- og varnarmálum í Evrópu sem mun auka stöðugleika og fyrirsjáanleika, ekki síst á norðurslóðum og á Eystrasaltssvæðinu.


Framferði Rússlands og grimmilegur stríðsrekstur á sér enga hliðstæðu í Evrópu frá lokum síðari heimstyrjaldar. Ótrygg og hættuleg staða öryggismála hefur því verið helsta umfjöllunarefni þriggja leiðtogafunda og átta funda utanríkisráðherra og varnarmálaráðherra undanfarið ár. Breið samstaða er um að styðja Úkraínu með ráðum og dáð að verjast grimmdarverkum Rússlands.

Jafnframt er áréttað að Atlantshafsbandalagið á ekki aðild að stríðsátökunum en mun verjast af öllu afli verði öryggi bandalagsríkja ógnað.

Frá árinu 2014 hefur Atlantshafsbandalagið ráðist í umfangsmestu breytingar og umbætur á starfsemi sinni frá lokum kalda stríðsins. Herstjórnarskipulaginu hefur verið breytt, fælingarstefnan eflað, varnaráætlanir uppfærðar og netöryggi sett á oddinn. Bandalagið var því tilbúið og brátt fumlaust við innrásinni 24. febrúar 2022. Samdægurs voru allar varnaráætlanir bandalagsins virkjaðar og degi síðar var kallað til leiðtogafundar þar sem lýst var yfir einróma stuðningi við Úkraínu og fordæmingu á Rússlandi.

Fastanefnd Íslands tekur virkan þátt í þeirri stefnumótun og málefnavinnu sem fer fram á vettvangi fastaráðs bandalagsins og undirnefnda þess. Meðal helstu kjarnamála Íslands er að tryggja varnir á Norður-Atlantshafi og stöðugleika á norðurslóðum, tengsl loftslagsbreytinga og öryggismála, netöryggi og framkvæmd öryggisráðsályktunar nr. 1325 um konur, frið og öryggi. Mikilvægustu varnarskuldbindingar Íslands felast í því að viðhalda stöðuvitund á svæðinu umhverfis landið, að tryggja rekstur og viðhald varnartengdra innviða og veita liðsafla bandalagsríkja gistiríkisstuðning þegar hann er við störf á Íslandi í lengri eða skemmri tíma.

Starfsmenn	9	5,3%
Útsendir diplómatar	6	9,1%
Aðrir staðarráðnir	3	3,5%
Rekstrarkostnaður	187,7	4,4%
Fjölpjódasamstarf: Atlantshafsbandalagið		



Fastanefnd/sendiráð í Genf

Söguleg samstaða á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar

Afnám samkomutakmarkana vegna COVID-19, sögulegur ráðherrafundur Alþjóðaviðskipta-stofnunarinnar (WTO), lok formennsku Íslands í EFTA, aukinn þungi í starfi Íslands innan mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna og innrás Rússlands í Úkraínu standa upp úr þegar horft er yfir starf fastanefndar árið 2022.

Utanríkisviðskipti eru veigamikill þáttur í starfi fastanefndarinnar og náðist söguleg samstaða um mikilvæg mál á tólfta ráðherrafundi WTO sem var loks haldinn í júní 2022 eftir að hafa verið frestað með stuttum fyrirvara í árslok 2021. Sameiginleg yfirlýsing fundarins inniheldur meðal annars í fyrsta sinn tilvísun í mikilvægi efnahagslegrar valdeflingar kvenna, eitt af áherslumálum Íslands á vettvangi stofnunarinnar. Næsti ráðherrafundur WTO verður haldinn í Sameinuðu arabísku fursta-dæmunum í febrúar 2024.

Ári formennsku Íslands í EFTA lauk með vel heppnuðum ráðherrafundi í Borgarnesi í júní. Þar var meðal annars ákveðið að hefja undirbúning að uppfærslu fríverslunarsamnings EFTA og Úkraínu, styrkja vinnu við að bæta nýtingu núverandi fríverslunarsamninga og skoða möguleika á samtali við stærri viðskiptablokkir um frekari tengsl. Þá hefur aukinn þungi færst í yfirstandandi samningaviðræður um fríverslun eftir

að samkomutakmörkunum var aflétt, enda mun auðveldara að semja augliti til auglitis en með aðstoð fjarfundarbúnaðar.


Á vettvangi mannréttindaráðsins beitir Ísland sér fyrir jafnrétti kynjanna, réttindum hinsegin fólks og afnámi dauðarefsinga. Á árinu beitti Ísland sérstaklega í málum er varða mannréttindaástandið í Xinjiang og leiddi ásamt Þýskalandi tillögu um stofnun óháðrar rannsóknarnefndar um mannréttindabrot í Íran sem var samþykkt undir lok árs. Þá fór fram þriðja allsherjarúttekt á stöðu mannréttindamála Íslands í byrjun árs. Áhersla á Mannréttindaráð Sameinuðu þjóðanna og mannúðarmál hefur verið að aukast jafnt og þétt síðustu ár en lykilstofnanir á þessu sviði eru staðsettar í Genf og situr Ísland nú í stjórnarnefndum flóttamannastofnunarinnar (UNHCR) og OCHA.

Starfsemi fastanefndar var styrkt á árinu með útsendum fulltrúa mennta- og barnamálaráðuneytisins. Aukin þverfagleg áhersla er á málefni og réttindi barna en sem fyrr er einnig fylgst með gangi mála á vettvangi Alþjóðaheilbrigðismála-stofnunarinnar (WHO) og Alþjóðavinnumála-stofnunarinnar. Þá heldur Ísland áfram að fylgja eftir mænuskaðaverkefni á vettvangi WHO.

Íslendingar í umdæmisríkjum	647	1,3%
Þar af í Sviss	642	1,3%
Viðskipti við Sviss		
Vöruútflutningur (2022)	4.124,7	0,4%
Vöruinnflutningur (2022)	10.638,4	0,8%
Þjónustuútflutningur (2021)	12.236,4	2,6%
Þjónustuinnflutningur (2021)	12.378,5	3,3%
Starfsmenn	7	4,1%
Útsendir diplómatar	5	7,6%
Aðrir staðarráðnir	1	1,2%
Útsendir, önnur ráðuneyti	1	10,0%
Rekstrarkostnaður	192,0	4,5%

Umdæmisríki: Sviss, Liechtenstein og Páfagarður.

Fjölpjódasamstarf: EFTA, UNOG, WTO, ITU, WHO, WIPO, WMO og ILO.



Fastanefnd í Strassborg

Ísland tekur við formennsku í Evrópuráðinu

Árið 2022 var viðburðaríkt hjá fastanefnd Íslands hjá Evrópuráðinu þar sem Ísland tók við formennsku í ráðinu, í þriðja sinn frá upphafi. Þau tíðindi urðu að ráðherranefnd Evrópuráðsins samþykkti að halda fjórða leiðtogafund Evrópuráðsins í tæplega 75 ára sögu þess í Reykjavík í maí 2023.


Innrás Rússa í Úkraínu markaði starf Evrópuráðsins á árinu en Rússum var með ákvörðun ráðherranefndarinnar vikið úr Evrópuráðinu 16. mars 2022. Rússar eru þó í upphafi ársins 2023, að eigin ósk, aðilar að nokkrum samningum Evrópuráðsins sem eru opnir ríkjum utan ráðsins og Mannréttindadómstóll Evrópu hefur enn til meðferðar mál sem höfðuð voru gegn Rússlandi áður en þeim var vikið úr ráðinu.

Evrópuráðið fjallar um mannréttindamál í viðtækum skilningi, lýðræðismál og samvinnu á sviði löggjafar. Formennskuáherslur Íslands markast af þeim meginþáttum en eru auk þess umhverfismál og mannréttindi, jafnréttismál og réttindi barna og ungmenna. Frekari upplýsingar um formennsku Íslands í Evrópuráðinu má finna í [kafla 1.4](#) um starfið í alþjóðastofnunum.

Árið 2022 markaðist af undirbúningi formennsku Íslands í Evrópuráðinu og formenskudagskrá. Utanríkisráðherra, forsætisráðherra, forseti Íslands og forsetafrú og mennta- og barnamála-ráðherra tóku þátt í fjölmörgum formennskuviðburðum Íslands á árinu, bæði í Strassborg og á Íslandi. Þar var gerð grein fyrir formennskuáherslum Íslands og fjallað um stöðu alþjóðamála og mikilvægi alþjóðlegs samstarfs, ekki síst eftir innrás Rússa í Úkraínu. Fastafulltrúi Úkraínu hjá Evrópuráðinu í Strassborg tók þátt í fundi í Reykjavík þar sem fjallað var um stöðu mála. Þá var sérstök áhersla lögð á jafnréttismál og réttindi barna og ungmenna og efnt til ýmissa viðburða að frumkvæði Íslands. Stjórnarnefnd Evrópuráðsþingsins fundaði á Íslandi í tilefni af formennsku Íslands í Evrópuráðinu og aðalfrankvæmdastjóri Evrópuráðsins heimsótti Ísland og fundaði með íslenskum ráðamönnum.

Fastanefnd Íslands hefur markvisst unnið að undirritun og fullgildingu samninga Evrópuráðsins sem og að kjöri íslenskra fulltrúa í lykilnefndir á vettvangi Evrópuráðsins. Íslenskur sérfræðingur starfar nú tímabundið að jafnréttismálum innan Evrópuráðsins sem framlag Íslands til formennskunnar.

Starfsmenn	4	2,4%
Útsendir diplómatar	3	4,5%
Aðrir staðarráðnir	1	1,2%
Starfsmemar	1	25,0%
Rekstrarkostnaður	106,8	2,5%
Fjölbjóðasamstarf: Evrópuráðið (CoE)		



Fastanefnd í Róm

Ísland jók stórlega neyðarframlög sín

Fjöldi einstaklinga sem glíma við hungur hefur farið vaxandi og náði hámarki á liðnu ári þegar allt að 828 milljónir voru í þeirri stöðu en í árslok 2022 horfði nærri því ein milljón manna fram á hungurdauða sem er tvöföldun frá árinu á undan. Antóníó Guterrez, aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, hefur lýst ástandinu sem „fordæmalausri hungurkrísu á heimsvísu“ og alþjóðastofnanir áætla að sama þróun haldi áfram og vari jafnvel allt árið 2023.


Að uppræta hungur í heiminum er eitt mikilvægasta heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Starf Alþjóðastofnananna þriggja á vegum Sameinuðu þjóðanna í Róm, Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO), Matvælaáætlun Sameinuðu þjóðanna (WFP) og Alþjóðasjóður um þróun landbúnaðar (IFAD), vinna gríðarlega mikið starf varðandi þetta markmið og hafa aðstoðað hundruð milljóna einstaklinga víða um heim í baráttunni gegn hungri og fátækt. Þrátt fyrir það miðar heiminum um þessar mundir í öfuga átt því hungur og skortur á fæðuöryggi hefur aukist í heiminum á síðustu árum sem og þörfin fyrir aðstoð alþjóðasamfélagsins.

Ástæður þessarar stöðu eru fjölbættar; erfiðar náttúrulegar aðstæður og loftslagsbreytingar, afleiðingar COVID-19 heimsfaraldursins og átök, ekki síst Úkraínustríðið, til viðbótar við erfitt efnahagsástand víða um heim.

Allt starf Rómarstofnananna þriggja mótaðist af þessu erfiða ástandi og aukinni fjárþörf vegna þess. Framkvæmdastjóri WFP, David Beasley, vann ötullega að því að afla stuðnings við starf stofnunarinnar en metin fjárþörf hennar á árinu 2022 var ríflega tvöföld fjárlög hennar árið á undan. Hann fór yfir þessa stöðu með utanríkisráðherra og öðrum ráðamönnum í heimsókn sinni til Íslands í október 2022. Ísland hefur lagt sitt lóð á vogarskálarnar með fjárframlögum og þátttöku í starfi FAO og WFP og tvöfaldaði meðal annars kjarnaframlög sín til WFP á árinu og jók einnig stórlega neyðarframlög sín.

Ísland hefur nýverið endurnýjað samstarfs-samninga sína við stofnanirnar þrjár í Róm og tekur þátt í starfsemi þeirra í gegnum fastanefnd Íslands í Róm, meðal annars með áherslu á málefni hafsins, fiskveiðar og alþjóðlega fiskveiðistjórnun. Ísland hefur einnig fjármagnað samstarfsverkefni hjá FAO, meðal annars gerð nýs upplýsingakerfis vegna hafnríkjasamningsins, lánar einn íslenskan starfsmann til FAO og hefur veitt formennsku bandalagi ríkja, samtaka og fræðastofnana sem vinna að því að minna á mikilvægi fæðu úr hafi og vötnum (Aquatic Blue Food Coalition).

Íslendingar á Ítalía	225	0,5%
Viðskipti við Ítalíu		
Vöruútflutningur (2022)	5.685,8	0,6%
Vöruinnflutningur (2022)	33.208,8	2,5%
Þjónustuútflutningur (2021)	6.796,1	1,4%
Þjónustuinnflutningur (2021)	5.467,4	1,5%
Starfsmenn	1	0,6%
Útsendir diplómatar	1	1,5%
Rekstrarkostnaður	47,8	1,1%
Fjölbjóðasamstarf: FAO, WFP og IFAD.		



Fastanefnd í New York

Sameinuðu þjóðirnar og umrót í alþjóðamálum

Í ársbyrjun 2022 var lagt upp með að meginverkefni Sameinuðu þjóðanna á árinu væru að takast á við heimsfaraldurinn og víðtækar afleiðingar hans, efla alþjóðlegt samstarf vegna loftslagsbreytinga og hvernig mætti mæta nýjum áskorunum í framtíðinni. Innrás Rússlands í Úkraínu í febrúar varð síðan til þess að öll þessi áform og framkvæmd þeirra hefur orðið flóknari og mun harðsóttari en ella.

Málefni Úkraínu hafa að verulegu leyti yfirtekið dagskrá öryggisráðsins. Á sama tíma hefur umfjöllun ráðsins sýnt fram á veikleika þess sem forystuafli í að stuðla að heimsfriði þar sem eitt af fimm ríkjum með neitunarvald er árásaraðili. Þessi staða hefur hleypt nýju lífi í umræðu um stöðu öryggisráðsins og þörfina á umbótum í starfsemi þess. Á sama tíma hefur allsherjarþingið látið málefni Úkraínu mjög til sína taka og samþykkt ályktanir tengdum einstaka þáttum stríðsins.


Allar meginstoðir starfs Sameinuðu þjóðanna hafa ekki farið varhluta af stríðshörmungunum í Úkraínu. Þessi staða kom skýrt fram í upphafi allsherjarþingsins síðastliðið haust þegar leiðtogar ríkja heims komu saman þar sem loftslagsváin, fæðuöryggi, afleiðingar heimsfaraldursins og Úkraínustríðið voru meginumfjöllunarefni. Umfjöllun helstu nefnda allsherjarþingsins

endurspeglaði þessi áhyggjuefni stjórnmalaleiðtoganna og hvernig stríðsátökin skaða víðtækt starf Sameinuðu þjóðanna sem sjaldan hefur verið meira aðkallandi vegna bágs ástands mannúðarmála, vaxandi ófriðar og efnahagsþrenginga.

Á allsherjarþinginu hafa jafnframt komið fram skýr skilaboð um að herða vinnu við innleiðingu heimsmarkmiðanna og styrkja alþjóðasamvinnu á vettvangi Sameinuðu þjóðanna á grundvelli skýrslu aðalframkvæmdastjóra frá 2021, Our Common Agenda, og er þar sérstaklega horft til leiðtogafundar stofnunarinnar árið 2024 um framtíð alþjóðasamfélagsins. Þar verður tekið á öllum þeim kjarnamálum sem Ísland leggur áherslu á í starfi Sameinuðu þjóðanna; virðingu fyrir alþjóðalögum, mannréttindum og jafnréttismálum, fjölþjóðlegri þróunarsamvinnu og innleiðingu heimsmarkmiðanna, auðlinda- og umhverfismálum og friðsamlegri lausn deilumála.

Fastanefndin tekur virkan þátt í umræðum og atkvæðagreiðslum í allsherjarþinginu og nefndum þess og beitir sér í helstu samstarfsstofnunum, meðal annars UNICEF, UNFPA og UN Women, en Ísland gegndi hlutverki varaforseta í stjórn þeirrar síðastnefndu árið 2022. Jafnframt gegndi Ísland varaformennsku í nefnd allsherjarþingsins um alþjóðalög og leiddi viðræður ásamt Grenada um fjármögnun þróunar.

Íslendingar í umdæmisríkjum	0	0,0%
Starfsmenn	9	5,3%
Útsendir diplómatar	6	9,1%
Aðrir staðarráðnir	3	3,5%
Rekstrarkostnaður	315,5	7,4%
Umdæmisríki:	Dóminíska lýðveldið og Kúba.	
Fjölþjóðasamstarf:	Sameinuðu þjóðirnar.	



Aðalræðisskrifstofa í New York

Viðskiptatengsl um öll Bandaríkin

Vel heppnuð ferð forseta Íslands ásamt Lilju Alfreðsdóttur, menningar- og viðskiptaráðherra í maí til vesturstrandar Bandaríkjanna og fundir þeirra með fimm hátæknirísum í Kísildalnum og Seattle treysti verulega grundvöll til samstarfs milli íslenskra fyrirtækja og þessara tæknifyrirtækja. Aðalræðisskrifstofan aðstoðaði við skipulagningu og aðalræðismaður var í sendinefndinni.

Í samvinnu við Icelandic-American Chamber of Commerce, Nordic Innovation House (NIH) í New York og Palo Alto og Íslandsstofu hefur aðalræðisskrifstofan unnið markvisst að því að þróa viðskiptatengslanet utan New York. Haldnir voru tengslamyndunarviðburðir í Seattle, San Francisco og Chicago, auk tveggja viðburða í New York. Ýtt var úr vör hlaðvarpi á ensku undir heitinu „Icelandic voices, American accent“, þar sem tekin eru viðtöl við Íslendinga í Bandaríkjunum.

NIH í New York og Palo Alto styðja við starfsemi norrænna nýsköpunarfyrirtækja í Bandaríkjunum. Þessi markaðsverkefni ásamt Nordic Amplify-heilsutækniverkefninu heyra undir Íslandsstofu en daglegu starfi er stýrt af aðalræðisskrifstofunni.


Aðalræðisskrifstofa tók þátt með Íslandsstofu og íslenskum fyrirtækjum í nokkrum stórum viðskiptaráðstefnum á sviði sjávarútvegs, matvæla og náttúruafurða, nýsköpunar, heilsutækni og fjárfestinga í ferðamannageiranum.

Aðalræðisskrifstofan stóð einnig fyrir nokkrum vefmálþingum í samvinnu við Íslandsstofu, þar á meðal um vefviðskipti og hvernig stofna eigi fyrirtæki í Bandaríkjunum. Jafnframt stóð aðalræðisskrifstofa, ásamt sendiráðunum í Washington og Ottawa, fyrir vefmálþingi þar sem fjármálaráðherra fór yfir horfur í íslensku efnahagslífi á komandi misserum.

Aðalræðisskrifstofan stóð fyrir samstarfi við hið fræga Frick-safn, í samvinnu við Skapandi Ísland, til að styðja sýningu á verki Ólafs Elíassonar. Í samvinnu við Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar kom skrifstofan á samningaviðræðum um aðsetur fyrir íslenskt listafólk og sýningarstjóra á virtri stofnun sem heitir ISCP.

Loks lagði aðalræðisskrifstofan áherslu á að ná til sem flestra Íslendinga í New York og nágrenni og bauð upp upp á reglulegar samkomur, til dæmis hátíðarhöld á 17. júní og 1. desember og jólaball fyrir börn.

Starfsmenn	2	1,2%
Útsendir diplómatar	1	1,5%
Aðrir staðarráðnir	1	1,2%
Rekstrarkostnaður	101,7	2,4%
Umdæmisríki: New York-ríki, Connecticut, New Jersey og Rhode Island.		



Aðalræðisskrifstofa í Nuuk

Yfirlýsing um aukið samstarf undirrituð

Árið einkenndist af því að grænlenst samfélag vaknaði úr dvala heimsfaraldursins og fann fyrir síaukinni alþjóðlegri athygli á mikilvægi landsins fyrir norðurslóðir og loftslagsmál. Af þessum sökum var mikið af alþjóðlegum viðburðum í Nuuk á árinu sem er þróun sem ekki sér fyrir endann á. Mikill áhugi virðist einnig vera á Íslandi fyrir auknu samstarfi landanna og hefur aðalræðisskrifstofan fengið fjölda fyrirspurna og aðstoðað bæði fyrirtæki, félagasamtök og einstaklinga við að finna viðskipta- og samstarfsaðila.

Í starfsemi aðalræðisskrifstofunnar á árinu bar hæst opinbera heimsókn forsætisráðherra, Katrínar Jakobsdóttur, til Nuuk í lok maí. Þetta er fyrsta heimsókn íslensks forsætisráðherra til Grænlands síðan 1998. Á fundi Katrínar og gestgjafans, Múte B. Egede, forsætisráðherra Grænlands, var rætt um nánara samstarf landanna og tækifæri til að efla samskiptin enn frekar. Forsætisráðherrarnir ákváðu að formgera samskiptin með undirritun samstarfsyfirlýsingar þar sem megináherslur í auknum samskiptum landanna væru tíundaðar.

Yfirlýsing forsætisráðherra Grænlands og Íslands um aukið samstarf landanna var undirrituð í Reykjavík í október. Í yfirlýsingunni eru nefnd sjö áherslusvið. Innihald yfirlýsingarinnar og áherslur byggjast fyrst og fremst á skýrslu Grænlandsnefndar utanríkisráðherra frá 2021, Samstarf


Grænlands og Íslands á nýjum Norðurslóðum. Utanríkisráðuneytið leiðir framkvæmd yfirlýsingarinnar fyrir hönd Íslands en framkvæmdin er í höndum samstarfsnefndar háttsettra embættismanna úr utanríkisráðuneytum landanna.

Yfirlýsingin skilgreinir sjö megináherslur sem löndin eru ásátt að vinna að. Þar er um að ræða viðskipti; sjávarútvegsmál og fiskveiðar; samstarf á sviði efnahagslegrar uppbyggingar, þar með talið bláa hagkerfið, sjálfbær orka, ferðaþjónusta, flug og byggingariðnaður; loftslagsbreytingar og líffræðilega fjölbreytni; jafnrétti; menntun og rannsóknir; og menningarsamstarf.

Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, háskóla-, nýsköpunar- og iðnaðarráðherra, leiddi viðskiptasendinefnd sextán íslenskra fyrirtækja frá Grænlenst-íslenska viðskiptaráðinu (GLÍS) til Nuuk í byrjun maí. Í för voru einnig fulltrúar GLÍS, Íslandsstofu og Viðskiptaráðs. Sendinefndin heimsótti flest stærstu grænlenstu fyrirtækin í Nuuk ásamt utanríkisráðherra Grænlands, Vivian Motzfeldt.

Í lok ágúst hélt Hringborð norðurslóða eina fjölmennustu alþjóðlegu ráðstefnu sem haldin hefur verið í Nuuk, Arctic Circle Greenland Forum. Ráðstefnuna sótti fjöldi Íslendinga, þar á meðal Guðlaugur Þór Þórðarson, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra og Lilja Alfreðsdóttir, menningar- og viðskiptaráðherra.

Íslendingar á Grænlandi	50	0,1%
Viðskipti við Grænland		
Vöruútflutningur (2022)	3.841,7	0,4%
Vöruinnflutningur (2022)	2.634,8	0,2%
Þjónustuútflutningur (2021)	4.397,6	0,9%
Þjónustuinflutningur (2021)	2.951,9	0,8%
Starfsmenn	2	1,2%
Útsendir diplómatar	1	1,5%
Aðrir staðarráðnir	1	1,2%
Rekstrarkostnaður	41,3	1,0%
Umdæmisríki: Grænland.		



Aðalræðisskrifstofa í Winnipeg

Utanríkisráðherra á Íslendingaslóðum

Á árinu var Íslendingadagurinn haldinn í 133. skipti í Gimli í Manitoba. Síðustu tvö ár hefur hátíðin, sem stendur í fjóra daga, ekki verið svipur hjá sjón vegna sóttvarnatakmakana en í ár var gríðarleg stemming á hátíðinni. Áætlað er að um 50 þúsund manns hafi sótt Gimli heim þessa daga. Íslenskir tónlistarmenn mættu og Magnús Ver Magnússon stýrði aflraunakeppni og ríkti mikil gleði og kátína alla dagana. Utanríkisráðherra var heiðursgestur Íslendingadagsins og flutti ávarp. Forsætisráðherra Manitoba, Heather Stefanson, var viðstödd og fór fallegum orðum um Ísland í ræðu sinni.

Sendinefnd frá Félagi kvenna í atvinnulífinu sótti Manitoba heim í júní. Sendinefndin átti ýmsa fundi með samtökum kvenna í Winnipeg og Gimli þar sem rædd voru ýmis mál sem tengjast jafnréttisbaráttu kvenna. Sendinefndin kynnti sérstaklega Jafnvægisvog FKA en með því verkefni


er sjónum beint að efsta lagi stjórnunar fyrirtækja og unnið að því að bæta jafnvægi kynja þar. Vakti Jafnvægisvogin verðskuldaða athygli í Manitoba.

Snorra-verkefnið, þar sem ungmenni frá Norður-Ameríku sækja Ísland heim, hófst aftur eftir tveggja ára hlé og var áhuginn mikill. Hópurinn sem heimsótti Ísland þetta árið var nokkuð stærri en venjulega en engu að síður gátu ekki allir sem vildu tekið þátt. Verkefnið hefur verið starfrækt síðan 1999 og gegnir mikilvægu hlutverki við að efla tengsl Íslands við fólk í Norður-Ameríku sem á íslenskar rætur. Auk heimsóknna ungmenna til Íslands býður verkefnið upp á að íslensk ungmenni fari á slóðir ættingja í Vesturheimi og að eldri einstaklingar komi í stutta heimsókn til Íslands.

Nokkrir smærri viðburðir voru haldnir á árinu og greinilegt er að samkomutakmarkanir vegna COVID-19 hafa leitt af sér mikla og uppsafnaða þörf fyrir hina ýmsu „Íslendingaviðburði“.

Starfsmenn	2	1,2%
Útsendir diplómatar	1	1,5%
Aðrir staðarráðnir	1	1,2%
Rekstrarkostnaður	41,3	1,0%

Umdæmisríki: Manitoba, Saskatchewan, að undanskilinni borginni Regina, og Alberta, að undanskildum borgunum Calgary og Edmonton.



Aðalræðisskrifstofa í Þórshöfn

Rammasamningur um fiskveiðar undirritaður í nóvember

Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, heimsótti Færeyjar í maí og sæmði fjórtán Færeyinga riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu fyrir hugrekki og þrautseigju við björgunarstörf eftir flug-slysið á Mykinesi þann 26. september 1970. Flugslýsið átti sér stað þegar vél Flugfélags Íslands rakst á hæsta tind eyjarinnar í aðflugi að flugvellið í Vogum. Átta manns létust í slysinu, einn Íslendingur og sjö Færeyingar en 26 manns komust lífs af. Forsetinn hélt einnig fyrirlestur á Fróðskaparsetri Færeyja, *Nationalism in Turbulent Times. Lessons for Small Nations in the North Atlantic.*

Áfram var haldið með kynningu og framkvæmd ýmissa tillagna í skýrslunni Samskipti Íslands og Færeyja – Tillögur til framtíðar. Þar var meðal annars mikil áhersla lögð á samstarf þjóðanna í fiskimálum.

Svandís Svavarsdóttir matvælaráðherra og fulltrúar íslenskra fyrirtækja komu í kynnisferð um fiskeldi í apríl. Matvælaráðherra fundaði með iðnaðarráðherra Færeyja, sem einnig fer með málefni fiskeldis, og sjávarútvegsráðherra Færeyja, ásamt því að heimsækja systurstofnanir Hafró og Fiskistofu. Tilgangur ferðarinnar var að kynna sér fiskeldi Færeyinga, þau tækifæri og


þær áskoranir sem tengjast atvinnugreininni. Einnig voru ræddir möguleikar á samvinnu frændþjóðanna á þessu sviði.

Rammasamningur um fiskveiðar milli Íslands og Færeyja var undirritaður í nóvember. Ramma-samningurinn mælir fyrir um breytingar á núverandi samningsframkvæmd ríkjanna um að hverfa frá gerð árlegs bréfskiptasamnings um fiskveiðar í lögsögu ríkjanna sem lagður hefur verið fyrir Alþingi á hverju haustþingi. Framvegis, eftir að samningurinn hefur verið fullgiltur, verður heimilt að semja um þessi fiskveiðiréttindi sem og önnur skyld atriði á samráðsfundum ríkjanna.

Tímamót eru að verða í samskiptum Íslands og Færeyja þar sem þjóðirnar eru nú að kanna möguleika á að hefja samstarf á sviði þróunarsamvinnu. Sjávarútvegsskóli GRÓ og Fiskeldisstofnun Færeyja (Fiskaling) vinna nú saman að því að nemendur skólans á fiskeldissviði geti sótt sér þekkingu á því sviði í Færeyjum.

Haldin var bókmenntakynning í Norðurlandahúsinu á menningarnótt Þórshafnar í byrjun júní. Heiðursgesturinn var rithöfundurinn Einar Már Guðmundsson sem er mikils metinn í Færeyjum og hafa nokkrar bóka hans verið þýddar á færeysku. Auk þess voru skipulögð bókmenntakvöld í bóka-söfnunum í Rúnavík og Klakksvík.




















Íslendingar í Færeyjum	244	0,5%
Viðskipti við Færeyjar		
Vöruútflutningur (2022)	8.077,5	0,8%
Vöruinnflutningur (2022)	6.939,2	0,5%
Þjónustuútflutningur (2021)	3.823,0	0,8%
Þjónustuinnflutningur (2021)	9.185,8	2,5%
Starfsmenn	3	1,8%
Útsendir diplómatar	1	1,5%
Aðrir staðarráðnir	2	2,4%
Rekstrarkostnaður	61,1	1,4%
Umdæmisríki: Færeyjar.		



7.2 Sendiskrifstofur erlendra ríkja

Hátt í 140 erlend ríki eru með sendiskrifstofur gagnvart Íslandi, þar af eru átján á Íslandi. Um er að ræða fimmtán sendiráð auk fyrrsvars Evrópu-sambandsins, Atlantshafsbandalagsins, Grænlands og Færeyja.

Sendiskrifstofur erlendra ríkja á Íslandi

Sendiráð	Fyrrsvar
 Bandaríkin	 Evrópusambandið
 Kanada	 Atlantshafsbandalagið
 Bretland	 Grænland
 Frakkland	 Færeyjar
 Þýskaland	
 Spánn	Alls vinna um hundrað starfsmenn í átján erlendum sendiskrifstofum í Reykjavík. Til viðbótar vinnur þar álíka fjöldi íslenskra starfsmanna.
 Danmörk	
 Finnland	
 Noregur	
 Svíþjóð	
 Rússland	
 Pólland	
 Indland	
 Japan	
 Kína	



Vegna þjóðréttarlegra skuldbindinga gilda ýmsar sérreglur um sendiskrifstofur erlendra ríkja, starfsfólk þeirra og fjölskyldur, svo sem um dvalarleyfi, persónuskilríki og atvinnuleyfi, einkum á grundvelli Vínarsamningsins um stjórn-málasamband sem hefur lagagildi á Íslandi. Á vef ráðuneytisins er að finna handbók um sérreglur sem varða erlenda diplómata (Diplomatic Handbook). Þar er einnig að finna svokallaðan diplómatalista (Diplomatic and Consular List) þar sem erlendir sendierindrekar (diplómatar) eru skráðir, auk kjöræðismanna erlendra ríkja á Íslandi.

Alls starfa 70 diplómatar erlendra ríkja hér á landi en yfir 600 ef sendiráð gagnvart Íslandi erlendis eru meðtalin. Mökum og börnum diplómata má veita tímabundin atvinnuleyfi á grundvelli alþjóðasamninga. Slíkir samningar hafa verið gerðir við Bandaríkin, Kanada og Indland.

Fjöldi erlendra sendiráða gagnvart Íslandi staðsett erlendis

Sendiráð	Evrópa	Norður-Ameríka	Mið- og Suður-Ameríka	Asía og Eyjaálfa	Afríka	Samtals
Sendiráð, þar af í:	32	1	16	36	30	115
Osló	17	0	5	11	5	38
Stokkhólmi	4	0	4	10	9	27
London	3	0	4	10	5	22
Kaupmannahöfn	7	1	0	4	3	15
Berlín	0	0	0	1	3	4
Brussel	0	0	0	0	2	2
Dublin	0	0	1	0	1	2
París	0	0	0	0	2	2
Helsinki	1	0	0	0	0	1
Washington	0	0	1	0	0	1
New York	0	0	1	0	0	1
Eigin höfuðborg	4	0	1	0	2	7

Á Íslandi eru 60 kjöræðismenn frá 51 ríki, flestir íslenskir ríkisborgarar. Þeir gæta hagsmuna viðkomandi ríkja og ríkisborgara þeirra á Íslandi.

Alls afhentu 29 sendiherrar erlendra ríkja forseta Íslands trúnaðarbréf árið 2022. Þar af hafa sendiherrar fjögurra ríkja aðsetur hér á landi, Kína, Finnlands, Frakklands og Bandaríkjanna.

Hvað þýðir það að afhenda trúnaðarbréf?

Sextán erlendir sendiherrar hafa aðsetur í Reykjavík en miklu fleiri í höfuðborgum annarra ríkja. Að fengnu samþykki íslenskra stjórnvalda (agrément) afhenda sendiherrar gagnvart Íslandi forseta Íslands trúnaðarbréf og er það forsenda þess að þeir geti hafið formleg störf. Athöfnin þar sem trúnaðarbréf er afhent er hátíðleg og fer hún fram á Bessastöðum.

Skammstafanir

ASEAN	Samtök Suðaustur-Asíuríkja	NORDEFECO	Norrænt varnarsamstarfs
BBNJ	Conservation and Sustainable Use of Marine Biological Diversity of Areas Beyond National Jurisdiction	NPT	Samningur um takmörkun á útbreiðslu kjarnavopna
BEAC	Barentsráðið	NWM	Nordic Women Mediators Network
BWC	Lífefnavopnasamningurinn	OCHA	Samræmingarskrifstofa aðgerða Sameinuðu þjóðanna í mannúðarmálum
CAOC	Combined Air Operations Center	ODIHR	Mannréttinda- og lýðræðisstofnun Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu
CBSS	Eystrasaltsráðið	OECD	Efnahags- og framfarastofnunin
CERF	Neyðarsjóður Sameinuðu þjóðanna	OECD DAC	Þróunarsamvinnunefnd Efnahags- og framfarastofnunarinnar
CITES	Samningur um takmarkanir viðskipta með dýr og tegundir í útrýmingarhættu	OPCW	Efnavopnastofnunin í Haag
DNS	Nafnþjónn léns - Domain Name System	SEforALL	Sustainable Energy for All
EES	Evrópska efnahagssvæðið	SOFF	Systemic Observations Financial Facility
EFTA	Fríverslunarsamtök Evrópu	START	Strategic Arms Reduction Treaty
ESA	Eftirlitsstofnun EFTA	SP	Sameinuðu þjóðirnar
ESB	Evrópusambandið	UN Women	Stofnun Sameinuðu þjóðanna fyrir kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna
ESMAP	Orkusjóður Alþjóðabankans	UNESCO	Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna
EUIPO	Hugverkastofa Evrópusambandsins	UNFPA	Mannfjöldasjóður Sameinuðu þjóðanna
FAO	Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna	UNHCR	Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna
GRÓ	Þekkingarmiðstöð þróunarsamvinnu	UNICEF	Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna
IAEA	Alþjóðakjarnorkumálastofnunin	UNRWA	Palestínuflóttamannaástoð Sameinuðu þjóðanna
ICAO	Alþjóðaflugmálastofnunin	VPT	Vergar þjóðartekjur
ICRC	Alþjóðaráð Rauða krossins	WFP	Matvælaáætlun Sameinuðu þjóðanna
IFAD	Alþjóðasjóður um þróun landbúnaðar	WHO	Alþjóðaheilbrigðisstofnunin
IFL	Iceland Foods Ltd.	WIPO	Alþjóðahugverkastofnunin
IOM	Alþjóðafólksflutningastofnunin	WTO	Alþjóðaviðskiptastofnunin
JEF	Joint Expeditionary Force	ÖSE	Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu
N5	Norrænir utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherrar		
NATO	Atlantshafsbandalagið		
NB8	Samstarf Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna		

Atriðisorðaskrá

- 5G-farnetstæknin 6, 96
- Aðalræðisskrifstofa 7, 105, 108, 133-136
- New York 7, 133
 - Nuuk 7, 33, 108, 134
 - Winnipeg 7, 108, 120, 135
 - Þórshöfn 7, 33, 108, 136
- Afganistan 14-16, 19, 24, 55, 59, 121
- Afríka 15, 41, 50, 53, 60, 63
- Afvopnunarmál 6, 16, 45, 92, 93
- Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna 17, 53, 132
- Alþingi 3, 8, 14, 15, 22, 27, 28, 31, 32, 43-46, 61, 74, 88, 108, 112, 119, 136
- Alþjóðabankinn 6, 13, 48, 49, 56, 57, 64, 115, 138
- Alþjóðaheilbrigðismála- stofnunin, WHO 18, 113, 138
- Alþjóðahvalveiðiráðið 26
- Alþjóðalög 3, 11, 13, 16, 23, 30, 38, 41, 88, 132
- Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands 22, 103
- Alþjóðaviðskiptastofnunin, WTO 18, 67, 73, 77, 78, 129, 138
- Alþjóðlega hugverkastofnunin, WIPO 46, 78, 138
- Alþjóðlegi sakamáladómstóllinn 5, 44
- Argentína 73
- Asía 37, 74, 79, 80, 124
- Atlantshafsbandalagið, NATO 3-7, 11-13, 23, 33, 34, 37, 83-97, 103, 112, 120, 123, 125, 128, 137, 138
- Atvinnulíf 6, 21, 46, 48, 57, 61, 64, 65, 74, 135
- Auðlindamál 11, 29, 41, 44
- Ályktun öryggisráðsins nr. 1325, sjá einnig konur, friður og öryggi 25, 61, 128
- Ástralía 19, 37, 41, 42, 75, 77, 90, 114
- Bandaríkin 3, 5, 14, 16, 19, 25, 28, 34, 35, 57, 74-80, 83-89, 92, 93, 96, 103, 127, 133, 137
- Barentsráðið 29, 138
- Barnaheill 63
- Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna, UNICEF 17, 51-61, 113, 132, 138
- Belarús 5, 14, 21, 24, 27, 45, 73, 88, 126
- Belgía 86, 95
- Berlín 7, 81, 110
- Chile 41, 73
- Borgarþjónusta 6, 13, 98-103, 114, 117, 121, 123
- Bosnía-Herzegovina 42
- Brasilía 73, 75
- Bretland 5, 19, 31, 35, 36, 42, 44, 57, 67, 77, 88, 92, 96, 103, 116
- Buikwe 51, 52
- Buikwe, samstarfshérað Íslands 51, 52
- Búlgaríja 31, 89, 114
- Byggðapróun 53
- Danmörk 28, 33, 44, 84, 92
- Dómsmálaráðuneyti 18, 22, 41, 43, 85
- Dynamic Mongoose 85
- Efnahags- og framfarastofnunin, OECD 4, 6, 22, 60, 61, 65, 78, 121, 138
- EFTA, Fríverslunarsamtök Evrópu 4, 6, 45, 73, 111, 118, 129, 138
- Eistland 29, 33, 122
- El Salvador 64
- Embætti ríkislögreglustjóra 85, 94, 95
- Endurnýjanleg orka 39
- Eritrea 16
- Esvatíní 64, 73
- Evrópa 3-6, 11, 19-22, 25, 30, 40, 42, 45, 46, 73-76, 81, 83, 88-91, 94, 95, 103, 108-111, 121, 125-130, 138
- Evrópska efnahagssvæðið, EES 4, 31, 32, 35, 42, 46, 67, 74-77, 105, 110, 111, 116, 119, 125, 126, 138
- Evrópuráðið 3-5, 11-13, 20-24, 31-37, 41, 81, 103, 130
- Evrópusambandið 4, 5, 14, 17, 22, 29-35, 40-42, 45, 46, 57, 67, 73, 76, 78, 89, 97, 100, 101, 111, 116, 119, 123, 125, 137, 138
- Eyðimerkurmyndun 16, 17
- Eystrasaltsráðið, CBSS 29, 138
- Eystrasaltsríkin 5, 14, 27, 29, 32-35, 88, 89, 92, 112, 116, 117, 138
- Epíópía 15, 55, 63, 65, 113
- Fastanefnd 7, 16-20, 23, 81, 85, 105, 108, 111, 126-132
- Atlantshafsbandalagið 7, 85, 128
 - Genf 7, 16-20, 23, 81, 85, 108, 128-132
 - New York 7, 132
 - París 20
 - Róm 7, 109, 131
 - Strassborg 6, 7, 20-22, 81, 130
- Fátækt 15, 48, 50, 53, 56, 64, 131
- Ferðamenn 34-38, 77-79, 121, 123
- Ferðaðþjónusta 33, 39, 78, 79, 123-125, 134
- Félagasamtök 6, 14, 23-27, 48, 49, 56, 60-64, 117, 134
- félags- og vinnumarkaðs- ráðherra 24, 78, 121
- Félags- og vinnumarkaðs- ráðuneyti 99
- Fíji 25
- Finnland 11, 27, 28, 32, 42, 80, 84, 90, 91, 101, 112, 128, 137
- Fiskeldi 136
- Fiskimál 25, 54, 55, 64, 136
- Fiskistofnar 44
- Fiskveiðisamningar 5, 27
- Fjárfestingar 17, 30, 34, 36, 57, 64, 67, 72-75, 97, 120, 123, 124, 133
- Fjárfestingasamningar 67
- Fjölmiðlafrelsi 20, 23
- Fjölþáttaógnir 6, 93-96
- Flóttafólk 53, 55, 76, 101, 125
- Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNHCR 18, 55, 56, 113, 129, 138

- Flóttamenn 53, 76, 126
- Formennska Íslands í Evrópuráðinu, sjá einnig Strassborg 11, 20, 24, 32-37, 103, 130
- Forseti Íslands 28, 31, 37, 116, 124-127, 130, 133, 136, 137
- Forsætisráðherra 14-17, 20-24, 28-34, 37, 39, 43, 79, 110, 112, 116, 118, 121, 124, 127-130, 134, 135
- Forsætisráðuneyti 17, 18, 24
- Frakkland 27, 31, 57, 74, 80, 121, 137
- Freetown 41, 53, 54, 108
- Fríðar- og öryggismál, sjá einnig öryggismál 16, 23, 41, 61, 88
- Fríðaruppbygging 23
- Fríverslun 129
- Fríverslunarsamningur 33-37, 42, 67, 73, 116, 120, 129
- Frumbyggjar 28, 29, 120
- Fullveldi 83, 88, 90
- Færeyjar 3, 27, 33, 34, 42, 44, 122, 136, 137
- Færeyjaskýrsla 34, 136
- Georgía 42
- Greiningarvinna 73
- Grikkland 119
- GRÓ - Þekkingarmiðstöð þróunarsamvinnu 6, 20, 54, 57, 61, 62, 136, 138
- Jafnréttisskóli GRÓ, GEST 62
- Jarðhitaskóli GRÓ, GTP 62
- Landgræðsluskóli GRÓ, LRT 62
- Sjávarútvegsskóli GRÓ, FTP 54, 57, 62, 136
- Grænar lausnir 78, 110, 114, 118, 121
- Grænland 3, 27, 28, 33, 122, 127, 134, 137
- Grænlandsnefnd 134
- Grænlandsskýrsla 33, 134
- Grænvangur 79, 110
- Hafréttarmál 5, 17, 41, 43
- Hafréttarmál, BBNJ 43, 138
- Hagsmunagæsla 30, 41, 43, 46, 74, 111
- Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra 40, 79, 96, 120
- Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti (HVIN) 94
- Heilbrigðisráðuneyti 18
- Heimsmarkmiðasjóður 6, 64
- Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna 3, 11, 14-19, 23, 48, 56, 60, 63, 64, 131, 132
- Hergagnaflutningar 5, 45
- Hernaðarlegur stuðningur við Úkraínu 12, 83
- Hjálparstarf kirkjunnar 63
- Hlýnun jarðar, sjá einnig loftslagsbreytingar 23
- Hoyvíkursamningurinn 33
- Hreinlætismál 49-54, 61, 113
- Hringborð norðurslóða 28, 33, 36, 86, 134
- Hryðjuverk 45, 103
- Iceland-málið 5, 46
- Indland 39, 65, 73, 118, 137
- Indónesía 25
- Innrásarstríð Rússlands 13, 15, 28, 30, 103
- Íran 14, 15, 19, 23, 24, 30, 32, 45, 92, 129
- Íslandsstofa 6, 32, 41, 46, 67, 78-81, 110, 112, 116-123, 127, 133, 134
- Íslenskar bókmenntir 30, 80, 81, 110, 114, 118-121
- Íslensk hönnun 6, 52, 81, 119, 123
- Íslensk myndlist 6, 81, 110
- Íslensk tónlist 81, 110, 120, 123, 135
- Ísrael 41
- Ítalía 21, 84, 121
- Jafnrétti 3, 14, 17, 21-24, 58, 63, 78, 120, 121, 124, 129, 134
- Jamaíka 41
- Japan 5, 37, 40, 77, 90, 124
- Jarðhiti 39, 44, 57, 64, 65, 117, 126
- Jarðvarmi 39, 118
- Jemen 15, 55
- Jórdanía 56
- Kanada 5, 19, 22, 27, 28, 36, 37, 57, 73, 77, 80, 81, 92, 96, 120, 137
- Kasakstan 73, 75
- Keflavíkurflugvöllur 13, 74, 84-87
- Kirgistan 117
- Kína 5, 19, 23, 32, 38, 39, 75, 77, 90, 93, 122, 137
- Kjarnaframlög 58, 131
- Kjarnavopn 16, 92, 93, 138
- Kjörræðismenn 99, 100, 108, 110, 121, 137
- Konur, friður og öryggi 25, 61
- Kólera 15
- Kósovó 21, 31, 73, 77
- Krímskagi 40, 89
- Króaía 31, 76, 108, 110, 126
- Kvennanefnd Sameinuðu þjóðanna 24
- Kynferðislegt ofbeldi 50, 52, 115
- Kynjajafnrétti, sjá einnig jafnrétti 3-6, 14, 17, 23, 50, 51, 56, 58, 90, 138
- Kyn- og frjósemisheilbrigði 50
- Landgrunnsráðgjafi 5, 44
- Landgræðsla 16, 17, 41, 64
- Landhelgisgæsla Íslands 84, 85
- Leiðtogafundur um lýðræði (Summit for Democracy) 23
- Lesótó 73
- Lettland 29, 33, 103
- Liechtenstein 35, 42, 73, 76, 111
- Listir, sjá einnig menningarmál 45, 79-81, 112, 120, 123
- Litáen 13, 27, 29, 33, 112
- Líbería 63
- Líffræðileg fjölbreytni 17, 26, 134
- Ljósleiðaramál 87, 88
- Loftferðasamningar 74, 75
- Loftrýmiseftirlit 87
- Loftrýmisgæsla 84
- Loftslagsbreytingar 5, 6, 11, 12, 24, 26, 41, 56, 59, 77, 90, 131, 134
- Loftslagsráðstefna Sameinuðu þjóðanna 26, 59
- Lykilinnviðir 6, 95

- Lýðheilsa 30
- Lýðræði 3, 14, 21-24, 29, 45, 53, 55, 89, 91, 97
- Lýðstjórnarlýðveldið Kongó 53, 63
- Madríd 30, 31, 83, 89, 90, 128
- Mahsa Amini 15, 19, 24, 45
- Malasía 73
- Malaví 5, 41, 48-51, 55, 59-64, 115
- Mangochi, samstarfshérað Íslands 49-51
- Mannfjöldasjóður Sameinuðu þjóðanna, UNFPA 17, 50, 54-59, 113, 132, 138
- Mannréttindamál 3, 5, 11-14, 17-24, 30, 35, 36, 45, 56, 57, 120, 121, 129, 130
- Mannréttinda- og lýðræðisstofnun ÖSE, ODIHR 138
- Mannréttindaráð Sameinuðu þjóðanna 5, 11-19, 60, 129
- Mannúð 16, 44
- Mannúðaraðstoð 5, 13-16, 55, 59-63, 83
- Mannúðarmál 15, 35, 55, 56, 63, 102, 129, 132, 138
- Mansal 23, 25, 29, 126
- Markaðssetning 46
- Matvælaáætlun Sameinuðu þjóðanna, WFP 48-50, 53, 55, 115, 131, 138
- Matvælaframleiðsla 57
- Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna, FAO 25, 64, 131, 138
- Matvæli 40, 78, 119, 123, 133
- Málefni hafsins 16, 17, 25, 26, 43, 57, 131
- Málþing 80, 124
- Mengun 26
- Menningarmál, sjá einnig listir 6, 19, 21, 80, 81, 112, 118, 121, 123
- Menningar- og viðskiptaráðherra 40, 79, 120, 124, 133, 134
- Menningar- og viðskiptaráðuneyti 80
- Menningarstofnun Sameinuðu þjóðanna, UNESCO 3, 19, 20, 62, 121, 138
- Menntamál 15, 16, 19, 20, 23, 33, 39, 42, 49-52, 58, 61, 118-121, 134
- Mennta- og barnamálaráðuneyti 129
- Mercosur-ríkin 73
- Moldóva 19, 73, 75, 117
- Mongólía 62
- Mósambík 25, 49, 61
- Myanmar 23
- Mæðravernd 50, 58
- N5, samstarf norrænu utanríkisráðherranna 32, 138
- Namayingo, samstarfshérað Íslands 51-53
- Namibía 17, 41, 73
- Náttúruauðlindir 44, 64
- NB8, samstarf Norðurlanda og Eystrasaltsríkja 19, 29, 138
- Netárásir 45, 95
- Netöryggi 6, 33, 94, 95, 103, 120, 128
- Netöryggismál 90, 95
- Neyðaraðstoð, sjá einnig mannúðaraðstoð 48, 58, 115
- Neyðarvegabréf 99
- Nkhotakota, samstarfshérað Íslands 49
- NordStream gasleiðslan 88
- Norðlæga víddin 30
- Norðurhópurinn 30, 35, 88, 103
- Norður-Kórea 32, 92, 93
- Norðurlönd 5, 11, 15, 19, 27, 29, 32-35, 41, 56, 77, 91, 96, 101, 117, 121, 138
- Norður-Makedónía 19, 42
- Norðurskautsráðið 3, 11, 25, 28, 29
- Norðurslóðir 3, 5, 11, 28, 29, 32-36, 86, 91, 118, 120, 127, 128, 134
- Noregur 28-32, 35, 41, 42, 53, 57, 73, 76, 77, 80, 85, 91, 92, 101, 111, 115, 119, 127
- Norræna ráðherranefndin 27, 81
- Norræna varnarsamstarfið, NORDEFCO 6, 32, 88, 91, 92, 138
- Norræn samvinna 93
- Norrænt samstarf 5, 11, 27, 93, 94, 101, 103
- Nýja-Sjáland 37, 77, 90
- Nýsköpun 29, 37, 40, 60, 74, 78, 79, 84, 95, 114, 118, 124, 133
- Orkugeiri 57
- Orkumál 11, 37, 40, 56, 57, 79, 110, 121, 126, 127
- Orkuskipti 11, 32, 111
- Pakistan 15, 16, 55
- Palestína 41, 56, 58
- Palestínuflóttamannaaðstoð Sameinuðu þjóðanna, UNRWA 55, 138
- Paragvæ 73
- Parísarsamkomulagið 11
- Parísarsamningurinn 60
- Plastmengun 25, 54
- Pólland 3, 22, 31, 74, 88, 89, 107, 110, 125
- ProBlue 57
- Rammasamningur Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, UNFCCC 26, 59
- Rauði krossinn, RKÍ 63
- Réttarríki 21, 45
- Réttindi barnsins 17, 29, 129, 130
- Réttindi hinsegin fólks 16-19, 23, 122, 127, 129
- Royal Arctic Line 33
- Rúanda 41
- Rússland 3, 5, 11-23, 27-35, 40, 45, 61, 67, 73, 76, 77, 83, 84, 88-96, 100-103, 111, 112, 116-122, 125-132
- Salernismál 49, 52
- Sameiginlega viðbragðssveitin, JEF 6, 35, 86, 88, 92, 97, 116
- Sameinuðu arabísku furstadæmin 16, 129
- Sameinuðu þjóðirnar 3, 5, 15, 16, 26, 43, 132, 138
- Samfélagsmiðlar 22, 96, 102, 122
- Samgöngur 30

Samræmingarskrifstofa aðgerða Sameinuðu þjóðanna í mannúðarmálum, OCHA 55, 56, 129, 138	Stofnun Sameinuðu þjóðanna um kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna, UN Women 17, 24, 50, 55-58, 61, 122, 132, 138	Útflutningur, sjá einnig utanríkisviðskipti 37, 38, 45, 67, 71, 74, 123
Sádi-Arabía 75	Strandríki 44	Úttekt 19, 25, 44, 52, 53, 61, 64, 65, 101, 127
Schengen 4, 6, 76, 101	Strassborg, sjá einnig Fastanefnd, Strassborg 6, 7, 20-22, 81, 130	Varnarmál, sjá einnig öryggismál 4-6, 13, 23, 27, 32-36, 76, 78, 82-96, 105, 112, 116, 123-128
Sendiráð 7, 27, 31, 37, 38, 41, 48, 50, 53, 78-81, 100, 101, 105-129, 137	Suður-Afríka 19, 73	Varnaræfing 6, 85, 86
Berlín 7, 110	Suður-Súdan 16, 53-56	Varsjá 7, 31, 107, 108, 114, 125
Brussel 7, 74, 111	Sviss 73, 76, 77	Vatnsmál 51-54, 61
Freetown 108	Svíþjóð 53, 84, 90-92, 101, 123	Vegabréf 99
Helsinki 7, 112	Svæðasamstarf 30	Vegabréfsáritanir 6, 40, 76, 77, 99-101, 117
Kampala 113	Sýrland 15, 55	Vestnorrænt samstarf 27, 114, 122
Kaupmannahöfn 7, 114	Tjáningarfrelsi 21	Vesturlönd 17, 117, 125
Lilongwe 50	Tógó 61, 63	Viðskiptafulltrúi 119
London 7, 116	Trúnaðarbréf 108, 117, 137	Viðskiptaráð Íslands 134
Moskva 117	Tvísköttunarsamningar 67, 75	Viðskiptatækifæri 32, 34, 64, 120
Nýja-Delí 7, 118	Tyrkland 21, 90, 114	Viðskiptaþjónusta 6, 78, 114
Osló 80	Umhverfismál 5, 11, 21, 25, 26, 29, 30, 56, 115, 126, 130, 132	Vistkerfi 26
Ottawa 41	Umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra 17, 111, 134	Víetnam 73
París 7, 80, 121	Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti 25	Vísindasamstarf 36, 120
Peking 38	Umhverfisstofnun Sameinuðu þjóðanna, UN Environment 5, 25	Vöruviðskipti 40
Stokkhólmur 123	Ungverjaland 31, 60, 89, 90, 108, 126	Þjóðaröryggisráð 83, 93
Washington 7, 41, 79, 127	Uppbyggingarsjóður EES 31, 105, 110, 111, 119, 125, 126	Þjóðaröryggisstefna 83, 87
Tókýó 79	Upplýsingaóreiða 6, 93, 96, 97, 102	Þjónustuviðskipti 6, 35-40, 67
Varsjá 107, 108, 125	Utanríkismálanefnd 14, 31, 45, 108, 112	Þróunarsamvinna 3-6, 16, 17, 20, 23-26, 41, 47-65, 102-105, 109, 113, 115, 132, 136, 138
Vín 7, 126	Utanríkisviðskipti 6, 46, 66-69, 73, 80, 108, 109, 129	Þróunarsamvinnunefnd OECD, DAC 6, 60, 61, 65, 138
Sendiskrifstofur, sjá einnig sendiráð, fastanefnd og aðalræðisskrifstofa 6, 7, 24, 77-81, 95, 99-109, 137	Úganda 5, 48, 51-55, 58, 61, 63, 113	Þvingunaraðgerðir 5, 13, 14, 32, 40, 45, 83, 101
Serbía 32, 42	Úígúrar 19	Þýskaland 15, 25, 29-31, 57, 74, 80, 85, 88, 110, 129
Sierra Leóne 5, 41, 48, 53-55, 58, 61, 63	Úkraína 3-6, 11-23, 27-45, 48, 53, 56, 59-67, 73-78, 83, 84, 88-96, 100-105, 111, 112, 116-122, 125-132	Öndvegissetur um fjölpáttaógnir 94
Sjálfbærni 61, 63, 78, 79, 121	Úrúgvæ 58, 73	Öryggismál 37, 40, 41, 83, 88, 91, 103, 118, 127, 128
Sjávarútvegur 36, 39, 54, 55, 78, 79, 125, 133	Útflutningseftirlit 5, 45	Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu, ÖSE 4, 5, 14, 22, 23, 108, 126, 138
Slóvenía 16, 31, 108, 126	Útflutningsmarkaðir 30, 32, 37, 67, 73, 79	Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna 132
Smáeyþróunarríki 25		
SOS Barnaþorpin á Íslandi 63		
Sómalía 55, 63		
Spánn 32, 100, 121		



Stjórnarráð Íslands Utanríkisráðuneytið

Skýrsla utanríkisráðherra um utanríkis- og alþjóðamál

Utanríkisráðuneytið
Rauðarárstíg 25 – 105 Reykjavík
545 9900 | utn@utn.is

Mars 2023

Ábyrgðarmaður: Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir
Umsjón: Utanríkisráðuneytið
Ljósmyndir: Gunnar Salvarsson, Leifur Rögnvaldsson,
Marie Staggat, Kiur Kaasik (Delfi Meedia), Sigurjón Ragnar,
Vilhelm Gunnarsson, Þórlindur Kjartansson.
Prentun: Pixel prentþjónusta

@ 2023 – Utanríkisráðuneytið

stjornarradid.is

Skýrsla
utanríkisráðherra
um utanríkis- og
alþjóðamál 2022